24
Hrútasýningar – beggja vegna varnarlínu



33
Prjóna-uppskriftir Bænda-blaðsins



52
Aukinn lofthiti mun hafa gríðarleg áhrif á uppgræðslu landsins



Bændablaðið

21. tölublað 2016 ● Fimmtudagur 3. nóvember ● Blað nr. 478 ● 22. árg. ● Upplag 58.000



Þefurinn af gufu á hverasvæðum, eins og við Gunnuhver á Reykjanesi, líkist lykt af metangasi CH_4. Þar er þó aðallega um annars konar gas að ræða, eða brennisteinsvetni H_2S. Mynd /HKr.

Rannsóknir vísindamanna í Ástralíu vekja vonir um að hægt sé að stórminnka gróðurhúsagaslosun í landbúnaði:

Hægt að losna að mestu við metangasmengun frá búfé

– Ótrúlegur árangur hefur náðst hjá andfætlingum okkar í tilraunum með íblöndun þangs í fóður jórturdýra

Metangas CH_4 er 20 sinnum verri gróðurhúsalofttegund en koltvíildi CO^2, en búfé losar frá sér metangas í miklum mæli við meltingu. Nýjustu rannsóknir frá Ástralíu benda til að hægt sé að minnka gaslosun hjá jórturdýrum um 50–99% með því einu að blanda þangi í fóður skepnanna í litlu hlutfalli.

Samkvæmt nýjustu búfjártölum Matvælastofnunar, MAST, þá eru tæplega 79 þúsund nautgripir á Íslandi, um 472 þúsund fjár, 67 þúsund hross og um 2.500 svín á Íslandi. Þessi dýr losa líklega um 14 til 20 þúsund tonn af metangasi út í andrúmsloftið árlega við meltingu fóðurs. Þá á eftir að reikna með losun frá loðdýrum, alifuglum og öðrum húsdýrum. Ekki má heldur gleyma íbúum landsins, sem áætlað er að losi um 40 tonn sem sennilega er þó mjög vanmetin tala.

Áhugaverðar rannsóknir

Nýjar rannsóknir sem framkvæmdar voru í Norður-Queensland í Ástralíu sýna að hægt er að draga verulega úr metangasmengun frá dýraeldi, eða á bilinu 50–99%. Ekki síst frá nautgripum og öðrum jórturdýrum, með því einu að gefa þeim þang. Þar gaf rautt þang bestan árangur, en það nefnist „Asparagopsis taxiformis“. Þegar jórturdýr melta myndast töluvert af metani (CH_4). Dýrin losa sig við metanið með vindgangi en þó aðallega með því að ropa.

Miklir möguleikar á Íslandi

Ísland gæti skapað sér mikla sérstöðu á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum. Hér á landi er verið að skera þang og vinna í stórum stíl og mikil reynsla og þekking hefur skapast hér á þessu sviði. Þang frá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum hefur í einhverjum mæli verið notað í fóður fyrir búfé, m.a. fyrir kindur og alifugla, en ekki er vitað til þess að virknin gagnvart gasmyndun hafi þar verið rannsökuð. Megnið af þara- og þangmjöli sem flutt er út héðan er selt sem lífrænt vottað mjöl í háum gæðastaðli.

Finnur Árnason, framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, segir að þang- og þaramjöl frá Reykhólum sé helst notað við framleiðslu á lífrænt vottuðum matvörum. Samkvæmt lauslegri athugun Bændablaðsins finnst „Asparagopsis taxiformis“ ekki í sjónum hér við land. Væntanlega er þá verðugt verkefni vísindamanna að rannsaka hvort aðrar tegundir finnist hér með viðlíka virkni gagnvart gasmyndun í meltingarfærum dýra.

Á Íslandi hefur einnig þekkst um aldir að beita fé þar sem land liggur að sjó tímabundið á þara. Vitað er að vegna efnainnihalds þarans þá þolir sauðfé hér á landi ekki nema takmarkaða fjörubeit. Á Orkneyjum hefur sauðféð aftur á móti aðlagast sérstaklega fjörubeit að því er fram kom í viðtali við Sinclair Scott í Bændablaðinu 1. september 2014.

Í tilraunum ástralskra vísindamanna var með 2% hlutfalli rauðs þangs í fóður hægt að minnka metangasmyndun hjá sauðfé um 50–70% á einungis 72 dögum. Áhrifin voru enn meiri á kýr, eða allt að 99% minnkun á metangasmyndun. Haft er eftir Rocky De Nys, prófessor við James Cook-háskólann í Townsville í Ástralíu, að niðurstöðurnar hafi komið sér mjög á óvart.

Íslendingar prumpa 40 tonnum

Ef skoðuð er samsetning íslenska bústofnsins og áætluð metangaslosun frá honum og mannfólkinu að auki þá lítur sú tafla svona út:

- Kýr losa samkvæmt íslenskum viðmiðunum um 94 kg á ári. 79.000 kýr losa þá samtals 7.426 tonn.
- Sauðfé losar 8 kg árlega svo 472.000 fjár losa þá 3.776 tonn.
- Hross losa 50 kg (áætlað), og 67.000 hross losa þá um 3.350.
- Svín losar 1,5 kg á ári eða 5,5 tonn samtals. Þarna er einungis átt við gyltur í eldi.
- Maðurinn losar 0,12 kg á en væntanlega er það mjög persónubundið. Íslendingar voru 334.300 þann 1. janúar 2016 og losa því samtals um 40 tonn.
-

Samkvæmt vísindavef Háskóla Íslands nemur metangaslosunin af dýraeldi og frá mannfólki ríflega 17.000 tonnum á ári. Þar er reyndar farið mjög hóflega í áætlaða losun. Erlendis vísindamenn sem hafa reynt að meta metangaslosun hjá venjulegri kú sem notuð er til mjólkurframleiðslu, reikna út frá stærri grip en íslensku kúnni. Þar koma fram nokkuð mismunandi viðmið, allt frá 100 upp í 500 kg á ári. Vísindamenn Teagasc's Moorepark á Írlandi hafa reiknað út að 490 kg kýr losi 120 kg af metangasi á ári. Samkvæm skilum Íslands á tölum vegna loftslagssamnings 2014 var þó miðað við að mjólkurkýr skiluðu 94,16 kg á ári, en aðrir nautgripir að meðaltali 55,81 kg.

Ef miðað er við að heildarfjöldi nautgripa, sem mannkynið elur til matvælaframleiðslu, sé um 1,5 milljarðar, þá er ljóst að losun metans er mjög mikil, miðað við lægsta viðmið um metanlosun. Samkvæmt því er hún 180 milljónir tonna á ári. Ef mögulegt væri að draga úr þessari losun upp á 70% þá næmi það 126 milljónum tonna. Það er því greinilega til mjög mikils að vinna fyrir matvælaframleiðsluna og áframhaldandi veru okkar hér á jörðinni. */HKr.*

– Sjá nánar bls. 2–20 og 21



Hvítgreni, Picea glauca conica.

Plöntum úr gámi Bauhaus fargað

Hvítgreni á rót sem ætlað var til sölu í verslun Bauhaus var fargað við komuna til landsins.

Í bæklingi frá Bauhaus, sem var í gildi 14. til 27. október síðastliðinn, var á blaðsíðu 19 auglýst afbrigði af hvítgreni, Picea glauca conica, með rót til sölu. Bannað er samkvæmt lögum að flytja slíkar plöntur til landsins.

Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins var megnið af plöntunum fargað áður en þær voru tollafgreiddar. Nokkrar plöntur munu þó hafa sloppið í gegnum tollinn fyrir mistök en þeim var einnig fargað áður en þær fóru í sölu.

Plönturnar voru fluttar til landsins á réttu tollnúmeri en innflutningi plantnanna til Bauhaus er stýrt frá Danmörku og því um mistök að ræða. */VH*

Hagstofa Íslands:
Aflaverðmæti í júlí 9,4 milljarðar

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 9,4 milljörðum í júlí sem er samdráttur um 2,8 milljarða, eða ríflega 23% samanborið við júlí 2015.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands nam aflaverðmæti botnfisks 5,7 milljörðum og dróst saman um tæp 13% frá fyrra ári. Verðmæti uppsjávartegunda nam tæpum 2,4 milljörðum sem er um 40% minna en í júlí 2015. Verðmæti flatfiskafla nam rúmum 970 milljónum sem er samdráttur um 26% frá fyrra ári. Skel- og krabbadýraaflinn nam 355 milljónum í júlí samanborið við tæpar 513 milljónir í júlí 2015.

Á 12 mánaða tímabili frá ágúst 2015 til júlí 2016 var samanlagt aflaverðmæti tæpir 137 milljarðar króna sem er 10,6% samdráttur miðað við sama tímabil ári fyrr. Munar þar mestu um ríflega 38% samdrátt í verðmæti uppsjávartegunda. */VH*

Nýjar reglur um lítil matvælafyrirtæki

Markmið reglugerðarinnar er að auka sveigjanleika í lítilli og hefðbundinni matvælaframleiðslu og auðvelda framleiðendunum að uppfylla kröfur matvælalöggjafarinnar.

Reglugerðin veitir afslátt af ákveðnum kröfum í hollustuháttareglugerðum og skapar aukið svigrúm til framleiðslu sérístenskra hefðbundinna matvæla, s.s. reykingar á kjöti í litlum reykhúsum úr náttúrulegum efnum, orfkofum, þurrkunar á fiski í hjöllum og trönum og hefðbundinnar verkunar á hákarli. Einnig eru veittar undanþágur frá ákveðnum kröfum í sláturhúsum og fiskmörkuðum. /VH

Orkuframleiðsla er stærsti orsakavaldur í losun CO^2, en landbúnaður og landnýting er í öðru sæti:
Íslendingar eiga mikla möguleika til að minnka loftmengun frá landbúnaði og af landnýtingu

– Getum komið víða við sögu með beinum hætti til að bregðast við losun koltvíildis

Í nýrri skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) kemur fram að loftslagsbreytingar séu þegar farnar að hafa mikil áhrif á landbúnað og fæðuöryggi þjóða. Án bráðra aðgerða verði fólki steypt út í fátækt og hungur í milljóna tali.

Samkvæmt skýrslunni eru mest áhrif á loftslagsbreytingar með losun gróðurhúsalofttegunda af völdum orkuframleiðslu, eða 47% af heildarkökunni. Þar er einkum átt við orkuframleiðslu með kolum, olíu og gasi. Á þessu sviði eru Íslendingar í einstakri stöðu með alla sína fallvatnsorku.

Landnýting og landbúnaður annar stærsti losunarvaldurinn

Í öðru sæti hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda með 21% hlut er landbúnaður, skógariðnaður og önnur landnotkun. Þar eigum við Íslendingar ekki síður en aðrar þjóðir mikið verk að vinna.

Endurheim votmýra og vinnsla á mó


Ísland á þar samt nokkra sérstöðu þar sem með tiltölulega einföldum hætti væri hægt að stórminnka losun gróðurhúsalofttegunda eins og metangas (CH_4) með því að endurheimta votmýrar sem ræstar hafa verið fram í stórum stíl. Einnig mætti þó fara aðra leið og nýta mó til eldsneytis- og efnaframleiðslu með aðstoð raforku frá vatnsaflseða vindorkuvirkjunum. Með slíkri framleiðslu mætti framleiða vistfræðilega hlutlaust eldsneyti. Það fengist annars vegar með hlut vatnsaflsorkunnar í framleiðsluferlinu vegna vetnisnotkunar og hins vegar með því að stöðva losun á metangasi úr mó sem færi í framleiðsluna.

Kolefnishlutlaus iðnaður á Íslandi samfara minnkun gasútstreymis

Áætlað hefur verið að mór á Íslandi dygði til að framleiða fljótandi eldsneyti og ýmis mjög verðmæt efnasambönd til iðnaðarnota í þúsund ár. Vetni sem framleitt er á vistvænan hátt með vatnsafli eða vindorku yrði lykilatriði í slíkri eldsneytis- og efnaframleiðslu. Aðferðafræðin er vel þekkt sem og allur tæknibúnaður sem til þarf og er mikið notaður í iðnaði heimsins í dag. Þannig mætti búa til öflugan kolefnishlutlausan iðnað á Íslandi og gera landið um leið óháð innflutningi á orku samfara minnkun metangasútstreymis úr uppþurrkuðu landi. Efnahagslegur ávinningur þjóðarinnar gæti orðið umtalsverður í stað þess að valda ómældum kostnaði úr ríkisjóði við að moka ofan í tugþúsundir kílómetra af framræsluskurðum. Slíkt yrði þó aldrei hagkvæmt nema í nokkuð stórum skala.

Hægt að minnka losun húsdýra á gasi

Hvað varðar losun landbúnaðarins á gróðurhúsalofttegundum, er hann augljósastur hvað varðar eldi húsdýra t.d. sauðfjár og nautgripa. Þessar skepnur mynda við meltingu á grasi mikið metangas (CH_4) sem fer út í andrúmsloftið. Nýjar rannsóknir frá Ástralíu, sem greint er frá á forsíðu og á síðum 21–22, gefa vonir um að hægt sé að minnka þessa gaslosun um allt að 50–90% með því einu að blanda ákveðnum tegundum af þangi í fóður dýranna.



Möguleg orkuskipti í vélanotkun

Enn einn þátturinn sem landbúnaðurinn gæti haft áhrif á varðar breytingar á vélakosti, t.d. með innleiðingu gas-, vetnis- eða rafknúinna dráttarvéla. Augljóslega eru þarna mörg spennandi verkefni fyrir bændur landsins að glíma við í næstu framtíð.

Binding CO^2 með skógrækt

Hvað bændur varðar þá hefur verið unnið gríðarlegt starf á undanförnum áratugum við að binda koldíoxíð (koltvíildi) CO^2 með skógrækt. Slík ræktun fer ört vaxandi, en ljóst er að þar þarf að setja án tafar skipulagsmarkmið hvar megi og hvar megi ekki rækta skóg svo sjónræn upplifun innlendra og erlendra ferðamanna af landinu verði ekki eyðilögð.

Samgöngur þriðji stærsti losandi gróðurhúsalofttegunda

Í skýrslu FAO kemur líka fram að þriðji stærsti liðurinn í losun gróðurhúsalofttegunda með 11% hlutdeild er útblástur frá samgöngum. Þar er losun koldíoxíðs CO^2 frá skipum og flugvélum mjög veigamikil sem og frá almennri bílaumferð. Hvað flugvélar varðar hafa Íslendingar lítil áhrif nema með því að fylgja tækniþróun við notkun á nýjustu flugvélategundunum. Sama á við um bíla.

Íslendingar geta þó ýmislegt lagt til málanna á öðrum sviðum, einkum hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda frá skipaflotanum. Það er án efa nokkuð stór póstur. Þar hafa menn velt fyrir sér að setja rafmótora í skip og knýja þá með orku frá rafhlöðum. Það er vissulega tvíeggjað sverð því gríðarlega fyrirferðarmiklar og þungar rafhlöður þyrfti til að koma í staðinn fyrir orkuna sem fá má úr olíu í dag. Þá er framleiðsla á rafhlöðum afar mengandi og skilur eftir sig djúpt kolefnisspor. Að hluta væri því einungis verið að færa vandamálið á milli heimshluta. Möguleiki er þó á að framleiða raforku um borð í skipum með öðrum aðferðum. Það er með beinum bruna á vetni í sprengihreyflum eða í umbreytingu í efnahverflum. Vindorka gæti svo hugsanlega komið þar til aðstoðar.

Sérstaða í orku til húsa

Fjórði stærsti áhrifavaldurinn í losun gróðurhúsalofttegunda er íbúðar-, iðnaðar- og opinbert húsnæði. Þar er bæði um að ræða notkun raforku sem framleidd er með kolum, olíu og gasi og ekki síður kynding og loftkæling sem notast við orku úr sömu orkumiðlum. Á þessu sviði standa Íslendingar flestum þjóðum heims framar með sína hreinu vatnsaflsorku og síðan jarðvarmaorku sem er þó alls ekki mengunarlaus.

Ýmsar leiðir reyndar til að minnka mengun frá jarðhitanýtingu

Við nýtingu á jarðhita er verið að vinna merkilegt starf hjá Orkuveitu Reykjavíkur við að umbreyta brennisteinsvetni og koldíoxíði í steintegund (slifurberg) með niðurdælingu í jörðu. Hvort það leiðir til umtalsverðs árangurs við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í jarðhitanýtingu í einhverjum mæli mun tíminn skera úr um.

Eins hafa verið gerðar tilraunir hjá Carbon recycling í Svartsengi á Reykjanesi við að umbreyta koldíoxíði úr jarðhitagufu í metanól til íblöndunar í jarðhitaeldsneyti. Það eldsneyti kalla menn Vulcanol. Metanól er hins vegar mjög eitrað og tærandi efni og mjög umdeilt meðal bílaframleiðenda er hversu heppilegt það sé til íblöndunar í fljótandi eldsneyti. Er því vandséð að metanól geti leikið mjög stórt hlutverk á því sviði.

Íblöndun á metanóli í jarðolíu er reyndar oft ruglað saman við framleiðslu á lífdísil með íblöndun á **etanóli** sem er annars konar og vistvænn vínandi. Etanól er unnið m.a. með gerjun úr korni og sykurreyr.

Er töluvert flutt inn af slíku eldsneyti með ærnum tilkostnaði. Vandséð er að hægt sé að réttlæta þann innflutning, sér í lagi ef horft er á kolefnisfótsporið sem innflutningurinn með skipum hefur í för með sér. Í besta falli má segja að Íslendingar séu með þessu að blekkja eigin samvisku.

Loftmengun frá iðnaði í fimmta sæti

Fimmti stærsti losunarvaldur gróðurhúsalofttegunda í heiminum er iðnaður og tengd starfsemi. Þar eru Íslendingar ekki saklausir. Vissulega er álframleiðsla með raforku frá fallvatnsvirkjunum á Íslandi að minnka losun koldíoxíðs við álframleiðslu á heimsvísu, en þessi framleiðsla er samt verulega mengandi. Benda má á í því sambandi að við rafgreiningu á súráli eru notuð rafskaut sem í er gríðarlega mikið af kolum. Þessi kol brenna smám saman upp með tilheyrandi koldíoxíðútblæstri. Samt sem áður er augljóst að Íslendingar munu varla láta loka álverum á næstu áratugum. Hins vegar gætum við beint frekari orkunýtingu til iðnaðar í aðra farvegi eins og til eflingar á matvælaframleiðslu í gróðurhúsum.

Sjötti þátturinn í losun gróðurhúsalofttegunda er svo ýmislegt annað en hér er að framan talið og óskilgreint af FAO. Innan þess sviðs er m.a. losun frá sorpi og safnhaugum.

Losun metans úr freðmýrum og af hafsbotni lítt rætt risavandamál

Við hlýnun lofthjúpsins gleymist þó yfirleitt að minnast á vaxandi áhættuþátt sem er losun metangas úr jarðvegi og af hafsbotni. Verulega er t.d. farið að bera á losun metangas úr freðmýrum Síberíu. Slíkt getur hæglega á skömmum tíma orsakað þvílíka losun gróðurhúsalofttegunda að öll áhrif losunar af völdum manna yrðu smámunir í þeim samanburði.

Því til viðbótar, þá getur lítils háttar hlýnun heimshafanna leyst úr læðingi óstjórnlega losun á metangasi sem nú er bundið í föstu formi á hafsbotni undir miklum þrýstingi. Enginn hefur þó treyst sér til að upplýsa hvort jörðin sé þegar komin fram af brúninni hvað varðar umbreytingu lofthjúpsins þannig að ekki verði aftur snúið. Eins eru skoðanir skiptar um hversu veigamikill þáttur umbreytingar á virkni sólarinnar er í allri þessari þróun. */HKr.*



Neyðarkall til þín!

Um helgina senda björgunarsveitirnar frá sér Neyðarkall og nú treysta þær á þig!
Með því að kaupa Neyðarkall björgunarsveitanna tekur þú þátt í uppbyggingarstarfi
björgunarsveitanna í landinu og stuðlar um leið að eigin öryggi og annarra.
Taktu vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna og leggðu okkur lið.

Þetta er Neyðarkall til þín. Stuðningur þinn skiptir öllu.



Neyðarkallinn er tákn um stuðning.

Neyðarkallinn 2016 er klár fyrir íslenska óveðrið, vopnaður skóflu og kaðli sem er nauðsynlegur búnaður óðveðurskallsins. Á hverju ári berast okkur hundruð útkalla sem snúa að aðstoð vegna veðurs og ófærðar en sjálfboðaliðar okkar eru alltaf tilbúnir til að fara út í óveðrið þegar neyðarkallið kemur.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

kaldvik SL 1016-03

Fréttir



Sauðfjárslátrun í Færeyjum.

Úflutningur á kjöti sem Íslendingar líta vart við:

Færeyingar hrifnir af íslensku hrútakjöti

Frændur okkar í Færeyjum eru hrifnir af íslensku hrútakjöti sem þeir þurrka og gera úr skerpukjöt. Á þessu ári verða fluttir 360 hrútaskrokkar til Færeyja en markaður er fyrir að minnsta kosti 800.

Petur Sørensen, starfsmaður Landshandling í Færeyjum, segir að undanfarin þrjú ár hafi fyrirtækið flutt inn hrútakjöt frá Íslandi til Færeyja. „Færeyingum líkar mjög vel við ógelt íslenskt hrútakjöt og það er mikið þurrkað til að búa til skerpukjöt og dýr matur í Færeyjum.“


Innflutningur á hrútakjöti til Færeyja hófst fyrir þremur árum og segir Petur að fyrsta árið hafi Landshandlingin flutt inn 60 skrokka en annað árið hafa þeir verið rúmlega 400. „Í ár verða þeir líklega 370 en við vildum fá að minnsta kosti 800 en því miður er ekki hægt að fá svo marga skrokka.

Kjötið sem við erum að flytja inn er af öllum hrútum, eins, tveggja og þriggja ára gamlir.“

Færeyingarnir borga 19,5 krónur danskar fyrir kílóið af kjötinu, sem eru um 326 krónur íslenskar.

Að sögn Peturs þurfa skrokkarnir að hanga í allt að sex mánuði til að ná réttum þurrki. Síðurnar þorna fyrst en lærið tekur lengstan tíma að þorna.

Petur segist vona að áframhald og aukning verði á innflutningi á íslenskum hrútum til Færeyja á næstu árum enda um góðan markað að ræða bæði fyrir hrúta- og lambakjöt. */VH*



Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur:

Stærsti markaðurinn til þessa og jafnframt sá síðasti

Matvælastofnun bárust 114 gild tilboð um kaup og sölu á tilboðsmarkaði með greiðslumark mjólkur þann 1. nóvember 2016.

Markaðurinn að þessu sinni var sá stærsti frá upphafi fyrir greiðslumark mjólkur og er síðasti tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur en við tekur innlausnarskylda ríkisins á greiðslumarki frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2020 samkvæmt nýjum búvörulögum.

Matvælastofnun, Búnaðarstofa, mun annast innlausn greiðslumarks og skal bjóða til sölu greiðslumark, sem innleyst er, á því verði sem ríkið greiddi fyrir innlausn.

Við opnun tilboða kom fram jafnvægisverð á markaði, 205 krónur fyrir hvern lítra mjólkur.



- Fjöldi gildra tilboða um sölu á greiðslumarki mjólkur voru 69, samanborið við 38 á markaði 1. september 2016.
- Fjöldi gildra tilboða um kaup voru 45, samanborið við 38 á markaði 1. september 2016.
- Greiðslumark sem boðið var fram, sölutilboð, voru alls 5.941.905 lítrar, samanborið við 1.877.244 lítra á markaði 1. september 2016.
- Greiðslumark sem óskað var eftir, kauptilboð, voru 3.580.580 lítrar, samanborið við 2.452.800 lítra sem óskað var eftir á markaði 1. september 2016.
- Greiðslumark sem viðskipti ná til eftir opnun tilboða, jafnvægismagn, voru 2.706.508 lítrar að andvirði 554.834.140 kr., samanborið við 1.624.411 lítra, 389.858.640 kr., á markaði 1. september 2016.
- Kauphlutfall viðskipta er 75.59%, á markaði 1. september 2016 var kauphlutfallið 90,58%.
-

Þeir sem lögðu inn tilboð um sölu á greiðslumarki á verði 205 krónur á lítrann eða lægra selja nú greiðslumark sitt. Matvælastofnun, Búnaðarstofa, mun nú senda öllum tilboðsgjöfum upplýsingar um afgreiðslu tilboða og gera breytingar á skráningu greiðslumarks þegar uppgjör hefur farið fram. Upplýsingar um greiðslumark sitt geta bændur nálgast á Bændatorginu. */VH*



„Það verður mjög erfitt fyrir mig að senda þessi dýr í sláturhús, það er ekki auðvelt að fá góð ræktunardýr hér á landi,“ segir Birgit Kostizke, frumkvöðull og stofnandi félagsins Kanínu ehf. á Syðri-Kárastöðum við Hvammstanga, en hún er nú að hætta kanínurækt sinni. Segir hún að hér skorti þolinmótt fjármagn frá fjármálastofnunum, sem ekki virðast hafa trú á þessari nýjung á sviði landbúnaðar hér á landi.

Birgit Kositzke, stofnandi Kanínu ehf., hyggst hætta starfsemi:

Skortur á þolinmóðu fjármagni

– Fjármálafyrirtækin hafa ekki næga trú á þessari nýjung í landbúnaði

Birgit Kositzke, frumkvöðull og stofnandi félagsins Kanínu ehf. á Syðri-Kárastöðum við Hvammstanga, hyggst á næstu vikum og mánuðum hætta rekstri félagsins.

Hún segir að frumkvöðlafyrirtæki af þessu tagi gangi ekki nema til staðar sé öruggt og þolinmótt fé frá bönkum eða fjárfestum. Greinilega hafi fjármálafyrirtækin ekki næga trú á þessari nýjung á sviði landbúnaðar og því sé ekki um annað að ræða en hætta.

Dýrt að bíða

Birgit segir að án styrkja sem fengust hefði verkefnið aldrei farið af stað.

„Ég er virkilega ánægð með þá styrki sem verkefnið fékk, ég fékk jákvæð viðbrögð og hefði ekki farið í þessa vegferð án þeirra. Fyrirtæki af þessu tagi, þar sem verið er að prófa nýjung á sviði landbúnaðar lifir ekki af án þess að fyrir hendi sé öruggt fjármagn frá fjármálafyrirtækjum. Þau hafa greinilega ekki næga trú á frumkvöðlaverkefni mínu. Það tekur langan tíma að koma nýrri vöru á markað og kynna hana, mun lengri en ég reiknaði með. Það er dýrt að bíða. Því er í raun ekki um annað að ræða fyrir mig en hætta,“ segir Birgit.

Ágætis viðtökur

Hún segir að viðtökur á markaði hafi verið með ágætum, einkum hafi gengið vel að kynna kjötið á matarhátíðum í Hörpunni, en félagið tók þátt í nokkrum slíkum. Þá buðu nokkur veitingahús í landinu upp á kanínukjöt.

„Kjötframleiðslan komst aldrei á fullt skrið, verkefnið var enn í uppbyggingu. Ég hef unnið ein að þessu og er mjög bundin yfir því, þannig að ég hafði lítið tækifæri til að sinna markaðsmálum eins og þurft hefði að gera. Það nægir ekki að framleiða vöruna, það þarf líka að selja. Því miður var hvorki tími né peningar til að sinna þessum hluta verkefnisins,“ segir Birgit.

Verður vonandi öðrum innblástur

Á búinu að Syðri-Kárastöðum eru um þessar mundir um 300 holdakanínur, en Birgit hefur ekki fjölgað á búinu síðastliðna tvo mánuði, þegar ljóst var í hvað stefndi. Nú er fátt annað í stöðunni en búa sig undir slátrun. Hún segir að sig taki mjög sárt að senda ungdýr, sem nýtast vel



Katarina Ruppel, stjórnarmaður í Kanínu ehf., Birgit Kositzke, stofnandi og aðaleigandi fyrirtækisins, og Sunna María kynntu framtíðaráform Kanínu ehf. á Syðri-Kárastöðum í Hörpunni í mars 2014. Þá gerðu þær ráð fyrir að koma með kanínukjöt á íslenskan markað fyrir jólin 2014, en fyrsta slátrun var svo í janúar 2015. Nú virðist stefna í að stofninn sem ræktaður hefur verið upp á Kárastöðum verði öllum slátrað. Mynd / HK



til undaneldis og í ræktunarhóp, í sláturhús.

„Það verður mjög erfitt fyrir mig að senda þessi dýr í sláturhús, það er ekki auðvelt að fá góð ræktunardýr hér á landi. Mínar ræktunarkanínur hafa gotið nokkrum sinnum með góðum árangri, það tók langan tíma að rækta stofninn upp, þetta eru stórar kanínur, frjósamar og þær mjólka vel auk þess að vera þægilegar í umgengni. Svo var alls ekki í upphafi þegar ég hóf mitt starf.

Ef svo fer að enginn finnst sem vill taka við keflinu og prófa sig áfram mun allt mitt ræktunarstarf á liðnum árum fara í súginn. Ég held enn í þá von, nú þegar ljóst er að ég verð að hætta þessu, að þetta verkefni mitt verði einhverjum öðrum innblástur svo við getum haldið áfram að rækta kanínur á Íslandi. Kanínur eru skemmtileg dýr og gæti hentað fyrir aðra og meðfram öðrum störfum,“ segir Birgit.

„Og svo er líka erfitt fyrir mig að senda undaneldisdýr í sláturhús. Það er að segja ræktunarkanínur með reynslu sem eru búnar að gjóta nokkrar sinnum og hafa skilað góðum árangri.

Það tók svo svakalega langan tíma að rækta stofninn upp úr fáum dýrum. Þannig að hann yrði nógu stór til að gefa af sér nógu mörg afkvæmi. Einnig dýr sem eru að mjólka vel og eru þægileg í umgengni. Það var ekki einfalt mál að eiga við.“

Leigusamningur hennar vegna útihúsa á Syðri-Kárastöðum rennur út á gamlársdag. Búr og stíur eru fyrir hendi og segir Birgit að hægt sé að nýta þau áfram ef einhver hefur áhuga fyrir að prófa kanínurækt sem tómstundagaman með öðru. Félagið fékk fyrr á árinu lán frá SVANNI til að innrétta útihúsin, þá hafa ýmsir aðilar liðsinnt félaginu m.a. með styrkjum. Birgit kveðst þakklát fyrir þá styrki sem félaginu hafa verið veittir á liðnum árum. */MÞÞ*





6 mánaða ending í einum forðastaut

berðu saman kostnað og ávinning

JOÐ - SELEN - KÓBALT

Af hverju er snefilefnum bætt við?

Það er nauðsynlegt að bæta **joði, seleni** og **kóbalti** við fæðuna meðan ær eru blæsma, við skimun og yfir vetrartímann.

- **Joð - eykur frjósemi og lífsþrótt lamba**
- **Selen - eykur frjósemi og fjölgun**
- **Kóbalt - eykur frjósemi og þrótt lamba við burð**


Af hverju nota forðastauta?

Agrimin 24-7 - Joð - Selen - Kóbalt
sér dýrinu fyrir daglegri þörf nauðsynlegra snefilefna í 180 daga. Hvert dýr fær samfellda gjöf bætiefna. Ætlað ám sem eru yfir 40 kg að þyngd.

Tækni Agrimin 24-7 forðastautana



Stautur í 2 hlutum með bréfi sem gefa frá sér joð, selen og kóbalt



Bréfið eyðist upp í keppnum og hlutar stautsins losna í sundur

Agrimin 24-7 - Joð - Selen - Kóbalt
forðastautarnir eru hannaðir þannig að þeir liggja í keppnum. Bréfið utan um stautinn leysist upp og hann brotnar í tvennt.
Þeir sverfast og leysast upp og sjá dýrunum þannig fyrir stöðugri og jafnri næringu.



Mjög einfalt er að koma stautunum fyrir í ánum með þar til gerðri byssu sem skýtur stautnum niður í vömbina.

Virk efni		Daglegur skammtur í 180 daga með 48 gr staut
Joð (kalsíum gegndreypa með joði)	15,375 mg/kg	4,0 mg
Selen (selenað natríum)	1,388 mg/kg	0,4 mg
Kóbalt (kóbalt karbónat)	2,973 mg/kg	0,8 mg

Agrimin 24-7

er einstök blanda af joði, seleni og kóbalti, en sýnt hefur verið fram á að hún bætir heilsu áa og frjósemi þeirra auk þess sem hún eykur lífsþrótt lamba og lífslíkur við burð.

Forðastautarnir endast 5 sinnum lengur en hefðbundin lyfjagjöf



Sigrún Ólafsdóttir
bóndi, Hallkelsstaðahlíð

Í Hallkelsstaðahlíð í Hnappadal búum við með um 700 fjár.
Við höfum notað Agrimin 24/7 forðastauta fyrir sauðfé með góðum árangri nú í nokkur ár. Við erum nú laus við glær og líflítil lömb, burður er mun auðveldari og öll lömbin sprækari eftir burð. Frjósemin hefur aukist og selenskortur er hér hverfandi. Auk þess er liðabólga alveg horfin hjá okkur.
Það er auðvitað nokkur vinna að gefa stautana inn, en eftir að við fundum út góða aðferð þá er þetta alveg þessi virði.
Fullorðnu kindurnar fá stautana 2-4 vikum fyrir fengitíma en gemlingarnir í febrúar. Við erum mjög ánægð með árangurinn og munum nota Agrimin forðastautana áfram í okkar fé. Samanborið við annað á markaði eru þeir frábær valkostur.



Gísli Sverrir Halldórsson
dýralæknir, Búðardal

Forvarnir eru alltaf ódýrastar.
Síðan Agrimin 24/7 forðastautar fyrir sauðfé komu á markað hef ég mælt með notkun þeirra hjá nokkrum sauðfjárbúum sem glímt hafa við margskonar vanda tengdan frjósemi og á sauðburði. Ýmist hefur verið um umtalsverða burðarhjálp að ræða, lítil og líflaus lömb, jafnvel morkin, og eins fósturlát og lélega frjósemi.

Við notkun á stautunum hefur orðið veruleg breyting til batnaða, frjósemi aukist og lömbin eru sprækari. Ærnar eiga auðveldara með að bera , minna er um sjúkdóma s.s. júgur- og legbólgur og lömbin eru mikið öflugri strax eftir burð og heilbrigði þeirra helst gott fram á haust.

Ég mæli hiklaust með Agrimin 24/7 sauðfjárstautunum.

FÆST HJÁ DÝRALÆKNUM

Nánari upplýsingar á www.agrimin.co.uk

vistor

Umboðsaðili: Vistor hf
Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000
vistor@vistor.is - www.vistor.is

Agrimin 24-7 SMARTRACE

AGRIMIN
caring for your animals

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því **er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 9.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 4.950 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefsíða blaðsins: www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Lygin um ESB

Viðræður um aðild að ESB hafa aldrei snúist um að fá að kíkja í einhvern pakka og velja þaðan bestu molana. Þetta hefur verið vitað alla tíð en þeir sem þrá að leiða þjóðina inn í þetta ríkjabandalag hafa óhikað beitt fyrir sig lyginni um þetta mál.

Það hefur margoft komið fram í umræðunni og í viðræðum við fulltrúa ESB að ekki stæði til að Ísland fengi einhverjar undanþágur frá meginreglum sambandsins. Meira að segja var Össur Skarphéðinsson skammaður í beinni útsendingu af stækkunarstjóra fyrir að halda slíku fram. Einu undanþágurnar fælust í því að fresta innleiðingu á einhverjum þáttum í takmarkaðan tíma. Þetta vissu allir sem að þessu borði hafa komið, líka þeir sem vildu draga Ísland þar inn og það án þess að spyrja þjóðina fyrst.

Nú hefur sr. Svavar Alfreð Jónsson, söknarprestur við Akureyrarkirkju, tekið af öll tvímæli um þessi mál. Hann sendi einfaldlega fyrirspurn til Evrópusambandsins og spurði hvað væri satt og rétt í því hvað fælist nákvæmlega í aðildarumsókn. Presturinn fékk svar um hæl sem hljóðar svo:

„Reglur Evrópusambandsins sem slíkar (einnig þekktar sem acquis) eru óumsemjanlegar; þær verður að lögleiða og innleiða af umsóknarríkinu. Inngönguviðræður snúast í raun um það að samþykkja hvenær og með hvaða hætti umsóknarríkið tekur upp og innleiðir með árangursríkum hætti allt regluverk ESB og stefnur. Inngönguviðræður snúast um skilyrði og tímasetningu upptöku, innleiðingar og framkvæmdar gildandi laga og reglna ESB.

Hafa ber í huga að ESB starfrækir víðtækt samþykktarferli sem sér til þess að ný ríki eru aðeins samþykkt þegar þau geta sýnt fram á það að þau muni og geti sinnt hlutverki sínu sem fullgildir aðilar, það er með því að uppfylla allar reglur ESB og staðla, hafa samþykki stofnana sambandsins og ríkja þess og með því að hafa samþykki eigin borgara – annaðhvort í gegnum samþykki þjóðþinga þeirra eða þjóðaratkvæði.“

Þarna hafa menn það svart á hvítu. Líka þeir sem ruku í að stofna heilan flokk í vor sem átti að sannfæra þjóðina um að lygin um pakkann til að kíkja í væri heilagur sannleikur.

Einföld lausn á kjararáðsmáli

Annað stórmál í augum mikils fjölda Íslendinga er ákvörðun kjararáðs um stórhækkun launa þingmanna, ráðherra og forseta Íslands. Þótt flestir geti verið sammála um að þessir þjónar almennings eigi að vera á þokkalegum launum, þá þykir greiðendum launanna, almenningi í landinu, sér greinilega misboðið. Það að hækkanirnar nemi á einu bretti nær tvöföldum lægstu launum verkafólks á mánuði, er eðlilega eitthvað sem venjulegt fólk á erfitt með að kyngja.

Verkalýðsforingjar, sem margir hverjir eru reyndar með svimandi há laun, krefjast þess að ákvörðun kjararáðs verði dregin til baka. Einnig að þær forsendur sem kjararáð starfar eftir verði endurskoðaðar. Allavega er ljóst að svona getur þetta ekki gengið.

Það mætti vel hugsa sér lausn á þessu máli. Einfaldast væri að setja reglur um að hæstu laun innan kerfisins yrðu aldrei hærri en t.d. fjórföld laun lægstu taxta aðildarfélaga ASÍ. Þar með yrðu lægstu laun heldur aldrei lægri en fjórðungur af hæstu launum embættismanna. Í þessu felst bein ábyrgð allra og um leið yrði komið í veg fyrir að ójöfnuður aukist í kerfinu. Ef topparnir krefjast hærri launa, þá draga þeir um leið með sér þá lægst launuðu. – Sem sagt allra hagur. */HKr.*

Að loknum kosningum

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Við höfum kosið okkur nýtt þing með 32 nýjum fulltrúum sem ekki áttu sæti í lok síðasta kjörtímabils, þótt sumir þeirra hafi reyndar verið áður. Ég óska öllum þingmönnum til hamingju með kjörið eða endurkjörið og farsældar í störfum.

Niðurstöður kosninganna voru ekki afgerandi á þann hátt að svo virðist sem kjósendum hafi hvorki hugnast að núverandi ríkisstjórn héldi áfram né að bandalag stjórnarandstöðuflokkanna tæki við. Þeir virtust vilja breytingar en þó ekki byltingu. Hið nýkjörna þing fæst nú við að mynda ríkisstjórn, en til þess þarf samvinnu og málamiðlanir sem kunna að reynast erfiðar. Vonandi gengur það samt fljótt og vel því að mörg verkefni bíða og til þess að hrinda þeim í framkvæmd þarf sameiginlega niðurstöðu.

Landbúnaðarmálin ekki áberandi í kosningabaráttunni

Landbúnaðarmálin voru ekki áberandi í kosningabaráttunni að þessu sinni. Það var kannski eðlilegt. Baráttan var stutt og snörp og skammt er síðan að lagabreytingar vegna búvörusamninga voru til afgreiðslu á Alþingi. Sú umræða var erfið og talsvert var deilt um samningana. Tilnefningum í samráðshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna endurskoðunar samninganna 2019 hefur verið skilað þó að hópurinn hafi ekki tekið til starfa.

Gagnrýni á samningana og efni þeirra kom úr ýmsum áttum. Orðræða andstæðinganna var ekki síst á þann veg að allir væru óánægðir með þá, þar með talið bændur. Það var hins vegar af afar ólíkum ástæðum sem ekki komu fram í umræðunni. Mest áberandi voru sjónarmið sem komu úr gagnstæðum áttum og eru ekki samrýmanleg. Það voru annars vegar sjónarmið þeirra sem töldu breytingarnar of miklar og hins vegar þeirra sem töldu þær of litlar.

Það veganesti sem fulltrúar bænda höfðu í samningagerðinni lagði upp með ákveðnar breytingar. Samningarnir voru að stofni til frá 2002–2007 (fyrir utan búnaðarlagasamninginn frá 2013) en höfðu verið framlengdir tvisvar með óverulegum breytingum. Áður var samið um hvern þeirra fyrir sig, en nú alla í einu. Samið hafði verið með ólíkum hætti eftir búgreinum.

Beitt er kvótakerfi í mjólkurframleiðslu og opinberri verðlagningu sem ekki er beitt í kjötframleiðslu eða garðyrkju. Síðan er beinn stuðningur við sauðfjárrækt, en önnur kjötframleiðsla byggir á tollvernd eða er einfaldlega ekki studd. Garðyrkjan byggist bæði á beinum stuðningi og tollvernd, eftir tegundum.

Í nautgriparæktarsamningnum voru hugmyndir um að minnka þessa stýringu. Horft var til þess að leggja af kvótakerfi í mjólkurframleiðslu, til að létta kostnaði við kvótakaup af greininni og lækka þröskuldinn fyrir nýliða. Þegar þær hugmyndir voru kynntar í nóvember 2015 mættu þær gagnrýni bænda. Það hafði áhrif á lokaniðurstöðuna þar sem samið var um að kvótakerfið héldi áfram a.m.k. fram að endurskoðun 2019 og yrði þá aðeins aflagt ef það yrði samþykkt í atkvæðagreiðslu kúabænda. Þennan samning studdu 75% kúabænda í atkvæðagreiðslu.

Gagnrýni á of miklar breytingar í sauðfjársamningi

Með sama hætti var ætlunin að leggja af greiðslumarkskerfið í sauðfjárrækt. Það kerfi er ekki kvótakerfi en veitir rétt til ákveðins stuðnings þar sem eina skilyrðið er að eiga tiltekinn fjölda af kindum. Þetta greiðslumark gengur líka kaupum og sölum og hugmyndin var þar sömuleiðis að létta af kostnaði og lækka þröskuldinn fyrir nýliða. Þessar hugmyndir eru hluti af endanlegum samningi. Hins vegar mættu þær gagnrýni bænda eftir að samningsgerðinni lauk og sú gagnrýni náði líka inn í þingsali. Stuðningur sauðfjárbænda við samninginn var ekki eins mikill og kúabænda en samt 60%.

Gagnrýnin frá þessum væng var því á þá leið að breytingar væru of miklar. Það væri óvarlegt að hrófla við kerfi sem reynst hefði vel auk þess sem að framangreindar breytingar komu óhjákvæmilega ekki vel við þá sem höfðu fjárfest í greiðslumarki.

Gagnrýni á of litlar breytingar

Gagnrýnin frá hinum vængnum var með allt öðrum hætti, eða á þá leið að breytingar væru fjarri því nægilegar. Vissulega kom þar fram að fæstir vildu hætta alveg stuðningi við landbúnað, en draga þyrfti úr honum, án þess að ljóst væri hvað mikið eða á hvern hátt. Þá var gagnrýnt að samningurinn væri til of langs tíma, þrátt fyrir að kveðið væri á um tvær endurskoðanir, 2019 og 2023. Enn fremur var mikið kallað eftir því að dregið yrði úr tollvernd, eða hún jafnvel alveg felld niður, án þess að fram kæmi hvort að auka ætti eitthvað beinan stuðning á móti.

Nú er það þannig að um tollverndina var ekki samið í búvörusamningum, að því frátöldu að samið var um að uppfæra tolla á sex tollnúmerum mjólkur til núverandi gengis en þau miðuðust áður við gengi frá 1995. Um annað var ekki samið. Það stóð vissulega til í upphafi en tollasamningur stjórnvalda og ESB sem gerður var í upphafi samningaviðræðnanna gerði það ómögulegt.

Þessi gagnrýni byggðist því á þeim sjónarmiðum að breyta þyrfti miklu meiru og hraðar en gert var og að nauðsynlegt væri að opna landbúnaðinn meira fyrir lögmálum markaðshyggjunnar. Slíkt þarf ekkert að vera slæmt í sjálfu sér – ef það væri ekki einhliða aðgerð af Íslands hálfu. Opinber stuðningur og afskipti af landbúnaði eru regla en ekki undantekning á heimsvísu. Ef að við ætlum landbúnaðinum hér að keppa við innflutning á grunni óheftrar markaðshyggju þá verður það aldrei sanngjörn samkeppni því það er enginn annar að ganga þá götu.

Ný ríkisstjórn – nýjar áherslur

Þetta eru engin ný sannindi. En hvers vegna að rifja þau upp? Jú, því bráðum fáum við nýja ríkisstjórn með nýjum áherslum. Að óbreyttu mun hún geta komið sínum áherslum að við endurskoðun búvörusamninganna 2019. Það er því mikilvægt að ríkisstjórnin láti koma fram þegar í upphafi hver hennar sýn er á íslenskan landbúnað, innlenda matvælaframleiðslu og hinar dreifðu byggðir. Sú stefna þarf að vera skýr. Á því þarf landbúnaðurinn að halda.

Ísland er land þitt



Lognið á Pollinum á Ísafirði. Ísafjarðarbær er sveitarfélag á Vestfjörðum sem hefur þéttbýliskjarnana Ísafjörð, Þingeyri, Suðureyri, Flateyri og Hnífsdal innan sinna vébanda. Ísafjörður er fjölmennasti bær Vestfjarða, stendur á Eyri við Skutulsfjörð, sem er einn af innfjörðum Ísafjarðardjúps. Ísafjarðardjúp dregur nafn sitt síðan af innsta firðinum við Djúp sem heitir Ísafjörður. Af hverju bærinn sem byggðist upp á Eyrinni við Skutulsfjörð var nefndur Ísafjörður er ekki vitað með neinni vissu, en ýmsar getgátur hafa þar verið settar fram. Kannski má leita að skýringunni í gelísku og frá veru Íra á þessum slóðum, líkt og sagt hefur verið um að Bolungarvík þýði einfaldlega víkin við vatnið eða Vatnsvík. Mynd /HKr.

Líf og starf



Ólafur Helgi Kristjánsson, yfirkokkur á Hótel Sögu, skoðar merkingarnar á þessum hryggjum. Myndir / smh

Hótel Saga í samstarfi við Sláturfélag Vopnfirðinga og Kjarnafæði:

Upprunanum haldið til haga

– hótelið fær lambaskrokka frá sex bæjum á Austurlandi, vel hangna og á bilinu 18–20 kg á þyngd

Hótel Saga hefur um nokkra hríð reynt að halda til haga uppruna afurðanna sem notaðar eru fyrir umfangsmikla veitingastarfsemina í húsinu öllu. Nýjasta viðbótin í þeirri viðleitni er lambakjötið.

Í spjalli við þá Sigurð Helgason, yfirmatreiðslumeistara á Hótel Sögu, og Ólaf Helga Kristjánsson, yfirkokks á hótelinu, kemur fram að í raun hafi vegferðin, að halda uppruna kjötaðfanganna til haga, hafist í svínakjötinu. „Það byrjaði með samstarfinu við Laxárdal, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þaðan fengum við um tíma mest af okkar svínakjöti. Svo fórum við í samstarf við Kúskerpi í Skagafirði og fáum enn nánast allt okkar nautgripakjöt þaðan," segir Sigurður.

Skrokkarnir frá Sláturfélagi Vopnfirðinga unnir hjá Kjarnafæði

Sex bæir eru í þessu samstarfi, sem þeir segja að sé í raun tilraunaverkefni. „Við létum áhuga okkar í ljós á fundi með fulltrúum Kjarnafæðis síðasta vor og þeir tóku þetta svo upp á aðalfundi hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga, en þeir eiga hlut í því," segir Ólafur.

Eins og málum hefur verið háttað hér á landi þá hefur uppruni lambakjötsafurðanna sem eiga að fara á markað að mestu glatast þegar sláturferlinu sleppir. „Það má segja að uppruni allra sauðfjárafurða í sláturhúsum sé vel skráður þangað til þær fara í geymslurnar. Fram að því er ferlið í góðu lagi, en það hefur vantað að uppruninn fylgi afurðunum á markað," segir Sigurður.

„Sláturfélag Vopnfirðinga tekur frá fyrir okkur 80 skrokka á viku, sem hver vegur á milli 18–20 kíló. Við biðjum um þessa stærð af skrokkum svo við séum öruggir um að fá nægilega stórar lundir. Við höfum það fyrirkomulag að skipta bæjunum á milli vikna, þannig að við séum eingöngu með afurðir frá einum bæ í heila viku – og þá tekur næsti bær við. Af því að Kjarnafæði hlutar kjötið niður fyrir okkur, þá upprunamerkja þeir það líka. Í þarsíðustu viku vorum við til dæmis með kjöt frá Burstafelli í Vopnafirði og svo tók bær á Héraði við af honum," útskýrir Sigurður.

Tilgangurinn margþættur

Að sögn þeirra Sigurðar og Ólafs er tilgangurinn með því að halda svo vel utan um uppruna afurðanna í raun margþættur. „Það gefur þessu öllu aukið gildi; bæði fyrir okkur sem erum að matreiða úr hráefninu og eins þá sem borða það. Við getum borið saman mismunandi eiginleika afurðanna og notað þetta auðvitað í kynningarskyni. Beitilöndin eru misjöfn og afurðirnar eru ekki allar eins. Þannig að við ætlum að afla okkur þekkingar með þessu verkefni svo við getum jafnvel farið að velja úr afurðum frá fleiri bæjum þegar betri reynsla er komin á þetta.



Atli Þór Erlendsson kokkalandsliðsmaður stýrir eldhúsi Grillsins og Sigurður Helgason, yfirmatreiðslumeistari á Hótel Sögu og fyrrverandi þátttakandi í Bocuse d'Or-matreiðslukepninni rómuðu.



Útsýnið á Grillinu er rómað. Hér er Ólafur í einu af mörgum gluggasætunum.

Þetta snýst allt um betri upplýsingar og meira gagnsæi. Eigum við ekki að segja að við verðum komin með góða tilfinningu eftir fimm ár, fyrir mismunandi eiginleikum lambakjötsins.

Af því að bæirnir skiptast á, þá getum við ekki stillt því fram á matseðlum hvaða kjöt við erum með í hvert sinn. Við vitum hins vegar um upprunann og getum því greint viðskiptavinunum frá því hvaðan kjötið þeirra er nákvæmlega og hvernig það hefur verið meðhöndlað," segir Sigurður.

Óafur bætir því við, að með því að þróast alltaf meira í þessa átt sé Hótel Saga alltaf að leitast meira við að standa betur undir nafninu Bændahöllin.

„Við viljum vinna meira með bændum beint líka og höfum alltaf verið jákvæðir gagnvart samvinnu við smærri framleiðendur og þá sem eru að gera eitthvað upp á eigin spýtur. Kannski sérstaklega við þá sem geta boðið upp á eitthvað sérstakt," segir Ólafur.



Snyrting á lambalundum. Allar lundir sem hótelið fær eru óvenju stórar þar sem skrokkarnir, sem koma frá Sláturfélagi Vopnfirðinga eru allir á bilinu 18–20 kíló.

Íslenskt grænmeti þegar völ er á

Auk þess hefur Hótel Saga íslenskt grænmeti alltaf í forgrunni þegar þess er kostur og upprunamálin þar á bæjum eru í býsna góðu lagi, að sögn þeirra félaga. */smh*

MÆLT AF MUNNI FRAM

165

Hraklegar ófarir hreppti ég við gerð síðasta vísnaþáttar, enda fór svo, að vonum, að þó nokkrir höfðu við mig samband bréflega og gerðu athugasemdir bæði við vísurnar sjálfar en ekki síst höfund þessarar vísu:

Þú mátt eiga vísu vísa
vangahýra jöklaskvísa.
Hárin mér á höfði rísa,
(hinu þori ég ekki að lýsa).

Vísuna eignaði ég **Jakobi Ó. Péturssyni**. Betur vissi þó **Dagbjartur Dagbjartsson**, bóndi og hagyrðingur á Hrísum, en enginn samt betur en **Halldór Ólafsson**, Miðbraut 2 í Hafnarfirði. Bæði Dagbjarti og Halldóri þakka ég gjörhyglina, en í bréfi Halldórs segir svo:

„Árið 1959 voru farnar þrjár svokallaðar túristaferðir upp á Vatnajökul til að gefa fleira fólki en vísindamönnum kost á að líta þann fagra fjallageim. Í einni ferðinni var **Sigurður Þórarinsson** jarðfræðingur fararstjóri. Stúlka ein í hópnum gerði sér mjög dælt við fararstjórann, og vildi að hann gerði um sig vísu enda Sigurður góður hagyrðingur. Sigurður var því fljótur til svars og orti þessa vísu."

Það sem gerir ofangreinda athugasemd Halldórs fullkomlega trúverðuga er, að Halldór var einn af þátttakendum þessarar jöklaferðar og því engin ástæða til efasemda. Þetta leiðréttist því hér með.

En þrátt fyrir ofangreind axarsköft skal framhaldið með vísnaþáttinn. Næstu vísu orti **Páll Ólafsson** og sendi til **Shierbechs** sem þá var landlæknir. Bað Páll þess, að landlæknir sæi til þess, að senda þeim aftur austur **Kjerúlf** lækni, en sá hafði boðið sig fram til Alþingis og komist á þing:

Sendu hingað Shierbech minn,
-sem á þingið kosinn var,
aftur litla „læknirinn,"
til lítils hér, en einkis þar.

Sagan greinir svo að vinnukona í sveit, **Guðrún** að nafni, hafi trúlofast manni er síðan fór í verið í fjarlægan landshluta og til nokkuð langrar útivistar. Guðrún hafði fremur knappa biðlund og fór svo, að hún trúlofaðist Arinbirni nokkrum þá um veturinn. Guðrún fékk hann **Arinbjörn** sinn til að stíla til sjómannsins uppsagnarbréf, hvað hann gerði með svofelldum hætti:

Þreytt ég geymdi meydóm minn,
margur vildi haf'ann.
Á endanum varð ég uppgefin
og Arinbirni gaf'ann.

Sigurkarl Stefánsson, kennari í MR, orti um þá **Valdemar Sveinbjörnsson** fimleikakennara og **Guðmund Guðjónsson**, skriftarkennara við skólann, en þeir sátu við útreikninga einkunna nemenda við skólann:

Mennt er þeim sama og matur gæs,
moldviðri spektar frá þeim blæs,
flest hafa numið út í æs,
annar er skrifandi, - hinn er læs.

Hjörleifur Jónsson á Gilsbakka var mikill hestamaður og orti þessa vísu í hárri elli sinni:

Ég vænti þín dauði, ég vernd þína kaus,
þú veist ég er farinn að bíða,
því nú er ég hérumbil náttúrulaus
og næstum því hættur að ríða.

Ólafur Þorbergsson og mágur hans, **Valdi** frá Hallgilsstöðum, voru á ferð á bíl austur Langadal. Náttmyrkur var á og búið að slökkva ljós á bæjum. **Ólafur** spurði þá **Valda**:

„Margt í skuggum liggur leynt,
ljós í gluggum falin.
Á ég að keyra alveg beint
allan Langadalinn?"

Valdi svaraði:

„Ljós þótt engin lýsi hér
lát það eigi saka.
Betur það með bílinn fer
beygjurnar að taka."

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

Brynja Laxdal ráðin verkefnastjóri Matvælalandsins Íslands

Brynja Laxdal hefur verið ráðin verkefnastjóri verkefnisins Matvælalandið Ísland. Brynja er með meistaragráðu í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands.


Brynja Laxdal.

Brynja hefur undanfarin fjögur ár starfað sem markaðsstjóri Meet in Reykjavík, markaðsstofu. Brynja lauk áður BSc prófi í hjúkrunarfræði og hefur starfað á heilbrigðissviðinu, bæði sem hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri, meðal annars hjá Landlæknisembættinu.

Ráðningin er gerð að undangengnu ítarlegu ráðningarferli. Capacent hafði umsjón með ráðningarferlinu í samstarfi við formlega hæfnisnefnd, en yfir sextíu umsóknir bárust um starfið.

Brynja hefur mikinn áhuga á matvælageiranum, ferðast mikið um landið og hefur mikla reynslu af verkefnastjórnun, markaðssetningu og kynningarmálum bæði hér heima og erlendis. Brynja mun hafa starfsaðstöðu í Húsi Sjávarklasans ásamt því að ferðast um landið og vinna að verkefnum Matvælalandsins Íslands.



Staða verkefnisstjóra Matvælalandsins Íslands, fimm ára átaksverkefnis, er nýtt starf sem rekið er í umboði verkefnisstjórnar á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Markmið verkefnisins er að treysta orðspor og móta ímynd Íslands sem upprunalands hreinna og heilnæmra matvæla. Tilgangur verkefnisins er að vinna að aukinni verðmætasköpun í landinu og fjölga störfum með því að nýta tækifæri sem til staðar eru í íslenskri matvælaframleiðslu, veitingaþjónustu og annarri tengdri þjónustustarfsemi.


Nýja vöruhús SS sem Landstólpi byggði í Þorlákshöfn er 1.500 fermetrar að stærð. Samtals er SS þá komið með 3.500 fermetra undir þak á lóðinni.

Nýtt vöruhús SS í Þorlákshöfn

Sláturfélag Suðurlands (SS) tók í notkun nýtt vöruhús í Þorlákshöfn þann 3. nóvember síðastliðinn. Er þar um að ræða 1.500 fermetra nýbyggingu og er SS þá komið með samtals 3.500 fermetra undir starfsemi sína í Þorlákshöfn.

Nýja vöruhúsinu er m.a. ætlað að tryggja enn betur vörugæði Yara áburðar frá verksmiðju til bónda.

Það er Landstólpi sem byggði vöruhúsin í Þorlákshöfn og í opnunarhófi var gestum einnig kynnt það nýjasta í fjósbyggingum frá fyrirtækinu ásamt tækjabúnaði sem létta bændum störfin.

Jötunn vélar var þarna einnig með kynningu á sínum vélum og sýndi m.a. það nýjasta í áburðardreifingu.

Mikil uppbygging SS á hafnarsvæðinu í Þorlákshöfn

SS hefur staðið í mikilli uppbyggingu í Þorlákshöfn á undanförnum árum. Í febrúar 2007 keypti fyrirtækið 511 fermetra vöruhús við höfnina í Þorlákshöfn að Hafnarskeiði 12 ásamt 5.557 fermetra lóð. Auk þess var gert samkomulag við Sveitarfélagið Ölfus um úthlutun á viðbótarlóð að Hafnarskeiði 10a við hlið lóðarinnar.

Nýtt deiliskipulag var síðan samþykkt í febrúar 2013 þar sem lóðirnar voru sameinaðar. Athafnasvæðið er nú tæpir 9.500 fermetrar sem tryggir búvörudeild félagsins gott rými til vaxtar á komandi árum.

Undir lok árs 2013 hófust síðan framkvæmdir við 1. áfanga með byggingu á 1.500 fermetra vöruhúsi.

Vöruhúsið var tekið í notkun haustið 2014 og hefur reynst í alla staði vel. Lokaáfangi uppbyggingar á vöruhúsum í Þorlákshöfn lauk síðan með byggingu á öðru 1.500 fermetra vöruhúsi í október 2016 en framkvæmdir hófust í ársbyrjun. Samtals eru því vöruhús SS í Þorlákshöfn rúmlega 3.500 fermetrar að stærð.

SS hefur átt mjög góða samvinnu við Landstólpa sem byggði bæði vöruhúsin. Húsin eru afar vönduð í alla staði og framkvæmdir hafa gengið með afbrigðum vel. Landstólpi hefur mikla reynslu á þessu sviði enda hefur fyrirtækið byggt tugi húsa um allt land á undanförnum árum. Auk Landstólpa komu að verkinu fjöldi góðra verktaka á Suðurlandi. Verkfræðistofan Ferill, sem SS hefur átt langt og farsælt samstarf við, sá um hönnun, umsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Vöruhúsin voru eingöngu fjármögnuð úr rekstri SS enda fjárhags- og lausafjárstaða félagsins góð.

Framtíðarnýting í Þorlákshöfn

Aðstaðan í Þorlákshöfn er SS mjög mikilvæg vegna uppbyggingar við sölu á Yara áburði. Árlega fara í gegnum aðstöðu félagsins í Þorlákshöfn um 10 þúsund tonn af áburði.

Með nýju vöruhúsi er lokið uppbyggingu félagsins í Þorlákshöfn. Nýtt vöruhús gefur möguleika til kaupa á áburði á þeim tíma sem innkaupsverð er hvað hagkvæmast en það og varðveisla á gæðum áburðarins frá verksmiðju til bónda eru veigamikil atriði til að tryggja bændum gæðaáburð frá Yara með hagkvæmum hætti.

SS setti upp búvörudeild 2001

Búvörudeild SS á sér ekki langa sögu en á árinu 2001 hóf SS skipulegan innflutning á tilbúnum áburði fyrir bændur. SS er í afar farsælu samstarfi við norska stórfyrirtækið YARA um innflutning og sölu á áburði. SS skipar upp áburði á 10 höfnum um allt land. Umsvifin eru hins vegar mest í Þorlákshöfn. SS flytur einnig inn kjarnfóður í samstarfi við DLG í Danmörku en DLG er samvinnufélag bænda. Í dag rekur SS 3 fóðurbíla og mikil sóknarfæri eru fram undan, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá félaginu.

Búvörudeildin selur einnig m.a. bætiefni, rúlluplast, sáðvörur og fatnað. Með nýja vöruhúsinu í Þorlákshöfn verður SS enn betur í stakk búið til að þjónusta bændur.



Þegar búið að flytja inn meira svínakjöt en allt árið í fyrra:

Opnun tollkvóta gerir íslenskum svínabændum mjög erfitt fyrir

– Krafa verði gerð um sambærilegt heilnæmi matvæla sem hingað eru flutt

Met hefur þegar verið slegið í innflutningi á svínakjöti á þessu ári. Á fyrstu 9 mánuðum ársins var búið að flytja inn 725 tonn af svínakjöti sem er 186 tonnum meira en á sama tíma í fyrra og 166 tonnum meira en allt árið í fyrra.

Enn mun bætast talsvert við því opið var fyrir innflutning á svínakjöti á lægri tollum í október og verður áfram til 27. nóvember. Innflutningur í september nam 144 tonnum, þar af 114 tonn af hráefni í beikon. Þetta jafngildir 240 tonnum af svínakjöti. Á sama tíma keppast bændur við að endurnýja framleiðsluaðstöðu til að mæta hertum aðbúnaðarkröfum.

Bændasamtök Íslands og Svínaræktarfélag Íslands telja að ekki hafi verið sýnt framá með hlutlægum hætti að sá skortur sé á svínakjöti nú um þessar mundir að það réttlæti þessa viðamiklu opnun fyrir innflutning á lægri tollum en almennt er. Möguleg vöntun á afmörkuðum vörutegundum réttlæti engan veginn að ráðist sé í svo víðtæka breytingu þótt tímabundin sé.

Veldur svínabændum klárlega búsifjum

Björgvin Jón Bjarnason, formaður Svínaræktarfélags Íslands, segir að innflutningur á svínakjöti valdi svínabændum klárlega búsifjum og heldur afurðaverði til þeirra niðri.

„Þetta á sérstaklega við þegar er verið að flytja inn kjöt sem við hæglega getum og erum að framleiða.


Björgvin Jón Bjarnason, formaður Svínaræktarfélags Íslands.

Eftirspurnin er mismunandi eftir árstíðum og kjöthlutum. Síður eru til dæmis vinsælar í dag og miðað við þann húsafjölda sem við erum með getum við ekki annað þeirri eftirspurninni. Innflutningurinn er því að mæta ákveðinni þörf. Á sama tíma seljast ekki aðrir skrokkhlutar og þeir hlaðast upp í frystigeymslum.“

Bændasamtök Íslands fengu til umsagnar drög að reglugerð um almenna heimild til innflutnings með opnum tollkvótum á beinlausu svínakjöti. Var erindið dagsett 21. október sl., en ljóst var að ef ráðherra hefði fallist á tillögu nefndarinnar yrði með reglugerðinni opnað fyrir innflutning á öllum tollflokkum af beinlausu svínakjöti nema lundum og svínahakki. Það gerir svínabændum enn erfiðara fyrir við að gera þær breytingar á búum sínum sem krafist er af opinberum aðilum.


Langskorinn sundurhlutaður svínaskrokkur – með beini.


Endurskoða þarf verklag

Bændasamtökin leituðu álits Svínaræktarfélags Íslands við frekari opnun tollkvóta. Taka samtökin undir þá skoðun Svínaræktarfélags Íslands sem fram kemur í tölvupósti félagsins 12. október sl. um að endurskoða þurfi verklag við afgreiðslu erinda til ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

Nauðsynlegt er að styðjast við raungögn við afgreiðslu slíkra erinda. Bent er á að sölutölur afurða séu opinber gögn. Því ætti að vera hægt að nálgast birgðastöðu afurðastöðva og framleiðsluáætlanir svínabænda. Þá sé eðlilegt að ráðgjafarnefndin afli sér nákvæmra upplýsinga um fjölda grísa í uppeldi og eftir aldri hjá framleiðendum auk fjölda fenginna gylta. Með þessi gögn í höndum ætti nefndin að hafa raunveruleg tól til að meðhöndla þau erindi sem henni berast. Meðan þetta verklag sé ekki viðhaft verði hætta á því að þeir sem vilja flytja inn kjöt geti fengið sínu framgengt með því einu að senda inn nógu margar og umfangsmiklar beiðnir til innflutnings.

Kröfur verði gerðar um heilnæmi innflutts kjöts

Bændasamtökin árétta fyrri sjónarmið um að leitað verði allra leiða til að setja um þennan innflutning reglur sem tryggja að innfluttar síður komi eingöngu frá löndum þar sem sambærilegar kröfur eru gerðar til heilnæmis afurða og dýravelferðar (t.d. ekkert MRSA-smit, sambærileg notkun sýklalyfja, engar geldingar framkvæmdar af bændum). MAST ætti að geta verið ráðgjafarnefndinni innan handar við öflun upplýsinga varðandi þennan lið. */HKr./VH*



Sýklalyf eru hvergi eins lítið notuð í landbúnaði og á Íslandi og í Noregi.

VARMADÆLUR

EVRÓPSK GÆÐI, SÉRSTAKLEGA HANNAÐAR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR OG SKILA HÁMARKS ORKUSPARNAÐI.

DAIKIN

DAIKIN loft í loft og loft í vatn varmadælur hafa staðið sig mjög vel og skilað miklum orkusparnaði. Í nýjustu prófunum á öllum helstu loft í loft varmadælum komu Daikin loft í loft varmadælurnar best út.





Hilmar Magnússon smá mont! tengdi þessa (ururu sarara 42) 15 ágúst. Slökkti á öllum rafmagnsofnum samtímis. Hef fylgst með rafmagnsnotkun síðan og er staðan núna 1200kw á næstum 21/2 mánuði. Er að greiða áætlun mv fyrri notkun uppá 2000kw á mánuði! Er sem sagt 70%+ undir áætluninni. Er með 110fm hús kynt í 21gráðu og hitamunur milli rýma er max 2-3gráður. Nú er bara að sjá hvað restin af vetrinum gerir í orkueyðslu. Verulega ánægður með startið á þessu.

Líkar ekki við · Svara · Skilaboð · 1 · 24. október kl. 20:13

THERMIA varmadælur hafa löngum sannað sig á Íslandi. Þær vinna mjög vel og skila hámarks orkusparnaði. Fullkominn stjórnbúnaður hvort sem er fyrir íbúðarhús eða iðnað. Thermia er með mest seldu jarðvarmadælunum á Íslandi. Búið er að setja upp Thermia varmadælur í fjölda íbúðarhúsa, hótela, iðnaðarhúsnæða og sundlauga.

Thermia















VARMASKIPTAR

SWEP varmaskiptar hafa getið sér gott orð á Íslandi. Endingartími þeirra hefur verið mjög langur ásamt því sem þeir hafa skilað góðri nýtingu.
Við bjóðum uppá mikið úrval varmaskipta frá SWEP og getum afgreitt sérpantanir á 3-5 virkum dögum. Við eigum einnig tilbúnar grindur í flest öll kerfi.

Sími: 517 0270

VERKLAGNIR.IS

Sérfræðingar í varmadælum!

Smiðjuvegur 70 - gulgata / 200 Kópavogur
www.verklagnir.is / verklagnir@verklagnir.is

Fréttir



Innvigtunargjald mjólkur hækkar úr 20 krónum í 35 krónur á lítra frá 1. janúar 2017.

Afurðaverð:

Greiðsla umfram greiðslumark en innvigtunargjald hækkar

Stjórn Auðhumlu svf. ákvað á fundi sínum 27. október 2016 að fyrirkomulag á greiðslum fyrir umframmjólk 2017 verði óbreytt frá því sem nú er. Innvigtunargjald hækkar um 15 krónur.

Jafnframt því verður sérstakt innvigtunargjald hækkað úr 20 krónum í 35 krónur á lítra frá 1. janúar 2017 sem svo endurskoðist mánaðarlega.

Ákvörðunin þýðir verðskerðingu fyrir mjólkurbændur upp á 15 krónur á hvern lítra og munu þeir því fá 51 krónu fyrir hvern lítra frá Auðhumlu eftir næstu áramót í staðinn fyrir 86 krónur. */VH*



Borun nýrrar holu (HN-13) á mörkum jarðanna Hrafnagils og Botns stóð yfir á liðnu sumri. Holan gaf nánast ekkert vatn og hefur Norðurorka sem stóð fyrir framkvæmdum á svæðinu nú taka saman og fara í frágang.

Norðurorka lokar borholu við Hrafnagil:

Holan gaf nánast ekkert vatn

Borun eftir heitu vatni er sýnd veiði en ekki gefin. Sú hefur orðið raunin með holu HN 13 á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit, en þar var fyrr í haust hætt að bora þegar komið var niður á 1.905 metra dýpi. Borun gekk erfiðlega og gaf holan nánast ekkert vatn. Bor og bormenn yfirgáfu því svæðið.

Á tímabili stóðu vonir til þess að borinn væri að komast í lek jarðlög þar sem svonefnt skolvatn, sem notað er í boruninni, virtist eiga leið út úr holunni en ekki upp úr henni. Við prófanir og svonefndar örvunaraðgerðir kom í ljós að leki er ekki fyrir hendi og jarðhitavatn því ekki að streyma inn í holuna.

Því liggur fyrir að holan verður ekki virkjuð og mun verða minnisvarði um að í orkuöflun fyrir hitaveitu er ekkert sjálfgefið og það þrátt fyrir að borað sé í svæði sem gefið hefur vatn í holum í nokkurra metra fjarlægð. Norðurorka sem stóð fyrir borun á svæðinu mun því á næstu vikum fara í frágang í og við borsvæðið.

Lögðu grunninn að hitaveitunni

Jarðhitasvæðin í Eyjafjarðarsveit voru grunnurinn að stofnun Hitaveitu Akureyrar árið 1977 og þaðan kom stærsti hluti hitaveituvatnsins alveg fram á þessa öld.

Á ýmsu hefur gengið við jarðhitavinnslu í Eyjafirði gegnum árin og margar holur verið boraðar sem litlum eða engum árangri hafa skilað, en sem betur fer einnig gjöfular og góðar borholur. Í upphafi hitaveitunnar ríkti mikil bjartsýni um vatnsöflun á svæðinu og tók uppbygging innviða mið af því. Síðar kom í ljós að vatnsöflunin varð ekki eins mikil og vonir stóðu til og því eru innviðirnir töluvert við vöxt, segir í frétt á vefsíðu Norðurorku.

NASI á svæðinu síðan í vor

Jarðhitasvæðin í Eyjafjarðarsveit hafa töluvert verið rannsökuð á undangengnum árum með það í huga að finna þar meira vatn og skapa þar með tækifæri til að nýta betur þá innviði sem til eru á svæðinu.

Borun nýrrar holu (HN-13) á mörkum jarðanna Hrafnagils og Botns á liðnu sumri er hluti af þessum áætlunum en eins og íbúar og gestir Eyjafjarðarsveitar hafa sjálfsagt tekið eftir hefur jarðborinn NASI frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða verið að störfum þar frá því í maí sl. Inn í þessa ákvörðun spilaði einnig sú staðreynd að önnur holan af tveimur á svæðinu hefur ekki gefið jafn mikið vatn sem skyldi, þar sem rennsli úr henni hefur minnkað vegna tjóns á dælum o.fl., sem leiddi til þess að hluti búnaðar hrundi ofan í holuna. Því var ákveðið að bora nýja holu á svæðinu með það að markmiði að skapa nýja leið fyrir jarðhitavatnið. */MÞÞ*



Kokkalandsliðið ásamt aðstoðarmönnum framan við keppnishöllina.

Kokkalandsliðið fékk gull, silfur og brons á Ólympíuleikunum:

Náði þriðja sæti í eftirréttum

Á Ólympíuleikum kokkalandsliða sem haldnir voru í Erfurt í Þýskalandi dagana 22.–25. október fékk íslenska liðið ein gullverðlaun, tvenn silfurverðlaun og ein bronsverðlaun.

Íslenska liðið fékk silfurverðlaun fyrir heitu réttina, sem það eldaði þriðjudagskvöldið 25. október, en hafði áður fengið gullverðlaun fyrir eftirrétti og silfur fyrir kalda rétti. Ísland náði sínum besta árangri í eftirréttum og lenti í þriðja sæti á heildarlistanum.

Gull-, silfur- og bronsverðlaun segja ekki til um röð liða, heldur þann gæðaflokk sem réttirnir eru flokkaðir í. Singapúr varð Ólympíumeistari með flest samanlögð stig, Finnland varð í öðru sæti og Sviss í því þriðja. Íslenska kokkalandsliðið endaði í níunda sæti á heildarlistanum.

Ánægja þjálfara með árangurinn

Í tilkynningu frá kokkalandsliðinu segir Þráinn Freyr Vigfússon, þjálfari liðsins, að ánægja sé með árangurinn. „Liðið stóð sig vel í keppninni í gær og silfurverðlaunin staðfesta að við erum með mjög sterkt og vel æft lið sem vinnur vel saman. Við höfum lagt áherslu á að nota hágæða íslenskt hráefni. Þetta hefur fallið vel í kramið hjá dómurunum. Í dómgæslunni er ekki bara bragð, útlit, samsetning og hráefnisval metið heldur er einnig tekið mið af fagmennsku við undirbúning og hvernig liðið vinnur saman að matargerðinni í keppniseldhúsinu. Í þeim þáttum stóð liðið sig einnig vel.



Íslenska liðið náði þriðja sætinu í eftirréttunum. Garðar Kári Garðarsson og María Shramko eru hér með verðlaunin.

Myndir / Stefanía Ingvarsdóttir

Það er mikilvægt fyrir kokkalandsliðið að hafa öfluga aðila sem styðja við bakið á okkur og erum við þakklát öllum bakhjörlunum og samstarfsaðilunum sem lögðu sitt af mörkum til að við gætum tekið þátt í keppninni. Við erum að keppa við fjölmennar þjóðir sem leggja mikið undir og því er árangurinn sem við náðum enn eftirtektarverðari. Þessi glæsilegi árangur liðsins gefur okkur möguleika á að efla liðið enn frekar fyrir næstu keppnisþátttöku.“

Í kokkalandsliðinu eru: Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri liðsins, Þráinn Freyr Vigfússon þjálfari, Bjarni Siguróli Jakobsson fyrirliði, Björn Bragi Bragason, forseti KM/framkvæmdastjórn, Steinn Óskar Sigurðsson liðsstjóri, Jóhannes Steinn Jóhannsesson liðsstjóri, Fannar Vernharðsson, Ylfa Helgadóttir, Hafsteinn Ólafsson, Axel Clausen, Garðar Kári Garðarsson, Hrafnkell Sigríðarson, Atli Þór Erlendsson, Sigurður Ágústsson, Georg Arnar Halldórsson og María Shramko. */smh*

Draga úr tjóni af völdum gæsa og álfta

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hafa ákveðið að unnið verði að aðgerðaáætlun vegna ágangs gæsa og álfta í akra og tún bænda og fela stofnunum sínum að vinna að framgangi hennar.

Starfshópur, sem falið var að útfæra aðgerðir vegna vandans, skilaði umhverfis- og auðlindaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tillögum sínum fyrr á árinu. Þar eru lagðar til ýmsar tillögur um aðgerðir og samhæft verklag milli umhverfis- og landbúnaðaryfirvalda til að vinna gegn þessum ágangi. Ráðuneytin taka undir tillögur stofnananna og telja að með þeim sé kominn farvegur með raunhæfum aðgerðum til að draga úr tjóni svo sem með skráningu bænda á ágangi og tjóni, ráðgjöf til bænda um aðgerðir og að bæta tjón af völdum fuglanna.

Með samþykkt búvörusamninga á Alþingi núna nýverið fékkst vilyrði fyrir fjármögnun á mögulegum greiðslum til bænda til að bæta það tjón sem ágangur veldur, líkt og víða þekkist í nágrannalöndunum. Umhverfisstofnun verður gert betur kleift að sinna hlutverki sínu við að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra fuglategunda.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni munu Umhverfisstofnun og Matvælastofnun bera ábyrgð á verkefnum í samstarfi við Bændasamtök Íslands og fleiri aðila. */VH*

Ný reglugerð um sauðfjárrækt:

Bann við notkun erfðabreytts fóðurs

Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra hefur undirritað reglugerð sem bannar notkun á erfðabreyttu fóðri í sauðfjárrækt. Markmið reglugerðarinnar er að auka samkeppnishæfni íslenskra sauðfjárafurða.



Í reglugerðinni segir að erfðabreytt fóður innihaldi eða samanstandi af erfðabreyttum lífverum eða sé framleitt úr eða inniheldur innihaldsefni sem eru framleidd úr erfðabreyttum lífverum.

Samkvæmt reglugerðinni er framleiðanda eða umráðamanni sauðfjár óheimilt að fóðra sauðfé með erfðabreyttu fóðri. Reglugerð er sett með stoð í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi. */VH*

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

- *Forsniðin einingahús*
- *Fljótleg í uppsetningu*
- *Íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður*

HÚS HÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU



JÖKLAR 24,3 fm
Tilboð í haust
1.990.000





Hægt er að lengja húsið að vild með því að bæta við einingum í miðju þess.

Við erum þátttakendur á Byggingadeginum
BYGGINGADAGURINN 4. NÓVEMBER 2016

LANDSHÚS
Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

Vinnuhjól til sölu



Fold Down Flat bed
510.000,- + vsk



2 Seater convertable pick up
380.000,- + vsk

Þarf ekki að skrá



Standard Pick up
380.000,- + vsk



Covered with looking Conteiner
520.000,- + vsk

Rafmagnsdrifin þríhjól. Henta vel til flutninga á varningi allt að 500 kíló.
Gefin upp fyrir 100 km akstur á rafhleðslu. Rafgeymir plús hleðslutæki fylgja með hjólinu.

Innflutt beint frá framleiðanda og samansett af Síldarleitin sf. á Siglufirði.
Frekari upplýsingar má fá hjá sildarleitin@gmail.com og í símum 867 1394 / 897 1394.
Rafknúin tæki eru framtíðin, vistvæn og sparneytin.

Fréttir

Síldarminjasafnið á Siglufirði:

Fær styrk til uppbyggingar Salthússins

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafnsins, hafa undirritað samning um 35 milljón króna styrk til að fjármagna áframhaldandi uppbyggingu Salthússins. Styrkurinn verður greiddur á fjögurra ára tímabili, frá 2017–2020.

Síldarminjasafnið sótti fyrr í haust um styrk til ráðuneytisins vegna stofnkostnaðar við uppbyggingu hússins, í samræmi við 11. gr. safnalaga, þar sem kveður á um að heimilt sé að veita viðurkenndu safni styrk úr ríkissjóði til að mæta kostnaði við byggingu safnhúsa.

Styrkurinn gerir safninu kleift að hefjast handa við vinnu innandyra fyrr en áætlað var og þar af leiðandi taka hluta hússins til notkunar fyrr en ella.



Starfsfólk Síldarminjasafnsins og hluti stjórnarmanna ásamt mennta- og menningarmálaráðherra. Örlygur Kristfinnsson, Steinunn M. Sveinsdóttir, Illugi Gunnarsson, Anita Elefsen, Guðmundur Skarphéðinsson og Gunnar Júlíusson.

Segja má að styrkurinn hafi staðfest formlegt samstarf mennta- og menningarmálaráðuneytis, forsætisráðuneytis, Þjóðminjasafns Íslands, Minjastofnunar, sveitarfélagsins Fjallabyggðar, Félags áhugamanna um minjasafn og Síldarminjasafnsins við að bjarga merkilegu húsi og finna því mikilvægt hlutverk.



Útskrifaðir Reiðmenn úr Landbúnaðarháskólanum:

Taka þátt í áhugamannadeildinni í Spretti í vetur

Lið Sigríðar er eitt þriggja liða sem keppa í Áhugamannadeildinni í Spretti í vetur. Áhugamannadeildin er nú haldin í þriðja sinn og hefur verið vinsæl meðal hestamanna.

Í ár voru sjö lið sem sóttust eftir að fá að keppa í deildinni og er Lið Sigríðar spennt fyrir því að fá að taka þátt.

Liðið skipa fyrrverandi nemendur í námskeiðaröðinni Reiðmanninum sem kennt er við endurmenntunardeild LbhÍ. Reiðmaðurinn er nám ætlað fróðleiksfúsum hestamönnum og áhugafólki um reiðmennsku sem vill auka við þekkingu sína og færni í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi.

„Við kynntumst í Reiðmanninum sem við tókum á árunum 2014–2016 hjá Landbúnaðarháskólanum. Námið í Reiðmanninum þjappaði hópnum saman þannig að úr varð góð liðsheild. Liðið samanstendur af fólki sem hefur brennandi áhuga á hestamennsku. Þó svo að hópurinn sé með ólíka menntun og bakgrunn þá límir hestamennskan okkur saman," segir Sigríður Kristjánsdóttir, sem fer fyrir hópnum.

Sigríður segir að hugmyndin um að taka þátt í Áhugamannadeildinni Gluggar og gler, sem er aðalstyrktaraðili deildarinnar, hafi oft komið upp innan bekkjarins.

„Í haust hittumst við síðan og ræddum þetta af alvöru. Úr varð að nokkur nöfn voru sett í hjálm og síðan dregið hverjir myndu skipa liðið sem keppti. Allur bekkurinn styður við bakið á okkur með ráðum og dáð. Við stefnum á að keppa á okkar eigin hrossum," segir Sigríður.

Markmið liðsins er fyrst og fremst að hafa gaman af þessu og læra jafnframt af þessu líka. Í liðinu er fólk sem hefur mismikla reynslu af keppni, sumir hafi aldrei keppt á meðan aðrir hafi aðeins fiktað við það. Nú fer undirbúnings- og æfingartími í hönd. Eins þarf liðið að finna sér styrktaraðila og hvetur Sigríður áhugasama að hafa samband við hana í síma 843-5366 eða á netfangið sigridur@lbhi.is.

„Við stefnum á að taka inn í byrjun nóvember og fara yfir hestakostinn okkar. Þá skýrist betur hvaða hestur getur keppt í hvaða keppnisgrein. Við munum byrja á að koma hrossunum í form og byggja þau upp með almennum æfingum. Þegar að nær dregur munum við fara á fullt í að æfa þau markvisst fyrir keppnina undir leiðsögn þjálfara. Ætli við verðum ekki bara uppi í hesthúsi í vetur," segir Sigríður og brosir.

„En það þýðir víst ekki bara að þjálfa hrossin, liðið er líka búið að skrá sig í ræktina. Við ætlum að gera okkar besta! Og svo væri frábært ef við kæmumst áfram í deildinni," segir Sigríður að lokum.

Gunnar Reynisson hefur starfað við Reiðmanninn síðustu sex ár. Í vetur ætlar hann að aðstoða Lið Sigríðar við að undirbúa sig fyrir keppnina.

„Það er gaman að sjá að hópurinn verði að keppa í Áhugamannadeildinni í vetur og þannig haldi áfram að bæta sig. Með því að klára Reiðmannsnámið náðu þau ákveðnum markmiðum og núna setja þau sér ný markmið með þessari keppni. Þau geta þá stundað áframhaldandi hestamennsku með skipulögðum hætti. Ég aðstoða þau glaður við undirbúninginn og vonandi halda þau áfram að læra af hvert öðru og vonandi af mér líka," segir Gunnar.

Reiðmannsnámið er vinsælasta námskeiðið sem í boði er í Endurmenntun LbhÍ. Í vetur er grunnnámið kennt á fimm stöðum á landinu og eftir áramót er stefnt að því að bjóða upp á framhaldsnámskeið fyrir tvo hópa. Í grunnnámi Reiðmannsins er megináhersla á reiðmennsku og almennt bóklegt nám, s.s. sögu hestsins, fóðrun og kynbætur. Í framhaldsnáminu eru kennslustundirnar sniðnar að óskum og þörfum nemendanna og námskeiðin sérsniðin að þeirra þörfum.



Stjórn Gjálpar, Félags um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá, frá vinstri, Edda Pálsdóttir, Anna Björk Hjaltadóttir, Pálína Axelsdóttir Njarðvík, Jakob Eiríksson Schram og Iðunn Pálsdóttir.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur 12. nóvember:

Hugmyndasmiðja Gjálpar með hugmyndasmiðju í Þjórsárskóla

Gjálp, Félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá, stendur fyrir hugmyndasmiðju í Þjórsárskóla laugardaginn 12. nóvember kl. 13.

„Markmið hennar er að kveikja hugmyndir um nýsköpun og atvinnutækifæri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áður en hugmyndavinnan hefst verður farið í greiningu á styrkleikum og veikleikum sveitarinnar, hvaða tækifæri bíða og hvaða ógnir steðja að," segir Pálína Axelsdóttir Njarðvík, sem á sæti í stjórn Gjálpar.

Áhersla verður lögð á nýsköpun í þremur megingreinum: landbúnaði, ferðaþjónustu og tækni og hugbúnaði 12. nóvember.

Til að leiða hugmyndavinnuna hefur Gjálp fengið frábært fólk með sérþekkingu á nýsköpun tengdri þessum greinum.

„Við í stjórninni hlökkum mikið til og erum viss um að margar góðar hugmyndir um atvinnutækifæri kvikna. Við viljum fylgja eftir og hjálpa til að láta hugmyndirnar rætast. Fólki og fyrirtækjum sem styðja við sprotafyrirtæki og atvinnuuppbyggingu hefur verið boðið á hugmyndasmiðjuna. Að fjölga atvinnutækifærum í sveitinni varðar alla sem búa í sveitinni eða tengjast henni.

Við erum viss um að margir lumi á góðum hugmyndum og með því að leiða fólk með ólíka reynslu saman verði þær fljótt að veruleika," bætir Pálína við. Í lokin verða hugmyndirnar kynntar og loks endað í Árnesi þar sem boðið verður upp á kjötsúpu. */MHH*

Landsvirkjun bakhjarl Kvenna í orkumálum:

Samstarfssamningur til tveggja ára

Landsvirkjun verður bakhjarl félagsins Kvenna í orkumálum til tveggja ára. Skrifað var undir styrktarsamning þess efnis á dögunum.

Félagið Konur í orkumálum var stofnað fyrr á árinu og telja félagsmenn nú um 200 talsins. Félagið er opið öllum þeim sem starfa við orkumál eða hafa áhuga á orkumálum á Íslandi. Tilgangur félagsins er að efla þátt kvenna í orkumálum og styrkja tengsl þeirra á milli, svo og að stuðla að menntun og fræðslu kvenna er varðar orkumál.

„Það er mikið ánægjuefni að sjá að stjórnendur orkufyrirtækja á Íslandi virðast sammála okkur um að ástæða sé til að auka hlut kvenna í geiranum sem er einn megintilgangur félagsins. Þökkum við því Landsvirkjun stuðninginn," segir Harpa Pétursdóttir, lögfræðingur hjá BBA og formaður Kvenna í orkumálum.



Helga Barðadóttir, sérfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og stjórnarmaður Kvenna í orkumálum, Harpa Pétursdóttir, lögfræðingur hjá BBA og formaður Kvenna í orkumálum, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar og Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir fulla þörf vera á því að auka hlut kvenna innan orkugeirans og því sé stofnun félagsins Konur í orkumálum fagnaðarefni.

„Það er Landsvirkjun sérstaklega ánægjulegt að styrkja þennan góða félagsskap, sem hefur alla burði til þess að hafa jákvæð áhrif innan orkugeirans á komandi misserum og árum."

Mikill skortur á 3 fasa rafmagni í dreifbýli:

Sagt forgangsatriði sem og lagning ljósleiðara

Sveitastjórn Djúpavogs fundaði í síðasta mánuði um mikinn skort á tengingum fyrir þriggja fasa rafmagn sem og á háhraðatengingum í dreifbýli.

Fram kom á fundinum að miklar breytingar hafi átt sér stað í atvinnumálum og að frekari breytingar séu í farvatninu til sveita.

Þrátt fyrir að nokkrar jarðir standi áfram sterkt í hefðbundnum landbúnaði í Djúpavogshreppi þá hafa nýjar atvinnugreinar verið að vaxa mjög sbr. ferðaþjónusta, fullvinnsla í matvælaiðnaði o.fl., sumpart samhliða hefðbundnum búskap.



Djúpivogur Mynd / HKr.

„Til þess að hægt sé að mæta þörfum dreifbýlisins varðandi ný söknarfæri í atvinnuuppbyggingu er því knýjandi að koma á bæði þriggja fasa rafmagni og háhraðaneti til þessara svæða. Fjölbreyttara atvinnulíf er forsenda þess að snúa við neikvæðri íbúaþróun í dreifbýlinu. Algert forgangsatriði í þessu sambandi er því að lagt verði 3 fasa rafmagn og ljósleiðari í dreifbýli og þéttbýli Djúpavogshrepps. Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að loknum kosningum að hefja þegar markvissa uppbyggingu á þessari grunnþjónustu með byggðasjónarmið að leiðarljósi," segir sveitarstjórn. */HKr.*

Sérhönnuð blanda fyrir íslenska hestinn

Vörur fyrir hestamanninn færðu hjá Sláturfélagi Suðurlands



Equsana Iceland

Hágæða múslíblanda fyrir íslenska hestinn

Inniheldur öll nauðsynleg næringarefni.
- Lífræn steinefni sem leiðir til betri nýtingu.
- Eykur heilbrigði hófa og styrkir ónæmiskerfið.
- Lífrænt E-vítamín og hátt seleninnihald.
- Gott hlutfall kalks og fosfórs.

Inniheldur omega-3 fitusýrur.
- Bætir húð og feld.

Fjölbreytt hráefni.
- Hátt trefjainnihald tryggir lengri tyggitíma.

15 kg pokar



Equsana Pleasure Vit

Alhliða steinefna- og vítamínblanda

Frábær kostur til að uppfylla steinefna- og vítamínþarfir hrossa
- Inniheldur gott hlutfall kalsíum og fosfórs.
- Ríkt af E-, A- og D-vítamínum.
- Inniheldur járn á lífrænu formi, hátt í kopar til að auðvelda upptöku á járni.
- Inniheldur bíótín og sink sem vinna saman að því að halda hófum heilbrigðum og feldi fallegum.
- Inniheldur selen.

15 kg pokar og 5 kg fötur.

Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS

SS - Fosshálsi
Búvörudeild
Sími: 575-6000

SS - Selfossi
Afgreiðsla
Sími: 575-6000

Suðurland
Bergur Pálsson
Sími: 894-0491

Suðurland
Ingi Már Björnsson
Sími: 894-9422

Borgarfjörður
Sigfús Helgi Guðjónsson
Sími: 892-9757

Snæfellsnes
Brynjar Hildibrandsson
Sími: 893-1582

Dalasýsla
Unnsteinn Hermannsson
Sími: 864-1416

Reykhólar
Hafliði Viðar Ólafsson
Sími: 892-5022

Flateyri
Ásvaldur Magnússon
Sími: 868-8456

Strandasýsla
Sigrún Magnúsdóttir
Sími: 893-9964

Húnavatnssýslur
Pétur Daníelsson
Sími: 891-8626

Skagafjörður, Eyjafjörður og Þingeyjarsýsla
Þorgils Sævarsson
Sími: 860-9898

N-Austurland
Eyþór Margeirsson
Sími: 893-1277

Austurland
Helgi Rúnar Elísson
Sími: 860-2729

Höfn
Bjarni Hákonarson
Sími: 894-0666

Sláturfélag Suðurlands svf. • www.ss.is • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Simi 575 6000



Massey Ferguson **5600**

Lipur og eyðslugrannur vinnuþjarkur

Það er ekki að ástæðulausu að Massey Ferguson er ein mest selda dráttarvél undanfarinna ára

5610 (105 hö). Verð frá kr. án vsk

8.840.000

með ámoksturstækjum og skóflu.
Kr. 10.961.600 m. vsk.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Fréttir

...frá heilbrigði til hollustu

Ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar

Auglýst var eftir umsóknum um stuðning til söfnunar ullar í Bændablaðinu þann 11. ágúst sl. Ein umsókn barst frá ÍSTEX hf. sem er reiðubúið til þess að uppfylla öll skilyrði samkvæmt 3. og 4. gr. verklagsreglna um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar í reglugerð nr. 1221/2015, viðauka I.

Um fyrirkomulag um greiðslur til bænda segir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglnanna að fjármunum til ullarnýtingar skuli ráðstafað þannig að a.m.k. 85% skulu greiðast til bænda og skal fjárhæðinni deilt niður hlutfallslega eftir gæðum á hvert kíló hreinnar ullar miðað við alla innlagða ull á tímabilinu 1. nóvember–31. október samkvæmt verðskrá sem Matvælastofnun hefur samþykkt. Þá segir í 1. mgr. 6. gr. að Matvælastofnun gerir síðan upp við seljanda ullar, Ístex hf., eigi síðar en 1. mars 2017.

Verðskrá vegna beingreiðslna til bænda sbr. 1.tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglna hefur verið samþykkt af Matvælastofnun. Fjárhæðir eru áætlaðar og birtrar með fyrirvara um breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017.

Verðskrá vegna beingreiðslna til bænda

Nr	Gæðaflokkur	Áætlað verð	Stuðlar
10	H- Lamb	708	1,4
11	H-1 Flokkur	683	1,35
12	H-2 Flokkur	455	0,9
13	H-2 Lamb (lítið göllu	683	1,35
14	M-Svart	607	1,2
15	M-Grátt	607	1,2
16	M-Mórautt	607	1,2
22	M-2 Flokkur	152	0,3
23	M-3 Flokkur		
24	Úrkast		

Nýtt fyrirkomulag stuðningsgreiðslna til bænda

Matvælastofnun vekur athygli á breytingum sem voru gerðar í nýjum samningi um starfsskilyrði í sauðfjárrækt og tekur gildi 1. janúar 2017. Þá er rétt að hafa í huga að ný reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt í tengslum við samninginn hefur ekki verið gefin út af ráðherra.

Nýtt fyrirkomulag verður á stuðningsgreiðslum til bænda á árinu 2017 í samræmi við nýjan búvörusamning og búvörulög. Matvælastofnun skal gera ársáætlun eigi síðar en 15. febrúar ár hvert um heildarstuðning við bændur í tengslum við samning um starfsskilyrði í sauðfjárrækt og greiðir í jöfnum greiðslum til bænda mánaðarlega. Fyrsta greiðsla innt af hendi í febrúar þegar ársáætlun liggur fyrir (tvöföld mánaðargreiðsla), og er síðan stuðningur greiddur mánaðarlega út árið. Á árinu 2017 verða eftirfarandi stuðningsgreiðslur hluti af ársáætlun: beingreiðslur, gæðastýringargreiðslur, beingreiðslur fyrir ull og svæðisbundinn stuðningur.

Samkvæmt nýjum búvörusamningi fá framleiðendur einir stuðningsgreiðslur sem eru skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis, stunda sauðfjárrækt á lögbýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008 (þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40) og þá þurfa framleiðendur að vera þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi búgreinar með fullnægjandi skilum sem og að staðið skil á haustskýrslu í Bústofni skv. 10. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald. Hjón og einstaklingar í óvígðri sambúð, samkvæmt skráningu í Þjóðskrá, sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir því við Matvælastofnun að greiðslur samkvæmt reglugerð þessari sé skipt jafnt á milli aðila.

Jón Baldur Lorange,
framkvæmdastjóri
Búnaðarstofu
Matvælastofnunar



Bændablaðið
Kemur næst út
17. nóvember
Smáauglýsingar:
56-30-300



Það voru þeir Jón Viðar Jónmundsson og Hermann Árnason sem dæmdu hrútana og fallegustu gimbrina, bændurnir biðu spenntir á meðan þegar þeir héldu í féð. Myndir / MHH

Dagur sauðkindarinnar í Skeiðvangi við Hvolsvöll tókst frábærlega

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu stóð fyrir Degi sauðkindarinnar í reiðhöllinni Skeiðvangi rétt við Hvolsvöll laugardaginn 22. október.

Fjölmenni mætti á daginn til að skoða fallegt sauðfé og hitta mann og annan.

Nokkrar verðlaunaveitingar fóru fram, auk þess sem SS bauð upp á kjötsúpu. Átti Jóhann G. Jóhannsson fallegasta lambhrútinn sem fékk 90,5 í heildarstig hjá dómurunum. Dagurinn tókst frábærlega í alla staði. */MHH*



Jóhann G. Jóhannsson átti fallegasta lambhrútinn sem fékk 90,5 í heildarstig hjá dómurunum, þar af 20 fyrir læri. Jóhann er með fé sitt á Borg í Þykkvabæ.



Gunnar Friðberg Sigþórsson lét sjá sig, skeggið hans vekur alltaf jafn mikla athygli.



Skarðshlíð undir Eyjafjöllum var valið besta sauðfjárræktarbú ársins 2015. Það var Hjördís Ólafsdóttir sem tók við verðlaununum úr hendi Einars G. Magnússonar, formanns Félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu.



Gestir völdu litfegursta lambið á deginum en það átti Ásta Þorbjörnsdóttir á Grjótá í Fljótshlíð, hrútinn Randver.



Þessi forystuhrútur vakti mikla athygli enda mjög fallegur og gæfur.



Gestir dagsins fengu að þukla og taka á lömbunum, fremst er Guðlaugur Jónsson, bóndi á Voðmúlastöðum, að taka á einum hrútnum.

www.n1.is facebook.com/enneinn





Cooper Weather-Master WSC

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður

Mikið skorið og stefnuvirkt munstur fyrir jeppa og jepplinga

Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar



Cooper Discoverer M+S

Frábært neglanleg vetrardekk fyrir jeppa

Einstaklega endingargóð með mikið skorið snjómunstur

Nákvæm röðun nagla eykur grip á ísilögðum vegum



Cooper WM SA2+

Míkróskorið óneglanleg vetrardekk

Afburða veggrip og stutt hemlunarvegarlengd

Mjúk í akstri með góða vatnslosun

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378	**Opið**	
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374	mán – fös	kl. 08-18
Réttarhálsi	440 1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440 1372	laugardaga	kl. 09-13
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394	**www.n1.is**	

Vorum að opna hjólbarðaverkstæði að Réttarhvammi 1, Akureyri. Sími: 440 1433

Hluti af vetrinum N1



ICE-VIKING GISTITUNNUR

Nánari upplýsingar og verð má finna á heimasíðu okkar www.ice-viking.is eða á heimasíðu framleiðanda www.vikingindustrier.com

Ice-Viking.is
Beint frá framleiðanda

VIKING INDUSTRIER

BLIKKÁS – FUNI

Smiðjuvegi 74 (gul gata) – 200 Kópavogi – Sími 515 8701

HEITIR POTTAR
með viðarkynntum hitara

Verð frá 455.000 kr.



SÁNATUNNUR

Verð frá 678.000 kr.



www.blikkas.is • www.funi.is • www.ice-viking.is

FRUM = www.frum.is

STEKKUR

Skemmtilegt er myrkrið

DRAUGAR eru sá hópur látinna sem fyrir einhverjar sakir gengur aftur. Þetta er allstór og mislitur hópur, svipir, afturgöngur, vofur, fylgjur, gangárar, staðárar, skarkárar og uppvakningar.

Hér verður orðið draugur einungis notað um afturgöngur og uppvakninga, en þeir eru sá hópur framliðinna sem er hættulegastur. Draugar eru aðgreindir frá öðrum hópum framliðinna, á því að þeir er líkamlegir og bundnir við jörðina. Þeir svífa ekki í lausu lofti eða í gegnum veggi. Fylgjur, svipir og vofur eru loft- eða draumkenndar verur og virðast ótengdar efnislíkamanum.

Eiginlegir draugar skiptast í tvo hópa, afturgöngur og uppvakninga. Afturganga er draugur sem fer á kreik af sjálfsdáðum, en uppvakningur er aftur á móti sá sem fyrir tilstuðlan annars manns eða manna er hrifinn úr gröf sinni til einhvers konar þjónustu. Þessir draugar eru nefndir sendingar. Báðar þessar gerðir drauga eru tengdir jarðlíkama sínum og koma fram í líkamlegu ástandi. Þjóðtrúin ætlar að sálin sé tengd líkama afturgangna, en hitt þekkist að uppvakningar séu sálarlausir og sálin í himnaríkissælu meðan líkaminn reikar. Sagt er að þótt afturgöngur liggi kyrrar á líkbörunum séu þær með fullri meðvitund og geta látið í sér heyra, eins og sú sem sagði „skemmtilegt er myrkrið."

Eins og nærri má geta er draugatrú nátengd kirkjugörðum og í þeim er margt á sveimi. Þess er og getið í munnmælasögum að hinir dauðu gangi allir úr gröfum sínum á nýársnótt, og er það kallað að kirkjugarður rísi. Hinir framliðnu koma þá upp í líkblæjum, ganga til kirkju og halda messugjörð og hverfa síðan. Sagt er að grafir þeirra standi opnar meðan á þessu stendur. Má á þessu sjá að þeir komast ekki upp í gegnum jarðveginn. Í öllum kirkjugörðum er vökumaður, en svo nefnist fyrsti maðurinn sem jarðaður er í garðinum. Hann tekur á móti þeim sem síðar verða jarðaðir. Því var almennt trúað að vökumenn fúni ekki. Þeir eru sagðir líkir öðrum mönnum en rauðir í framan og ófrýnilegir. Þess eru dæmi að ættingjar hafi veigrað sér við að láta jarða skyldmenni sitt fyrsta í nýjum kirkjugörðum, til þess að koma í veg fyrir að þeir yrðu að vökumönnum. Afturgöngur eru ljósfælnar en uppvakningar geta verið á ferli um bjartan dag.

Eins og fyrr segir þá eru afturgöngur draugar sem rísa úr gröf sinni af sjálfsdáðum. Verulega rammar afturgöngur ganga aftur í andlátinu sjálfu, en margar þeirra liggja kyrrar, þangað til búið er að jarða þær, ef þær geta. Þeir sem helst gengu aftur voru menn sem áttu miklu heimsláni að fagna og gátu illa skilið sig frá því eftir dauðann. Einnig hráblaut börn sem borin voru út jafnskjótt og þau skruppu í heiminn. En það eru þó ýmsir aðrir sem gengu aftur. Þeir sem létust með voveiflegum hætti og segja sumir að þeir séu á sveimi svo lengi sem þeim var ætlað að lifa, þeim sem þótti fara illa um sig í gröfinni og ýmiss konar illmenni. Galdramenn þóttu mjög varasamir og þurfti oft að beita brögðum svo að þeir gengu ekki aftur. Flestar afturgöngur eru þó hrein fúlmenni sem ganga aftur af heift og hefndarhug. */VH*

SKIPULAGSMÁL

Skipulag í 100 ár

Sigríður Kristjánsdóttir
lektor – auðlinda- og umhverfisdeild LbhÍ
sigridur@lbhi.is



Fyrsta ritið um skipulagsmál á Íslandi, Um skipulag bæja eftir Guðmund Hannesson, kom út árið 1916 sem fylgirit með Árbók Háskóla Íslands. Það vakti mikla athygli og er í raun hornsteinn íslenskrar skipulagsmenningar.

Í því fjallar Guðmundur um málefni sem við glímum við enn í dag eins og þéttingu byggðar, íbúalýðræði, lýðheilsu, græn svæði og gatnagerð.


Um skipulag bæja er fræðilegur grunnur fyrstu skipulagslaganna á Íslandi, en hliðstæð löggjöf var ekki til á hinum Norðurlöndunum. Samkvæmt lögum frá 1921 bar Stjórnarráðinu að skipa skipulagsnefnd fyrir allt landið og Guðmundur átti sæti í fyrstu nefndinni. Átta kaupstaðir og 14 kauptún voru skipulagsskyld. Nefndarmennirnir Guðjón Samúelsson og Guðmundur ferðuðust um landið til að leiðbeina um skipulag einstakra bæja. Skipulagsuppdrættir þeirra báru vott um framsýni og metnað. Þeim var þó sjaldnast fylgt alveg eftir en höfðu samt víðtæk áhrif á íslenska bæi.

Um skipulag bæja er skrifað af metnaði. Ritið er 136 blaðsíður með skýringarmyndum og ljósmyndum, íslenskum og erlendum. Í því birtist ný hugsun með áherslu á gott skipulag, þannig að fólki líði vel í híbýlum sínum og bæjarumhverfið sé sniðið að þörfum þess og tryggi því nægt aðgengi að lofti og ljósi.

Ritið er í senn gagnrýni á stöðu mála hér á landi og framtíðarsýn á hvernig megi byggja upp bæi á Íslandi.

Í fyrri kafla ritsins, „Bær vorir og sjávarþorp", rökstyður Guðmundur bæjarvöxt á Íslandi þar sem þá var bylting í þéttbýlismyndun.

Seinni kaflinn, „Um skipulag bæja", snýst um hvernig byggja eigi bæi á Íslandi, hverju huga þurfi að við skipulag bæja og gefin upp-



37. mynd. Sýnishorn af skipulagi íslensks útvegsbæjar.
Ysta bringgatan er utanbæjarvegur.

skrift að bæ fyrir íslenskar aðstæður. Guðmundur lagði áherslu á átta atriði.

1. Höfn og landareign
Þar sem að flestir í bæjum landsins störfuðu við sjávarútveg lagði hann áherslu á höfnina. Góð aðstaða til sjávarútvegs væri forsenda fyrir því að bæirnir gætu vaxið og dafnað.

2. Greining bæjarhluta
Guðmundi þótti öllu ægja saman í íslenskum þorpum: fjósum og búðum, fjárhúsum og íbúðarhúsum, sláturhúsum og sjúkrahúsum. Nauðsyn væri að skipta bænum upp eftir landnotkunarflokkum.

3. Götur og gatnaskipun
Hann vildi fella gatnagerð að landslaginu og huga að því að götur fela oft línur og lagnir. Hann flokkaði götur í flutningsgötur, verslunargötur og íbúðagötur. Guðmundur lagði áherslu á samhengi götubreiddar og hæðar húsa svo sólskin næði til jarðar þótt sól væri lágt á lofti.

4. Byggingareitir. Húsaskipun
Byggingareitir afmarkast af götum. Lögun þeirra, stærð og staða húss skiptir miklu máli fyrir rýmismyndun bæjarins.

5. Stærð húsa og gerð
Hús þurfa að vera fjölbreytt svo allir fái íbúð við hæfi. Hann kynnti margbýlishús (blokkir) og taldi gallana við þau fleiri en kostina. Hann lagði til lítil, sambyggð einbýlishús en sú tillaga minnir á nýrri umræðu um smáhýsi.

6. Vellir og torg
Guðmundur ræðir um ólíkar gerðir torga; bryggjutorg, lestatorg (fyrir hestalestir sem koma til bæjarins), gatnamótatorg og mikilvægi þeirra.

7. Sýnishorn af skipulagi bæja
Uppskrift að íslenskum fyrirmyndarbæ, þ.e. dæmi um skipulag íslensks útvegsbæjar, var kynnt, sem þyrfti að heimafæra á hverjum stað fyrir sig.

8. Endurbætur á skipulag
Guðmundur taldi unnt að bæta skipulag bæja á Íslandi ef vilji væri fyrir því. Guðmundur ræðir um þá list að skipuleggja og um skortinn á hæfum mönnum til þess.
Með meistaranámi í skipulagsfræðum á Íslandi er núna verið að fylla í þetta skarð en árið 2009 var stofnuð námsbraut í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskólann.

Greinargerð um endurskoðun dýraheilbrigðislöggjafarinnar

Þann 23. maí 2016 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að endurskoða lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 54/1990 um innflutning dýra og lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.
Í nefndina voru skipuð:

- Halldór Runólfsson, ráðgjafi í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, formaður, skipaður án tilnefningar,
- Guðný Helga Björnsdóttir, bóndi, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands,
- Þorvaldur H. Þórðarson, dýralæknir, tilnefndur af Dýralæknafélagi Íslands,
- Auður Lilja Arnþórsdóttir, dýralæknir, tilnefnd af Matvælastofnun,
- Baldur Arnar Sigmundsson, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, mun starfa með hópnum.

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins kemur fram að markmið endurskoðunarinnar sé að búa til ein heildarlög um heilbrigði dýra, sem hafi þann tilgang að bæta almennt heilbrigði búfjár og gæludýra hér á landi hvað alla sjúkdóma varðar, en ekki eingöngu smitsjúkdóma. Jafnframt að verjast komu nýs smitefnis til landsins, hindra að það berist í dýr og breiðist út. Skoða ætti hvort endurskoðuð lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr ættu aðeins að taka á réttindum og skyldum starfsstétta sem heyra undir lögin, m.a. hvort ákvæði þyrfti að vera um sérstakt stjórnvald/siðanefnd varðandi störf dýralækna (Veterinary Statutory Body) auk skilgreininga á hlutverki yfirdýralæknis, sérgreina-, héraðs- og eftirlitsdýralækna.

Fjölmargar reglugerðir hafa verið settar með stoð í umræddum lögum og sumar þeirra þyrfti einnig að endurskoða í kjölfar endurskoðunar laganna.

Dæmi um atriði sem þarf að skoða er stefna varðandi eftirlit, varnir, viðbrögð og aðgerðir gegn dýrasjúkdómum og kostnað sem af þessu hlýst, sem getur orðið umtalsverður ef nýr og skæður dýrasjúkdómur bærist til landsins.

Markmið með endurskoðun

Ofangreind lög eru að stofni til orðin 20–25 ára gömul og talsverðar breytingar hafa verið gerðar á þeim og sum ákvæði þeirra orðin úrelt.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á umhverfi landbúnaðarins á þessum tíma. Búum í hefðbundnum búskap hefur fækkað og þau sem eftir standa hafa stækkað. Í svína- og alifuglarækt eru m.a. stór bú eða fyrirtæki, sem reka eldishús og afurðastöðvar.

Ef til þess kæmi að smitsjúkdómur, sem nú ber að bregðast við með niðurskurði og greiðslu skaðabóta, bærist inn í þessi stórbú, þá yrði kostnaður ríkissjóðs gífurlegur. Skoða þarf þessa breyttu stöðu.

Breytingar hafa verið gerðar á þjónustu dýralækna við dýr og dýraeigendur. Opinberum dýralæknum hefur fækkað, en sjálfstætt starfandi fjölgað. Embætti yfirdýralæknis var lagt niður og það sameinað öðrum stofnunum í Matvælastofnun fyrir 10 árum. Opinberir dýralæknar eru nú eingöngu í opinberum stjórnsýslu- og eftirlitsstörfum og hlutverk þeirra við öflun erlendra markaða fyrir landbúnaðar- og sjávarafurðir er orðið æ þýðingameira.

Með endurskoðun ofangreindra laga er stefnt að því að semja frumvarp til laga um einn lagabálk sem fjallaði um dýr og heilbrigðisþjónustu við dýr og tæki til allra þeirra málaflokka sem núgildandi lög fjalla um. Lög nr. 55/2013 um velferð dýra eru ekki til skoðunar, enda aðeins verið í gildi síðan í ársbyrjun 2014.

Aðalmarkmiðið er að setja lög í þessum málaflokki sem tækju mið af því besta sem er að finna í lagasetningum annarra landa sem tryggðu eins og framast væri unnt að viðhalda og bæta hina góðu heilbrigðisstöðu íslenskra dýra.

Þarfagreining

Til að ná settum markmiðum er nauðsynlegt að kynna sér vel lagaumhverfið sem gildir í þessum málaflokki í nágrannalöndum okkar. Sem dæmi má nefna að nauðsynlegt er að skoða skilgreiningu sjúkdóma sem ríkinu ber að bregðast við með sérstökum aðgerðum svo sem niðurskurði og skaðabótum og þá hvernig útreikningum þeirra er háttað, en einnig verði skilgreint hvaða sjúkdómar dýraeigendur verði að bera hluta kostnaðar eða allan af aðgerðum.

Verkáætlun og lokaskil

Þar sem endurskoðun þessara laga er umfangsmikil, má búast við að hún taki eitt til tvö ár.

Starfshópurinn mun hafa fundar- og vinnuaðstöðu í ráðuneytinu og verður ráðherra og yfirmönnum ráðuneytisins haldið upplýstum um framvinduna.

Nú er unnið að gagnaöflun og undirbúningi að sérstakri skýrslu þar sem fram koma allar helstu forsendur fyrir gerð draga að frumvarpi til laga um dýraheilbrigði, sem stefnt er að að verði tilbúin á vormánuðum 2017. Síðan yrði skýrslan sett í víðtækan umsagnarferil, sem yrði bæði með formlegum hætti og einnig óformlegum hætti þar sem forsendur nýrrar dýraheilbrigðislöggjafar yrði birt á vef ráðuneytisins og öllum gert mögulegt að koma fram með athugasemdir.

Á síðari hluta ársins 2017 yrði unnið úr umsögnum og frumvarp til laga samið, ásamt vandaðri greinargerð um vinnslu frumvarpsins, helstu athugasemdum og mati fjármálaráðuneytisins á fjárhagslegum áhrifum samþykktar löggjafarinnar.

Í upphafi ársins 2018 er stefnt að því að frumvarpið verði tilbúið fyrir ráðherra til að mæla með frumvarpinu á Alþingi og að lokinni umfjöllun Alþingis er vonast til að hægt væri að samþykkja ný lög á vorþingi 2018.

Halldór Runólfsson

Húnavatnshreppur:

Óánægja með ástand vegamála

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps lýsir yfir mikilli óánægju með ástand vegamála í sveitarfélaginu vegna langvarandi skorts á viðhaldi vega. Telur sveitarstjórn að ekki verði lengur unað við það fjársvelti sem hefur verið undanfarin ár þegar að vegamálum kemur.

Í ályktun sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar nýlega kemur fram að athugasemdir hafi verið gerðar við ástand vegamála í sveitarfélaginu. Málið hafi verið rætt á fundi með fjárlaganefnd fyrir ári síðan. Þar voru kynntar kröfur hreppsins um að brugðist verði við og auknu fjármagni veitt til viðhalds vega innan sveitarfélagsins og að á næstu árum yrði stóraukin áhersla lögð á að leggja bundið slitlag á vegina. */MÞÞ*

Bættu fengieldið með fóðrinu frá Líflandi

Óerfðabreytt kjarnfóður fyrir íslenskt sauðfé

Ærblanda með fiskimjöli
Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina. Hentar þar sem þörf er á sterku fengieldi.

Ærblanda LÍF
Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir að öllu leyti á jurtaafurðum. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum.



Líflandi býður frían flutning á Ærblöndum á næstu stöð Samskipa, hvert á land sem er, miðað við 150 kg pöntun eða meira.
Tilboðið gildir til og með 16. desember næstkomandi.

Ærblöndur fást í öllum verslunum Líflands og hjá endursöluaðilum víða um land.

Ærblöndurnar fást í 25 og 500 kg nettum fjögurra hanka sekkjum.

Verð	
Ærblanda háprótein	
25 kg	3.560 kr.
500 kg	65.920 kr.
Ærblanda LÍF	
25 kg	2.490 kr.
500 kg	45.730 kr.

Verð með vsk.

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghálsi | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Stórólfsvelli

LÍFLAND



HAKKAVÉLARNAR KOMNAR AFTUR!

Erum með mikið úrval af hakkavélum, áleggshnífum og kjötsögum



Kynntu þér möguleikana hjá okkur

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Sigurvegari ársins **2016**

Valtra N4 - Ný viðmið í hönnun dráttarvéla

Sparneytni, áreiðanleiki og einfaldar í notkun. 4 strokka dráttarvélar, 115 til 185 hestöfl

N114e (125 hö). Verð frá kr. án vsk

10.590.000

með ámoksturstækjum og skóflu.

Kr. 13.131.600 m. vsk.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

HROSS & HESTAMENNSKA

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com



Sextán hrossaræktarbú hljóta tilnefningu Bændasamtaka Íslands:

Ræktunarbú ársins valið næstu helgi

Fagráð í hrossarækt hefur valið sextán bú sem tilnefnd eru til árlegrar heiðursviðurkenningar Bændasamtaka Íslands, ræktunarbú ársins. Valið stóð á milli 71 bús, sem náð höfðu athyglisverðum árangri á árinu, að er fram kemur í tilkynningu frá Fagráði.

Tilnefnd bú munu hljóta viðurkenningu á ráðstefnunni Hrossarækt 2016 sem haldin verður í Samskipahöllinni í Spretti laugardaginn 5. nóvember næstkomandi. Ræktunarbú ársins verður svo verðlaunað á Uppskeruhátíð hestamanna sem haldin verður í Gullhömrum það sama kvöld. Hér er yfirlit yfir árangur tilnefndra búa.

Garðshorn á Þelamörk

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Garún	2011	8,09	8,13	8,12
Sirkus	2012	8,17	8,71	8,49
Gorgeir	2012	8,46	7,9	8,13
Arya	2012	8,4	7,88	8,09
Höfðingi	2012	8,4	7,75	8,01
Grímur	2012	8,35	7,59	7,89

Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius rækta hross á Garðshorni á Þelamörk. Sex hross voru sýnd frá búinu í ár, meðalaldur þeirra var 4,16 ár. Meðaleinkunn sköpulags er 8,32 og meðaleinkunn kosta 7,99. Meðal hrossa er hæst dæmdi 4 vetra stóðhestur ársins, Sirkus. Ræktendurnir hlutu titilinn ræktunarbú ársins árið 2014.



Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk. Knapi: Agnar Þór Magnússon.

Hamarsey

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Harka	2009	8,07	8,38	8,25
Júlía	2009	8,09	8,29	8,21
Heikir	2010	8,39	8,40	8,40
Sóllilja	2010	8,28	8,32	8,30
Þoka	2011	8,42	8,08	8,28



Hryssur frá Hamarsey Júlía, Sóllilja og Harka. Knapar: Jakob Svavar Sigurðsson, Helga Una Björnsdóttir og Sigurður Matthíasson.

Eigendur Hamarseyjar eru Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos. Fimm hross frá búinu voru sýnd í ár, meðalaldur þeirra er 6,2 ár. Meðaleinkunn sköpulags var 8,25 og meðaleinkunn kosta 8,29. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er stóðhesturinn Heikir, en einnig vakti það eftirtekt að þrjár hryssur hlutu 9,5 fyrir tölt í ár, þær Harka, Júlía og Sóllilja.

Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Katla	2008	8,28	8,68	8,52
Álfarinn	2009	8,24	8,92	8,65
Pegasus	2009	8,09	8,19	8,15
Stúdent	2010	8,31	8,58	8,47
Álfastjarna	2010	8,28	8,53	8,43
Fákur	2010	8,44	9,39	8,41
Goði	2010	8,13	8,3	8,23
Tígur	2010	8,38	8,13	8,23
Tesla	2010	7,76	8,23	8,04
Álfgrímur	2011	8,44	8,47	8,46
Stefnir	2011	8,35	8,4	8,38
Glampi	2011	8,16	8,26	8,22
Bjóla	2011	8,15	8,09	8,11
Meginn	2011	8,04	8,16	8,11
Heillastjarna	2011	8,21	7,83	7,98
Huldumær	2012	8,01	8,48	8,29
Framsýn	2012	8,46	7,86	8,1
Spurning	2012	8,25	7,97	8,08
Lygna	2012	7,99	7,97	8,08

Bergur Jónsson og Olil Amble reka eitt farsælasta bú landsins í ár. Nítján hross voru sýnd frá búinu en meðalaldur hrossanna var 5,47 ár. Meðaleinkunn sköpulags var 8,21 og meðaleinkunn kosta 8,29. Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar hafa hlotið titilinn ræktunarbú ársins þrisvar sinnum, síðast í fyrra.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Árbæjarhjáleiga II

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Jarl	2007	8,5	8,96	8,78
Væntíng	2007	8,28	8,41	8,36
Óskar	2010	8,37	8,18	8,26
Eldlilja	2010	8	7,91	7,95
Þökk	2011	8,26	8,51	8,41
Árvakur	2011	8,5	7,8	8,08
Eldey	2012	7,94	7,98	7,97

Kristinn Guðnason og Marjolijn Tiepen ásamt dætrunum Heklu Katharínu og Rakel Nathalie standa að ræktuninni í Árbæjarhjáleigu II. Sjö hross voru sýnd frá búinu í ár, meðalaldur þeira 6,28 ár, meðaltalseinkunn sköpulags er 8,26 og meðaltal einkunna fyrir kosti er 8,25. Efstur á blaði er stóðhesturinn Jarl, en hann var í 3. sæti í elsta flokki stóðhesta á Landsmóti hestamanna í sumar.

Anna Dóra Markúsardóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson stunda hrossarækt að Bergi á Snæfellsnesi. Átta hross voru sýnd frá búinu í ár, meðalaldur þeirra var 6,125. Meðaltal einkunna fyrir sköpulag er 8,17 og meðaltal fyrir kosti 8,29. Fjögur hross eru undan sömu hryssu, Hríslu frá Naustum, þau Haki, Brimdís, Hængur og Sægrímur, en sá síðastnefndi var í í 5. sæti í flokki 4 vetra stóðhesta á Landsmótinu.

Berg

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Haki	2007	8,16	8,49	8,36
Hvöss	2009	7,88	8,38	8,18
Hildingur	2010	8,22	8,54	8,41
Múli	2010	8,63	8,07	8,29
Hafdís	2010	8,13	8,16	8,15
Brimdís	2010	7,88	7,99	7,95
Hængur	2011	8,16	8,4	8,31
Sægrímur	2012	8,31	8,3	8,31

Efsta-Sel

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Hekla	2008	8,41	8,15	8,26
Fía	2010	8,29	8,33	8,32
Vala	2010	8,33	8,3	8,31
Árblakkur	2011	8,09	8,69	8,45
Lukka	2012	8,4	8,32	8,35
Apollo	2012	8,24	8,27	8,26

Daníel Jónsson og Hilmar Sæmundsson standa að baki nýlegu ræktunarbúi sem kennt er við Efsta-Sel. Sex hross frá búinu voru sýnd á árinu, meðalaldur þeirra er 5,5 ár. Meðaleinkunn sköpulags var 8,29 og meðaltal kosta var 8,34. Hæst dæmda hross frá ræktuninni er Árblakkur en hann var í 7. sæti í flokki 5 vetra stóðhesta á Landsmótinu.

Lilja S. Pálmadóttir ræktar hross á Hofi á Höfðaströnd, en fjögur hross frá búinu voru sýnd í ár. Meðalaldur þeirra er 5,75 ár. Meðaleinkunn sköpulags er 8,12 og meðaleinkunn kosta 8,38.

Hof á Höfðaströnd

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Harka	2009	8,07	8,38	8,25
Júlía	2009	8,09	8,29	8,21
Heikir	2010	8,39	8,4	8,4
Sóllilja	2010	8,28	8,32	8,3
Þoka	2011	8,42	8,08	8,28

Hvolsvöllur

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Harpa Sjöfn	2010	8,59	8,44	8,5
Viðja	2011	8,29	8,63	8,5
Blakkur	2011	8,09	7,98	8,02
Brjánn	2012	7,79	7,6	7,69

Ásmundur Þórisson og Helga Friðgeirsdóttir rækta hross kennd við Hvolsvöll. Fjögur hross voru sýnd frá búinu í ár, en meðalaldur þeirra er 5 ár. Meðaleinkunn sköpulags var 8,19 og meðaleinkunn hæfileika 8,16. Viðja stóð efst 5 vetra hryssa á Landsmótinu og Harpa Sjöfn var í 4. sæti í flokki 6 vetra hryssa.



Viðja frá Hvolsvelli ásamt ræktendum sínum og sýnanda, Elvari Þormarssyni.

Magnús Einarsson og Guðný Höskuldsdóttir rækta hross í Kjarnholtum I. Fimm hross voru sýnd frá búinu í ár en meðalaldur þeirra var 6,6 ár. Meðaleinkunn sköpulags var 8,27 og meðalaldur kosta 8,37. Hæst dæmda hross búsins er Kolskeggur en hann var í 2. sæti í elsta flokki stóðhesta á Landsmóti.

Kjarnholt I

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Kolskeggur	2008	8,66	8,87	8,79
Njála	2008	8,11	8,19	8,16
Fjöður	2009	8	8,66	8,4
Rauðskeggur	2011	8,51	8,15	8,3
Katla	2011	8,07	7,96	8

Koltursey

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Svörður	2007	8,2	7,75	7,93
Hnit	2008	8,64	8,63	8,64
Klemma	2009	7,94	8,42	8,11
Hnyðja	2009	8,07	8,08	8,08
Jörð	2010	8,51	8,78	8,67
Fortíð	2010	7,89	8,22	8,09
Nútíð	2010	8,09	8	8,04
Garún	2011	8,19	8,55	8,41



Jörð frá Koltursey. Knapi er Daníel Jónsson.

Elías Þórhallsson, Pétur Jónsson og fjölskyldur standa að baki ræktun kennd við Koltursey. Átta hross voru sýnd frá búinu í ár, meðalaldur þeirra var 6,75. Meðaleinkunn sköpulags var 8,19 en meðaleinkun hæfileika 8,30. Þrjár hryssur frá búinu voru í verðlaunasætum á Landsmóti, Jörð var efst 6 vetra hryssa, Garún var önnur í flokki 5 vetra hryssna og Hnit var í 3. sæti í elsta flokki hryssna.



Valgarð frá Kirkjubæ. Knapi er Guðmundur Björgvinsson.

Kirkjubær

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Fenja	2009	8,2	8,04	8,11
Voröld	2010	8,31	8,35	8,33
Dropi	2011	8,09	8,69	8,45
Valgarð	2012	8,31	8,54	8,45

Hrossaræktun í Kirkjubæ á sér áratugalanga sögu en nú standa Ágúst Sigurðsson, Unnur Óskarsdóttir og fjölskylda að ræktuninni. Í ár voru fjögur hross sýnd frá búinu. Meðalaldur þeirra var 5,5, ár, meðaleinkunn sköpulags var 8,23 og meðaleinkunn hæfileika 8,41.

Þúfur

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Kveðja	2008	7,94	8,34	8,18
Hryðja	2009	8,04	8,27	8,18
Stormur	2010	8,41	8,12	8,23
Harpa	2010	8,28	8,06	8,15
Lukka	2011	8,01	8,71	8,43
List	2011	8,22	8,47	8,37
Kalsi	2011	8,26	8,38	8,33
Stimpill	2011	7,99	8,18	8,11
Pílatus	2011	8,04	8,14	8,1
Elding	2012	8,29	7,58	7,87

Gísli Gíslason og Mette Mannseth rækta hross kennd við Þúfur í Skagafirði. Tíu hross frá búinu voru sýnd í ár en meðalaldur þeirra er 5,6 ár. Meðaleinkunn sköpulags er 8,15 og meðaleinkunn kosta 8,23. Tvær hryssur, List og Lukka, voru í verðlaunasæti í 5 vetra flokki á Landsmóti.



List og Lukka frá Þúfum. Ræktendurnir, Gísli og Metta, sitja hryssurnar.

Prestsbær

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Þota	2008	8,61	8,94	8,81
Þórálfur	2009	8,82	8,73	8,77
Þórdís	2010	8,04	8,65	8,41
Skipting	2012	7,9	8,4	8,2

Inga og Ingar Jenssen frá Svíþjóð rækta út af heiðursverðlaunahryssunni Þoku frá Hólum. Fjögur hross, kennd við Prestsbæ, voru sýnd á árinu. Meðalaldur þeirra var 6,25, meðaleinkunn sköpulags var 8,34 og meðaleinkunn hæfileika 8,68. Þota var hæst dæmda hryssa ársins og sigraði elsta flokk hryssna. Þórálfur hlaut hæstu einkunn allra hrossa fyrir byggingu í ár.



Þota og ræktendur frá Prestsbæ. Knapi er Þórarinn Eymundsson.

Hjónin Guðmundur F. Björgvinsson og Eva Dyröy rækta hross kennd við Rauðalæk. Fimm hross voru sýnd frá búinu í ár, en meðalaldur þeirra er 5 ár. Meðaleinkunn sköpulags var 8,23 og meðaleinkunn kosta 8,29.

Rauðalækur

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Kolbrún	2010	8,01	8,5	8,31
Una	2010	8,13	8,17	8,15
Elrir	2011	8,49	8,37	8,42
Eydís	2012	8,06	8,42	8,28
Jökull	2012	8,44	7,98	8,16

Skipaskagi

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Skaginn	2009	8,76	8,7	8,73
Hreyfing	2009	8,16	8,64	8,45
Lausn	2009	8,14	8,19	8,17
Rakel	2010	8,11	8,25	8,19
Meitill	2012	8,13	8,31	8,24
Dís	2012	8,18	7,61	7,84

Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir standa að baki farsælu ræktunarstarfi sem hefur verið kennd við Skipaskaga síðan árið 2006. Sex hross frá búinu voru sýnd í ár. Meðalaldur þeirra er 5,83 ár, meðaleinkunn sköpulags var 8,25, meðaleinkunn kosta 8,28. Hæst dæmda hross frá búinu er Skaginn sem varð í 4. sæti í elsta flokki stóðhesta á Landsmótinu auk þess sem hann hlaut næsthæstu sköpulagseinkunn hrossa í ár.



Stefna frá Torfunesi ásamt knapa sínum, Gísla Gíslasyni, og formanni Félags hrossabænda, Sveini Steinarssyni.

Torfunes

Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Glæsir	2009	8,19	7,88	8
Eðall	2010	7,96	8,76	8,44
Gullbrá	2010	8,51	8,13	8,29
Mozart	2011	8,16	8,4	8,31
Eldey	2011	8,31	8,18	8,23
Vending	2011	8,27	7,83	8,01
Dögun	2011	8,14	7,59	7,81
Stefna	2012	8,33	8,55	8,46
Grani	2012	8,09	8,35	8,24

Baldvin Kr. Baldvinsson hefur ræktað hross kennd við Torfunes síðan 1978. Níu hross voru sýnd frá búinu í ár. Meðalaldur þeirra er 5,22, meðaleinkunn sköpulags er 8,22, meðaleinkunn kosta er 8,19. Stefna er hæst dæmda 4 vetra hryssa í ár og var í efsta sæti í sínum flokki.





Fréttaskýring

Nýja rannsóknir frá Ástralíu um fóðrun jórturdýra vekja athygli í loftslagsumræðunni:

Þang í fóðri gæti stórminnkað metangasmengun frá búfé

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Nýjar rannsóknir sem framkvæmdar voru í Norður-Queensland í Ástralíu sýna að hægt er að draga verulega úr loftmengun í landbúnaði, ekki síst á metangasi frá nautgripum og öðrum jórturdýrum, með því einu að gefa þeim þang.

Rocky De Nys, prófessor í sjávarlíffræði við James Cook-háskólann í Townsville, hefur verið að rannsaka hvaða áhrif blöndun þara í fóður nautgripa getur haft á metangasmyndun í meltingarfærum þeirra. Hefur hann unnið að þessum rannsóknum með rannsóknastofnuninni CSIRO (Commonwealth Scientific and Industrial Research). Hafa þessar rannsóknir leitt í ljós að með því að blanda tiltölulega litlu magni af þurrkuðu þangi í nautgripafóður, er hægt að draga úr metanframleiðslu gripanna um allt að 99%.


Rocky De Nys prófessor segir að það hafi verið byrjað með að gera tilraunir með 20 tegundir af þangi. Flestar voru þær að minnka metangasmyndun um 5,10 eða 15%, en svo hafi þeir dottið niður á eina tegund sem olli straumhvörfum í tilraununum. Það er rautt þang af tegund sem nefnd er „Asparagopsis taxiformis“ og skilaði allt að 99% minnkun á metangasmyndun. Var þanginu safnað við strönd Queensland.

„Við höfðum verið að vonast eftir einhverjum árangri, en það sem við sáum kom okkur mjög á óvart,“ sagði De Nys í samtali við fréttastofu ABC.

Hann segir að metangas sé sú lofttegund sem hafi mest gróðurhúsaáhrif af þeim mengandi lofttegundum sem koma frá landbúnaði. Því geti þessi uppgötvun hjálpað til í viðleitninni við að minnka framleiðslu gróðurhúsalofttegunda.



Sauðfé hefur um aldir verið beitt í fjörur á Íslandi. Þessi mynd er frá Orkneyjum þar sem sauðfé hefur þróað með sér hæfni til að nærast nær eingöngu á þara og þangi. Mynd / Sinclair Scott




Frá vettvangi rannsókna í Ástralíu. Tilraun með að nota lasermælitæki til að meta metangaslosun nautgripa úti á beitarlandinu.



Hægt er að rækta þara og þang á líkan hátt og krækling.



Þangtegundin Asparagopsis taxiformis sem hefur reynst gefa undraverðan árangur við að minnka metangasmyndun hjá jórturdýrum.



Metan samanstendur af einu kolefnisatómi og fjórum vetnisatómum.

Ný-Sjálendingar áhugasamir

Fréttastöð RNZ á Nýja-Sjálandi fjallaði á dögunum um niðurstöður vísindamannanna í Ástralíu. Fyrirsögn fréttarinnar var „Er þang svarið við metanvandamáli Nýja-Sjálands?“

Eins og flestir vita er landbúnaður gríðarlega mikilvægur þar í landi og eru Ný-Sjálendingar ekki síður þekktir fyrir framleiðslu á kindakjöti en Ástralir. Sömuleiðis er nautgriparækt þar mikil. RNZ hefur eftir Kanadamanninum Rob Kinley hjá CSIRO að niðurstöðurnar hafi komið mönnum í opna skjöldu.

„Ég hélt í raun og veru að við værum að berjast við einhverja bilun í mælitækjunum. Ég endurtók mælingarnar aftur og aftur, endurstillti og skipti um sýni. Tók sýni af tegundum sem höfðu verið að skila litlum sem engum árangri og öðrum þar sem niðurstaðan var nær engin myndun á metangasi og mældist jafnvel ekki.“

Hann segir að ákveðið hafi verið að rannsaka metangasmyndun í sauðfé, sérstaklega vegna þess að þær tilraunir útheimtu ekki eins mikið af fóðri. Enn sé þó eftir að gera margvíslegar mælingar. Niðurstöðurnar sýni þó að líklega sé best að blanda þanginu saman við annað fóður til að ná árangri.

Ekkert bendir til að þang skaði dýrin

Segir Kinley að af Asparagopsis taxiformis þanginu þurfi mjög lítið magn til að ná árangri. 1,5% til 2% hlutfall í fóðri dugi auðveldlega til að ná minnkun á metani um 80%.

Andy Reisinger hjá Gróðurhúsarannsóknarmiðstöðinni (Greenhouse Gas Research Centre), segir að þrátt fyrir þessar jákvæðu niðurstöður hefðu menn samt ákveðnar áhyggjur af því að nota þang í fóður. Ástæðan er sú að þeir mynda efnið bromoform sem talið er krabbameinsvaldandi. Hann segir að ný-sjálenskir vísindamenn hafi þó verið að vinna með sömu sjávarþangstegundir en ekkert benti enn til að þær stuðli að heilsufarsvandmáli hjá skepnunum.

Kjörið tækifæri fyrir íslenska vísindamenn

Þess má geta að Þörungaverksmiðjan á Reykhólum við Breiðafjörð framleiðir þangmjöl úr klóþangi (Ascophyllum nodosum) og þaramjöl ú hrossaþara (Laminaria digitata). Finnur Árnason, framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, segist ekki hafa á takteinum hvort tegundir úr þeim flokki sem áströlsku vísindamennirnir nefna finnist hér við land.

Þarna virðast vera að opnast mikil tækifæri fyrir íslenska vísindamenn og um leið tækifæri til að gera Ísland enn vistvænna í loftslagsmálum en það er nú þegar. Ýmsar forsendur eru hér þegar fyrir hendi til að auðvelda rannsóknir á þessu sviði. Hér er verið að skera þang og vinna í stórum stíl og mikil reynsla og þekking hefur skapast hér á þessu sviði.

Þang frá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum hefur í einhverjum mæli verið notað í fóður fyrir búfé, m.a. fyrir kindur og alifugla, en ekki er vitað til að þessi virkni gagnvart gasmyndun hafi þar verið rannsökuð. Megnið af þara- og þangmjöli sem flutt er út héðan er selt sem lífrænt vottað mjöl í háum gæðastaðli. Finnur Árnason, framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, segir að þang- og þaramjöl frá Reykhólum sé helst notað við framleiðslu á lífrænt vottuðum matvörum. Samkvæmt lauslegri athugun Bændablaðsins finnst „Asparagopsis taxiformis“ ekki í sjónum hér við land. Það hlýtur því að vera verðugt verkefni fyrir vísindamenn í Landbúnaðarháskóla Íslands sem og öðrum háskólum hérlendis að rannsaka hvort aðrar tegundir finnist hér með viðlíka virkni gagnvart gasmyndun í meltingarfærum dýra.

Sauðfé beitt á fjörur og þang nýtt sem áburður

Á Íslandi hefur einnig þekkst um aldir að beita fé þar sem land liggur að sjó tímabundið á þara. Vitað er að vegna efnainnihalds þarans þá þolir sauðfé hér á landi ekki nema takmarkaða fjörubeit. Sauðfé var líka oft á árum áður fóðrað á síld sem mörgum Íslendingum fannst vart mannamatur. Síðar fóru menn svo að bæta fiskimjöli í fóður hjá sauðfé og kúm og öðrum skepnum.

Á Orkneyjum hefur sauðféð aftur á móti aðlagast sérstaklega fjörubeit. Þrífst það mjög illa á grasi einu saman að því er fram kom í viðtali við Sinclair Scott í Bændablaðinu 1. september 2014.

Þá er einnig þekkt hér á landi og víðar að nota sjávarþang og þara í áburð á tún og jafnvel rotnandi síld. Á Cornwall í Bretlandi þekktist t.d. að blanda þara (Ascophyllum) við sand og láta hann rotna áður en hann var notaður sem áburður. Sömu sögu er að segja af aðferðum skoskra bænda. Franskir bændur á Brittaníuskaga hafa lengi notað þara sem safnað var í bingi til að láta það rotna. Síðan var það tekið og dreift á tún upp frá ströndinni. Líklegt er að næringarefnin berist þá í jarðveg og gras, en ekki er vitað til þess hvort áhrif á metangaslosun dýra sem éta það gras hafi verið rannsökuð.

Megnið af metangasi jórturdýra losað með ropa en ekki viðrekstri

Þó ætla mætti að viðrekstur nautgripa skilaði megninu af hinu mengandi metangasi, þá er það ekki raunin. Megnið af metangasinu fer út í andrúmslofið þegar gripirnir ropa.

Fetuðu áströlsku vísindamennirnir sig áfram með því að nota gervivömb á rannsóknastofu til að finna út hvaða tegundir og


Kýr í fjörubeit. Þær eru ekki síður sólgnar í þarann en sauðfé.

Umtalsverð metangasmengun frá búfé

Er 20 sinnum öflugra en koldíoxíð (CO^2)

Þegar jórturdýr melta myndast töluvert af metani (CH4). Dýrin losa sig við metanið með vindgangi en þó aðallega með því að ropa.


Metangastreymi mælt frá kúm í haga á Írlandi.

Metan er ein af svokölluðum gróðurhúsalofttegundum. Það er í miklu minna mæli í andrúmsloftinu en koltvíildi (CO2) en er rúmlega 20 sinnum virkari gróðurhúsalofttegund.

Samkvæmt samantekt á Vísindavef Háskóla Íslands er talið að um 30–40% af heildarlosun metans sé vegna náttúrulegra aðstæðna, það er vegna rotnunar lífrænna efna og frá jórturdýrum. Um 60% losnar við framleiðslu jarðefnaeldsneytis (olíuiðnaður), við hrísgrjónarækt og brennslu á lífmassa. Ekki er í þessum tölum tekið tillit til vaxandi losunar á metangasi úr freðmýrum og af hafsbotni vegna hlýnunar loftslags.

Með aukinni velmegun og mannfjölgun er talið að aukning á losun metans verði allt að 60% fram til ársins 2030.

Metan myndast við súrefnissnauðar aðstæður þar sem bakteríuflóra er að verki. Metan losnar út í andrúmsloftið með ýmsum leiðum. Það myndast í maga húsdýra, sérstaklega jórturdýra, og við meðhöndlun húsdýraáburðar. Metan losnar einnig í töluverðu magni við rotnun lífrænna efna, frá votlendi, í sorphaugum og við hrísgrjónarækt. Enn fremur losnar metan frá og við vinnslu og bruna jarðefnaeldsneytis vegna ófullkomins bruna og/eða leka.

hlutfall af þangi þyrfti til að framkalla mestu áhrifin. Meltingarfærin skiptast gróflega í vömb, kepp, laka og vinstur. Í vömbinni fer fram örverumelting og gerjun sem heldur síðan áfram í keppnum. Þegar De Nys og samstarfsfólk blandaði mismunandi grastegundum með mismunandi blöndu af þangi í vömbina gátu þeir mælt hversu mikil metanmyndunin var. Út frá því var hægt að finna út hversu mikil metanframleiðslan var í öllu meltingarferlinu. Myndun á metangasi búfjár er því greinilega mjög mismunandi eftir því fóðri sem dýrin éta.

„Við höfum þegar fengið niðurstöður úr tilraunum með sauðfé. Við vitum að þegar Asparagopsis þangi er blandað að 2% hluta í fóður fjárins, þá minnkaði metanmyndunin í meltingarvegi þeirra um 50–70% á 72 daga tilraunaferli. Svo þetta er vel skilgreint," segir De Nys.

Hann segir að í stað þess að reyna að gefa kúm ferskt þang, þá hafi niðurstaðan verið að nota frekar þurrkað þang, eða þangmjöl. Þá sé ætlunin að rannsaka frekar hvaða


Asparagopsis taxiformis í vinnslu.

áhrif íblöndun á þangi í fóður jórturdýranna hafi á þyngd dýranna.

Æskilegt að hefja ræktun á sjávarþangi

Rob Kinley hjá CSIRO sagði í samtali við fréttastofu ABC að vísindamenn séu mjög uppteknir við að finna lausnir til að stemma stigu við útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

„Þarna stendur landbúnaðurinn á þröskuldi þess að geta komið með mjög afdrifaríkt framlag í þessa veru. Aðalhindrunin er að útvega nægt þang til að fóðra milljónir nautgripa. Þangskurður úti í náttúrunni mun ekki duga til. Slíkt yrði allt of dýrt og auk þess skortir frekari rannsóknir. Við þurfum því að fá inn í þennan hóp samstarfsaðila í ræktun á sjávarþangi. Það gæti hugsanlega verið í Suðaustur-Asíu þar sem þegar er verið að vinna milljónir tonna af þangi, eða með því að setja á fót iðnað í Suður-, eða Vestur-Ástralíu," segir Rob Kinley. Segir hann að peningar muni fyrst og fremst skera úr um með hvaða hætti og hversu hratt sé hægt að framkvæma þetta.

Ræktun á þangi hefur lengi þekkst í Asíu. Það er m.a. lykillinn að því þangi sem notað er í hina japönsku sushi-rétti. Ef hægt er að rækta þá þangtegund sem best reynist við að minnka metangaslosun í búfé, þá ætti næg grunnþekking á slíkri ræktun að vera til staðar.

BRIGGS&STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Getum við orðið að liði? – Við seljum m.a.
þvottavélar • þurrkara • strauvélar
Frábærar vélar fyrir m.a. þvottahús, hótel og gistiheimili
Eigum hágæða þýskt hótellín
FRUM - www.frum.is
DANUBE
IceFAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6 • 113 Reykjavik • Símar 892 8925 og 567 4577
Netfang: icefakta@icefakta.is • www.icefakta.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Nilfisk
NILFISK
háþrýstidælur
Hjá Olís færðu Nilfisk gólfþvottavélar, háþrýstidælur, atvinnuryksugur og ýmis tæki til iðnaðarnota.
Fyrirtækjasvið Olís • Sími 515 1100 • pontun@olis.is • olis.is
olís
PIPAR\TBWA • SÍA • 164567

HROSS & HESTAMENNSKA

Áhugaverð folöld sumarsins 2016

Í síðasta Bændablaði var greint frá útnefningu á folaldi sumarsins sem var Von frá Ártúnum.

Var útnefningin rökstudd með þrennu; merkilegri ævisögu Vonar, vitsmunum hennar og litareinkennum, sem eru sjaldgæf í íslenska hrossastofninum. Vonandi stendur Von undir væntingum í framtíðinni. Núna birtum við svo hin folöldin sem tilnefnd voru.

Hestafólk er svo hvatt til að hafa í huga að mynda áhugaverð folöld og skrá hjá sér skemmtilegar sögur sem í kringum þau kunna að spinnast. Þótt myndir af folöldum og hrossum séu alltaf skemmtilegar, þá getur það gert þær mun áhugaverðari að þeim fylgi skemmtilegar sögur.

Bændablaðið stefnir svo á að endurtaka leikinn á næsta ári.



Folald sumarsins 2016. Von frá Ártúnum ásamt fóstru sinni og eiganda, Höllu Bjarnadóttur, og tveim austurrískum vinnukonum. Von fannst úti í haga í vor, slöpp, móðurlaus og ringluð. Myndir / HB



Gjóska og Kolka eru líklegar mæður Vonar, mjólkuðu báðar einu og sama folaldinu, henni Væntingu. Hún er mjög svipuð Von, en bleikálótt hjálmskjótt, sokkótt á öllum fjórum og hvít undir kvið.



Galdur í Unhól í Þykkvabæ með heimasætunni, henni Heklu Dís, og eru þau miklir mátar. Mynd / SP

Galdur í Unhól

Galdur, sem er fæddur 3. júní, er undan Ólympíu frá Lýtingsstöðum og Dagfinni frá Lýtingsstöðum.

Hann er fæddur í Unhól í Þykkvabæ. Galdur er folald sumarsins hjá okkur því að hann er fyrsta skjótta folaldið sem fæðist í okkar stóði. Á myndinni er hann með heimasætunni, henni Heklu Dís, og eru þau miklir mátar.

Sigurfinna Pálmarsdóttir.





Freyja frá Bæ (IS2016225716) 1–2 daga gömul. Móðir er Ósk frá Laufhóli (IS2007258421). Hún er undan Baugi frá Víðinesi (IS2001158280) og Kolku frá Laufhóli (IS2000258425). Mynd / HS

Freyja Frjósdóttir

„Freyja Frjósdóttir frá Bæ kom í heiminn 4 vikum fyrr en dýralæknirinn spáði fyrir um. Við hjónin vorum því ekki viðbúin því að sjá ekki Ósk, móður hennar, í útigönguhópnum í Eilífsdal, Kjós, þegar við komum þangað 29. maí," segir eigandinn, Hrefna Sigurjónsdóttir.

„Hópurinn, sem í voru 6 gömul hross og Ósk, 9 vetra dökkjörp hryssa frá Laufhóli, var búinn að vera úti í allan vetur. Um miðjan maí fórum við með tvo geldinga í hagann svo í honum voru þá 8 hross. Annar þeirra var Stjarni sem er 13 vetra lítill hestur en er sá sem er efstur í virðingarröðinni í hópnum, sem telur alls 26 hesta yfir sumarið.

Um er að ræða stóra girðingu með holtum, valllendi, mýri, skurðum og lækjum. Við fundum Ósk heilum kílómetra frá hópnum og með lítið rautt velskapað folald. Hún hafði greinilega dregið sig í hlé og var langt í burtu frá mannaferðum og bílveginum.

Við giskuðum á að folaldið hefði komið í heiminn tveimur dögum fyrr. Ósk kom á móti okkur og þáði brauð og folaldið var strax gæft og forvitið. Við vorum ekkert búin að hugsa um nafn, enda héldum við að nægur tími væri til stefnu. Nafnið Freyja kom strax upp í huga minn og eiginmaðurinn samþykkti það.

Faðirinn er Frjór frá Flekkudal (IS2011125045), sem er grár (móðir rauð og faðir grár). Frjór er undan afar þekktum hestum og meisturum, þ.e. Æsu frá Flekkudal (IS2001225045) og Kjarna frá Þjóðholtshaga (IS2000181814).

Næsta dag komum við aftur og þá uppgötvaði Stjarni þær mæðgur þegar hann elti okkur. Hann hljóp til þeirra en móðirin vildi hann ekki nálægt sér og hann sneri fljótlega við án þess að hafa skipt sér meira af þeim. Tveimur dögum síðar voru þær mæðgur komnar í hópinn og Stjarni sem er uppalinn í blóðstóði passaði að enginn færi nálægt folaldinu.

Viku síðar bættust 15 hestar í hópinn eftir sleppitúr og var gaman að sjá hrossin þegar þau uppgötvuðu að folald væri komið í hópinn. Í honum eru engin trippi, yngsta hrossið 8 vetra. Stjarni passaði vel upp á að enginn væri að kássast upp á mæðgurnar. Smám saman slakaði hann á og fyrst leyfði hann öðrum hryssum að vera með folaldinu og svo sumum geldingunum.

Freyja hefur sem sagt alist upp í stóði þar sem engin trippi eru til staðar og hún hefur aldrei séð annað folald. Öll hrossin eru gæf og leita í félagsskap manna. Hún er ekki hrædd við neina hesta né fólk og vill bara láta klóra sér. Hestarnir virðast allir vilja hafa hana nálægt sér.

Þegar við fórum í ferðalag í sumar og tókum hestana með okkur, nema þá elstu, þá fóru þær mæðgur undir vír og í næstu girðingu þar sem fyrir voru 5 hross. Þetta uppgötvuðum við þegar við komum til baka. Við náðum í þær og var gaman að sjá hestana í hópnum okkar koma hlaupandi til þeirra mæðgna til að heilsa þeim.

Freyja fæðist rauð en með sérkennilegan lit. Hún fór svo að skipta litum og byrja að verða grá. Fætur dökknuðu og folaldshárin urðu hálf appelsínugul. Nú þegar hún er 4 mánaða er hún skrautleg eins og sjá má af myndunum, feit og pattaraleg og afskaplega sjálfsörugg. Það verður spennandi að vita hve langan tíma það tekur hana að verða grá og hvernig reiðhross hún verður.

Það verður líka gaman að fylgjast með henni þegar hún eldist. Hvernig munu fullorðnu hrossin síða hana? Og hvað gerist þegar hún hittir jafnaldra sína, verður hún jafn sjálfsörugg þá og hún er núna, en það getur haft sitt að segja um stöðuna í virðingarstiganum, eða lendir hún þá í að þurfa að standa fyrir sínu?"

Hrefna Sigurjónsdóttir





Eðallist (IS2016266695) frá Landamóti.

Myndir / Sigurður Sveinn Ingólfsson

Eðallist frá Landamóti:

Eitt af undrum folalda

Eðallist (IS2016266695) frá Landamóti er rauðjörp skjótt, sokkótt með svart tagl og fax. Hún er eitt af undrum folalda fyrir gott geðslag og glaða lund.

Hún er einnig með leiðtogahæfileika sem sást best í sumar þegar folöldin voru að leika sér, þá fór hún í fararbroddi og hin fylgdu á eftir.

Stuttu eftir að hún fæddist kom hún til manns, hægt var að ganga kringum hana og taka upp alla fætur, yfirvegunin var þvílík í folaldinu, og þegar hún liggur getur maður gengið kringum hana, hún blikkar bara auganu til mannsins. Enda er hún komin af miklu listakyni, móðir hennar heitir Sælist (IS2010265591) frá Akureyri, en hún slasaðist á fæti og var því ekki hægt að sýna hana í kynbótadómi. Amman heitir Myndlist (IS1995265591) frá Akureyri og langamman heitir Leiklist (IS1988288648) frá Helgastöðum 1. Hún er ættuð frá meistaranum Jóni Sigurbjörnssyni, leikara og lífskúnster.



Eðallist með móður sinni, Sælist. Takið eftir hvað hún fylgir hreyfingum móður sinnar vel.

Faðir Eðallistar er stólpagripurinn Eðall (IS2010166206) frá Torfunesi en þaðan koma margar stáltaugar inn í stofn íslenska hestsins. Eðall fékk 10 fyrir skeið á Landsmótinu á Hólum í sumar.

Sigurður Sveinn Ingólfsson
Akureyri

Móvindótt litförótt Mörk

Mörk frá Efra-Núpi er sérstakt merfolald fyrir þær sakir að hún ber litinn móvindótt litförótt.

Móðir Markar er Aþena frá Laufbrekku, hún er móvindótt, og faðirinn er Ægir frá Efra-Núpi og er hann litförótt skjóttur. Mörk er úr síðasta folaldahópnum hans Ægis á Íslandi því hann flúði land síðasta haust eftir langvinna kreppu á landinu.

Gaman er að segja frá því að landflóttinn er ættgengur, því Mörk er sjálf á leið út fyrir landsteinana til nýrra eigenda í Þýskalandi. Ber hún því nafn með rentu þar sem fyrrum gjaldmiðill Þýskalands var þýska markið sem var látið víkja þegar evran var innleidd 1999.

Örnólfur Björgvinsson
Sigurrós K Indriðadóttir
Efra-Núpi



Mörk frá Efra-Núpi er sérstakt merfolald fyrir þær sakir að hún ber litinn móvindótt litförótt.

Folaldið Evra frá Efra-Núpi

Evra frá Efra-Núpi er móálótt litförótt merfolald, að litnum undanskildum er Evra ósköp venjulegt folald. Hún var snemmköstuð, eða í byrjun júní, og því kemur litförótti liturinn skýrt fram seinnipart sumars.

Litförótti liturinn er mjög skemmtilegur að eiga við þar sem hann er frekar sjaldgæfur þótt litföróttum hrossum hafi fjölgað umtalsvert á Íslandi undanfarin ár.

Faðir folaldsins Ægir frá Efra-Núpi er litförótt skjóttur. Sá litur er sérstakur að því leyti til að hann gefur aðeins af sér allavega skjótt folöld en öruggt er að folaldið verði litförótt ef það er einlitt. Móðir: María frá Svarfhóli. Móðurfaðir: Sæfari frá Svarfhóli. Móðurmóðir: óþekkt. Faðir: Ægir frá Efra-Núpi. Föðurfaðir: Hróarr frá Vatnsleysu, föðurmóðir: Glenna frá Svarfhóli.

/ÖB/SKI



Evra frá Efra-Núpi er móálótt litförótt merfolald.

RAKAHELDIR
FLÚRLAMPAR
20% afsláttur
2x58 W perur
og 2x36 W perur
RAFVÖRUMARKAÐURINN
við Fellsmúla | 108 Reykjavík | OPIÐ ALLA DAGA

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

ChitoClear®
NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012
SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR
· Einstaklega græðandi
· Hægir á blæðingu
· Dregur úr sársauka og kláða
· Myndar filmu og hlífir sári
· Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
· Íslensk framleiðsla
Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt
primex
Siglufjörður · Sími 460 6900 · info@primex.is · www.primex.is

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR
• Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
• Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
• Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
• Hágæða hráefni.
• Þolir íslenskt veðurfar.
• Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
• Stuttur afgreiðslutími.
IS HURÐIR
IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is

Haustfagnaður og sviðaveisla Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu (FSD) 2016:

Hrútasýningar – beggja vegna varnarlínu

Haustið 2005 efndi Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu til héraðssýningar lambhrúta um veturnætur og eftir því sem árin hafa liðið hefur dagskrá helgarinnar vaxið og er helgin orðin einn af stærri viðburðum sem haldinn er í Dölunum. 21. og 22. október síðastliðinn var haustfagnaður haldinn í Dalasýslu.

Vegna sauðfjárveikivarna þarf að halda tvær hrútasýningar – hvora sínum megin við varnarlínuna. Í ár var sýningin norðan girðingar haldin á Svarfhóli í Laxárdal og sunnan girðingar að Vatni í Haukadal.

Í ár voru 90 lambhrútar skráðir til leiks, flestir hyrndir eða 48. Í flokki kollóttra hrúta voru 23 hrútar skráðir og 18 hrútar í flokki mislitra hrúta. Synir sæðingastöðvahrúta voru 42 þetta árið sem dreifðust nokkuð jafnt á milli feðra. Flesta syni áttu þó Kölski 10-920 og Krapi 13-940. Efstu þrjú sætin í hverjum flokk skipuðu eftirtaldir hrútar:

Mislitir hrútar:

1. Lambhrútur númer 46 frá Lyngbrekku, Fellsströnd. Grár sonur Kornelíusar 10-945 frá Stóru-Tjörnum. Í móðurætt rekur hann sig til Sokka 07-835 frá Brúnastöðum. Hann hafði fyrr í haust fengið 87,5 stig.
2. Lambhrútur númer 503 frá Vífilsdal, Hörðudal. Svartflekkóttur sonur Lúsifers 15-456 sem er undan Kjarna 13-927 frá Brúnastöðum. Móðir hans heitir Garðabrúða og er ættuð frá Háafelli og kemur Fannar 07-808 frá Ytri-Skógum fyrst fyrir í ættartré hennar. Hann hafði fyrr í haust fengið 85,5 stig.
3. Lambhrútur númer 515 frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal. Svartbotnóttur sonur Kornelíusar 10-945 frá Stóru-Tjörnum. Móðir hans Depla 11-158 er dóttir Höfðingja 10-919. Hann hafði fyrr í haust fengið 85 stig.

Kollóttir hrútar:

1. Lambhrútur númer 13 frá Bæ, Miðdölum. Hreinhvítur og mjög langvaxinn sonur Örvars 11-134 sem fæddur er á Dunki í Hörðudal undan Boga 04-814 frá Heydalsá. Móðir hrútsins er 13-351 sem er dóttir Strengs 09-891 frá Árbæ. Þessi hrútur var jafnframt útnefndur besti lambhrútur Dalasýslu 2016 en hann hafði fyrr í haust fengið 86,5 stig og í umsögn dómara sagði að hann stæði þann dóm mjög vel.
2. Lambhrútur númer 979 frá Sauðafelli, Miðdölum. Hreinhvítur sonur Krapa 13-940 frá Innri-Múla. Í móðurætt rekur hann ættir sínar til Shrek 05-817 frá Kollsá. Fyrr í haust hafði hann fengið 86,5 stig.
3. Lambhrútur númer 178 frá Dunki, Hörðudal. Hreinhvítur sonur Gímis 12-291 sem er einn fjölmargra sona Stera 07-855. Móðir hans er 08-016 sem er dóttir Orms 02-933 frá Heydalsá. Þessi hrútur fékk fyrr í haust 87 stig.

Hyrndir hrútar:

1. Lambhrútur númer 91 frá Hallsstöðum, Fellsströnd. Faðir hans er Kölski 10-920 frá Svínafelli og móðir hans er dóttir Snæs 10-528 frá Rauðbarðaholti sem vann héraðssýningu 2010. Fyrr í haust hafði þessi hrútur fengið 88 stig.
2. Lambhrútur númer 117 frá Rauðbarðaholti, Hvammssveit. Faðir hans er Sproti 13-502 sem er sonur Safírs 11-533 sem vann héraðssýningu 2011. Í móðurætt rekur hann ættir sínar til Kropps 05-993 frá Hagalandi. Hann hafði fyrr í haust fengið 86,5 stig.
3. Lambhrútur númer 113 frá Hlíð í Hörðudal. Faðir hans er Dúddi 14-699 frá Lundi í Lundarreykjadal en Dúddi var í haust að sýna einhverja mögnuðustu útkomu lambaföður á landinu en hann drapst því miður síðasta vetur en Dúddi var sonarsonur Kvists 07-866. Móðurfaðir hrútsins er svo Geir 12-643 sem kemur úr ræktun Ásbjörns og Helgu í Syðri-Haukatungu. Þessi hrútur hafði fyrr í haust fengið 86 stig.

Sýningarskrá héraðssýningar má finna á heimasíðu Dalabyggðar og einnig ítarlegri úrslit í hverjum flokki. Myndir af öllum hrútum sem lentu í verðlaunasæti má finna á Facebook-síðu Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu.



Steinar Kristbjörnsson í rúningskeppninni. Myndir / SteinunnMatthíasdóttir



Frá rúningskeppninni. Hafliði Sævarsson Íslandsmeistari að rýja.



Hagyrðingar. F.v. Helgi, Ósk, Stefán og Sigurjón.



„Karlarnir í kórnum“ skemmta í sviðaveislunni.



Hannyrðakonur í Dölum spinna úr ull.



Lambhrútur númer 13 frá Bæ, Miðdölum. Héraðsmeistari 2016. Mynd / EIB

Gimbrasýning og besta 5 vetra ærin

Fyrir ári síðan var í fyrsta skipti gimbrasýning þar sem veittur er farandbikar sem Kjartan og Guðrún á Dunki gáfu. Fyrirkomulagið er þannig að gestir hrútasýningar kjósa gimbur útfrá sjónrænu mati og gripurinn sem fær flest atkvæði vinnur keppnina. Að þessu sinni var þar Gróa Margrét Viðarsdóttir sem vann bikarinn með gimbrina Maríönnu frá Spágilsstöðum en gimbrin var bæði klædd í lopapeysu og hafði húfu ásamt sínum náttúrulega ullarskrúða.

Í ár var svo komið að því að veita verðlaun fyrir ær fæddar 2011 byggt á kynbótamati þeirra. Að þessu sinni skipuðu mörg efstu sætanna dætur Laufa 08-848 frá Bergsstöðum á Vatnsnesi. Í efsta sæti að þessu sinni var ærin Brú 11-168 frá Klifmýri á Skarðsströnd með einkunn 118,0.

Íslandsmótið í rúningi

Á laugardeginum var Íslandsmótið í rúning haldið í níunda skipti í Nesoddahöllinni í Búðardal. Að þessu sinni voru keppendur 6 og Íslandsmeistari þriðja árið í röð varð Hafliði Sævarsson, bóndi á Fossárdal í Berufirði. Í öðru sæti var Þórður Gíslason frá Mýrdal, Kolbeinsstaðahrepp og þriðja varð Steinar Haukur Kristbjörnsson frá Hraunsmúla, Kolbeinsstaðahrepp. Samhliða rúningskeppninni var fjöldi fyrirtækja að kynna starfsemi sína í reiðhöllinni og mættu með vélar og tæki til sýnis en einnig kom fólk saman til að ræða daginn og veginn. Veður var og gott þessa helgi í Dölunum líkt og raunar allur októbermánuður hefur verið þannig að dagskráin heppnaðist betur en ef verið hefði vetrarveður.

Sviðaveisla – grillveisla – ljósmyndasamkeppni og dansleikur

Á föstudagskvöldinu var sviðaveisla á Laugum í Sælingsdal þar sem boðið var upp á ný svið, söltuð svið og reykt svið. Um 360 manns sóttu sviðaveisluna þetta árið sem heppnaðist í alla staði vel. Margir fara að telja niður í næstu sviðaveislu strax daginn eftir. Gísli Einarsson í Borgarnesi stjórnaði sviðaveislunni en að loknu sviðaáti var hagyrðingakvöld þar sem Helgi Björnsson frá Snartarstöðum, Ósk Þorkelsdóttir frá Húsavík, Stefán Vilhjálmsson frá Akureyri og Sigurjón Valdimar Jónsson frá Skollagróf fóru með stökur um menn og málefni. Að loknu hagyrðingakvöldi skemmtu „Karlarnir í kórnum“ frá Akranesi veislugestum með nokkrum lögum og endaði kvöldið síðan á dansleik með hljómsveitinni Bland.

Að lokinni dagskrá í reiðhöllinni á laugardeginum var grillveisla í Dalabúð þar sem verðlaun og viðkenningar voru veittar fyrir efstu hrúta og eins verðlaun í ljósmyndasamkeppni. Í ár varð hlutskarpasta myndin mynd sem Erna Elvarsdóttir frá Brekku í Norðurárdal tók í smalamennskum fyrr í haust. Að lokinni grillveislu var svo dansleikur í Dalabúð þar sem hljómsveitin BUFF spilaði fram á nótt.

Helgin heppnaðist vel og er orðinn fastur punktur í menningarlífi Dalamanna ár hvert en margir stóla á að heimsækja Dalina um veturnætur ár hvert. Hátíð sem þessi verður þó ekki til af sjálfu sér og vill Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu þakka öllum þeim sem leggja hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar í sjálfboðavinnu en án þess væri dagskráin ekki framkvæmanleg. Auk þess er fjöldi styrktaraðila en þeir eru: Vörumiðlun, Sláturfélag Suðurlands, Dalabyggð, SKVH Hvammstanga, Vogabær, KB Borgarnesi, Nesoddi, KM þjónustan, Rjómabúið Erpsstöðum, Sæferðir, MS, Ferðaþjónustan Seljalandi, Landsstólpi, Ekran, Dalakot og Samkaup Strax Búðardal.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason,
formaður FSD.

Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi:

Viðurkenningar fyrir góðan árangur í ferðaþjónustu

Markaðsstofa Norðurlands veitir árlega þrjár viðurkenningar til fyrirtækja og einstaklinga í ferðaþjónustu sem þykja hafa skarað fram úr á Norðurlandi.

Viðurkenningarnar voru veittar á uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar sem haldin var í Skagafirði nýlega. Viðurkenningarnar eru sproti ársins, fyrirtæki ársins og þá er veitt viðurkenning fyrir störf í þágu ferðaþjónustunnar á Norðurlandi.

Viðurkenningin sproti ársins var veitt ungu fyrirtæki sem hefur skapað eftirtektarverða nýjung í ferðaþjónustu á Norðurlandi og í ár var það fyrirtækið Inspiration Iceland sem hefur skapað sér sérstöðu með vellíðunarferðum og hundasleðaferðum.

Vellíðunarferðaþjónusta

Inspiration Iceland fékk ferðaskipuleggjendaleyfi í maí 2010 og ferðaskrifstofuleyfi í mars 2011 og bauð þá upp á dagsferðir og jeppaferðir þar sem lögð var áhersla á vellíðunarferðir. Áður hafði fyrirtækið rekið gistingu og verið með snjóþrúguferðir.

Fyrirtækið er rekið af Andreas Baumgartner og Ulricu Seiler. Þau eru bæði vel menntuð í ýmsu sem kemur að vellíðunarferðaþjónustu, jóga og útivist auk þess sem þau byggja á mikilli reynslu á þessu sviði. Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á vellíðunarferðaþjónustu og sterk tengsl við náttúruna og hefur verið frumkvöðull í þróun ferða á þessu sviði.

Sérstök áhersla er lögð á þróun í vetrarferðaþjónustu og hófu þau fyrst fyrirtækja að bjóða hundasleðaferðir á Norðurlandi. Þessi viðbót við vöruframboðið á Norðurlandi skiptir gríðarlega miklu máli, sérstaklega þegar kemur að samanburði við vetrarferðir til Skandinavíu. Nýjasta viðbótin er Knarrarberg Yoga and Spa sem opnaði í febrúar 2016. Öll þjónusta miðar að því að bjóða mikla upplifun fyrir líkama og sál auk þess sem hún byggir á því að njóta náttúrunnar á Norðurlandi.

Sel - Hótel Mývatn fyrirtæki ársins

Viðurkenningin fyrirtæki ársins er veitt fyrirtæki sem er búið að slíta barnsskónum og hefur skapað sér sterka stöðu á markaði auk þess að vinna að stöðugri uppbyggingu, vöruþróun og nýsköpun. Það fyrirtæki sem fær viðurkenninguna í ár er Sel – Hótel Mývatn.

Árið 2000 var Sel – Hótel Mývatn tekið í notkun með 35 herbergjum en forsaga þess er sú að árið 1973 stofnuðu Sigrún Jóhannsdóttir og Kristján Yngvason verslunina og veitingastaðinn Sel að Skútustöðum. Núverandi rekstraraðilar þessa fjölskyldufyrirtækis eru Yngvi Ragnar Kristjánsson og Ásdís Erla Jóhannesdóttir. Þau hafa nýverið farið í mikla uppbyggingu á fyrirtækinu og luku vorið 2015 endurbótum á hótelinu en þá voru tekin í notkun 23 ný herbergi auk þess sem gestamóttakan, veitingasalir og fundasalir voru endurnýjaðir og stækkaðir. Hótelið er því vel búið til að taka á móti einstaklingum og hópum auk þess sem þar er boðið upp á afþreyingu á Mývatnssvæðinu undir merkjum Mývatn Winter Activity.

Brautryðjendur í þróun vetrarferðaþjónustu

Á hótelinu er áralöng reynsla í því að bjóða afþreyingu fyrir gesti og er áhersla lögð á jeppaferðir, snjósleðaferðir, skíðagöngu, go-kart, golf og krikket á ís auk þess sem



Elías Bj. Gíslason, forstöðumaður Ferðamálastofu á Akureyri, Andreas Baumgartner, eigandi Inspiration Iceland, Magnús Sigmundsson, eigandi Hestasport, Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands. Yngvi Ragnar Kristjánsson og Ásdís Erla Jóhannesdóttir, eigendur Sel – Hótel Mývatn voru ekki viðstödd afhendingu viðurkenninga.

viðburðurinn Horses on Ice er haldinn. Öll afþreying byggir á þeirri sérstöku náttúru sem er í kringum Mývatn og veitir gestum tækifæri til að upplifa bæði náttúruna, fuglalífið og ekki síður mannlífið.

Sel – Hótel Mývatn voru brautryðjendur í þróun á vetrarferðaþjónustu við Mývatn og hafa lagt áherslu á að halda hótelinu opnu allt árið og byggja þannig upp eftirspurn að vetri. Uppbyggingarstarfið hefur sent þau skilaboð út á markaðina að Norðurland sé sterkur og öflugur valkostur að vetri til og því haft mikil og jákvæð áhrif á þróun ferðaþjónustu á svæðinu allt árið og aukið möguleika fyrirtækja á heilsársrekstri.

Magnús í Hestasporti hlaut viðurkenningu

Viðurkenninguna fyrir störf í þágu ferðaþjónustu á Norðurlandi fær einstaklingur sem hefur haft góð áhrif á ferðaþjónustu á Norðurlandi í heild sinni og hefur starfað beint eða óbeint fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Viðurkenninguna í ár fékk Magnús Sigmundsson, eða Magnús í Hestasporti, eins og hann er oft kallaður.

Það má rekja brennandi áhuga Magnúsar á ferðaþjónustu til þess að Sveinn Jóhannsson á Varmalæk fór fyrstur manna með erlenda gesti í lengri hestaferð yfir Kjöl árið 1974. Þessi ferð markaði upphaf lengri hestaferða á Íslandi. Magnús og Björn, sonur Sveins, voru góðir félagar og stofnuðu ásamt Sveini og Sigríði, dóttur Sveins, árið 1986 fyrirtækið Hestasport sem kom síðar á fót sýningunni „Til fundar við íslenska hestinn“ þar sem erlendir ferðamenn á hringferð sinni komu við á Vindheimamelum og kynntust gangtegundum og þýðleika íslenska hestsins. Þar með var Hestasport komið með sérstöðu sem voru hestasýningar í Skagafirði, vöggu íslenskrar hestamennsku.

Skagfirsku jökulárnar heilluðu

Í framhaldi af þessu fór Magnús að leita að náttúrufarslegri sérstöðu svæðisins. Skagfirsku jökulsárnar heilluðu og á Hvítá voru menn farnir að reyna flúðasiglingar að erlendri fyrirmynd. Hann leitaði stuðnings hjá þeim frumkvöðlum sem þar voru á ferð og tilraunaferðir voru farnar á skagfirsku ánum árin 1992 til 1994. Í framhaldinu var leitað til erlendra leiðsögumanna og það er ekki síst þeim nepölsku leiðsögumönnum að þakka að hægt var að þróa ferðirnar enn frekar þannig að fyllsta öryggis væri gætt og þannig hægt að setja ferðirnar í sölu.

Árið 2002 ákveða Magnús og Björn síðan að skipta félaginu og tók Björn yfir sýningarnar „Til fundar við íslenska hestinn“ en Magnús hélt nafni fyrirtækisins og hélt áfram með hestaferðir og flúðasiglingar. Á þessum tíma hóf Magnús einnig byggingu sumarhúsa sem hafa reynst góð viðbót við ferðaþjónustuna á svæðinu og dregið að aukinn fjölda gesta.

Frumkvöðull með hagsmuni Norðurlands að leiðarljósi

Magnús er frumkvöðull sem hefur ávallt haft hagsmuni Skagafjarðar og Norðurlands að leiðarljósi. Hann hefur í gegnum árin sýnt að hann hefur trú á uppbyggingu í ferðaþjónustu, vilja til að láta gott af sér leiða og baráttuþrek til að koma málum áfram. Þetta hefur hann gert annars vegar með því að byggja upp eigið fyrirtæki, skapa þannig störf, leggja áherslu á úrvalsþjónustu og búa til margumrædda segla. Hins vegar með því að vera ötull talsmaður Norðlendinga í málefnum ferðaþjónustunnar og annarri hagsmunagæslu.


/MÞÞ



Söngvaskáldið og myndlistarmaðurinn Bjartmar Guðlaugsson skrifar bók:

Bingur af pínulitlum lífsreynslusögum

Bjartmar Guðlaugsson hefur yljað landsmönnum með söng og lagasmíðum um árabil. Hann bjó fyrstu árin á Fáskrúðsfirði en fluttist ungur með foreldrum sínum í verstöðina Vestmannaeyjar. Þar byrjaði Bjartmar ungur að daðra við listagyðjuna í ljóðagerð, teikningum og hljóðfæraleik. Flestir þekkja tónlistarferil listamannsins en færri vita að Bjartmar er lærður myndlistarmaður og húsamálari. Nú hefur Bjartmar látið verða að því að gefa út bókina „Þannig týnist tíminn" þar sem hann segir sögur úr æsku sinni, að mestu sannar að eigin sögn. Bókina prýða fjölmargar myndir Bjartmars auk ljóða og söngtexta.
Við grípum niður í frásögnina þar sem Bjartmar lýsir ferð í mjólkurbúðina eftir að hann er fluttur í nýjan bæ eftir uppeldið á Austfjörðum. Fermingardagurinn rennur upp nokkrum árum síðar og þá þarf að bregða sér í jakkafötin.



Bjartmar Guðlaugsson segir sögur úr æsku sinnar kynslóðar og af uppvaxtarárum hennar í bókinni „Þannig týnist tíminn". Mynd / Ari Magg

Í mjólkurbúðinni

Nýi bærinn var bara ágætur þó að fólkið væri pínulítið stærra upp á sig en heima í gamla þorpinu. Þetta fólk var líka stöndugra á margan hátt og málfarið sömuleiðis svolítið annað. Linmælgi og einhver söngsveifla var í talsmáta kvenna og börn voru sjaldan skömmuð fyrir að tala rangt mál og þau voru heldur ekki skömmuð fyrir að gera grín að málfari mínu, sem hljómaði eitthvað sveitó í eyrum þeirra. Ég varð því að læra að tala upp á nýtt svo ég yrði ekki fyrir sífelldum árásum vegna málfarsins.

Í bænum voru margar búðir og flestar með stóra glugga þar sem vörum var stillt út. Ég fann snemma að ég var ekki héðan. Það var alltaf verið að spyrja mig hvaðan ég væri. Þá sagði ég borubrattur að ég væri að östan og átti að sjálfsögðu við að ég væri að austan. En í málfari mínu mátti greina flámælsku.

Eftir að hafa orðið aðhlátursefni í mjólkurbúðinni fór ég að vera varkár. Þegar ég sagðist ætla að fá „sker" fór afgreiðslukonan að hlæja og spurði hvað ég ætlaði að fá.

– Sker, sagði ég og til að hún skildi mig betur sagði ég hátt og skýrt: Ég á að kaupa hálft kíló af skeri. Þar náði ég athygli hennar og að vísu hinna tveggja sem voru að afgreiða aðra í þessari nýstárlegu búð þar sem afgreiðslukonurnar voru í hvítum slopp með hvítan hárkappa.

– Hvaðan ertu, væni, spurði ein afgreiðslukonan með frekar góðlátlegu brosi.

– Ég er að östan, svaraði ég án þess að renna í grun hvað það var sem kætti þetta fólk svona mikið.

– Ertu nýfuttur hingað, væni, spurði sú sama með umhyggjutón í röddinni.

– Já, við komum með strandferðaskepinu fyrir nokkrum vekum, svaraði ég.

Þá braust út þessi rokna hlátur um alla búð. Konan sem spurði hló og báðar hinar afgreiðslukonurnar lögðu niður vinnu vegna hláturs. Fólkið sem var að kaupa mjólk skellihló og glápti hvað á annað og svo á mig og aftur hvað á annað. Og þegar feitur sköllóttur karl með snyrtilegan rauðan hárkraga og hvítklæddur með hvíta svuntu kom hlaupandi fram í gegnum vængjadyr og spurði hvað væri að ske hljóp ég út.

Ég var ekki nógu meðvitaður um hvað hafði vakið þennan gífurlega hlátur en það hlaut að vera eitthvað sem ég sagði. Þegar ég bar þetta upp við Meysa frænda, hvað það gæti verið sem orsakaði rosahláturinn í mjólkurbúðinni, var hann alveg með á nótunum. Það var flámælskan. En hann lét mig finna að það væri nú ekki sem verst að vera örlítið flámæltur miðað við þau ósköp sem væru að í málfræði þeirri er hér í bæ væri viðhöfð.

– Hér syngja menn hverja einustu setningu, segja hæ og bæ í löngum syngjandi tóni. Menn tala um hagð og djúpa lagð yfir Granlandi og barna-blaðið Askuna, að maður tali ekki um „hakkaðu" eða „lakkaðu" í útvarpinu.

LÍFSREYNSLUMOLAR

Þú ert með sæg af pínulitlum
lífsreynslusögum inní þér.
Ég er með bing af pínulitlum
lífsreynslulögum inní mér.
Maður dafnar segir máltækið,
við sérhvern blús og bömmer,
fer að verja sig.
Þó góður gúrú hafi sagt,
að betra væri að láta bara berja sig.



Fermingardagurinn

Í gamla daga var hitt og þetta svona og svona og hinsegin og þannig og svo framvegis. Fortíðin hefur alltaf miklu meiri glans og miklu meiri sjarma og miklu meiri dug og dýpt en nútíðin. Þannig er þetta og þannig hefur það sjálfsagt alltaf verið.

Þetta er ég sem hugsa og þegar ég hugsa, þá hugsa ég mikið. Þegar ég hugsa mikið hugsa ég stundum miklu meira en gott kann að þykja.

Ég er fermingardrengur og er í jakkafötum eins og fullorðinn maður. Ég er mjög spekingslegur í útliti en inni í mér er ég mjög venjulegur. Það að vera venjulegur inni í sér en spekingslegur í útliti er nokkuð sem nefnist andstæður.

Er ég þá andstæður? Sennilega. Kannski er ég bara mestu andstæður sem til eru.

Ef ég færi úr jakkafötunum og gengi nakinn um göturnar væri ég óvenjulegur og það svo óvenjulegur að ég yrði sennilega tekinn fastur af lögreglunni og sendur inn á hæli fyrir óvenjulega menn. Það að vera svo óvenjulegur að maður sé tekinn úr umferð hlýtur að vera nokkuð gott. Ef ég hins vegar yrði um aldur og ævi í þessum fáránlegu jakkafötum sem eru sniðin fyrir miðaldra menn yrði ég ósköp venjulegur þegar fram liðu stundir. Svo venjulegur að enginn tæki eftir mér.

Ég þekki marga menn sem ganga í jakkafötum upp á hvern dag. Enginn tekur almennilega eftir því að þeir eru alltaf eins. Láki nágranni er alltaf í jakkafötum. Hann er meira að segja alltaf í sömu jakkafötunum. Þau eru grá og orðin snjáð og þau eru andstæð fortíðinni á þann hátt að þau glansa í núinu af elli.

Konan hans Láka þekkir jakkafötin hans miklu betur en hann sjálfan en Láki segir aldrei neitt og ég heyrði einu sinni konuna hans tala við jakkafötin. Hún sagði að þau væru jafn krumpuð og hann sjálfur og hún lét sjóðheitt straujárnið sitt leika um þau og hún var reið og sagði margt ljótt um Láka við jakkafötin.

Ég held að hún hafi ekki fattað að hann var ekki í jakkafötunum, hann Láki. Ég held nefnilega að engin kona tali við og baktali meira að segja manninn sinn við jakkaföt.

Þetta var vorið sem séra Hannes blessaði okkur, ungmenni bæjarins, inn í veröld hinna fullorðnu. Bítlarnir og Stones réðu öllu, þvílík læti, þvílíkur kraftur og þvílík áhrif! Allir urðu rytmagítarleikarar, sólógítarleikarar, bassaleikarar og trommuleikarar. Þetta var vorið sem Bítlarnir breyttu mér í því sem næst normal mann hvað klæðaburð varðaði og ég lagði nælonúlpunni frá póstversluninni við Miklatorg. Þetta var vorið sem við brutum reglurnar hans séra Hannesar sem fjölluðu um holdlegar girndir.

Já, þetta vor var einstakt. Kragalausir jakkar gengu fram af séra Hannesi og trúleysið eða trúin komu þar hvergi við sögu. Presturinn hafði meiri áhyggjur af því hvert fatahönnun veraldar væri að fara. Kaupfélagið sat uppi með ósóttar jakkafatasendingar því einn og einn náði samningum um stakan jakka og buxur en Indi náði lengst. Stakur kragalaus bítlajakki, terlínbuxur, nælonskyrta og hálsklútur.

Hilli vildi ekki fermast, hann var gjörsamlega ákveðinn í því.



Icelandic Lamb vantar tvo nýja liðsmenn

Icelandic Lamb er spennandi fyrirtæki sem sér um kynningu og markaðssetningu á lambakjöti og sauðfjárafurðum innan lands og utan. Við leitum að tveimur nýjum liðsmönnum sem hafa frumkvæði og brennandi áhuga á fólki og mat. Í boði eru fjölbreytt og skemmtileg störf þar sem reynir á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og færni í mannlegum samskiptum.

Vefpenni

Óskum eftir að ráða starfsmann með góða þekkingu á blaðamennsku og vefmálum til að skrifa lipran texta og hafa umsjón með vefsvæðum okkar og samfélagsmiðlum auk annarra verkefna.

Vefpenninn okkar þarf að:

- hafa gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- hafa reynslu af skrifum eða blaðamennsku
- hafa góða þekkingu á samfélagsmiðlum og vefmálum
- kunna að nota helstu tæki og tól eins og Google Analytics
- vera markaðslega þenkjandi

Veitingatengill

Óskum eftir að ráða starfsmann sem mun hafa umsjón með viðtæku samstarfi við veitingastaði um allt land, vinna að vöruþróun, kynningarefni og öðrum tengdum verkefnum.

Veitingatengillinn okkar þarf að:

- þekkja vel til veitingageirans
- hafa reynslu og menntun sem nýtist í starfi
- vera lipur, þjónustulundaður og markaðslega þenkjandi
- vera skipulagður, með almenna tölvukunnáttu og bílpróf

Sendu okkur línu fyrir **15. nóvember** á **info@icelandiclamb.is** ásamt ferilskrá og stuttu kynningarbréfi ef þú telur þig vera réttu manneskjuna í liðið okkar.

Nánari upplýsingar veitir **Svavar Halldórsson (563 0350).**

Icelandic Lamb Hagatorg 1, 107 Reykjavík icelandiclamb.is

DEKKJASALA AKUREYRAR

Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee Handverkfæri



20%
afsláttur af öllum dekkjum
til 30. nóvember 2016



Beinn innflutningur til Akureyrar
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124

MOTUL Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Nútíma **músa**varnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir:
Bústólpi · FÓÐURBLANDAN · BÚREKSTRARDEILD · KVH · Verslunin Eyri

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

RISA HAUSTTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is



70 mm bjálki / Tvöföld nótun

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd
kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**



34 mm bjálki / Tvöföld nótun
TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m²
kr. 169.900,- án fylgihluta
kr. 199.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun
TILBOÐ - GARÐHÚS 4,7m² m/opnanlegum glugga
kr. 189.900,- án fylgihluta
kr. 219.900,- m/fylgihlutum




ATH! 34 mm bjálki / Tvöföld nótun
TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 359.900,- m/fylgihlutum

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslu VISA Lán

Vogue
fyrir heimilið
bíður uppá alhliðalausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.



Vogue FYRIR HEIMILIÐ
Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Milwaukee VERKFÆRA SALAN Milwaukee




Tilboð
10.990
Slípirokkur 125mm AG 800 EK
Flottur slípirokkur á verkstæðið, þæginlegur í hendi.
skífur 125mm, 800W mótor.
MW 4933451211



Tilboð
109.900
Herslulykill 3/4"
Losun **1626Nm,**
Stilling 1: **1016Nm**,
Stilling 2: **508Nm**
2x5,0Ah rafhlöður.
MW 4933448415

Verkfærasalan - Síðumúla 11 - 560-8888 - www.vfs.is



fánar
fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ
www.merkismenn 544 2030

Anna og Páll í Reykhúsum í Eyjafjarðarsveit:

Rauðgreni ákjósanlegt jólatré með réttri meðhöndlun

– Bjóða fólki að velja tré sem það fær flutt heim á hlað skömmu fyrir jól

Rauðgreni var hér áður fyrr hið sígilda jólatré en hefur heldur farið halloka hin síðari ár fyrir öðrum tegundum.

Stafafuran hefur öðlast talsverðar vinsældir og mikið er flutt inn af normannsþin. Dvínandi vinsældir rauðgrenis má eflaust rekja til þeirrar reynslu margra að barrið getur fallið helst til of fljótt af trénu og dæmi þess að þau eru orðin ansi ber í lok jólanna. Anna Guðmundsdóttir, skógarbóndi í Reykhúsum í Eyjafjarðarsveit, er sannfærð um að hægt verði að koma rauðgreni á sinn fyrri stall á ný. Mestu skipti að höggva trén skömmu fyrir notkun og meðhöndla þau rétt.

Anna og eiginmaður hennar, Páll Ingvarsson, hafa búið að Reykhúsum frá árinu 1971. Bæði eru kennarar að mennt og starfaði Anna við Hrafnagilsskóla, var þar aðstoðarskólastjóri, en Páll sinnti kennslu á Akureyri meðfram búskap. Þau voru á árum áður með kúabúskap á jörð sinni, en seldu kvótann fyrir nokkrum árum. Páll fékk sér þá nokkrar „sportkindur“ eins og Anna kallar það, sér til gamans. Þau hófu skógrækt á jörðinni árið 1983, eru með 80 ha lands ofan við Reykhús, norðan við Kristnes.



Kristín Aðalsteinsdóttir og Hallgrímur Indriðason a spjalli við Valdísi Pálsdóttur til vinstri og Önnu Guðmundsdóttur til hægri.

Myndir úr safni Önnu Guðmundsdóttur

Skógurinn farinn að gefa af sér

Landið sem tekið var undir skógræktina er í halla, þar eru melar og mólendi, rýrt land til beitar og hentaði ekki til túnræktar.

„Þannig að við erum ekki að taka frá neinu öðru, skógræktin hefur hins vegar skapað skjól og þau tún sem liggja að henni fá nú gott skjól.“ Hin síðari ár hefur skógurinn aðeins gefið af sér, grisjun er hafin í nokkrum mæli og hefur Páll hreinsað boli sem nýtast í girðingarstaura.

Þau hafa einkum plantað lerki í jörð sína en einnig þó nokkuð af furu og greni. Búið er að planta í um einn þriðja þess lands sem þau hafa til umráða.

„Við höfum verið að dunda við þetta með öðrum störfum, skógræktin var hliðargrein hjá okkur en fær nú æ meira vægi eftir að við hættum bæði í föstu starfi. Það má búast við að við sinnum skógræktinni af meiri krafti á næstu árum,“ segir Anna.

Höggvið og heimsent

Nú er svo komið í skógrækt Önnu og



Jólatré í Reykhúsum 2015, barrið hélst á yfir öll jólin og gott betur. Mestu skiptir að höggva trén seint, setja fótinn í sjóðandi vatn og vökva vel allan tímann sem það stendur uppi.

Páls að unnt er að selja nokkra tugi jólatrjáa fyrir komandi jól. Þau hafa boðið sveitungum og nágrönnum frá Akureyri að koma í skóg sinn, ganga um og velja það tré sem hverjum og einum líst best á. Tréð er að því búnu merkt viðkomandi. Um miðjan desember verður það höggvið og ekið með það heim á hlað hjá kaupanda, þ.e. þeirra sem búa í Eyjafjarðarsveit og Akureyri.

„Þetta tókst vel, það kom þó nokkur fjöldi við hjá okkur, skoðaði sig um og valdi tré,“ segir Anna, en þetta fyrirkomulag við val á jólatré



Börnin prýla á skýlinu, Þórdís og Edda.



Gestir gæða sér á veitingum. Frá hægri: Katrín Hermannsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Heiða Jóhannsdóttir, Lilja Jóhannsdóttir, sitjandi Sverrir Thorstensen og lengst til vinstri Sigurður Kristinn Pálsson.

fjölskyldunnar er nokkur nýjung hér á landi. Víða gefst fólki kostur á að koma í skóga fyrir jól, höggva eigið jólatré og taka með heim að því loknu.

Anna og Páll tóku rauðgreni úr sinni ræktun fyrir jólin í fyrra og seldu að auki eitt tré. Bæði voru hin mesta stofuprýði, héldu barrinu yfir öll jólin og gott betur. Miður góð reynsla landsmanna af rauðgreni sem missir barrið alltof snemma segir Anna að megi rekja til þess að trén eru höggvin of snemma og meðhöndlun þeirra sé á tíðum ekki rétt. Það sé helsta ástæða þess að barrið falli af svo að segja um leið og tréð er komið inn í stofu.

Kjörið að rækta rauðgreni fyrir norðan

Hún hafði þann háttinn á í fyrra að höggva sitt tré seint, rétt fyrir jól, og var það geymt úti fram á Þorláksmessu. Þá var sagaður 3–4 cm bútur neðan af trénu og sett í sjóðandi vatn. Við það opnast æðar þess betur sem hefur þau áhrif að það auðveldar trénu vatnsupptöku.

„Síðan verður að huga vel að trénu öll jólin og sjá til þess að það sé aldrei þurrt. Einkum er mikilvægt að vökva trén vel fyrstu dagana meðan þau drekka mest. Okkar tré stóð öll jólin og missti ekki barrið, það var jafnfallegt á þrettándanum og þegar við settum það upp,“ segir Anna. Sögusagnir um að rauðgreni sé ómögulegt jólatré eigi því ekki við rök að styðjast, svo framarlega sem farið er með þau á réttan hátt.

„Rauðgrenið hefur mjög átt undir högg að sækja hin síðari ár, en ég hef fulla trú á að breyting verði þar á, með réttum aðferðum ætti það að ná sínum fyrri vinsældum,“ segir Anna og bendir á að auðvelt sé að rækta rauðgreni á Norðurlandi, þar séu kjörin svæði til slíkrar ræktunar og bændur sem áhuga hefðu á að sinna slíkri ræktun meðfram öðrum búskap ættu til framtíðar litið að geta fengið góða uppskeru.

Heimatilbúnar lausnir

Anna nostrar við sín tré, segir mikilvægt að laga toppa, sumir skemmast og þurfa lagfæringar við og einnig þurfi að huga að vaxtarlagi og greinabyggingu. Það sem m.a. geri rauðgreni að góðu og fallegu jólatré er hversu þétt það er og fíngert og hefur að auki hefðbundna lögun, ekki skemmir svo fyrir að það ilmar einstaklega vel.

Að hluta til notar hún þar til gerð áhöld sem hún kaupir í Danmörku, en hugar vel að því hvort hægt er að nýta aðra hluti með. Þannig fór hún þá leið að nýta fernur undan mjólkurvörum til að hylja jarðveg undir trjánum fremur en að kaupa dýran pappa, sérhannaðan frá útlöndum. Mjólkurfernurnar gera sama gagn, úr þeim er breitt undir trénu til að hindra grasvöxt, þannig fær tréð betur notið sín. „Ég prófaði þessa aðferð og hún tókst ljómandi vel, ég reyni hvað ég get að nýta heimatilbúnar lausnir ef möguleiki er á,“ segir hún.

Galið að flytja inn öll þessi jólatré

„Það er í mínum huga alveg galið að flytja inn það óheyrilega magn jólatrjáa sem við gerum,“ segir Anna, en að jafnaði eru seld um 40 þúsund jólatré hér á landi, 75% þeirra eru innflutt, einungis fjórðungur er innlend framleiðsla. Innfluttu jólatrén koma að langstærstum hluta frá Danmörku.

Anna og Páll sátu námskeiðið Grænni skóga sem skógarbændum býðst að sækja og fóru í tengslum við námið til Danmerkur þar sem þau kynntu sér m.a. skjólbelta- og jólatrjáaræktun. Anna segir að ekki sé hægt að stunda svo umfangsmikla ræktun jólatrjáa þar í landi án þess að nota aragrúa eiturefna. „Það er alveg gríðarlegur eiturefnaaustur yfir þessi jólatré, öðruvísi gengur hún ekki, m.a. eru trén úðuð árlega með miklu magni af alls kyns skordýraeitri, sveppaeitri og illgresiseyði. Svo geta ýmis kvikindi og sjúkdómar fylgt trjánum yfir hafið til Íslands, það hefur líklega aldrei verið skoðað almennilega, en í mínum huga á að vera algjör óþarfi að flytja þetta mikla magn jólatrjáa um langan veg með tilheyrandi mengun. Við eigum að vera fullfær um að rækta okkar jólatré sjálf,“ segir Anna. */MÞÞ*

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús

naut - svín - hross - sauðfé



Hefðbundnir gólfbitar




Rastaðir gólfbitar



Velferðargólf - gúmmi og steinsteypa

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is



ÞRASTALUNDUR

Nýr og endurbættur Þrastalundur í Grímsnesi leitar af starfsfólki í fullt starf og hlutastörf.

Störf í boði:
- Þjónar
- Eldhússtarfsmenn
- Vaktstjóri

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá ásamt mynd á Bjorn Csaba Erdei, rekstrarstjóra, á netfangið bjorn@thrastalundur.is



Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IÐNVÉLAR ehf. / Smiðjuvegi 44-46 / 200 Kópavogur / Sími 414 2700 / idnvelar@idnvelar.is / idnvelar.is


Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar
Við sérsmíðum og eigum líka hitaveitukassa á lager.
Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl.
Fáanlegir í mörgum litum.





Gasskápar
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.
Láttu ekki stela af þér kútunum!



VÍK BLIKKSMIÐJA

Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is





EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Nemendur og starfsfólk Menntaskólans á Akureyri söfnuðu um 90 þúsund krónum á bleikum degi sem gefnar verða Krabbameinsfélagi Íslands.

Menntaskólinn á Akureyri:
Nemendur styrkja bleiku slaufuna

Í tilefni af bleikum október og söfnun til styrktar á rannsóknum á brjóstakrabbameini efndu nemendur MA til söfnunar á bleikum degi.

Skemmtinefnd skólafélagsins Hugins stóð fyrir þessum þemadegi og hvatti sem flesta til að mæta í bleiku 13. október síðastliðinn. Skólameistari hafði heitið 25 kr. á hvern nemanda sem mætti í bleiku og söfnuðust þannig 7.125 krónur, ofan á það bætast svo 12.791 króna í frjálsum framlögum frá nemendum og kennurum.

Félagið DerMA stóð á sama degi fyrir því að selja bleikar derhúfur merktar MA sem fjáröflun fyrir Bleiku slaufuna. Derhúfusalan gekk líka vel, 70 derhúfur seldust og söfnuðust þar 70.000 krónur.

Í heildina verða þetta þá 89.916 krónur sem nemendur og starfsfólk Menntaskólans á Akureyri gefa Krabbameinsfélagi Íslands til styrktar Bleiku slaufunni, en söfnunin er sem fyrr segir til styrktar á rannsóknum á brjóstakrabbameini.



Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, afhenti læknum og geislafræðingum á Landspítalanum fyrstu fernurnar og voru allir sammála um að þar væru á ferðinni líflegar og skemmtilegar fernur. Mynd / MS

Mjólkin gefur styrk:
MS styður Landspítala við tækjakaup

– Munu auðvelda greiningar á brjóstakrabbameini

Mjólkursamsalan hleypti af stokkunum fyrir nokkru í samstarfi við Landspítalann söfnunarátakinu „Mjólkin gefur styrk“. Er þetta þriðja árið í röð sem MS efnir til átaksins.

Um er að ræða söfnun sem styður við kaup á nýjum tækjabúnaði fyrir Landspítalann. Líkt og áður skiptir D-vítamínbætt léttmjólk tímabundið um útlit og munu 30 kr. af hverri seldri fernu renna til tækjakaupa á spítalanum.

Síðustu tvö ár hafa safnast 30 milljónir og í framhaldinu var tækjakostur Landspítala bættur til muna. Árið 2014 söfnuðust 15 milljónir og var fest kaup á nýjum beinþéttnimæli en sá sem fyrir var var kominn til ára sinna og orðinn nær óstarfhæfur. Árið eftir söfnuðust aftur 15 milljónir og voru þær nýttar til að stórbæta tækjabúnað og starfsaðstöðu á bæklunarskurðdeild spítalans með kaupum á nýju skurðarborði og lyftara sem létti undir með starfsfólki deildarinnar.

Markmiðið að þessu sinni er að endurtaka leikinn og safna 15 milljónum til kaupa á nýjum tækjabúnaði sem auðveldar greiningu á brjóstakrabbameini.

„Um leið og við söfnum fyrir þessum búnaði þá heiðrum við hetjurnar sem starfa á Landspítalanum með því að klæða D-vítamínbættu léttmjólkina upp sem litlar eftirmyndir þeirra og viljum við með því þakka heilbrigðisstarfsfólkinu okkar fyrir óeigingjarnt starf í þágu þjóðarinnar,“ segir Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar.

Brjóstgóður styrkur

Kalkmyndun í brjósti getur verið merki um að þar sé krabbamein í þróun en kalkið sést vel á röntgen en illa eða ekki á ómun, en það er sú aðferð sem við notum til að taka sýni til rannsóknar í dag. Þetta þýðir að á hverjum tíma lifa allnokkrar konur í óvissu um hvort þær séu með krabbamein svo mánuðum og jafnvel árum skiptir, en það er með öllu óásættanlegt.

Næstu vikur renna 30 krónur af hverri seldri fernu af D-vítamínbættri léttmjólk til kaupa á nýjum búnaði sem gerir læknum kleift að finna kalksvæðið í brjóstinu með röntgentækni og sjúga það út á einfaldan hátt til greiningar. Þetta tekur mun skemmri tíma en núverandi aðferð, dregur úr óvissu kvennanna og bætir þannig lífsgæði þeirra umtalsvert.



Friðrik og Henrike lengst til hægri segja frá skógrækt sinni þar sem þau hafa notast við kjötmjöl í stað tilbúins áburðar með góðum árangri. Á myndinni má sjá Björn Barkarson, sérfræðing í ráðuneytinu, Elínu Líndal, sem situr í sveitarstjórn Húnaþings vestra, Sigrúnu Magnúsdóttur ráðherra, Guðnýju Helgu Björnsdóttur, varaformann Bændasamtaka Íslands, Guðnýju Hrund Karlsdóttur, sveitarstjóra Húnaþings vestra og einnig glittir í Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur og Unni Valborgu Hilmarsdóttur, oddvita Húnaþings vestra. Lengst til vinstri snýr Johan Holst baki við myndavélinni.

Búskaparskógrækt í Vestur-Húnavatnssýslu:
Átaksverkefni til að bæta búsetuskilyrði og fjölga tækifærum fyrir bændur

Átak verður gert í skógrækt í Húnaþingi vestra. Markmið þess er að bæta skilyrði til búskapar og búsetu í dreifbýli. Verkefninu er ætlað að fjölga tækifærum fyrir bændur, auka skógarþekju og brúa bil milli skógræktar og hefðbundins landbúnaðar.

Átakinu var formlega hleypt af stokkunum í liðinni viku, það gerði Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, við athöfn sem efnt var til á Melstað. Skógræktinni var falið að hafa umsjón með verkefninu sem stendur í eitt ár.

Ráðherra og fylgdarlið heimsóttu í för sinni skógarbændurna Friðrik Jóhannsson og Henrike Wappler sem stunda myndarlega skógrækt á Brekkulæk í Miðfirði meðfram lífrænni sauðfjárrækt. Þau hafa náð mjög góðum árangri með skógrækt sína í héraði sem gjarnan hefur verið álitið lítt til skógræktar fallið.

Til áburðar hafa þau notað kjötmjöl í stað tilbúins áburðar og því má segja að trén séu lífrænt ræktuð líka. Árangurinn er mjög góður. Sérstaklega þrífst lerki vel á Brekkulæk, er beint og fallegt, innan um eru fallegir asparreitir en einnig lifir sitkagreni vel á völdum stöðum og lofar góðu þegar það fer að ná sér á strik.

Sextán lögbýli með skógræktarsamning

Sextán lögbýli eru með skógræktarsamning við Skógræktina í Húnaþingi vestra sem má telja nokkuð lítið miðað við stærð svæðisins.

Ekki er einhlít skýring á því en með verkefninu á meðal annars að leita eftir viðhorfi bænda til núverandi stuðningskerfis í skógrækt og hvort því megi breyta svo það verði fýsilegra fyrir bændur. Meiningin er að kanna hvort ekki megi skipuleggja skógrækt með bændum með það helst að leiðarljósi að hún styðji við hefðbundnar búgreinar. Til þess eru margar leiðir færar.

Skógur getur skýlt lambfé á vorin, bætt skilyrði til hvers kyns ræktunar, stýrt snjóalögum, búið til gjöful beitilönd, grætt upp mela og rofsvæði og þannig mætti áfram telja. Með sveigjanlegum skógræktarsamningum mætti beita skóg- og skjólbeltarækt með þeim hætti að hún styddi við sauðfjár- og kúabúskap og styrkti þar með búsetuskilyrði í héraði.



Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sviðstjóri skógarauðlindasviðs, tekur við ráðherrabréfi um búskaparskógrækt af Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra.



Johan Holst skógfræðingur skoðar sitkagrenitré sem orðið hefur fyrir skakkaföllum en lifir þó og gæti átt eftir að spjara sig vel. Þorvaldur Böðvarsson, skógarbóndi og formaður Skógræktarfélags Vestur-Húnvetninga, fylgist með ásamt Þórunni Sæmundsdóttur, ritara ráðherra, og Sigrúnu Magnúsdóttur ráðherra.

Sjö milljónir til verkefnisins á næsta ári

„Verkefnið verður unnið þannig að Skógræktin leitar eftir áliti bænda á því hvort breyta þurfi núverandi stuðningskerfi í skógrækt svo að þeir sjái sér aukinn hag í þátttöku. Bændum býðst ráðgjöf sérfræðinga Skógræktarinnar sér að kostnaðarlausu þar sem farið verður yfir þá kosti sem eru í boði varðandi ofangreinda flokka skógræktar og hvernig þeir geta stutt við annan landbúnað og bætt skilyrði til búsetu,“ sagði Sigrún Magnúsdóttir ráðherra. Um er að ræða þróunarverkefni og veittir verða tímabundið í það auknir fjármunir, alls sjö milljónir króna á árinu 2017.

Skógræktin hefur nú formlega tekið við keflinu. Umsjónarmenn verkefnisins fyrir hönd stofnunarinnar verða skógfræðingarnir Sæmundur Þorvaldsson, sem hefur víðtæka reynslu af skipulagningu skjól- og hagaskóga með bændum á Vestfjörðum, og Johan Holst, svæðisstjóri Skógræktarinnar í Húnavatnssýslum. Tengiliður ráðuneytisins við verkefnið er Björn Helgi Barkarson, sérfræðingur á skrifstofu landgæða. Frá þessu er sagt á vef Skógræktarinnar. */MÞÞ*

Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands



Aðalfundur ÆÍ 2016 verður haldinn laugardaginn 12. nóvember í Kötlu II, Hótel Sögu og hefst kl. kl. 11.00.

Greiðslubeiðni vegna árgjalds er í heimabanka. Ekki verður tekið við greiðslu félagsgjalda á fundinum eftir að hann hefst. Þeir félagsmenn sem ekki eru með heimabanka geta millifært félagsgjöld kr. 3800,- inn á reikning; 0311-26-12449, kt. 510374-0299.

Félagar eru beðnir um að senda ný eða breytt netföng á info@icelandeider.is

Heimasíða félagsins er www.icelandeider.is

Dagskrá fundarins:

Kl. 11:00-12:30
Fundarsetning
Skýrslur og reikningar
Ávörp gesta

Kl. 12:30 - 13:00
Hádegisverður

Kl. 13:00- 16:00
Fræðsluerindi
- Dr. Þórður Örn Kristjánsson kynnir helstu niðurstöður doktorsritgerðar sinnar um varpvistfræði æðarfugls við Breiðafjörð
- Nýting auðlinda í netlögum – líffræði og lögfræði

Fréttir og tillögur frá deildum
Sölu- og markaðsmál
Kosningar
Tillögur
Önnur mál

Kl. 16:00
Fundarslit.og kaffiveitingar þar sem félagsmönnum gefst tækifæri til skrafs og ráðagerða

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 17. nóvember

Gott fengieldi er grunnur að góðri frjósemi

Fóður og bætiefni fyrir sauðfé



Ærblanda SS - Óerfðabreytt kjarnfóður
framleitt af DLG fyrir íslenska sauðfé

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hráprótein
- Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
- Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
- Gott jafnvægi í steinefnum og snefilefnum
- Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum

- 15 kg pokar / 750 kg sekkir

Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata



- Steinefna- og snefilefnaríkt og hentugt með vetrarfóðrun
- Inniheldur A-vítamín, D-vítamín og E-vítamín
- Án kopars
- Hátt seleninnihald
- Inniheldur hvítlauk

- 15 kg fata

Salto får - Saltsteinn fyrir sauðfé



- Inniheldur stein- og snefilefni
- Án kopars
- Inniheldur selen
- Inniheldur náttúrulegt bergsalt
- Má notast við lífræna ræktun

-10 kg steinn

Vitfoss

Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS

SS - Fosshals
Búvörudeild
Sími: 575-6000

SS - Selfossi
Afgreiðsla
Sími: 575-6000

Suðurland
Bergur Pálsson
Sími: 894-0491

Suðurland
Ingi Már Björnsson
Sími: 894-9422

Borgarfjörður
Sigfús Helgi Guðjónsson
Sími: 892-9757

Snæfellsnes
Brynjar Hildibrandsson
Sími: 893-1582

Dalasýsla
Unnsteinn Hermannsson
Sími: 864-1416

Reykhólar
Hafliði Viðar Ólafsson
Sími: 892-5022

Flateyri
Ásvaldur Magnússon
Sími: 868-8456

Strandasýsla
Sigrún Magnúsdóttir
Sími: 893-9964

Húnavatnssýslur
Pétur Daníelsson
Sími: 891-8626

Skagafjörður, Eyjafjörður og Þingeyjarsýsla
Þorgils Sævarsson
Sími: 860-9898

N-Austurland
Eyþór Margeirsson
Sími: 893-1277

Austurland
Helgi Rúnar Elísson
Sími: 860-2729

Höfn
Bjarni Hákonarson
Sími: 894-0666

Sláturfélag Suðurlands svf. • www.ss.is • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Simi 575 6000



Fjölskyldan að Syðra-Skörðugili er með mörg járn í eldinum. Þau framleiða smyrsl og leðurfeiti úr fitunni sem fellur til við verkun loðskinna ásamt íslenskum jurtum. Frá vinstri: Sólborg Una Pálsdóttir, Einar E. Einarsson, Einar Eylert Gíslason og Ásdís Sigurjónsdóttir.
Mynd / Gunnhildur Gísladóttir



Smyrslin hafa þann eiginleika að græða og mýkja. Minkaolían sogast hratt inn í húðina og hjálpar til við að loka sárum og sprungum sem í kjölfarið gróa hraðar.





Framleiða smyrsl og leðurfeiti í Skagafirði:

Minkafitan orðin að verðmætum heilsuvörum

Á bænum Syðra-Skörðugili í Skagafirði er stunduð umfangsmikil loðdýrarækt ásamt öðrum búskap. Flestir hafa þá mynd af loðdýrabúskapnum að þar séu aðallega unnin loðskinn sem seld eru utan landsteinanna. Bændurnir á Syðra-Skörðugili, þau Einar E. Einarsson og Sólborg Una Pálsdóttir, hafa hins vegar gengið lengra og hafið framleiðslu á smyrslum undir vöruheitinu „Gandur“. Um er að ræða smyrsl fyrir mannfólkið, leðurfeiti og græðandi smyrsl fyrir hross eða önnur dýr. Fyrirtækið heitir Urðarköttur en að því standa ábúendurnir á Syðra-Skörðugili.

Einar E. Einarsson, bóndi og fyrrverandi ráðunautur í loðdýrarækt, er einn aðstandenda Urðarkattar ehf. en hann segir að hugmyndin hafi byrjað smátt en síðan undið upp á sig.

„Móðir mín byrjaði að prófa að bræða fitu á eldavélinni og setja á dósir. Þessar dósir fóru síðan í notkun á bæði múkk í hestum og hjá fólki sem var með húðvandamál og vildi prófa. Góð viðbrögð og afrakstur af því varð hvatning að næstu skrefum,“ segir Einar.

Minkaolían sjálf, sem er grunnurinn að vörunum, er unnin úr fitu sem fellur til sem aukaafurð við skinnaframleiðsluna, það er að segja við verkun skinnanna. Einar segir að menn hafi lengi vitað um jákvæð áhrif minkaolíunnar á húð en þau hafi viljað kynna fyrir fólki einstaka eiginleika hennar. „Við vinnum eftir þeirri hugsjón að dýrin okkar þurfi jafn góðar vörur og mannfólkið og sömu gæðakröfur eru gerðar til smyrsla fyrir dýr og mannfólk.“

Umhverfisvænar náttúruvörur

Þetta eru mjög umhverfisvænar náttúruvörur þar sem grunnhráefnið er minkaolía en hún hefur mjög hátt hlutfall af ómega þrjú, sex og níu fitusýrum. Einar segir að olían sé afskaplega mjúk og smjúgi vel inn í húðina án þess þó að skilja eftir sig fitukennda áferð á yfirborði. „Jurtirnar sem við notum í smyrslin eru þekktar fyrir lækningaeiginleika sína og hafa verið nýttar bæði hérlendis og erlendis til lækninga og heilsubóta í mörg hundruð ár,“ segir hann.

Fjölþætt samstarf skilaði árangri

Urðarköttur hefur notið þess að fá þróunarstyrki frá ýmsum aðilum. „Við fengum tveggja ára styrk frá Tækniþróunarsjóði á sínum tíma og fleiri aðilum eins og Vaxtarsamningi Norðurlands vestra, Impru og Framleiðnisjóði. Á grundvelli þessara styrkja fórum við í samstarf við Matís um þróun á vinnslu bæði jurtanna og fitunnar en þetta samstarf skilaði okkur miklum árangri,“ segir Einar. Hann bætir því við að þau hafi einnig verið í samstarfi við Listaskólann á Akureyri um hönnun á kennimerki Gands.



Einar E. Einarsson, bóndi á Syðra-Skörðugili, stóð vaktina á Landsmóti hestamanna í sumar og kynnti vörurnar frá Urðarketti. Hann segir að fyrirtækið hafi lítið auglýst en eiginleikar smyrslanna spyrjast fljótt út á meðal viðskiptavina.

Smyrsl fyrir menn

„Í dag erum við með tvær gerðir smyrsla á markaði fyrir fólk en það eru Sárabót og Hælabót. Sárabót er nærandi og mýkjandi húðsmyrsl ætlað á sár, þurrkbletti og viðkvæma húð. Hælabótin er aftur á móti fótasmyrsl sem við þróuðum í samvinnu við Fótaaðgerðastofuna Táin á Sauðárkróki en það er sérstaklega ætlað á þurra hæla og þurra húð á fótum. Við vinnum sjálf bæði olíuna og jurtirnar en Pharmarctica á Grenivík setur smyrslin á túbur,“ segir Einar. Umboðsaðili Urðarkattar fyrir Sárabót og Hælabót er fyrirtækið Icecare sem sér um dreifingu og markaðssetningu í apótek og heilsuvöruverslanir en í dag má kaupa þau smyrsl í flestum apótekum landsins og mörgum öðrum verslunum.

Smyrsl fyrir dýr

Húðsmyrslið er fjölnota smyrsl og nýtist bæði mönnum og dýrum að sögn Einars. „Við höfum hins vegar mest markaðssett það gagnvart hestamönnum en mjög góð reynsla er komin á það við að græða múkk í hestum eða slysa- og bitsár. Kúabændur nota það líka á spenasár eða önnur sár. Í öllum smyrslunum er sama olían en mismunandi tegundir af jurtum og ilmefnum greinir þau í sundur,“ segir Einar.



Undir vörumerkinu Gandur eru nokkrar framleiðsluvörur, mismunandi smyrsl og leðurfeiti.
Myndir / TB

Leðurfeiti

„Leðurfeitina framleiðum við í tveimur stærðum, 300 og 500 ml dósum, en þar er minkaolían aðaluppistaðan. Leðurfeitin er ætluð á reiðtygi, gönguskó eða aðrar leðurvörur. Minkaolían fer vel inn í leðrið þannig að t.d. gönguskór eða reiðtygi verða vel vatnsvarin en mjúk á sama tíma. Leðurfeitin hefur fengið mjög góðar viðtökur en bæði hana og smyrsl fyrir hestana er nú hægt að kaupa í öllum helstu búvöru- og hestavöruverslunum um land allt.“

Útflutningur hafinn

Að sögn Einars er fyrirtækið farið að flytja framleiðsluvörurnar á erlenda markaði en húðsmyrslið fyrir hesta er komið í sænskar og danskar verslanir. „Umbúðirnar eru merktar á sænsku og dönsku og við höfum líka gert bæklinga og heimasíðu á sömu tungumálum. Við höfum verið í samvinnu við bæði dýralækna og hrossaræktendur í Svíþjóð og Danmörku sem hafa getað prófað húðsmyrslið fyrir okkur við mismunandi aðstæður. Það sem hefur komið mest á óvart í því ferli er hversu vel smyrslið reynist við sumarexemi á hestum en það vandamál herjar á hluta íslenskra hesta sem eru erlendis. Í framtíðinni er samt ekki ætlunin að einblína eingöngu á eigendur íslenskra hesta því allir glíma við einhvers konar sár og vandamál sem þeir vilja gjarnan leysa með græðandi smyrsli sem inniheldur hrein náttúruefni og enginn paraben- eða pensilín-efni,“ segir Einar.

Viðbrögðin góð

Einar segir að viðbrögð kaupenda við vörunum séu góð. „Það má segja að þessi viðbrögð sé það sem fyrst og fremst hefur hvatt okkur áfram í þessu fjölskylduverkefni hér á Syðra-Skörðugili. Á sýningum, eins og t.d. á Handverkshátíðinni á Hrafnagili og atvinnulífssýningum sem við höfum mætt á, hittir maður marga og fær reynslusögur beint í æð frá fólki. Notkunin hjá fólki er fjölbreytt en stutta lýsingin er að fólk með þrálát húðvandamál af ýmsum gerðum eða með þurra húð notar vörurnar mest og er ánægðast.“

Fleiri vörur á hugmyndastigi

„Við tökum eitt skref í einu en það hafa komið fram hugmyndir um fleiri vörur fyrir bæði menn og dýr. Við erum að skoða ýmislegt og vonandi koma frá okkur á einhverjum tímapunkti fleiri vöruflokkar þar sem eiginleikar minkaolíunnar fá notið sín,“ segir Einar E. Einarsson á Syðra-Skörðugili að lokum.

Ítarlegri upplýsingar um vörurnar frá Syðra-Skörðugili er hægt að finna á heimasíðunni www.gandur.is */TB*

Prjónauppskriftir Bændablaðsins



Fjöldi innsendra prjónauppskrifta

Á síðasta ári auglýsti Bændablaðið eftir uppskriftum í prjónasamkeppni blaðsins vegna fyrirhugaðrar útgáfu prjónabókar. Vegna óviðráðanlegra orsaka verður ekki af útgáfu prjónabókarinnar að svo stöddu.

Bændablaðið fékk hins vegar leyfi frá nokkrum höfundum innsendra uppskrifta til að birta þær í þessum prjónakálfi með blaðinu. Um leið vill ritstjórn blaðsins þakka kærlega fyrir viðtökurnar og ekki hvað síst fyrir allar þær fallegu uppskriftir og tillögur sem blaðið fékk sendar.

Erla Hjördís Gunnarsdóttir

Varðveitt prjón á Íslandi

Árið 1981 fannst sléttprjónaður einþumla belgvettlingur í uppgreftri að Stóru-Borg undir Austur-Eyjafjöllum. Hann er líklega frá fyrri hluta 16. aldar, og því elsta varðveitta íslenskt prjónles sem vitað er um.

Árið 1987 fundust leifar af prjónlesi í uppgreftri í Viðey, meðal annars forvitnileg sléttprjónuð kollhúfa með eyrnaskjólum, sem kann að vera frá svipuðum tíma og vettlingurinn eða jafnvel eldri. Í fyrstu taldi höfundur að húfa þessi væri einstæð meðal varðveittra íslenskra prjónaplagga frá fyrri tíð. Svo var ekki því keimlík húfa, varðveitt á Skógasafni, hafði fundist vorið 1977 í rústum gamla bæjarstæðisins á Dyrhólum í Mýrdal. Sú húfa er talin frá 17. eða 18. öld.



Við fornleifauppgröft á Bergþórshvoli árið 1927 fundust talsverðar leifar af prjóni sem álitnar voru frá um 1600 eða fyrri hluta 17. aldar.

Úr bókinni;
Prjónað úr íslenskri ull.
/Elsa E. Guðjónsson.



Fyrirtækið Ístex var stofnað árið 1991 á grunni Álafoss.

Ullariðnaður á Íslandi

Ullariðnaður á Íslandi skiptist í nokkrar undirgreinar. Þessar greinar hafa átt sín vaxtarár, blómaskeið og hnignunartíma. Þannig framleiddu kembivélar og spunaverksmiðjur aðallega lopa fyrir heimilisiðnaðinn fyrir 1930.

Á fjórða áratugnum jókst vefnaður verulega og einnig bandframleiðsla fyrir prjónastofur.

Hrun varð á lopamarkaði um 1950 og skömmu síðar hófst framleiðsla á gólfteppabandi fyrir gólfteppavefnað. Blómatími gólfteppafyrirtækjanna var á sjöunda áratugnum, en á áttunda áratug aldarinnar týndu þau síðan tölunni hvert af öðru í samkeppni við innflutt teppi. Framleiðsla á prjónavörum jókst hins vegar mjög á sama áratug, svo kalla mætti það tímabil „áratug hins vélvædda prjónaiðnaðar“. Eftir mikla uppbyggingu og fjölgun prjónastofa tók að halla undan fæti á erlendum mörkuðum á níunda áratug 20. aldar, sem endaði með því að gömlu, stóru fyrirtækin fóru í þrot. Fyrirtækið Ístex var stofnað árið 1991 á grunni Álafoss og er í eigu nokkurra starfsmanna og um 1.800 bænda. Með öflugri spunaverksmiðju framleiðir það handprjónaband úr íslenskri ull og má þar nefna Plötulopa, Álafosslopa, Bulkylopa og Léttlopa. Ístex kaupir ull beint frá bændum sem er þvegin í þvottastöð fyrirtækisins á Blönduósi og spunnið úr henni band í spunaverksmiðjunni í Mosfellsbæ.

Prjónað úr íslenskri ull
/Magnús Guðmundsson





Ullarþankar

Verulegar breytingar hafa orðið á verðlagningu ullar, svo sem fram er komið. Góð ull sem nýtist í vinnslu innanlands hækkar í verði en lakari ull sem seld er úr landi óunnin, mest í teppaframleiðslu, lækkar.

Bændur hljóta því enn frekar en áður að leggja áherslu á að framleiða og skila á markað góðri ull. Þar er að mörgu að hyggja. Mestu skiptir ástand ullarinnar á kindinni á rúningsdegi því skemmd ull verður ekki bætt. Að jafnaði er ullin hreinust áður en kindur eru hýstar en þó verður að huga að því að þær hafi rúmt og hreint svæði til beitar og dvalar fyrir rúning og möguleg heygjöf úti dreifist ekki og verði legupláss þeirra. Þá getur ull skemmst af mýrarrauða á haustbeit og litarspray jafnvel að vori getur setið í ullinni fram yfir rúning.

Betra er þó bæði fyrir velferð kindanna og ullargæði að hýsa fé frekar en láta það hrekjast úti í votviðrum og snjó. Þá er æskilegt að hýsa fé sem þurrast og hafa hús eins mikið opin og mögulegt er til að forðast raka í húsum og óafturkræfar húsvistarskemmdir á ullinni. Sérstaka aðgát þarf einnig að hafa við alla heygjöf fyrir rúning, því heymor verður ekki þvegið úr ull.

Fyrsta flokks ull er laus við snoðklepra, gulku og gróf hár

Svo sem fram kemur í ullarmatsreglugerð þarf fyrsta flokks ull að



Ari Teitsson.

vera vel hrein og laus við snoðklepra, gulku og gróf hár. Því verður áður en rúið er að hreinsa allt snoð af því fé sem ætlað er að skila fyrsta flokks ull. Það er allnokkur vinna en í raun ábatasöm sé horft til munar á heildargreiðslum fyrir 1. og 2. flokks ull. Til vinnusparnaðar við rúning er gott að forflokka féð þ.e. taka frá allt það fé sem ekki skilar góðri ull þ.e. ær með snoðklepra, mikið gulflekkóttar ær og mislitar.

Við rúning er nauðsynlegt að taka hnakkaullina strax frá því gróf hnakkahár verða ekki tínd úr ullinni síðar. Raunar er æskilegt að taka læraullina einnig frá um leið og hún losnar af kindinni (vel mögulegt með þriggja tinda heykvísl). Kviðarull þarf einnig að fjarlægja sé kviður rúinn sem ekki er sjálfgefið.

Æskilegast er að leggja hvert reifi á borð undir góðu ljósi til flokkunar, þannig næst mest af góðri ull. Séu ekki möguleikar á slíku má ná þokkalegum árangri með forflokkun fjárins og nákvæmum vinnubrögðum og góðri lýsingu við rúning og frágang ullarinnar. Þá verður þó að fylgjast með hverri kind við rúning og gæta þess vel að ekki fari gölluð ull í H 1 H pokana.

Að mati starfsmanna Ístex á Blönduósi eru algengustu mistök bænda við flokkun ullar að þeir setja blakka ull, ull með gróft skítugt tog og þófna ull í fyrsta flokk, þótt fyrir liggi að gróft tog og óhrein ull verði aldrei nothæf vara í betri ullarvinnslu. Einnig er sett of mikið af þéttum ullarflókum, sem hvorki verða tættir né þvegnir svo vel sé, í 2. flokk, en slíkir flókabendlar hafa spillt möguleikum Ístex á að selja 2. flokk erlendis.

Nú fara innan við 40 % af íslensku ullinni í þá flokka sem unnir eru hérlendis. Forsendur fyrir aukinni ullarvinnslu eru að bændur nái með góðum vinnubrögðum að bæta ullina, en til nokkurs er að vinna bæði fyrir einstaka bændur og þjóðarbúið.

Nánari verklýsingu varðandi flokkun ullar má finna á heimasíðu Ístex.

/Ari Teitsson

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða 2016/17

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6.	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6.	566-6300
Borgarnes	Magnús Kristjánsson	892-1207	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Görðum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Áfangi ehf	666-1188	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Saurbær	Áfangi ehf	666-1188	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Króksfjarðarnes	Áfangi ehf	666-1188	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Barðaströnd	Barði Sveinsson / Nanna	456-2019	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Þingeyri	Akstur og löndun ehf	897-6733	Neðri Hjarðardalur	456-8137
Flateyri	Akstur og löndun ehf	897-6733	Akstur og löndun ehf	897-6733
Ísafjarðardjúp	Akstur og löndun ehf	897-6733	Akstur og löndun ehf	897-6733
Hólmavík	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt.	898-4829
Bitrufjörður	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt.	898-4829
Borðeyri	Strandafrakt	892-4646	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Hvammstangi	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarþvottastöð	483-4290	N1 - Píparinn Blönduósi	452-4545
Sauðárkrókur	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Eyri.	455-4610
Akureyri	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi Oddeyrargötu	460-3350
Húsavík	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi-Húsavík. Trausti	464-3450
Mývatn	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi-Húsavík. Trausti	464-3450
Kópasker	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Vopnafjörður	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Baldur Grétarsson	861-1961	Fóðurblandan, Egilsstöðum	570-9860
Höfn	Víðir Gíslason	864-4819	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Víðir Gíslason	864-4819	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Víðir Gíslason	864-4819	Ragnar S. Þorsteinsson	864-96285
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Áfangi ehf	666-1188	Fóðurblandan Selfossi	570-9840
Selfoss	Áfangi ehf	666-1188	Fóðurblandan Selfossi	570-9840



Góð ull hækkar í verði

Taki mið af markaðsaðstæðum

Á undanförnum árum hefur verið mikill áhugi á íslenskum ullarvörum og nýtingu ullarinnar til margs konar framleiðslu. Þar hefur fjölbreytt og gott framboð á vel hönnuðum fatnaði og góðar leiðbeiningar um prjónaskap ráðið miklu. Á sama tíma hefur fjöldi erlendra ferðamanna margfaldast og ullarvörur okkar orðið að þjóðareinkenni. Betri hluti íslensku ullarinnar nýtist því í ullarvörur sem seldar eru á góðu verði.

Á sama tíma hefur verið samdráttur og verðlækkun á erlendum ullarmörkuðum. Þar við bætist að lakari hluti íslensku ullarinnar hefur að mestu verið seldur til Bretlands en gengi pundsins hefur fallið hratt á undanförnum mánuðum og krónan styrkst á sama tíma.


Stjórnendur Ístex telja rétt að það ullarverð, sem bændum er greitt, taki mið af markaðsaðstæðum. Því hefur Ístex hækkað verð á góðri ull sem nýtt er til vinnslu innanlands en lækkað verð á lakari ull sem seld er úr landi óunnin. Fyrir ullarframleiðendur hefur þetta þau áhrif að þeir sem framleiða góða ull fá nú hærra verð en á síðasta ári. Þeir sem framleiða ull af meðalgæðum fá svipað verð og í fyrra en þeir sem framleiða lakari ull, sem nær öll fer til útflutnings, fá nú mun lægra verð en á síðasta ári.

Matvælastofnun hefur einnig ákveðið breytingar í sömu átt á greiðslum vegna ullarnýtingar með lækkun á greiðslum fyrir H2 en hækkun á öðrum flokkum.

/Stjórn Ístex

Ullarverð 2017 – kr./kg.

Flokkur	Ístex	Áætluð beingreiðsla	Áætlað heildarverð
H-Lamb	492	708	**1.200**
H-2 Lamb	405	683	**1.088**
H-1 flokkur	405	683	**1.088**
H-2 flokkur	113	455	**568**
M-Svart	336	607	**943**
M-Grátt	336	607	**943**
M-Mórautt	336	607	**943**
M-2 flokkur	60	152	**212**



Merkingar á ullarpokum

Á ullarpoka skulu koma fram eftirtaldar upplýsingar:

1. Flokkur ullar.
2. Þyngd ullar í poka. Æskilegt er að þyngd ullarpoka fari ekki yfir 30 kg
3. Kennitala innleggjenda.
4. Heildarfjöldi poka frá innleggjenda.





Bændablaðið
Kemur næst út
17. nóvember



FROSTFRÍAR LAUSNIR

Polarflex Pirit Pro
frostfríar slöngur

Slöngur með innbyggðan sjálfvirkan hitastilli sem hitnar þegar þörf er á.

Tilvalin lausn þegar færa þarf vatn og frárennsli frá A til B á kuldaslóðum!



Polarflex
snjóbræðslumottur

Bræða klaka og snjó við snertingu þannig að svæði haldist snjólaus og klakalaus.

Enginn snjómokstur, klaki eða salt!





KJARAN ehf. | Síðumúla 12-14 | 108 Reykjavík | Sími 510 5500 | kjaran@kjaran.is | kjaran.is

KJARAN

YEA-MIX ICELAND
Bætiefnablanda sem inniheldur lifandi ger

Yea-Mix Iceland er bætiefnablanda sem er aðlöguð að íslenskum aðstæðum. Hún inniheldur lifandi ger sem bætir vambarheilbrigði og fóðurnýtingu.



Yea-Mix Iceland inniheldur:

Lífrænt selen
- Dregur úr júgurbólgum og föstum hildum.
- Lækkar frumutölu í mjólk.
- Eykur frjósemi og styrkir ónæmiskerfið.
- Gefur sterkari og lífvænlegri kálfa.

Náttúrulegt E-Vítamín
- Náttúrulegt E-vítamín hefur meiri virkni.

Bíótín
- Bíótín styrkir heilbrigði klaufa og feld gripa.

Rannsóknir hafa sýnt kosti þess að gefa ger með fóðri:
- Sýrustigið í vömbinni verður stöðugra og dregur úr hættu á súrri vömb.
- Nýting á sterkju eykst.
- Meltanleiki trénis (NDF) eykst.
- Eykur myndun örvera og hækkar í raun AAT.
- Hlutfall fitusýra verður hagstæðara.
- Lægra magn ammóníaks.
- Lægri frumutala í mjólkinni.
- Aukin nyt.

Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS

SS - Fosshals
Búvörudeild
Sími: 575-6000

SS - Selfossi
Afgreiðsla
Sími: 575-6000

Suðurland
Bergur Pálsson
Sími: 894-0491

Suðurland
Ingi Már Björnsson
Sími: 894-9422

Borgarfjörður
Sigfús Helgi Guðjónsson
Sími: 892-9757

Snæfellsnes
Brynjar Hildibrandsson
Sími: 893-1582

Dalasýsla
Unnsteinn Hermannsson
Sími: 864-1416

Reykhólar
Hafliði Viðar Ólafsson
Sími: 892-5022

Flateyri
Ásvaldur Magnússon
Sími: 868-8456

Strandasýsla
Sigrún Magnúsdóttir
Sími: 893-9964

Húnavatnssýslur
Pétur Daníelsson
Sími: 891-8626

Skagafjörður, Eyjafjörður og Þingeyjarsýsla
Þorgils Sævarsson
Sími: 860-9898

N-Austurland
Eyþór Margeirsson
Sími: 893-1277

Austurland
Helgi Rúnar Elísson
Sími: 860-2729

Höfn
Bjarni Hákonarson
Sími: 894-0666

Sláturfélag Suðurlands svf. • www.ss.is • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Simi 575 6000

Hönnun: Anna Jóhanna Hilmarsdóttir

Heiðrún – léttlopagalli með geitamynstri

Stærð:

Um 80 (1 árs).

Léttlopi:

Grunnlitur (6), geitur A(1) og B(1).

Hringprjónar

Nr. 4½, 40 og 60 cm; sokkaprjónar nr 3½ og 4½ .

Rennilás

Skammstafanir:

l=lykkjur; prj=prjóna; óprj=óprjónuð; umf=-umferð; sl=sléttar lykkjur; br=brugnar lykkjur.

Skálmar

Fitja upp 32 l á sokkaprjóna 3½ og prjóna stroff (1 sl, 1 br) ca 2 cm. Skipta á prjóna 4½ og bæta 16 l við í fyrstu umf (= 48 l). Auka um 2 l í 5. umf 8 sinnum (= 64 l). Prjóna áfram þar til skálmin er 23 cm. Prjóna aðra skálm eins.

Bolur

Sameina skálmar á einn prjón (= 128 l) og merkja samskeytin báðum megin. Prjóna 2 umf sl.

Prjóna svo frá fyrri samskeytum: *1 sl; 2 l saman; prj sl þar til 3 l eru eftir að merki; 1 l óprj; 1 sl og steypa óprj yfir; 2 l sl; 2 l saman; prjóna sl þar til 3 l eru eftir; 1 l óprj; 1 l sl og steypa óprj yfir; 2 l sl. Prjóna 2 umf sl*

Endurtaka *-* 4 sinnum (=108 l).


Prjóna 1 umf sl.

Fitja upp 2 l í byrjun umf og prjóna þær brugnar alla leið upp (f. rennilás) (= 110 l).

Prjóna sl þar til stykkið allt er 49 cm.

Ermar

Fitja upp 28 l á prjóna nr 3½ og prjóna stroff (1 sl, 1br) 3 cm. Skipta á prjóna nr 4½ og auka út um 10 l í fyrstu umf (= 38 l). Auka um 2 l í 6. umf 2



sinnum (= 42 l). Prjóna þar til ermi er 20 cm. Setja 10 l á nál undir ermi og prjóna aðra ermi eins.

Axlarstykki

Sameina bol og ermar. Byrjað er milli brugnu l fyrir miðju að framan. Prjóna 24 l ; setja 10 á nál; prjóna ermi (32 l); 44 l af bol; setja 10 l á nál; prjóna seinni ermi (32 l); 24 l af bol (= 156 l).

Prjóna 2 umferðir yfir allar lykkjurnar.

Prjóna mynstur: byrja við miðjulykkjurnar, prj 1 sl síðan endurtekið mynstur og enda á 1 sl við miðjulykkjurnar (brugnu lykkurnar og 1 sl hvoru megin við þær eru ekki í mynstri).



Úrtaka

Þegar mynstri er lokið er tekið úr á eftirfarandi hátt með grunnlit:

Prjóna 1 umf sl (nema miðjulykkjurnar eru áfram br). Ath að umferð byrjar alltaf og endar á miðjulykkjunum.

Prjóna br lykkjuna og 1 lykkju sl. *Prjóna 2 l sl; prjóna saman 2 l* Endurtaka þar til 1 sl er eftir, prjóna hana og svo síðustu br l.

Prjóna 3 umf sl. (nema miðjulykkjurnar eru br)

Prjóna br l og 1 l sl. Prjóna 2 l og svo 2 l saman *Prjóna 4 l; prjóna saman 2 l* Endurtaka þar til 1 sl er eftir, prjóna hana og svo síðustu br l.

Prjóna 2 umf sl. (nema miðjulykkjurar eru br)

Prjóna br l og 1 sl. Prjóna 2 l og svo 2 l saman *Prjóna 3 l; prjóna saman 2 l* Endurtaka þar til 1 sl er eftir, prjóna hana og svo síðustu br l.

Prjóna 3 umf sl.

Prjóna br l og 1 sl. Prjóna 2 l og svo 2 l saman * Prjóna 2 l; prjóna saman 2 l* Endurtaka þar til 1 sl er eftir, prjóna hana og svo síðustu br l.

Prjóna 1 umf sl.

Hetta

Skipta á prjóna nr 3½. Prj 1 umf sl. og taka úr 9 lykkjur með jöfnu millibili í fyrstu umf. Prjóna stroff (1 sl, 1 br) fram og til baka 4 cm, prj síðustu umf frá réttu.

Skiptið yfir á prj nr 4½ prj sl og aukið út um 16 l jafnt yfir fyrstu umf nema fyrstu fjórar og síðustu 4 l á prjóninum sem eru áfram prjónaðar sl og br í framhaldi af stroffinu. Prj þar til hettan mælist 24 cm frá síðustu umf á axlastykki.

Frágangur

Ganga frá lausum endum

Lykkja saman undir höndum og efst á hettunni.

Þvo gallann! Mæla svo lengdina fyrir rennilásinn.

Sauma í saumavél 4 sauma í brugnu lykkjurnar, klippa á milli og sauma þar í rennilásinn.

Hönnun: Andrea Björnsdóttir

Ullarsokkar

Garn: hosuband, gott að nota afganga.

Stærðir: 35 – 36, 37 – 39, 40 – 42.

Prjónar: sokkaprjónar númer 4.

Farið er yfir hvernig hvíti sokkurinn er prjónaður en það er hægt að nota hvaða litasamsetningu sem hver og einn vill og hvaða munstur samsetningu sem hann vill. Athugið að munstur L er breiðar en hin.

Fitja upp 36 – 40 - 40 lykkjum með hvítu, skipta lykkjunum jafnt á milli 4 prjóna og tengja í hring. Prjónið 2 lykkur slétt og 2 lykkjur brugðið í 20 umferðir. Prjónuð er 1 umferð með hvítu og 2 umf. m eð svörtu

Síðan er prjónað munstur sem hver og einn getur valið en hér er notast við munstur G, prjónið munstur eftir munsturteikningu. Grunnliturinn er hvítur en munstur (X) er prjónað með mosagrænu. Eftir að munstri er lokið er prjónuð 1 umf. með svörtu, í næstu umferð er skipst á að prjóna 1 lykkju svarta og 1 lykkju gráa allan hringinn Næst er munstur J prjónað eftir munsturteikningu, grunnliturinn er hafður grár og munstrið er rauðyrjótt. Eftir að munstri er lokið er skipts á að prjóna 1 L svarta og 1 L gráa allan hringinn. Síðan er prjónuð 1 umf. með svörtu.

Þá er munstur F prjónað eftir munsturteikningu, grunnliturinn er bláyrjóttur og munstrið er hvítt. Síðan er munstur A prjónað eftir munsturteikningu, grunnliturinn þar er svartur og munstur er haft rauðyrjótt.

Prjóna 1 umf. hvítt og þá er komið að hæl:

Núna eru 9 -10 -10 L fyrstur og öftustu settar á einn prjón (á prjóni eru 18 – 20 -20). Prjónað fram og til baka, slétt á réttunni en brugðið á röngunni með hvítu. Nú er prjónaður svokallaður Halldóruhæll.

- Fram og til baka.
- Fram og til baka.
- Fram og til baka.
- Fram og til baka.
- Fram og til baka.
- Fram og til baka.
- Fram og til baka.
- Fram og til baka.

7 – 6 – 7 (byrja hér í stærð 37-39 og 40-42)

6 – 6 – 6 (byrja hér í stærð 35-36)

Nú eru 5 – 6 - 6 L prjónaðar og svo 2 L teknar saman og prjónaðar 4 L og 2 L teknar saman, þá er snúið við og prjónað brugðið 6 L. Það eru alltaf 6 L í miðjunni og alltaf teknar 2 L saman eins og í fyrstu umferð þar





til eingöngu 6 L eru eftir á prjóninum.


Taka 9 -10 -10 L upp á hvorri hlið á hælnum, þá eru 36 – 40 – 40 L í heild á prjónunum. Lykkjurnar 6 skiptast á 2 prjóna og svo eru prjónaðar 2 umf. með




hvítu Ef lykkjurnar eru fleiri en eiga að vera eru teknar saman á hverjum prjón 2 L í annari hverri umferð þar til þær verða 36 – 40 - 40.

Í stærð 35 – 36 eru munstur K, L, D.


Munstur A




Munstur B




Munstur C



Munstur D



Munstur E



Í stærð 37 – 39 er munstur K,L,D,M prjónað

Í stærð 40 – 42 er munstur K,L,D,M,A prjónað.

Nú er munstur K prjónað eftir munsturteikningu, sem er í grunnlitinn mosagrænt og munstur er gráspreng. Prjóna 2 umf. hvítt, síðan er prjónuð til skiptis 1 L hvítt og 3 L bláar einn hring. Næst er munstur L prjónað eftir munsturteikningu, þar sem grunnlitur er blár og munstur er rautt. Prjóna 1 L hvíta og 3 L bláar í eina umf. Að því búnu eru prjónað 2 umf. með hvítu. Síðan er munstur D prjónað eftir munsturteikningu þar sem grunnliturinn er rauðyrjóttur og munstur grátt. Prjónið 1 umf. hvítt og 1 umf. svart. Í stærð 35 – 36 er hér farið í úrtöku á tá.


Þá er munstur M prjónað eftir munsturteikningu þar sem grunnliturinn er svartur og munstur er grátt. Prjóna 1 umf. með hvítu. Í stærð 37 – 39 er hér farið í úrtöku á tá.

Nú eru prjónaðar 2 umf. með rauðsprengdu. Og að lokum er munstur A prjónað eftir munsturteikningu, skipt yfir í hvítt og prjónað úrtaka á tá.


Úrtaka á tá:

Skiptið yfir í hvítt. Sameinið lykkjurnar af tveimur fyrstu prjónunum á einn prjón, það er þægilegt til að muna hvar maður á að byrja. 1. umf. prjónn 1: Prjónið 1 L takið 2 L saman prjónið síðan slétt út prjóninn þar til 3 L eru eftir, þá eru 2 L prjónaðar saman og síðasta lykkan prjónuð slétt. Prjónn 2: Prjónið 1 L takið 2 L saman prjónið síðan slétt út prjóninn. Prjónn 3: Prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru eftir, þá eru 2 L


Munstur F




Munstur G




Munstur H




Munstur I




Munstur J




Munstur K



Munstur L



Munstur M




= Grunnlitur X = Munstur

prjónaðar saman og síðasta lykkan prjónuð slétt. 2 umf, Prjónið slétt út umferð. Umferð 1 og 2 eru síðan prjónaðar til skiptis þar til 20 – 24 – 24 eru eftir. Sameinið L á prjóni 2 og 3 á einn prjón. Þá er tekið úr í hverri umferð þar til 6 – 8 - 8 L eru eftir. Slitið frá og bræðið endann í gegnum lykkjurnar. Prjónið hinn sokkinn eins.

Gengið frá öllum endum. Sokkar þvegnir og lagðir til þerris.

Hlý húfa fyrir veturinn
– undir norskum áhrifum





(Tekið skal fram að þessi uppskrift var ekki ein af aðsendum til blaðsins heldur til gamans og viðauka)

Stærðir: (konur) karlar
Garn: 100 % ullargarn (t.d. Smart, Sandnes Alpakka, Sandnes duo, Mandarin classic ofl.)
Magn:
100 g dökkblár
50 g hvítur
50 g rauður
Prjónar: Litlir hringprjónar nr. 3 og 3 ½
Aðferð:
Fitjið upp (108) 124 lykkjur með dökkbláum á hringprjón nr. 3 og prjónið 8 umferðir af stroffi, 1 rétt og 1 brugðin. Skiptið yfir á hringprjón nr. 3 ½ og prjónið mynstur með sléttprjón eftir mynd. Þegar búið er að prjóna 6 umferðir af mynstri þarf að bæta við 2 lykkjum í karlastærðina svo þær verði 126. Haldið áfram með dökkbláan þar til húfan mælist (18) 20 cm. Prjónið eina umferð um leið og lykkjufjöldinn verður (108) 120 lykkjur. Í næstu umferð er fellt af í toppi húfunnar á þennan hátt: Prjónið 10 lykkjur og takið 2 saman, endurtakið út umferð. Prjónið næstu 2 umferðir án þess að fella úr. Prjónið því næst 9 lykkjur og takið 2 saman, endurtakið út umferð. Prjónið 2 umferðir án þess að fella úr. Haldið áfram á þennan hátt með einni lykkju minna í hvert sinn sem tekið er úr þar til eftir standa (18) 20 lykkjur. Klippið þráðinn og þræðið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru. Festið að endingu þráðinn vel. */ehg*



Staðreyndir um ull

- Ull er 100 prósent endurnýjanleg og náttúrulegt efni.
- Ull getur haft stjórn á líkamshita og getur þannig aðlagast bæði köldu og heitu. Ullin getur haldið á fólki hita þó að hún sé blaut. Á veturna hefur ullin hitaeinangrunaráhrif á meðan hægt er að klæðast þunnum ullarfatnaði allt árið.
- Sérstakt logavarnarefni er í ull.
- Ull hefur bakteríueyðandi eiginleika. Hún hamlar því að komi svitalykt og er því frábært val til að búa til undirföt og sokka úr. Brjóstahaldarar og brjóstapúðar úr ullarefnum er kjörinn fatnaður fyrir konur með börn á brjósti þar sem efnið heldur raka frá húðinni og getur þannig komið í veg fyrir sýkingar.
- Ull hefur sjálfshreinsunareiginleika og er auðvelt að halda hreinni. Ekki er þörf á að þrífa ullarfatnað ótt og títt og er jafnvel hægt að hengja út í góðan blástur í stað þess að þvo í þvottavél.
- Ull er teygjanleg og heldur þannig formi sínu vel, ef fatnaður úr ull hefur skroppið saman er yfirleitt hægt að ná henni aftur í upprunalegt horf með því að toga hana vel til.
- Norðmenn hafa sérstakt samband við ullarfatnað og nota hann gífurlega mikið, sérstaklega yfir vetrartímann. Samkvæmt könnun sem gerð var þar í landi árið 2012 kom í ljós að 93 prósent foreldra klæða börn sín í ullarfatnað á hverju ári.

Fengið af pierre-robert.com



Hespuhúsið er opin jurtalitunarvinnustofa í Borgarfirði þar sem gestum gefst kostur á að kíkja í litunarpottana og fræðast um gamlar litunarhefðir.
Í Hespuhúsinu er til sölu jurtalitað band og pakkar með bandi og uppskriftum að ákveðnum verkefnum (Kit) td, sjöl, vettlinga, barnateppi, húfur og fleira. Pakkarnir henta vel í jólagjafir.

Hespuhúsið er opið eftir samkomulagi á veturna og best er að hringja á undan sér í síma 8652910 eða hafa samband á hespa@vesturland.is.
SENDI UM ALLT LAND
Fésbókin: Hespa | Leiðarlýsing: www.icelandcolors.com
Google Map: Hespuhúsið eða Hespa

Hespa



LOPI

Stakar uppskriftir er að finna á www.lopidesign.is

Íslenska ullin er einstök

Íslensk ull
Gæðamerki

Hönnuður: Guðríður Helgadóttir

Batmanpeysa fyrir ofurhetjukrakka

Lopi og prjónar

Peysan er prjónuð úr tvöföldum plötulopa á prjóna nr. 5. (Prjónfesta er 20 L = 12 cm.)

Lopi: 2 plötur af dökkgráum lopa, 1 plata af hærusvörtum og 1 plata af skærgulum lopa.

Prjónar: Hringprjónar nr. 5, 60 cm og 40 cm, sokkaprjónar nr. 5.

Svartur rennilás, 45 cm.

Bolur:

Fitjað er upp á 60 cm hringprjón með hærusvörtu alls 117 lykkjur (115 L sléttar (sl)+ 2 brugðnar (br) í miðju). Peysan er prjónuð í hring og eru fyrsta og síðasta lykkja umferðarinnar brugðnar.

Prjónaðar tvær umferðir slétt og brugðið (sl+br) með hærusvörtu, svo ein umferð sl+br með skærgulu og loks er skipt í dökkgráan og stroffið prjónað þar til það mælist 5 cm. Þá er prjónuð ein umferð slétt með dökkgráu og aukið út um 6 lykkjur í alls 123 lykkjur (121 L sl + 2 br í miðju). Athugið að hver umferð upp alla peysuna byrjar alltaf og endar á brugðinni lykkju, peysan er rennd. Nú er prjónað munstur nr. 1 og svo haldið áfram með bolinn þar til hann mælist 29 cm.

Ermar:

Fitjað er upp á sokkaprjóna nr. 5 með hærusvörtu alls 28 lykkjur. Prjónaðar 2 umferðir sl+br í hring, þá ein umferð sl+br með skærgulu og svo skipt yfir í dökkgrátt og stroffið prjónað þar til það mælist 5 cm. Þá er prjónuð ein umferð slétt með dökkgráu og aukið út um 4 lykkjur, í alls 32 lykkjur. Þá er prjónað munstur nr. 1. Svo er aukið út um 2 lykkjur á ca 5 umferða fresti þar til alls eru 40 L í erminni. Ermin er svo prjónuð upp þar til hún mælist 37 cm. Þá eru 6 lykkjur settar á band (3 sitt hvorum megin við upphaf umferðar).

Samsetning:

Þegar kemur að því að setja ermar saman við bol eru prjónaðar 28 lykkjur (ein brugðin + 27 sléttar) og næstu 6 l settar á band. Ermin (sem nú telur 34 lykkjur) prjónuð við.


Þá eru prjónaðar áfram 54 lykkjur á baki peysunnar, 6 L settar á band og seinni ermin prjónuð við. Nú eru alls 179 lykkjur á prjóninum (177 sléttar + 2 brugðnar).



Batmanpeysa flöt að framan.



Batmanpeysa flöt að aftan.



Nú eru prjónaðar 4 umferðir af dökkgráu. Í fimmtu umferð eru teknar úr 4 lykkjur, ein hvorum megin við handarkrika þannig að alls eru 175 lykkjur (173 sl + 2 br) á prjóninum. Þegar kemur að því að prjóna munstur nr. 2 í sjöttu umferð þá eru í upphafi umferðar (eftir 1 br lykkjuna) prjónaðar 3 sléttar lykkjur dökkgráar, svo er prjónað munstur nr. 2 og umferðinni lýkur á 3 sléttum lykkjum dökkgráum (+ 1 br). Fyrsta úrtaka er í umferð 12.

Eftir að munstri lýkur er úrtaka frekar hröð. Gott er að hafa í huga að láta úrtöku passa þannig að 2 lykkjur sitt hvorum megin við brugðnu lykkjurnar í miðjunni séu látnar halda sér alveg að síðustu umferð, það er fallegra kringum rennilásinn.

14. umferð – dökkgrá, slétt, engin úrtaka.

15. umferð – dökkgrá, slétt. Prjónaðar 5 lykkjur, teknar saman lykkjur 6 og 7.

16. og 17. Umferð – engin úrtaka.

18. umferð - prjónaðar 4 lykkjur, teknar saman lykkjur 5 og 6.

19. umferð – engin úrtaka, skipt yfir í 40 cm prjón nr. 5.

20. umferð – prjónaðar 3 lykkjur, teknar saman lykkjur 4 og 5

21. umferð – engin úrtaka.

22. umferð – prjónaðar 2 lykkjur, teknar saman lykkjur 3 og 4

23. umferð – engin úrtaka

24. umferð – prjónuð ein lykkja, teknar saman lykkjur 2 og 3, síðasta úrtaka. Nú eru um 43 sl lykkjur á prjóninum + 2 br í miðjunni.

Hálslíning:

Prjónaðar 8 umferðir slétt og brugðið með dökkgráu, passa að fyrsta og síðasta lykkja við brugðnu lykkjurnar í miðjunni séu örugglega sléttar. Þá er prjónuð ein umferð sl+br með skærgulu og svo tvær umferðir sl+br með hærusvörtu. Nú er prjónuð ein umferð brugðin með hærusvörtu og svo ein umferð slétt með svörtu. Þá er skipt yfir í dökkgrátt og prjónaðar 5 umferðir slétt, svo er fellt laust af.

Frágangur:

Gengið vel frá lausum endum, ermar lykkjaðar saman undir höndum og hálslíning brotin niður (brugðna umferðin í svarta litnum staðsetur brotið) og saumuð innan á með dökkgráu. Saumað er í saumavél 2-3 umferðir með sléttum saumi eftir brugðnu lykkjunum og svo klippt á milli akkúrat í miðjunni milli brugðnu lykkjanna. Þá er hekluð ein umferð af fasta-hekli með hærusvörtu hvor sínum megin eftir kantinum og rennilásinn saumaður í.



Skemmtilegar staðreyndir um ull

- Ástralinn Hilton Barret á heimsmet í rúningstíma en það tók hann aðeins 39,31 sekúndu að rýja fullorðna kind á sýningu í Wellington í Wales árið 2010.
- Samlandi Barret, Jackie Howe, á metið í að handrýja kindur en árið 1892 rúði hann 321 kind á þann hátt á einum degi.
- Góður rúningsmaður getur rúið allt að 200 kindur á dag en ullin af þeim vegur svipað og lítill bíll.
- Ull hefur ótrúlega náttúrulega vörn gegn útfjólubláum geislum sólar sem forðar lömbum og kindum frá því að sólbrenna.
- Dýrasti hrútur í heimi var seldur í Skotlandi árið 2009 fyrir rúmlega 20 milljónir íslenskra króna af svokölluðu Texelkyni. Skoskur bóndi keypti gripinn sem notaður er til kynbóta.
- Það eru yfir 900 sauðfjártegundir í heiminum og ein af þeim vinsælustu er Merino en ull þeirra er ákaflega mjúk og fín í fatnað og teppi.
- Í Ástralíu er framleitt mest af ull í heiminum, eða um 284.000 tonn árlega.
- Kindur eru greindar skepnur því þær geta borið kennsl á allt að 50 andlit sauðfjár og munað þau í tvö ár en einnig muna þær andlit á manneskjum.
- Kindur hafa frábæra útlæga sjón. Hin stóru og rétthyrndu sjáöldur gera þeim kleift að hafa sjónsvið upp á næstum 360 gráður og í raun geta þær séð fyrir aftan sig án þess að snúa hausnum.


Fengið af minijumbuk.com.au

Hönnuður: Kristjana K. Jónsdóttir


Skjalda




Létt lopi 4 ára



Ermar og bolur





Íslenska lopapeysan

Hin eina sanna lopapeysa, með tvíbönduðu munstri á hringlaga herðastykki, er búin að vinna sér íslenskan þegnrétt, þó ekki sé saga hennar ýkja löng. Hún kom ekki fram fyrr en á 6. áratugnum, en óvíst er hvar og hvernig.

Sumir telja að fyrirmyndin sé grænlenskir kvenbúningar, ef til vill vegna þess að stundum var talað um lopapeysur með grænlenska munstrinu. Öðrum finnst líklegt að fyrirmyndina sé að finna í peysum sem byrjað var að framleiða í Bohusléni í Suður-Svíþjóð í byrjun 5. áratugarins. Þessar upprunakenningar eru býsna langsóttar.

Það eina sem íslenskar lopapeysur eiga sameiginlegt með grænlenskum



Grænlenskur þjóðbúningur.



Peysa frá Bohusléni í Svíþjóð.

perlusaumi er hringlaga herðastykki, munstur og litir eru gjörólík. Svipað má segja um sænsku peysurnar, þær voru að vísu nær hugmyndinni þar sem þær voru prjónaðar með hringlaga herðastykki, en úr mjög fínu garni og með allt öðruvísi munstrum.

Hafi íslenskar lopapeysur orðið til fyrir áhrif frá þeim hefur þurft mikla hugkvæmni til að aðlaga snið, úrtökur og munstur að mjög ólíku efni. Telja verður því íslensku lopapeysuna frumhönnun.

Ekki er óhugsandi að enn eigi eftir að koma á daginn hver hinn raunverulegi höfundur hennar var. */istex.is*

HVOLPASVEIT
KÚLUGÚBBAR
SVAMPUR SVEINSSON
MÍNA MÚS
STAR WARS
FROZEN
PartyParty.is er netverslun sem sérhæfir sig í frábærum afmælisveislum fyrir börn á öllum aldri!
FJÖLDI ÞEMA Í BOÐI OG SENDUM UM ALLT LAND
ÞYRNIRÓS
SKÓSVEINAR
MONSTER HIGH
MIKKI MÚS
SPIDERMAN
BATMAN
Partý Partý.is

Saga prjóns

Prjón er aldagömul handverkshefð og þekkt um allan heim. Talið er að Íslendingar hafi lært að prjóna á 16. öld. Mörgum finnst það eflaust skrítið að landsmenn hafi ekki lært að prjóna löngu fyrr því prjón er frekar einfalt og mjög nytsamlegt. Hins vegar er vitað að prjónakunnátta barst aðeins nokkrum áratugum fyrr til Evrópu. Á Englandi er talið að fyrstu sokkarnir hafi verið prjónaðir um 1560 og að fyrirmyndin af þeim hafi komið frá Spáni.

Uppruni prjóns á Íslandi

Talið er að prjónakunnátta hafi borist til Íslands á 16. öld með enskum, þýskum eða hollenskum kaupmönnum sem sigldu reglulega hingað til lands. Líklegt þykir að þýskir kaupmenn hafi átt þar stærstan hluta að máli. Hér á landi náði prjón strax mikilli útbreiðslu og kann meginástæðan að vera sú að miklu fljótlegra var að framleiða ullarvarning með þessu nýja verklagi heldur en í kljásteinsvefstólum sem þá voru notaðir til að vefa vaðmál til fatagerðar. Samt sem áður voru kljásteinsvefstólar í notkun allt fram á 19. öld.

Afurðir

Prjón varð mikilvæg búbót á öllum heimilum og Íslendingar prjónuðu á sig margs konar flíkur. Afurðirnar fóru auðvitað eftir tískunni hverju sinni, rétt eins og nú, en meðal þess sem prjónað var til heimilisnota voru t.d. sokkar, belgvettlingar, fingravettlingar, treflar, peysur, buxur, skór, hettur, húfur og jafnvel axlabönd. Auk þess voru nærföt karla og kvenna prjónuð svo og sokkabönd kvenna. Einnig má nefna að tjöld til viðlegu og koddaver voru jafnvel prjónuð.

Fyrst og fremst var prjónað úr ullarbandi úr sauðalitunum, en þó var til litað band, einkum svart, dökkblátt, rautt, grænt og gult. Oftast voru prjónaðar flíkur þæfðar eftir á til að þær væru hlýrri og endingabetri auk þess sem þær héldu betur vatni í rigningu.

Karlar, konur og börn prjónuðu á þessum tíma og því var prjón ekki talin sérstök kvennavinna fyrr en löngu síðar. Reyndar var ætlast til þess að allt vinnufært fólk gæti prjónað og börnum var kennt að prjóna mjög ungum. Mikið var flutt út af prjónlesi sem var mikilvægur hluti heimilistekna, og áttu allir að skila af sér ákveðnu magni af prjónlesi á tilteknum tíma.

Útflutningur

Allt fram á 19. öld var útflutningur á prjónlesi mikill. Á tímum einokunarverslunar Dana, 1602–1787, voru viðskipti með prjónles mikil og klögumálin gengu einatt á víxl milli kaupmanna og landsmanna yfir of lágu verði og óvandaðri vinnu. Prjónles var einnig notað sem gjaldmiðill, til dæmis til að greiða sýslugjöld og jarðarafgjöld. Þá notuðu landsmenn prjónles sem gjaldeyri í skiptum t.d. fyrir tóbak og brennivín.

/istex.is

Heimild: Hólmfríður J. Ólafsdóttir á http://wiki.khi.is/index.php/Prjón

www.n1.is facebook.com/enneinn



Vertu klár í kuldann!



K2 Kuldagalli
Vnr. 9616 K2 2009
Vatteraður með cordura efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum. Hettu má renna af.
Stærðir: XS-5XL
Litir: gulur/appelsínugulur



K2 Kuldabuxur með smekk
Vnr. 9616 K2 BX6023
Kuldabuxur með smekk og axlaböndum Vatterað.
Stærðir: XS-5XL
Litur: gulur/appelsínugulur



K2 Kuldajakki
Vnr. 9616 K2 2005
Kuldajakki, vatteraður með hettu sem hægt er að smella af.
Stærðir: S-4XL
Litur: gulur/appelsínugulur



Kuldagalli
Vnr. 9616 K2 2001
Vatteraður með cordura efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum. Hettu má renna af.
Stærðir: XS-5XL
Litur: grár/svartur



K2 Kuldabuxur
Vnr. 9616 K2 2006K
K2 Kuldabuxur með smekk og axlaböndum. Vatteraðar.
Stærðir: S-4XL
Litur: grár/svartur



K2 Kuldajakki
Vnr. 9616 K2 2005
K2 Kuldajakki, vatteraður með hettu sem hægt er að smella af.
Stærðir: S-4XL
Litur: grár/svartur



Lambhúshetta
Vnr. A421 2
Lambhúshetta úr flísefni, fóðruð með bómull. Ein stærð.



SHOWA hanskar thermo grip
Vnr. A414 691777*
Showa hanskar, latexdýfður, fóðraður vetrarhanski.



Vinnuvettlingar
Vnr. A108 VV101
Prjónaðir vinnuvettlingar, þykkir. Ull/nylon.

Verslanir N1 um land allt
Akureyri s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
Klettagarðar s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Blönduós** s. 467 1010
Reyðarfjörður s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127 • **Húsavík** s. 440 1448

Hluti af vetrarverkunum N1



Hönnuður: Guðrún Jónsdóttir

12 refir

Peysa á 3–4 ára.
Létt-lopi.
Hringprjónar nr.3 1/2 og 4 ½ 4o cm.
A-0054 ljós grár 1
Sokkaprjónar nr. 4 ½
B- 0059- svart 1
Prjónafesta 10x10 cm = 18 l og 24 umf. sl.
C- 1406 vorgrænn 1 á prjóna nr. 4 1/2
D- 1410 appelsínugulur. 1
AA- 9427 ryðbrúnn 3

Bolur:
Fitja upp 121 l. með svörtu . Bæta við 3 l. sem eru prjónaðar brugðnar ef peysan er höfð opin.
Prjóna sl og br 2 umf. Með ryðbrúnu svo 2 umf með vorgrænum. 4 umf með ryðbrúnum. Skipta yfir á pr. no. 4 ½ og prjóna slétt prjón þar til bolur mælist 24 cm.
Geyma bol.

Ermar:
Fitja upp 32 l . prjóna sl og br. eins og stroff á bol. Auka út um 4 l í fyrstu sl. umf.
Aukið út á miðri undirermi 2 l. Í sjöundu hv. Umf. 6 sinnum þar til 48 l eru á prjóninum prjónið þar til ermi mælist 27 cm.
Setjið 9 miðlykkjurnar á nælu og prjónið hina ermina eins.

Axlastykki:
Sameinið bol og ermar á einn hringprjón. Brugðnu lykkjurnar eru ekki taldar með.
Prjónið 25 l. Setjið 9 l á nælu og prjónið ermina í 39 l. Bak 53 l. 9 l á nælu . Seinni ermin prjónuð í og síðustu 26 l. Einnig 3 br. Áfram. Byrjið á mynstri og sannreinið lykkjufjöldann svo mynstrið passi . Auka út um eina l. Við handveg svo mynstrið passi. Prjónið mynstur eftir teikningu.

Kragi:
Prjónið síðustu umf. slétt með prj. 3 ½ . Takið úr ef þarf þar til 59 l eru eftir. Prjónið sl og br. 5 umf með grunnlit, 2 umf grænt, 2 umf grunnlit. 4 umf svart, síðustu 5 umf. með grunnlit. Fellið af.
Gangið frá endum. Sauma aftursting með appelsínugulu meðfram andlitinu á rebba. Kljúfið lopann til að fá fínni þráð.

Hönnuður: Hrefna Gunnsteinsdóttir

Í sveitinni

Stærð 4–5 ára.


Efni: Léttlopi 50 gr. Dokkur
Yfirvídd, 72 cm., bolur að handvegi 32 cm, ermi að handvegi 32 cm.
Prjónar nr. 2 ½

2 dokkur, Blátt 1402
1 dokka, Grænt 9422
1 dokka, Rauðbrúnt 1401
1 dokka, Grátt 0056
1 dokka, Svart 0059
1 dokka, Mórautt 0085
1 dokka, Hvítt 0051

Bolur:
Fitja upp 146 L, prjóna 1 SL. 1 BR. með gráu 4 cm. 1 umf. slétt auka út 7 L. 153 L Á. Prjóna munstur I að handvegi.




Ermar:
Fitja upp 40 L. með gráu. Prjóna snúning 1. SL, 1 BR. 4 cm. Prjóna 1 SL umf. og auka út 10 L. Prjóna munstur, auka út 2 L. undir hendi í 8. hverri umferð 6 sinnum 62 L. Á.



Axlastykki:
Sameinið ermar og bol, setjið 14 L. undir hendi á hjálparband bæði á bol og ermum. Prjónið með rauðbrúnu fyrir ermi 48 L. Prjónið 111 L. af bol (framst.). Seinni ermi 48 L. 110 L af bol (bakst.). Prjónið munstur II og takið úr eins og sýnt er á munstri.

Hálslína:
Takið úr þar til 70 L. eru á. Prjónið 1 SL, 1BR. 8 cm, fellið af. Brjótið hálslíningu tvöfalda og festið niður á röngunni. Lykkið saman undir höndum og gangið frá endum.



Íslenska sauðkindin



Íslenska sauðkindin er einstök tegund því stofninn hefur haldist einangraður í gegnum aldirnar og án nokkurs samneytis við aðrar tegundir.

Ull hennar er að sama skapi einstök og engin sambærileg ull er til í heiminum. */istex.is*

Langar þig í eitthvað einstakt?

Handspunnið band.

Í sauðalitunum eða skreytt með jurtalituðu.

Þel eða tog, gróft eða fínt.

Fiðuband og jurtalitað band.



Jurtalitað ullarband

Komdu við og skoðaðu úrvalið.

Ullarselið Hvanneyri - ull.is
Verslun með vandað handverk.
Opið alla fimmtudaga, föstudaga og laugardaga frá kl 13.00 - 17.00

Einstök samsetning ytri og innri þráða

Íslenska ullin hefur þróast í 1100 ár í köldu, norðlægu loftslagi og býr þess vegna yfir einstakri samsetningu innri og ytri þráða.

Ytri þræðirnir (tog) eru langir, glansandi, harðgerðir og vatnsþéttir en innri þræðirnir (þel) fíngerðir, mjúkir og einangrandi og veita mikla vörn gegn kulda. Önnur séreinkenni íslensku sauðkindarinnar eru náttúrulegir litir hennar, svartur, grár, brúnn og hvítur. Saman skapa þessir þættir einstakt útlit íslensks prjónafatnaðar sem sést einna best í hinni íslensku lopapeysu. */istex.is*





Þvottaleiðbeiningar:

Lopi ullarsápa og Lopi ullarnæring

Skammtur: 25 ml (2 tappafylli) í 5 L af vatni fyrir handþvott eða 75 ml (5 tappafylli) fyrir 4-5 kg af taui í þvottavél.

Álafosslopi, Bulkylopi og Léttlopi:

- Látið flíkina liggja í ylvolgu vatni (30°C) með Lopa ullarsápu í u.þ.b. 10 mínútur. Þvoið síðan varlega í höndunum. Skolið flíkina mjög vel, eða þar til vatnið er alveg tært. Hafið þvotta- og skolvatnið með sama hitastigi.
- Setjið að lokum Lopa ullarnæringu í vatnið og skolið. Nuddið flíkina hvorki né vindið í höndum heldur kreistið úr henni vatnið.
- Að endingu má setja flíkina í þvottavél á vindingarkerfi í 1-3 mínútur. Leggið flíkina síðan til þerris á sléttan flöt og í rétt mál.

Plötulopi:

- Flíkur úr Plötulopa eru þvegnar eins og flíkur úr Álafosslopa, Bulkylopa eða Léttlopa að því undanskildu að í fyrsta þvotti má alls ekki láta flík úr Plötulopa liggja í bleyti.
- Þvoið flíkina varlega með því að kreista hana í þvottavatninu og skolið flíkina strax að loknum þvotti í ylvolgu vatni. Ath. skolið mjög vel, eða þar til vatnið er alveg tært.



Athugið:

Oft er nóg að viðra ullarflík vel í stað þess að þvo hana.

/istex.is





Stórar og rúmgóðar 4ra hesta kerrur á tveimur öxlum.
Rist framan á kerru tryggir góða loftun um kerruna.
Öflugir flexitorar veita mjúka og góða fjöðrun. Minna skrölt og minni hávaði.
Stórir og breiðari hjólbarðar á 16" felgum sem hentar vel á slóðum og sveitavegum.
Rampur með timburgólfi sem leikur einn er að setja niður og reisa upp.
Ljós inni í kerru, gúmmímottur í gólfi og þverskilrúm er staðalbúnaður.
Hægt er að fá milligólf inn í kerrurnar fyrir fjárflutninga. Því má líka bæta við eftirá.

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is





Jörðin Flaga í Svalbarðshreppi er til leigu



Jörðin Flaga í Svalbarðshreppi Norðausturlandi er laus til ábúðar. Á jörðinni hefur verið stundaður sauðfjárbúskapur og hrossarækt, en jörðin býður upp á ýmsa möguleika. Ríflega 200 ærgildi fylgja jörðinni. Tún og ræktarlönd eru um 18 ha og ræktunarmöguleikar góðir. Leigutími er frá 1. Janúar 2017 en getur verið samkomulagsatriði. Eigandi jarðar er Svalbarðshreppur.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins á Húsavík í síma 516 5036 og á netfanginu ***msj@rml.is***.

Fagrabrekka í Hrútafirði til sölu



Domus fasteignasala Blönduósi kynnir til sölu skemmtileg jörð í Hrútafirði, jörð sem getur hentað fyrir hefðbundinn búskap en getur einnig nýst til annarra nota, t.d. ferðaþjónustu. Fagrabrekka er við þjóðveg 1. Fallegt bæjarstæði, stórt íbúðarhús, fjárhús frá 1980, hesthús og hlaða. Land talið um 950 ha. Staðarskáli er í túnfætinum.

Nánari upplýsingar á:
www.mbl.is www.visir.is www.domus.is www.fasteignir.is
eða hjá **Magnúsi Ólafssyni, s. 898 5695, netfang: mao@centrum.is**

Greina vistkerfi jarðar í gegnum gervihnattamyndir

Þegar frumkvöðullinn og samfélagshagfræðingurinn Anders Gundersen sinnti verkefni fyrir Oxford-háskóla á sléttum Kenía í Afríku innan um ljón, hýenur og fíla fékk hann þá hugmynd að auka þyrfti aðgengi að gagnaupplýsingum á því hvernig vistkerfi breytast í tímans rás. Nú fylgist fyrirtæki hans, Sensonomic, með náttúruauðlindum, með því að greina tímaraðir gagna og eru Sameinuðu þjóðirnar stærsti viðskiptavinur þess í dag.

„Það eru ný gervihnattagögn frá Geimvísindastofnun Evrópu sem hafa gert mér og fyrirtækinu kleift að greina mikið magn af gögnum fyrir ásættanlegt verð og það er nógu oft uppfært til þess að þau geti verið viðeigandi fyrir allt frá landbúnaði til fjármála. Að auki notum við eigin athuganir viðskiptavina okkar, markaðsgögn og aðrar gagnauppsprettur til að geta gefið viðskiptavinunum bætta innsýn í hvað það er sem hefur áhrif á framleiðslu og hagnað," útskýrir Anders.



Á þennan hátt getur gervihnattamynd sem Sensonomic túlkar gögn í gegnum litið út. Myndin sýnir landbúnaðarsvæði í Kenía í Afríku.

Túlka gervihnattamyndir

Hálft ár er síðan Anders stofnaði fyrirtækið og fékk tvo félaga sína í lið með sér til að túlka gervihnattamyndir. Markmiðið er að geta losað um hindranir milli sjálfbærni og hagnaðar og verður fyrst um sinn lögð áhersla á landbúnað.

„Ég stundaði MBA-nám við Oxford-háskóla og fékk starf fyrir skólann í Kenía þar sem ég vann fyrir 20 villidýraþjóðgarða sem vildu gera efnahagslegan ávinning af starfi sínu sýnilegri. Við vorum nokkrir duglegir nemendur að starfa saman við að greina mögulegar rekstraraðferðir ásamt því hvernig mismunandi rekstraraðferðir hafa áhrif á vistkerfi og virði þess sem



Norðmaðurinn og frumkvöðullinn Anders Gundersen hefur haft í nógu að snúast síðastliðið ár við að koma fyrirtæki sínu, Sensonomic, af stað sem sérhæfir sig í að fylgjast með vistkerfi jarðar í gegnum gervihnattamyndir.

vistkerfið gefur okkur, eins og vatn, rætur sem binda jörðina og koma í veg fyrir rof, búsvæði, kolefnisbirgðir og fleira," segir Anders og lýsir áfram:

„Það var þarna sem ég fékk hugmyndina að fyrirtækinu því mér fannst aðferðin sem við notuðumst við skorta ýmislegt og ég vildi hafa betri gögn um hvernig vistkerfið breytir sér yfir tíma, bæði með og án þess að manneskjur blandist inn í það. Án þess að ég vissi nokkuð sérstaklega mikið um hverjir möguleikarnir væru þá hugsaði ég að ég gæti kannski nálgast óhlutdræg gögn frá gervihnöttum og hóf rannsóknarferlið á því."

Betri grunnur til ákvarðanatöku

Gæði gervihnattamynda verða sífellt betri og var hugmynd Anders að greina þessar myndir til að búa til nákvæmar tímaraðir með gögnum sem hægt væri að nota til að ná betri árangri við landbúnaðarframleiðslu, koma í veg fyrir útbreiðslu á plöntusjúkdómum og til að gefa þeim sem áhugasamir eru nákvæmari og betri kunnáttu á greininni.

„Þetta er mjög viðeigandi í landbúnaði af því að þetta gefur bæði bóndanum og þjónustuaðila í landbúnaði möguleika á að fá innsýn í breytingar á landslagi út fyrir sitt eigið land. Að auki teljum við að þessi miklu gögn sem við söfnum nú saman geti haft áhrif á landbúnaðargeirann eins og sambærileg gögn í öðrum greinum hafa til dæmis haft innan lyfjafræði, markaðsfræði, fjármála og fleira. Við höfum ekki trú á að við getum komið í stað reynslu og innsæis bóndans en við höfum trú á að við getum afhent betri grunn til ákvarðanatöku," segir Anders, sem hefur fengið stuðning frá Nýsköpunarmiðstöð Noregs og hefur nokkra öfluga fjárfesta á bakvið sig.

Flókin samhengi vistkerfa

Viðskiptavinir fyrirtækisins eru stór samtök og alþjóðleg félög sem fjármagna, tryggja, selja áburð eða afhenda aðrar vörur og þjónustu í landbúnaði. Þannig leist forsvarsmönnum hjá Sameinuðu þjóðunum svo vel á starfsemi fyrirtækisins að þeir urðu með fyrstu og stærstu viðskiptavinum þess.

„Okkar stærsti viðskiptavinur í dag eru Sameinuðu þjóðirnar. Við erum verkefnastjórar fyrir stærra verkefni til að fá innsýn frá gervihnöttum og veðurspám fyrir smábændur í Vestur-Afríku. Markmiðið er að gera bændunum betur kleift að takast á við loftslagsbreytingar og öfgakenndar veðuraðstæður. Við höfum einnig unnið að því að kortleggja mikilvæg búsvæði fyrir eitt af stærstu olíufyrirtækjum heims og fyrir fyrirtæki innan landbúnaðar í Vestur-Afríku," útskýrir Anders.

„Einnig erum við í samningaviðræðum við nokkur stór fyrirtæki innan landbúnaðar og sjáum fyrir okkur að við munum nota næstu ár til að virkilega skilja flókin samhengi í mismunandi vistkerfum ásamt því hvernig það hefur áhrif á framleiðni. Aðlögun að loftslagsbreytingum mun verða mjög mikilvægt tæki um allan heim en það er eðlilegast að byrja á þeim svæðum sem verða verst úti. Stór áburðarfyrirtæki ættu að verða áhugasöm um þá þjónustu sem við getum boðið ásamt verslunarkeðjum, tryggingarfélögum, ríkisstjórnum og til dæmis þeim sem starfa við uppbyggingu landa," segir Anders sem um þessar mundir flytur sig og fyrirtækið til Lundúna til að vera nær viðskiptavinum sínum en hann leggur áherslu á að fyrirtækið muni samt sem áður halda áfram að vera skandinavískt. */ehg*

Bækur

Konur breyttu búháttum



Mjólkuriðnaðurinn er nú einn glæsilegasti iðnaður landsmanna, fyllilega sambærilegur við það sem best gerist erlendis. Öðru fremur byggist hann á traustri verkþekkingu. Rætur hennar má m.a. rekja til Mjólkurskólans á Hvanneyri – og síðar á Hvítárvöllum sem stofnaður var um fyrri aldamót. Í bókinni Konur breyttu búháttum er saga skólans sögð.

Skólinn var fyrsta sérhæfða menntastofnunin á sviði matvælafræða hérlendis. Hann var ein fyrsta starfsmenntabraut íslenskra kvenna og opnaði þeim, er hana fóru, leið til frama og sjálfstæðis; liður í jafnréttisbaráttu íslenskra kvenna að segja má. Skólinn varð bakhjarl rjómabúanna er urðu gildur þáttur í nýsköpun sveitanna í byrjun tuttugustu aldar með framleiðslu smjörs á innlenda og erlenda markaði.

Mjólkurskólinn bætti vinnubrögð við mjólkurvinnslu og rjómabúin ýttu undir félagslega hugsun og samvinnu bænda í afurðavinnslu og -sölu.

Bókin Konur breyttu búhátt-



um kom út í sumar og var kynnt á Hvanneyrarhátíð 9. júlí sl. með stuttum leikþætti en þaðan eru þessar myndir. Á annarri þeirra sjáum við Þorgrím Einar Guðbjartsson bónda og mjólkurfræðing á Erpsstöðum, í hlutverki Grönfeldts mjólkurskólastjóra, kenna þeim Sólrúnu Höllu og Ásdísi Helgu Bjarnadætrum á Hvanneyri, í hlutverkum mjólkurskólastúlknanna, rjómavinnslu. Á hinni myndinni eru áhorfendur við flötina þar sem Mjólkurskólinn var reistur á sínum tíma,

Bókin Konur breyttu búháttum er gefin út til eflingar Landbúnaðarsafni Íslands. Hún er nú komin í bókabúðir, en fæst einnig í safninu á Hvanneyri og hjá Bjarna Guðmundssyni, s. 894 6368.





Ræktun og met:

Risagrasker vegur 605 kíló

Grasker eru vinsæl til útskurðar á Hrekkjavökunni og því stærri því betra. Óvíst er samt að nokkur hafi ímyndað sér að hægt væri að rækta grasker sem væri 605 kíló að þyngd.

Garðyrkjumaður nokkur við konunglega hallargarðinn Hyde Hall í Essex-héraði hefur fengið staðfest að graskerið sem hann dundaði sér við að rækta í sumar sé bæði stærsta og þyngsta grasker sem vitað er um að hafi verið ræktað utandyra á Bretlandseyjum til þessa. Graskerið sem um ræðir vó 605 kíló þegar það var vigtað á árlegu móti graskersræktunaráhugamanna í Southamton fyrir skömmu.

Þyngsta grasker sem vitað er um vó 1.054 kíló og var ræktað í Þýskalandi árið 2014. */VH*

SNJÓKEÐJUR

Keðjur og keðjuefni frá Gunnebo í Svíþjóð. Hér er um að ræða gæða vöru á samkeppnishæfu verði, ýmsar stærðir til.

GUNNEBO Industries



Vinnuvélar

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

Ætlarðu nokkuð að gleyma jólakortunum í ár?




Jólakort, strigamyndir, ljósmyndabækur, dagatöl, filmuframköllun, rammar í miklu úrvali og margt fleira.

pixlar
STAFRÆN FRAMKÖLLUN

pixlar.is / s. 588 3700 / í bláu húsunum í Faxafeni

Steinullar Yleiningar

Fjölbreytt litaúrval, stuttur afgreiðslutími



STRÚKTÚR

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 |



HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Auglýsir eftir starfskrafti við skólabú

Háskólinn á Hólum sérhæfir sig á sviði ört vaxandi atvinnugreina, ferðaþjónustu, reiðmennsku og reiðkennslu, fiskeldisfræði og fiskalíffræði. Hólar eru fjölskylduvænn staður og á staðnum er leik- og grunnskóli.

Starfssvið
Umhirða hesta og bústörf.
Almennt viðhald.

Menntunar- og hæfniskröfur
Reynsla af umhirðu hesta og almennum bústörfum æskileg.
Aukin ökuréttindi og iðnmenntun kostur.
Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnu.

Um er að ræða 100% stöðu. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðeigandi stéttarfélagi. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Umsóknarfrestur um stöðuna er til **15. nóvember 2016** og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2017. Við hvetjum bæði karla og konur til að sækja um.

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilsskrá og staðfestingu á menntun til Háskólans á Hólum á netfangið ***umsoknir@holar.is***. Nánari upplýsingar veitir Sveinn Ragnarsson deildarstjóri í síma ***455 6300***. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Aðalfundur Samtaka Selabænda 2016

verður haldinn að loknum aðalfundi Æðarræktarfélags Íslands, á 2. hæð Hótel Sögu laugardaginn 12. nóvember n.k. Venjuleg aðalfundarstörf.

Hin árlega Selaveisla verður haldinn 12. nóvember.

Miðasala - Verður í Veitingahúsinu Lauga-ás.
Laugardaginn 5. nóv. Kl. 14 til 16.
Fimmtudaginn 10. nóv. kl. 19 til 21.
Miðasölu sér Hallbjörn Bergmann um í GSM 848-6161.

Matseðill

Ekta Íslenskt villibráðahlaðborð	Hvala sushi
Glæsi steikarahlaðborð	Hvala rengi
Grillaðar selapiparsteikur	Uxabrjóst & hvítkál
Saltaður soðinn selur	Síginn fiskur & Vestfirðingur
Kofareyktur Selur frá Stað	Glóðasteikt lambalæri & Madeirasósa
Grafinn Grágæs & bláber	Ofl.
Reyktur lax & sítrussósa	
Hvalapiparsteik	



Hópurinn á tröppunum í Landbúnaðarháskólanum í Pushkin. Frá vinstri: Borgar Páll Bragason, Oddný Kristín Guðmundsdóttir, Bergvin Jóhannsson, Kristín Tómasdóttir, Sigurlaug Eggertsdóttir, Guðsteinn Hermundsson, Ármann Ólafsson, Bjarnveig Jónsdóttir, Margrét Teitsdóttir, Katrín María Andrésdóttir, Baldur Haraldsson, Óskar Kristinsson, Þór Fannar Ólafsson, Sigrún Leifsdóttir, Helga Ragna Pálsdóttir, Helgi Eggertsson, Sigurdís Edda Jóhannesdóttir, Sigurbjartur Pálsson, Gunnar Þorgeirsson, Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Elísabet Jónsdóttir og Sigurgeir Ólafsson.
Mynd / Pétur Óli Pétursson

Garðyrkjumenn og kartöflubændur í ferð til Rússlands og Finnlands

Þótt bændur séu flestir vanir að taka daginn snemma, þurftu þeir að vakna með fyrra fallinu þegar lagt var af stað til Rússlands þann 9. ágúst sl. Á ferð var 22 manna hópur sem saman stóð af kartöflubændum og öðrum garðyrkjubændum ásamt aðstoðarfólki.

Um árabil hafa garðyrkjubændur sótt sér þekkingu út fyrir landsteinana, ýmist með því að fá hingað til lands erlenda ráðunauta eða fara í skipulagðar náms- og kynnisferðir. Óhætt er að segja að þessi markvissi innflutningur á þekkingu hafi gagnast íslenskri garðyrkju afar vel.

Landbúnaðarháskólinn í Pushkin

Þeir sem þekkja til vita að Íslendingar álpast ekki án fyrirvara til Rússlands. Þangað þarf vegabréfsáritun og heimsóknir til bænda og menntastofnana í landbúnaði þarfnast einnig undirbúnings. Skipulag og undirbúningur ferðarinnar var í höndum Sambands garðyrkjubænda og Rannsóknarmiðstöðvar landbúnaðarins en Pétur Óli Pétursson, fararstjóri í Rússlandi, og Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur veittu einnig góða og mikilsverða aðstoð við undirbúning og framkvæmd þessa ferðalags.

Flogið var til Helsinki og þaðan ekið til St. Pétursborgar en þar hélt hópurinn til næstu daga.

Fyrsta heimsóknin var til Landbúnaðarháskólans í Pushkin. Þar var hópnum vel tekið en aðstæður þar eru nokkuð frábrugðnar því sem Íslendingar eiga að venjast í háskólaumhverfi sínu. Skólinn er 110 ára gamall og státar af ríkulegri hefð og virtum vísindamönnum. Í Rússlandi eru 83 héruð og í skólanum eru nemendur frá 60 þeirra. Auk þess eru um 500 nemendur frá öðrum löndum en skólinn telur í heild um 7.000 nemendur. Ánægjulegt var að sjá að miklar framkvæmdir eru nú við skólann og áhersla virðist lögð á uppbyggingu menntunar og rannsókna á þessu svæði.



Þessi búnaður lyftir kartöflugrösunum upp og losar um kartöflurnar. Vegna vætu var útilokað að koma við þyngri en fullkomnari tækjum til upptöku.
Mynd / Katrín María Andrésdóttir



Á eftir vélinni þarf mannshöndin að koma við sögu.
Mynd / Baldur Haraldsson

Skólinn hefur lagt á það áherslu að þjálfa nemendur til margvíslegra verkefna að námi loknu og þar er unnið að fjölbreytilegu rannsóknarstarfi, m.a. fyrir rússnesk stjórnvöld.

Eitt af verkefnum sem unnið er að á vettvangi skólans nefnist: „SPbGAU experience in revitalized nuclear potato seed stock creation."

Þetta verkefni hófst árið 2012 og lýtur að því að framleiða heilbrigða stofna af kartöfluútsæði með vefjaræktunartækni þar sem sjúkdómar og veirur herja ekki á afurðirnar. Þessari starfsemi svipar mjög til þeirrar vinnu sem Sigurgeir Ólafsson hefur leitt hérlendis frá árinu 1979. Þessi ræktun fer fram í ræktunarklefum. Síðan heldur ræktunin áfram í gróðurhúsum og loks undir beru lofti. Enn virðist eftir að þróa heildstætt kerfi sem tekur við útsæðinu þaðan og kemur því með skipulegum hætti í hendur áframhaldandi ræktenda, líkt og gert hefur verið hérlendis undanfarin ár, m.a. fyrir tilstilli reglugerðar nr. 455 frá árinu 2006.

Rússneskir kartöflubændur

Að lokinni góðri skoðunarferð í háskólann lá leiðin til karöflubænda í nágrenni skólans. Hópurinn heimsótti m.a. býli þar sem þrír ættliðir höfðu stundað nám, eða voru við nám í Landbúnaðarháskólanum.

Þegar íslensku gestina bar að garði stóð yfir upptaka á kartöflum. Líkt og oft gerist hérlendis getur tíðarfarið verið misjafnt. Sumarið 2016 var vætusamt og raunar svo mjög að ekki varð viðkomið venjulegum vinnubrögðum við upptöku. Brugðu bændur á það ráð að nýta eldri vélar sem bylta efsta lagi jarð-



Á heimleið skoðaði hópurinn minnismerki Sibeliusar í Helsinki. Mynd / Katrín María Andrésdóttir

vegsins og losa um kartöflurnar sem eru svo handtíndar í kjölfarið. Í venjulegu árferði eru nýttar stórvirkari og sjálfvirkari vélar til verksins og gerist þá minni þörf fyrir handaflið.

Kartöflubændur í Rússlandi glíma einkum við tvenns konar vanda þegar kemur að ræktuninni. Annars vegar stríða þeir við karöflumyglu og hins vegar blaðlýs sem bera smit vissra veirusjúkdóma sem upp geta komið við ræktunina.

Verkefni á borð við stofnútsæðisræktunina í Háskólanum í Pushkin eru mikilvæg í því skyni að stuðla að heilbrigði stofna og afurða á þessu sviði. Síðar í ferðalaginu voru ræddir ýmsir möguleikar á samstarfi um stofnútsæðisræktun og skylda hluti og verða þeir kannaðir nánar í framtíðinni.

Heillandi heimur

Í þessari stuttu samantekt gefst ekki færi á að fara mörgum orðum um allt sem fyrir augu bar og skoðað var. Rússland er heillandi heimur, fullur andstæðna þar sem íslenski hópurinn horfði með undrun á einstök mannvirki, listaverk og skreytingar, milli þess sem við blöstu ónýttir akrar, tún og lendur í stórum stíl. Menning, tónlist, listgripir og mikilfengleg byggingalist eru meðal þess sem hópurinn fékk að njóta og alls staðar var viðurgjörningur og gestrisni til fyrirmyndar. Það var þakklát hjörð, reynslunni ríkari, sem kvaddi Pétur Óla Pétursson fararstjóra sem var hópnum til aðstoðar við undirbúning ferðarinnar og í ferðinni allri. Óhætt er að mæla með þjónustu hans við alla þá sem hyggja á ferðir í austurveg. Hann reyndist hópnum sérlega vel og er hafsjór af fróðleik, hvort sem litið er til menningar, sögu og lista eða atvinnulífs, stjórn- og efnahagsmála.

Ylrækt í Finnlandi

Víkur þá sögu til Finnlands. Hluti hópsins varð eftir í Finnalandi í því skyni að kynna sér ylrækt, s.s. ræktun kryddjurta og salats. Jafnframt fengu íslensku gestirnir kynningu á tilraunaverkefnum þar sem ræktað er til reynslu í ræktunarskápum, þ.e. margra hæða ræktun í rými sem þekur minna flatarmál en hefðbundin gróðurhús. Þá er plöntum komið fyrir á hillum og inn á milli er lýsing sem stillt er af miðað við þarfir í viðkomandi ræktun. Áhugavert var að skoða þessa ræktun og tilraunastarfsemi, þar sem fullkominn tölvubúnaður vaktar hitastig, lýsingu, rakastig, leiðni og aðrar breytur sem máli skipta.



Mannvirki, byggingar og listskreytingar í Pétursborg eru margar svo stórfenglegar að vart verður með orðum lýst. Mynd / Katrín María Andrésdóttir

Í Finnlandi vakti einnig áhuga gestanna hvernig búið er um garðyrkjuafurðir til sölu. Í fyrsta lagi eru kryddjurtir oftast pakkaðar til sölu í pottinum, en þá haldast kryddjurtirnar sjálfar lengur ferskar ef rétt er með farið. Í öðru lagi var einkar áhugavert að skoða með hvaða hætti umbúðir um vöruna hafa verið þróaðar.

Umbúðirnar eru vel merktar og auðvelt er að rekja hvaðan varan kemur, fara inn á vefsíðu framleiðenda og skoða margvíslegar upplýsingar um vöruna, framleiðandann og framleiðsluferlið. Á kössum sem innihalda kryddjurtir eru handföng sem einnig þjóna sem loftgöt. Þegar kryddjurtirnar eru teknar til sölu og settar í kæli, dregur kælikerfið kalt loft inn í umbúðakassana, til að tryggja að varan nái sem fyrst ákjósanlegu hitastigi og haldi því. Þegar vörunni er síðan stillt upp í verslunum er efsti hluti umbúðanna fjarlægður og eftir stendur þekkilegur bakki fullur af brakandi ferskum kryddjurtum.

Það hefur lengi verið áhersluatriði íslenskra garðyrkjubænda að umbúðir vitni um uppruna og gæði og íslenska fánaröndin er lögverndað merki í eigu Sambands garðyrkjubænda. Sérstaklega áhugavert er að skoða umbúðir og meðferð vöru í því ljósi og geta íslenskir bændur margt lært af finnskum garðyrkjubændum í þeim efnum.

Til viðbótar við allt sem ferðalangarnir sáu, upplifðu og lærðu var kannski ekki síst að fá að kynnast betur kollegum sínum úr röðum íslenskrar garðyrkju.

Framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda þakkar félögum sínum úr garðyrkjunni fyrir ánægjulega samveru í ferðalaginu og gestgjöfum fyrir góðar móttökur.

Katrín María Andrésdóttir



Í Finnlandi hafa um skeið verið stundaðar rannsóknir og reynsluverkefni.

B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi 10.500 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Vantar nýja lykla?
Smíðum og forritum langflestar gerðir bíllykla
• Húslyklar • Láshús og fylgihlutir
• Lyklakerfi • Peningaskápar
• Sílindrar • Hurðapumpur
Neyðarþjónustan
Skútuvogi 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opið alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14



Vönduð hlið á ótrúlegu verði!
• Fjárheld - Sterkbyggð og heitgalvanhúðuð
• Sívalningslaga þverslár ganga í gengum ferningslaga prófíla
• Stillanleg upphengi-augu sem ganga í gegnum fóðringu til þess að tryggja aukinn styrk
• Val um annað hvort lamir fyrir tréstaura eða galvaniseraða hliðstaura með lömum.
BESTU RITCHIE KAUPIN

Heiti	Lengd	Verð án vsk
Hliðgrind - 5 fet	1,52 m	11.890,-
Hliðgrind - 7 fet	2,13 m	13.382,-
Hliðgrind - 9 fet	2,74 m	15.344,-
Hliðgrind - 12 fet	3,66 m	17.369,-
Hliðgrind - 13 fet	3.92 m	18.638,-
Hliðgrind - 14 fet	4,27 m	20.214,-
Hliðgrind - 15 fet	4,57 m	21.202,-
Lamasett fyrir tréstaura		3.996,-
Galvanhúðaður hliðstaur m/lömum		10.809,-

Bændur, gerið verð- og gæðasamanburð!

ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is


Helstu nytjadýr heimsins



Hundar eru afkomendur úlfa og ættingjar sjakala og sléttuúlfa sem hafa þróast með hjálp manna í fjölda ólíkra ræktunarkynja.

Hundar - Bestu vinir mannanna

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Níu þúsund ára hellamyndir frá Alsír sýna menn og hunda saman á veiðum.

Sagt hefur verið um hunda að þeir séu bestu vinnir mannanna og í mörgum tilfellum er það eflaust satt. Hundar geta verið afskaplega hændir að mönnum og flestum hundaeigendum þykir afskaplega vænt um hundana sína. Hundakjöt þykir lostæti víða í Asíu.

Hundar eru afkomendur úlfa og ættingjar sjakala og sléttuúlfa sem hafa þróast með hjálp manna í fjölda ólíkra ræktunarkynja. Þrátt fyrir útlits- og skapgerðarmun ólíkra hundaræktunarkynja eru þau líffæra- og lífeðlisfræðilega svipaðir, bara misstór.

Ómögulegt er að gefa nákvæma tölu yfir fjölda hunda í heiminum en áætlanir gera ráð fyrir að þeir séu tæplega 600 milljónir. Í Bandaríkjunum eru heimilishundar taldir vera rúmlega 70 milljón. Tæplega 50 milljón í Evrópu og þar er hundahald mest í Frakklandi, Ítalíu, Póllandi, Bretlandseyjum og Úkraínu, allt frá níu milljón niður í 5,1 milljón rakkar í hverju landi. Tölur frá Suður-Ameríku eru strjálar en svo virðist sem Brasilíumenn haldi um 30 milljón hunda, Argentínubúar sjö milljón og Kólumbíumenn rúma fimm milljón.

Engin tölfræði er til yfir fjölda hunda í Kína og Indlandi, Japanir eru aftur á móti nákvæmari og þar teljast heimilishundar vera rétt undir tíu milljón.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur í baráttu sinni við hundaæði áætlað að í Afríku finnist yfir 150 milljón hundar og að ríflega helmingur þeirra sé villtur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hundaræktarfélagi Íslands er áætlað að hundar á Íslandi árið 2015 hafi verið um 17.000.

Fyrsta húsdýrið

Tamdir hundar, Canis lupus familiaris, eru bæði haldnir sem gælu- og vinnudýr. Hundar eru ferfætt spendýr í ættbálki rándýra, af hundaætt og ættkvísl hunda. Þrátt fyrir að skilgreining á hundakynjum sé á reiki eru rúmlega 800 slíkar viðurkenndar af hundaræktarfélögum víða um heim. Þar á meðal eru kyn eins og border collier, dobermann, bolabítur, rottweiler, íslenski fjárhundurinn og silki terrier.



Hreinræktaðir íslenski fjárhundar.

Líffræðilega eru öll hundakyn það skyld að þau geta átt saman afkvæmi þrátt fyrir að mismunandi stærð ólíkra kynja komi tæknilega í veg fyrir slíkt. Auk hreinræktaðra hundakynja er því til fjöldi blendinga sem tilheyra ekki ákveðnu hundakyni.

Ekki er vitað hvar eða hvenær samband manna og hunda hófst en það var í grárri forneskju og hundar fyrsta húsdýrið sem laðast að mannfólki og löngu áður en menn fóru að stunda landbúnað. Þrátt fyrir að hundar hafi fylgt manninum frá ómunatíð er ómögulegt að segja nákvæmlega hvenær þeir voru tamdir en fornminjar benda til að það hafi verið fyrir um tólf þúsund árum og að það hafi gerst á mörgum stöðum á svipuðum tíma.

Líffræðilegir forverar hunda komu fram á sjónarsviðið fyrir um 35 milljón árum en tegundin C. lupus sem slík fyrir um það bil 500 þúsund árum. Elstu leifar C. lupus eru tvær hauskúpur sem fundust í Rússlandi og kjálkabein í Þýskalandi af stórum hundum sem eru talin vera 13 til 17 þúsund ára gömul. Leifar smærri hunda sem taldar eru vera um 12 þúsund ára gamlar hafa fundist í hellum í Mið-Austurlöndum.

Fjórtán þúsund ára hellaristur í Norður-Afríku gefa til kynna hundahald og níu þúsund ára hellamyndir frá Alsír sýna menn og hunda saman við veiðar.

Talið er að hundar hafi fylgt eða dregið menn yfir landbrú Beringssunds sem sleðahundar og borist til Norður-Ameríku fyrir um 12 þúsund árum og voru hundar einu húsdýr indíána í margar aldir.

Á miðöldum voru hundar stöðutákn í Evrópu og í Svaerborg í Danmörku er miðaldahundagrafreitur sem bendir til að þar hafi hundar notið meiri virðingar en aðrar skepnur.

Hundar í goðsögnum

Í Gilgamesharkviðu, sem var ort í Mesapótamíu um 2000 árum fyrir Kristsburð, er sagt frá súmversku stríðs- og ástargyðjunni Innana, eða Ishtar, sem fer allra sinna ferða í fylgd með sjö veiðihundum. Í hindúasið eru hundar sagðir í ættartengslum við guðinn Vishnú.

Egyptar til forna höfðu mikið dálæti á hundum og guðinn Anubis, sem leiddi menn til dóms hjá Ósíris eftir andlátið, var með hundshaus. Heimilishundar voru grafnir með mikilli athöfn og hefði fjölskyldan ráð á að láta gera úr þeim múmíu þótti slíkt sjálfsagt.

Í grískri goðafræði segir frá hundinum Serberus sem hefur þrjú höfuð og gætir inngangsins að undirheimum auk þess sem gríska veiðigyðjan Artemis átti hund. Samkvæmt Ódysseifskviðu varð það einungis hundurinn Argos sem fagnaði heimkomu húsbónda síns, Hómer, eftir tuttugu ára fjarveru.

Hundurinn er eitt af tólf dýrum í kínverska dýrahringnum. Þeir sem fæddir eru á ári hundsins eru sagðir velviljaðir og hjálpsamir en geta líka verið fýldir og þrætugjarnir. Í trú Maja og Asteka í Suður-Ameríku fylgdu hundar framliðnum til handan heima.

Í Orðskviðum Biblíunnar er sagt að eins og hundur sem snýr aftur til

spýju sinnar, svo er heimskingi sem endurtekur fíflsku sína. Í norrænni goðafræði segir að hundurinn Garmur, sem gætir hliðs Helheima, losni í aðdraganda ragnaraka og berjist við Týr með þeim afleiðingum að báðir falla.

Ásýnd, skynjun og ævilengd

Mismunandi ræktunarkyn, afbrigði og blendingahunda eru til í ólíkum stærðum, litum og litaafbrigðum auk þess sem þeir eru ólíkir að skapgerð. Allir hundar eiga það sameiginlegt að vera rándýr og með sterkar tennur og kjálkavöðva.

Chihuahua eru með allra minnstu hundum, 15 til 23 sentímetrar á herðakamb og eitt til sex kíló að þyngd. Stóri Dani er aftur á móti tæpur metri að hæð á herðakamb og allt að 90 kíló að þyngd. Fullvaxnir Sankti Bernharðshundar geta náð góðum 130 kílóum að þyngd.

Sjón hunda er góð en þeir sjá ekki mun á rauðum og grænum lit sem jafngildir litblindu. Sjónsvið hunda með langt trýni er víðara en hunda með flatt trýni og mesta sjónsvið þeirra allt að 270 gráður. Heyrnin er góð og heyra hundar hljóðbylgjur sem eru bæði hærri og lægri en menn greina og þar sem eyrun eru hreyfanleg greina þeir auðveldlega úr hvað átt hljóð berast. Lyktarskyn hunda er yfirburðagott og og hundar iðulega þjálfaðir til að rekja slóð og til leita. Hundar eru ómetanlegir þegar kemur að björgun fólks úr rústum og snjóflóðum og til að þefa upp sprengiefni.

Greind hunda er misjöfn eftir kynjum og einstaklingum og stundum metin eftir aðlögunarhæfni, það er hæfileikanum til þess að læra að leysa þrautir, eðlislæga greind og vinnugreind eða hlýðni. Hundar af mikið framræktuðum hundakynjum gelta meira en hundar af minna framræktuðum kynjum.

Hundar verða yfirleitt kynþroska 6 til 12 mánaða, slíkt getur þó dregist fram á annað ár hjá stórgerðari hundakynjum. Meðganga tíka er á bilinu 56 til 72 dagar. Að jafnaði fæðast sex hvolpar í hverju goti. Hundar af smærri hundakynjum eiga yfirleitt færri hvolpa, einn til fjóra, en stærri afbrigði geta átt allt að tólf hvolpa í goti.

Ævilengd hunda er mismunandi milli kynja og hafa smávaxnari afbrigði tilhneigingu til þess að ná hærri aldri en þau sem eru stórvaxnari. Chihuahua-hundar verða allt að 17 ára en Stóri Dani verður sjaldan eldri en tíu ára. Meðalaldur hunda er tólf ár.

Frægir hundar

Hundar koma víða við í bókmenntum og kvikmyndum. Má þar nefna Banga í Meistaranum og Margaríta, Tobba, hundinn hans Tinna, Tótó í Galdrakarlinum frá Oz, Sankti Bernharðshundinn í bókinni Gujo eftir Stehen King, Plútó, hundinn hans Mikka mús, Snoopy í Smáfólkinu, Brian Griffin í Family Guy, Rin Tin Tin, Lassie, Benji og að ógleymdu fyrsta spendýrinu sem fór út í geiminn, rússnesku tíkinni Laiku.

Í leikritinu Hinrik V eftir William Shakespeare er minnst á íslenska hundinn og segir: „Pish for thee, Iceland dog! thou prick-ear'd cur of Iceland!“ sem í þýðingu Helga Hálfdanarsonar útleggst: „Svei þér! þú, Íslands eyrnasperrti hundur!“

Misjafn er smekkur þjóða

Oft er hneykslast, fussað og sveiast yfir því að í Kína og víða í Asíu séu hundar hluti af matseðlinum. Slíkt át er einnig þekkt í Afríku, Eyjaálfunni, Sviss og norðurhéruðum Ítalíu.

Samkvæmt flökkusögn fór par með kjölturakka á austurlenskan matsölustað erlendis þar sem þjónninn skildi takmarkaða ensku. Eftir að hafa skoðað matseðilinn, ákveðið hvað þau ætluðu að borða og pantað kjötrétt, benti parið á hundinn og gaf í skyn með handahreyfingum að þau vildu fá eitthvað fyrir hundinn líka. Þjónninn virtist skilja hvað parið vildi, brosti og kinkaði vinalega kolli. Því næst tók hann hundinn með sér fram í eldhús þar sem parið taldi að seppi fengi að borða. Eftir nokkra bið kom maturinn sem parið borðaði með bestu lyst og að máltíðinni lokinni litaðist það um eftir hvutta. Að endingu spurðu þau vinalega þjóninn um hundinn. Þjónninn varð allur hinn vandræðalegasti og sýndi með því að banka fingrunum á munninn að hundurinn hafi verið undirstaðan í aðalrétti kvöldsins.

Í íslenskum Annálum kemur fram að fólk hefur lagt sér hunda til munns í harðærum. „… var þar etið allt, hvað tönn á festi, svo sem skinn, skóbætur og jafnvel hunda af sumum.“ Einnig eru til í munnmælum sögur sem segja frá því að allt fram á síðustu öld hafi fátækt fólk og ekki síst ekkjur með mörg börn tekið sig saman með leynd og eldað hundakjöt ofan í börnin til að sefa sárasta hungrið.

Pottréttur a la snati

Blaðamaður Bændablaðsins smakkaði hundakjöt á ferðalagi um Kína fyrir nokkrum árum og þótti það ágætt.

Eftirfarandi uppskrift, fyrir fjóra, kemur frá Kóreu og getur á íslensku kallast pottréttur a la Snati.

- Einn bolli hrísgrjón
- 1.000 til 1.200 grömm hundakjöt í smáum bitum
- Einn eða tveir laukar, grófskornir
- Ein teskeið kjötkraftur
- Einn bolli vatn
- Slatti af niðurskornum sveppum og papriku
- Salt og pipar eftir smekk

Smyrjið eldfast mót með matarolíu og setjið hrísgrjónin í botninn og raðið hundakjötsbitunum ofan á. Sjóðið laukinn, kjötkraftinn, og sveppina í vatninu og hellið yfir kjötið og hrísgrjónin. Kryddið með salti og pipar að vild og setjið paprikuna ofan á.

Setjið lok á mótið og eldið við 170° á Celsíus í einn og hálfan til tvo tíma. Takið lokið af mótinu síðasta korter eldunartímans. Berist fram með ítölsku rauðvíni.

Hundar á Íslandi

Rannsóknir benda til að íslenski fjárhundurinn sé af norrænum uppruna og að hann hafi borist til landsins með landnámsmönnum. Íslenski fjárhundurinn er í meðallagi stór með upprétt eyru og hringað skott. Rakkar eru um 46 sentímetrar á herðakamb en tíkur um 42. Litur og litaafbrigði eru fjölbreytileg og kallast hundar rauðgulstrúttóttir, dökkrauðgulir, grágulkolóttir, flekkóttir og mórauðir sem dæmi um litafjölbreytni íslenska fjárhundsins.

Í Njálu er getið um hundinn Sám sem Ólafi Pá var gefið á Írlandi og hann gaf síðan Gunnari á Hlíðarenda. Samkvæmt lýsingu mun Sámur hafa verið stór hundur og og eigi verri til fylgdar en röskur maður.

Í Íslandslýsingu sinni segir Oddur Einarsson biskup að fjórar gerðir af hundum finnist á landinu sem hann kallar bæjarhunda, fjárhunda, dekurhunda og veiðihunda. Hann segir veiðihunda notaða til refaveiða og að þeir séu mun stærri en aðrir hundar.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson nefna dýrhunda í ferðabók sinni og segja þá vera háfætta og snögghærða og notaða til refaveiða. Þeir segja einnig að íslenski fjárhundurinn sé minni og loðnari en veiðihundarnir. Leiddar hafa verið að því líkur að umræddir veiðihundar hafi borist hingað frá Írlandi og að þeir hafi dáið út í hungursneyð móðuharðindanna.

Ef marka má frásögn af sköpun hunda í Íslenzkum þjóðháttum Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili voru hundar skapaðir seinna en önnur dýr. Þar segir að á meðan frelsarinn lifði á jörðinni hafi hann einu sinni komið þar sem menn voru að reka fé. Féð var latrækt og gekk reksturinn bæði seint og illa. Tók frelsarinn þá upp grasvöndul og sneri milli handa sinna og úr varð hundur fjárrekunum til hjálpar. Sagt er að hundar hringi sig þegar þeir sofa vegna þess að lausnarinn sneri upp á grasvöndinn þegar hann skapaði hundinn.


Stofnsveiflur á íslenska hundakyninu hafa verið miklar í gegnum tíðina. Árið 1869 voru sett lög um hundahald og árið 1871 var settur hár hundaskattur. Skatturinn var settur á vegna þess að hundar hýstu egg bandorma sem olli sullaveiki í fólki og hafði sótt í sauðfé. Ástæða sullaveikismitsins var meðal annars sú að hundar voru stundum látnir sleikja matarleifar af matarílátum.

Eftir skattlagninguna fækkaði hundum mikið og um 1950 voru þeir komnir í útrýmingarhættu. Árið 1969 var Hundaræktarfélag Íslands stofnað, en eitt af markmiðum þess er að rækta og vernda íslenska fjárhundinn. Vinsældir íslenska fjárhundsins hafa aukist á undanförnum árum og í dag er tegundin ekki lengur talin í útrýmingarhættu.

Árlega eru um 160 hundar af mörgum kynjum fluttir til landsins víðs vegar að úr heiminum og hundafánan því fjölbreytileg. Skilyrði vegna innflutnings eru meðal annars bólusetningar og sýnatökur auk fjögurra vikna einangrunar. Hundar sem fluttir eru til landsins þurfa einnig að fara í gegnum skapgerðarmat til að koma í veg fyrir að árásargjarnir og hættulegir hundar séu fluttir inn.

Stundum er haft á orði um grimmlyndar konur að þær séu tíkur og um karlmenn sem eru staddir á slæmum stað í lífinu að þeir séu farnir í hundana.


Hundar af kyninu Stóri Dani geta verið tæpur metri að hæð á herðakamb og allt að 90 kíló að þyngd.


Tinni og hundurinn Tobbi.


Tíkin Laika sem var fyrsta spendýrið sem sent var út í geiminn.



Sjónvarpsstjarnan Rin Tin Tin.


Í Kína borða þeir hunda.


Þrátt fyrir útlits- og skapgerðarmun ólíkra hundaræktunarkynja eru þau líffæra- og líffræðilega eins, bara misstór.

Bækur

Hetjusögur af forystufé:

Forystu-Svartur í blindbyl á Hellisheiði

Bókin Forystufé eftir Ásgeir Jónsson frá Gottorp er nú komin út í endurbættri og aukinni útgáfu en þetta hálfsjötuga rit er löngu orðið að leiðarsteini í íslenskri búfjárrækt.

Hetjusögur Ásgeirs og samstarfsmanna hans af hinum miklu vitskepnum, vinum þeirra sauðamönnunum og harðfengi sauðkindarinnar í erfiðum aðstæðum eru einstakt lesefni. Bændablaðið grípur hér ofan í frásagnir bókarinnar af fjárrekstri yfir Hellisheiði. Það er fræðimaðurinn Helgi Haraldsson á Hrafnkelsstöðum sem hér heldur á penna og hann slær jafnframt botninn í bókina eins og hún var í útgáfunni frá 1953. Millifyrirsagnir eru Bændablaðsins.

Í sögu þessari er Helgi með um 1.300 fjár í sláturrekstri til Reykjavíkur haustið 1926, meirihlutinn lömb. Svartur sauður tók forystuna í rekstrinum en hann var sonur Golta, sem Helgi hafði keypt af Jóni bónda á Einarsstöðum í Reykjadal. Rekstrarmenn stytta sér leið um Hellisskarð ...



Strútur, sonur Blesu og Karls Philips frá Bjarnastöðum.



Ásgeir Jónsson frá Gottorp.

Enginn tími fyrir ástarævintýri!

„... Var það einmitt í Hellisskarði, sem Kolviður sat fyrir Búa Andríðarsyni, sem segir í Kjalnesinga sögu, og féll þar Kolviður fyrir Búa. Dregur Kolviðarhóll nafn sitt af honum. En steinninn, sem Búi varðist við, stendur þar enn í hlíðinni og minnir á biðlana, sem þarna börðust til forna.

En þetta umgetna kvöld var enginn tími til að láta hugann dvelja við tíu alda gamalt ástaræv intýri, sem endaði með skelfingu. Nú var það aðeins blákaldur veruleikinn, sem blasti við, og hann var á þá leið, að við vorum úti á Hellisheiði með á annað þúsund fjár í mokandi snjókomu, eins og hún getur mest verið, þegar snjó hleður niður í logni og frostleysu.

Byrjaði að snjóa, þegar kom efst í Kamba, en við héldum, að þetta væri aðeins él eitt og fórum styttri leiðina, eins og venjulegt var. Snjónum hlóð svo niður jafnt og þétt alla leiðina. Kom nú vel í ljós, hvað það hafði að þýða að hafa Svart í fararbroddi, því að hann rann alltaf jafn vel á undan, þó að færðin versnaði. Þegar kom að efra skarðinu, ofan við Kolviðarhól, var að byrja að bregða birtu og snjórinn orðinn hvorki meira né minna en vel á hnéskel á manni.

Þarna úr skarðinu og heim á Hólinn er slitróttur vegur, grjótskriður til beggja handa og víða stórgrýti, sem oft hefur reynzt fulltorveld leið með þreytt fé, þó að auð jörð væri, sem venjulegast er, þegar rekið er á haustin.

Var nú stanzað þarna og ráðið ráðum sínum, og sýndist flestum, að hér yrði að láta staðar numið, því að engin tök væru á að reka fé í hópi í þessari færð á þeim vegi, sem fram undan var. Og undir öllum venjulegum kringumstæðum var þetta hárrétt. En ekki þótti okkur það efnilegt að eiga að liggja þarna úti um nóttina með féð.





Helgi Haraldsson, fræðimaður og sauðfjárbóndi á Hrafnkelsstöðum.



Kolviðarhóll var mikilvægur griðastaður þegar illviðri gerði á leiðinni austur fyrir fjall.

Meira en kílómetra löng fjárlest niður Hellisskarðið

Mér kom samt í hug að gera eina tilraun og reyna nú til þrautar forystuna í Svarti og til hvers hann dygði. Bað ég tvo mennina að fara á undan og gera braut þar, sem þeim sýndist greiðfærast, og vita, hvort Svartur tæki ekki í brautina á eftir þeim.

Ekki höfðu þeir lengi farið, þegar Svartur lagði af stað, og nokkrir sauðir lestuðu sig á eftir honum og myndaðist þarna braut, sem allt féð lestaði sig eftir. En hvergi var nema ein kind, því að brautin rúmaði ekki meira, og þegar fyrstu sauðirnir komu að túngarðinum á Kolviðarhóli, þá voru síðustu kindurnar að leggja af stað úr Skarðinu.

Ekki veit ég fyrir víst, hvað þetta er löng leið, en ekki þætti mér ólíklega til getið, að það væru jafn margir metrar og kindurnar voru í hópnum, þannig að ein kind hafi verið á hverjum metra. Þannig þokaðist reksturinn áfram, þótt hægt færi, þar til allt var komið í hóp við túngarðinn. Þar var því borgið, og við máttum sjálfir leita náttstaðar á þeim ágæta stað, Kolviðarhóli. Býst ég við, að engum, sem þarna var, muni úr minni líða þessi langa fjárlest, sem þokaðist áfram í kvöldhúminu yfir fannbreiðuna og var, eins og skuggar væru að læðast áfram.



Ekki voru nein þreytumerki á Svarti að sjá, en af honum rauk, svo heitur var hann eftir að troða brautina þessa löngu leið.

Ég er þess fullviss, að ef hann hefði verið uppgefinn, þá hefðu nógar hendur boðist til þess að bera þessa hetju dagsins heim á Hólinn. Tókum við nú Svart með okkur heim, til þess að hann þyrfti ekki að liggja úti um nóttina. Mættum við Sigurði, gestgjafa á Kolviðarhóli, á hlaðinu, og tók hann okkur tveim höndum, sem hans var venja. Var hann orðinn alvarlega hræddur um okkur, því að hann frétti í símanum, að við hefðum lagt á heiðina. Hafði hann ljós í hverjum glugga, sem að skarðinu vissi, til þess að vísa okkur leið. Sagðist hann hafa búizt við, að eitthvað af mönnunum kæmist alla leið, en engin kind.

Forystusauðurinn leiddur til stofu á Kolviðarhóli

Sögðum við nú ferðasöguna í stuttu máli, og sýndum Sigurði þann svarta, sem var sá þrettándi í hópnum, og var ekki við annað komandi, en að við kæmum með hann með okkur inn í stofu, og þar fékk hann brauð, eins og hann vildi.

Þarna um kvöldið var það samþykkt einum rómi, að Svartur endaði ekki ævi sína í þessari ferð, ef hann fengi bílferð heim aftur, sem og varð. Fannst okkur ekki hægt að launa minna þetta afrek á Hellisheiði, því að um það voru allir á einu máli, að án hans hefðum við legið úti með allan reksturinn uppi á miðri heiði.

Morguninn eftir tók svo Svartur við forystunni á nýjan leik og var léttstígur niður Vellina eftir hvíldina og allt brauðið.

Svartur varð ellefu vetra og var alltaf jafn öruggur í hverri raun og fór fleiri ferðir en þessa til Reykjavíkur, og vildu menn heldur hans fylgi, en þótt maður væri, og læt ég þetta nægja um Svart að sinni, þó að fleira mætti til tína.“

Hinn dýri pappír þjóðarbúsins!

Helgi á Hrafnkelsstöðum segir síðan fáeinar sögur til viðbótar en slær svo botninn í með eftirfarandi ádrepu sem kann að koma nútímamönnum spánskt fyrir sjónir: Ég hef nú sagt frá þremur kindum undan Golta gamla, og málsháttur inn segir, „að allt er, þá þrennt er“. Læt ég því staðar numið, þó að ég gæti sagt fleiri sögur af börnum Golta. En þar sem þær taka þessum sögum ekki fram, finnst mér óþarfi að eyða dýrmætum tíma frá lesendunum til þess að lesa þær, og dýrum pappír frá þjóðarbúinu, enda hefi ég haft öðrum hnöppum að hneppa um dagana en eyða pappír. Og læt ég svo staðar numið.“

FRÁBÆR BÍLL ENN BETRI DÍLL

DACIA DUSTER 4 x4 Diesel
Lítið notaðir árgerð 2016

AÐEINS KR.
3.380
ÞÚSUND

- Leðursæti
- Bluetooth
- Bakkskynjari
- Álfelgur
- USB og Aux tengi
- Hiti í sætum
- Ofl

√ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
√ Allt að 90% fjármögnun
√ Til í ýmsum litum
√ Góð endursala
√ Tökum bíla upp í



DEKKJAPAKKI AÐ VERÐMÆTI
120.000
-FYLGIR ÖLLUM BÍLUM

Bílarnir eru eknir á bilinu 20-26 þúsund km.
Eigum nokkra bíla til afgreiðslu strax

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



Brit
Brit PREMIUM
Brit care
CARNILOVE into the Wild

Hundafóður fyrir kröfuharða - Frí heimsending um allt land PETMAX.IS

Gamli traktorinn



Dráttarvél frá Ástralíu

Ástralía er stór heimsálfa og landbúnaður þar hefur verið mikill allt frá landnámi hvíta mannsins.

Á gullöld smárra dráttarvélaframleiðenda voru þar framleiddar ýmsar gerðir traktora sem flestar heyra sögunni til.



Howard

Uppruni Howard dráttarvéla liggur í jarðtætara. Clifford Howard hannaði og hóf framleiðslu á jarðtæturum árið 1920. Græjan þótti bera af öðrum jarðtæturum hvað verð og gæði varðaði og tætararnir seldust eins og heita lummur víða um heim. Í framhaldinu bætti hann um betur og hóf framleiðslu á þriggja og fjögurra hjóla dráttarvélum sem knúðu jarðtætarana. Árið 1930 setti Howard á markað dráttarvél sem fékk heitið DH22, fjögurra strokka og 22 hestöfl. Sala hennar gekk í Ástralíu, Evrópu og Norður-Ameríku og reyndar svo vel að árið 1938 byggði Howard verksmiðju á Bretlandseyjum. Nokkrum árum síðar hóf fyrirtækið framleiðslu á litlum garðtraktorum fyrir Bandaríkjamarkað.

Árið 1985 yfirtók danska Thrige Agro Group fyrirtækið en við upphaf þessarar aldar varð það hluti Kongskilde Industries A/S í Danmörk.

Caldwell Vale

Árið 1907 sóttu áströlsku bræðurnir Felix og Norman Caldwell um einkaleyfi á framleiðslu á fjögurra hjóla dráttarvél sem var með stýringu á öllum hjólum. Eins og nærri má geta fékk traktorinn nafnið Caldwell.

Þremur árum síðar hófu þeir framleiðslu á dráttarvögnum fyrir járnbrautalestir og vörubílum. Árið 1916 lenti fyrirtækið í fjár-



hagserfiðleikum og var yfirtekið af öðrum vélaframleiðanda sem hét Purcell. Framleiðslunni var þrátt fyrir það hætt skömmu síðar.

Caldwell traktorarnir voru þokkalega kraftmiklir á þeirra tíma mælikvarða, 40 til 80 hestöfl. Þeir voru fjögurra strokka, þrír gírar áfram og einn afturábak. Heildarfjöldi sem fór í framleiðslu var innan við eitt hundrað.

Sunshine

Nafnið Sunshine, eða sólskin, er líklega allra bjartasta nafn sem nokkur dráttarvél hefur hlotnast.

Hönnuður dráttarvélarinnar hét Hugh Victor McKay og hafði gríðarleg áhrif á landbúnaðarframleiðslu í Ástralíu. McKay var á táningsaldri þegar hann hannaði sína fyrstu þreskivél. Á árunum 1915 til 1920 setti hann svo á marka fyrstu Sunshine dráttarvélarnar módel A og O. Ekki er vitað hversu margar slíkar voru framleiddar en framleiðslu þeirra var hætt 1926 og lést McKay skömmu síðar.

Eftir dauða Mckay hóf fyrirtækið sem hann stofnaði samstarf við kanadíska framleiðandann Massey Harris. Árið 1930 kom á markað traktor sem kallaðist Sunshine Massey Harris módel 25, 26, og 41HP. Mikill fjöldi slíkra dráttarvéla seldist á sínum tíma í Ástralíu en framleiðslu þeirra var hætt árið 1955 þegar Massey Ferguson tók yfir fyrirtækið sem framleiddi þá.

KL Bulldog

Dráttarvélaheildsalarnir Kelly og Levis voru með umboð fyrir þýsku Lanz Bulldog dráttarvélar og fluttu þær inn til Ástralíu allt þar til seinni heimsstyrjöldin skall á. Eftir lok styrjaldarinnar hófu heildsalarnir framleiðslu á eigin útgáfu af bolabítnum sem fékk heitið KL Bulldog og byggði að stærstum hluta á Lanzinum. Verksmiðja var reist og markið sett hátt en góðu áformin fóru út um þúfur. Innan við þúsund KL Bulldog traktorar litu dagsins ljós og framleiðslu þeirra hætt árið 1945.

Big Lizzie

Sjaldan hefur nokkur dráttarvél borið nafnið Big, eða stór, eins tignarlega og Big Lizzie enda vélin feikilega stór og fyrirferðarmikil. Draumur framleiðandans var að flytja ull langar vegalengdir um Ástralíu. Í fyrstu var hugmyndin að gera það með járnbrautarlest en fljótlega kom í ljós að sauðfjárbú voru dreifð og of dýrt að leggja járnbrautarteina til þeirra.

Árið 1915 var fyrsta og eina útgáfan af Big Lizzie smíðuð. Big Lizzie var eins konar eimvagnstraktor með mikla dráttargetu og ætlað að keyra á milli sauðfjárbúa og sækja ull eins og um járnbrautalest væri að ræða en óháða teinunum. Ferlíkið vó 45 tonn og komst ekki langt vegna þess að það komst ekki yfir næsta stórfljót. */VH*

Utan úr heimi



Fabriano við Adríahafið. Þar voru 30 þúsund íbúar og allt lék í lyndi við framleiðslu á ísskápum, þvottavélum, eldavélum og öðrum heimilistækjum. „Fabriano var þá ríkt samfélag, eða eins konar Sviss Ítalíu," eins og borgarstjórinn Giancarlo Sagramola orðar það ... „Eða þangað til evran kom."

Efnahagsástandið á Ítalíu sagt verra en á árunum 1929–1934:

Fyrirtækin hrundu við innleiðingu evrunnar

– Gera þarf grundvallarbreytingar til að forða landinu frá gjaldþroti

Staðan á hagkerfi Ítalíu er hræðileg eftir stöðugan samdrátt í hagvexti síðan 2007. Þetta er versta kreppa í sögu landsins og jafnvel verri en á árunum 1929 til 1934," segir hagfræðiprófessorinn Gianni Toniolo í Róm. Stóra skýringin á stöðunni er sögð vera innleiðing evrunnar.

Matsfyrirtækið Standart & Poor's olli reiði Ítala þegar það lækkaði mat sitt á stöðu landsins fyrir nokkrum vikum. Hagvöxtur hefur lækkað á Ítalíu um 7% frá 2007 og yfir hálf milljón manna hafa misst vinnuna. Þá hefur afkastageta ítalsks iðnaðar dregist saman um 15%. Í einstökum greinum hefur þó orðið enn meiri samdráttur eins og í bílaiðnaðinum þar sem hann er 40%. Eini vöxturinn sem talinn er áþreifanlegur er í botnlausri afneitun á stöðunni. Ítalía er nú í 44. sæti hvað varðar samkeppnisstöðu þjóða og er þar á eftir Filippseyjum, Lettlandi, Rússlandi og Perú. Evruríkið Spánn er svo þar rétt á eftir og síðan Portúgal.

Seðlabankinn óttast að hrun bankakerfisins sé í aðsigi

Seðlabanki Ítalíu óttast að bankakerfið sé við það að hrynja og hefur af þeim sökum dregið úr útlánum. Þá er ítalska ríkið hætt að geta staðið við greiðslu reikninga vegna hundruð milljarða evra útistandandi skuldbindinga. Staðan er afar hættuleg, ekki síst fyrir minni fyrirtæki á Ítalíu.

„... þá mun landið verða gjaldþrota"

„Ef ekki verða gerðar grundvallarbreytingar, þá mun landið verða gjaldþrota," sagði Clemens Fuest, forseti Miðstöðvar evrópskra efnahagsrannsókna (ZEW) í Mannheim í Þýskalandi. Segir hann að stöðugur efnahagssamdráttur, atvinnuleysi og stöðug hnignun slagkrafts samfélagsins sé að keyra landið niður í enn dýpri kreppu.

Yfir átta milljónir Ítala lifa nú undir fátæktarmörkum, þar á meðal margir sem hafa þó enn vinnu. Sum fyrirtæki hafa ekki bolmagn til að greiða laun nema í smáskömmtum. Þá neyðast þrjú af hverjum fimm fyrirtækjum að taka lán til að greiða háa skatta.

Hækkun skatta er að sliga fyrirtækin

Hækkun skatta, m.a. á fyrirtæki, var eitt af fyrstu verkum Mario Monti



Gianni Toniolo hagfræðiprófessor segir Ítalíu nú vera að berjast við verstu fjármálakreppu síðan 1929–1934.



Clemens Fuest, forseti Miðstöðvar evrópskra efnahagsrannsókna (ZEW).



Mario Monti, forsætisráðherra Ítalíu.

þegar hann tók við sem forsætisráðherra af Silvio Berlusconi í nóvember 2011. Hann hækkaði einnig eftirlaunaaldursmörk í 66 ár og lækkaði hættulega háa vexti. Allt þetta hefur þó greinilega ekki dugað og nú eru skattahækkanir á fyrirtækin að ganga af þeim dauðum einu af öðru.

Forsætisráðherrann Mario Monti hefur lofað því að ástandið batni á þessu ári, en ekki er að sjá að hann geti staðið við þau orð sín fyrir kosningar sem fram fara í desember. Hefur ríkisstjórnin skrúfað niður væntingar sínar um hagvöxt og reikna nú með að hann verði -1,3% á þessu ári. Seðlabanki Ítalíu er enn svartsýnni og spáir -1,9% hagvexti.

Yfirmaður Ítalíubanka, Ignazio Visco segir ekkert hreyfast og að allt sé í algerri kyrrstöðu. Landið



Ignazio Visco, yfirmaður Ítalíubanka, BANCA D'ITALIA.

sé þegar orðið 25 árum á eftir samkeppnislöndunum.

Fabriano var Sviss Ítalíu allt þar til evran kom

Í vefútgáfu Spiegel er fjallað um stöðuna á Ítalíu og bent á að hún hafi ekki alltaf verið svo slæm. Svæðið við Adríahaf hafi t.d. verið þekkt fyrir sínar hvítu vörur. Nefndur er „smábærinn" Fabriano við Adríahafið. Þar voru 30 þúsund íbúar og allt lék í lyndi við framleiðslu á ísskápum, þvottavélum, eldavélum og öðrum heimilistækjum. „Fabriano var þá ríkt samfélag, eða eins konar Sviss Ítalíu," eins og borgarstjórinn Giancarlo Sagramola orðar það. „Eða þangað til evran kom."

Bendir borgarstjórinn á að með aðstoð lírunnar hafi verið hægt að flytja út hækkandi framleiðslukostnað, en sá möguleiki hafi horfið við innleiðingu evrunnar. Afleiðingin hafi orðið gjaldþrot fyrirtækja á borð við Antonio Merloni SpA, sem var með 5.000 starfsmenn þegar best lét. Annað fyrirtæki í eigu Merloni-fjölskyldunnar flutti megnið af sinni framleiðslu úr landi og eftir voru 2.900 starfsmenn af 6.500 með vinnu í verksmiðju þess í Fabriano. Nú í júní tilkynntu stjórnendur svo um niðurskurð og fækkun starfa hjá fyrirtækinu í bænum um helming af þeim sem eftir voru.

Samkvæmt seðlabanka Ítalíu er vandi ítalskra fyrirtækja fyrst og fremst mikil vaxtabyrði sem er 20% hærri en í sambærilegum fyrirtækjum í Þýskalandi. Auk þeirrra þversagnar að starfsmannakostnaður er sagður 30% hærri þrátt fyrir að laun séu 30% lægri en í Þýskalandi.

Bandarískí hagfræðingurinn Allen Sinai segir Ítalíu eiga mikla möguleika. Landið geti hins vegar ekki nýtt sér þá möguleika nema að draga sig út úr evrusamstarfinu. */HKr.*













Háskólinn á Hólum auglýsir eftirfarandi hross til sölu

Alfa IS2008258307 frá Hólum. (BLUP 117)
Kynbótadómur: Sköpulag: 8.31. Hæfileikar: 7.82. Aðaleinkunn: 8.02
Alfa er fylfull við Vita frá Kagaðarhóli.

Mylla IS2008258306 frá Hólum. (BLUP 122)
Kynbótadómur: Sköpulag: 8.33. Hæfileikar: 8.45. Aðaleinkunn: 8.41

Klakkur IS2008158311 frá Hólum.
Vel taminn reiðhestur.

Tilboð þurfa að berast til Guðmundar B. Eyþórssonar, fjármálastjóra skólans í síðasta 10. nóvember nk. annað hvort í tölvupósti (***gbe@holar.is***) eða með pósti merkt:

Háskólinn á Hólum, bt. Guðmundur B. Eyþórsson – hrossasala Hólum í Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

Nánari upplýsingar um hrossin veitir Víkingur (vikingur@holar.is)



Við einn af uppáhaldsstöðunum – Dynkur í Þjórsá – áhugamál að stuðla að vernd Þjórsárvera.

Árni Bragason landgræðslustjóri ræðir við Bændablaðið um framtíð uppgræðslu í landinu:

Aukinn lofthiti mun hafa gríðarleg áhrif á uppgræðslu landsins

Árni Bragason, doktor í jurtakynbótum, tók við stöðu landgræðslustjóra 1. maí síðastliðinn. Árni var áður forstjóri NordGen - Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar. Hann segir Landgræðsluna þurfa að búa sig undir loftslagsbreytingar og aukna akuryrkju í framtíðinni.

„Ég tók formlega við stöðunni í júlí síðastliðinn en fyrir þann tíma hafði ég verið forstjóri NordGen, eða Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar. Starfið hjá NordGen var afskaplega spennandi en eins og mörg samnorræn störf var það tímabundið til átta ára. Ég var búinn að vera hjá NordGen í fimm og hálft ár og hikaði því ekki við að sækja um stöðu landgræðslustjóra þegar hún var auglýst laus til umsóknar.“



Árni Bragason, forstjóri Landgræðslu ríkisins. Mynd / VH



Í frægeymslunni á Svalbarða – NordGen sér um daglegan rekstur Svalbard Global Seed Vault.

Landgræðsla og akuryrkja

„Eitt af því sem mig langar að gera sem landgræðslustjóri er að auka vitund fólks á fæðuöryggi og á því að við verðum að fara að búa okkur undir þær hraðfara breytingar sem eru í vændum vegna breytinga á veðurfari og hlýnunar loftslagsins. Landbúnaður er þannig grein að það tekur einn til tvo áratugi að breyta kerfinu og því nauðsynlegt að fara að huga að þessum málum strax.

Ég sé fyrir mér að Landgræðslan sinni áfram sínu hlutverki við að græða landið en að hún leggi einnig sitt af mörkum til að styðja við auka akuryrkju í landinu og sé jafnvel leiðandi á því sviði.

Allar spár og loftslagsmódel benda til að lofthiti hækki um að minnsta kosti tvær gráður hér á landi næstu áratugina og þar af leiðandi verður hægt að auka kornrækt gríðarlega í framtíðinni. Víða þar sem áður voru sandar eru tún í dag og þar verða kornakrar í framtíðinni.

Ég vil að möguleikinn á kornrækt verði tekinn inn í myndina þegar við skipuleggjum landgræðslu í framtíðinni og tryggjum að akuryrkja sé eitt af markmiðum uppgræðslunnar. Ég vil líka ýta undir að menn fari að ræða þessi mál innan greinarinnar og skoða þetta sem valkost.

Hækki lofthitinn, eins og spár gera ráð fyrir, verða til aðstæður sem gera okkur kleift að nota allt aðrar plöntur til uppgræðslu en notaðar eru í dag. Fyrir vikið ætti uppgræðslan að verða okkur auðveldari



Árni var forstjóri Náttúruverndar ríkisins og síðar starfsmaður Umhverfisstofnunar – mynd tekin í Surtsey 2004.

en við verðum líka að vera tilbúin að takast á við verkefnið á nýjan hátt. Þegar ég segi aðrar plöntur á ég ekki við erlendar plöntur heldur önnur afbrigði og tegundir gróðurs og ég sé líka fyrir mér uppgræðslu með það að markmiði að auka akuryrkjuland.

Hlýnuninni mun einnig fylgja nýir plöntusjúkdómar og plágur sem við þurfum að fást við og því er líka nauðsynlegt að vera undirbúin undir það og önnur vandamál koma til með að fylgja auknum hlýindum.“

Umræða af þessu tagi er komin vel á veg víða á Norðurlöndunum og ekki seinna vænna að við förum að tala um þessi mál af alvöru hér á landi.“

Árni segir að þrátt fyrir nauðsyn þess að að taka upp umræðu um framtíð landgræðslunnar í landinu séu brýnustu verkefni stofnunarinnar í dag svipuð því og þau hafa verið. „Endurheimta landgæði og hafa tiltækt það efni sem þarf til uppgræðslu eins og fræ.“

Landgræðslan og bændur

Að sögn Árna er langstærstur hluti bænda í landinu að gera mjög góða hluti þegar kemur að landbótum og uppgræðslu lands.

„Ég tel að 90% bænda séu að gera góða hluti og með þeim vil ég vinna en ég hef lítinn áhuga á að ganga á eftir eða sýna þeim 10% sem hafa ekki áhuga á landbótum einhvers konar meðvirkni. Ég hef áhuga á samvinnu við þennan stóra meirihluta, því með þeim komum við til með að ná árangri en ekki með því að eyða öllum tímanum í að púkka undir einhverja fáeina skussa.“

Ráðstefna um beitarmál

„Í haust stóðu Landgræðslan og NordGen sameiginlega að ráðstefnu hér á landi um beitarmál. Fyrir mig var aðkoman að ráðstefnunni afskaplega skemmtileg því sem forstjóri NordGen fékk ég Landgræðsluna til að standa með okkur að henni en svo setti ég hana sem landgræðslustjóri.“

Með doktorsgráðu í jurtakynbótum

Árni er menntaður líffræðingur og með doktorsgráðu í jurtakynbótum frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn. Doktorsritgerð Árna fjallar um kynbætur á byggi og hann starfaði við kynbætur á því hjá Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins frá 1983 til 1987. Þegar ég hóf störf hjá Rala var Þorsteinn Tómasson að taka við sem forstjóri stofnunarinnar og ég tók við af honum sem sérfræðingur í jurtakynbótum og frærækt þrátt fyrir að hafa ekki lokið við doktorsritgerðina.

„Á þeim tíma var ég blankur námsmaður með fjölskyldu og skuldir og hætti hjá Rala þegar ég fékk betur launað starf hjá Sambandinu sem fólst í því að setja saman fóður og við það starfaði ég í fjögur ár. Mér líkað sú vinna vel og gaman að vera í tengslum við bændur.

Næst sótti ég um sem forstöðumaður á Rannsóknarstöð skógræktarinnar á Mógilsá sem var reyndar í mikilli krísu á þeim tíma. Allir starfsmennirnir höfðu sagt upp störfum en ég var þar í sjö ár og byggði upp.“

Eftir það var Árni forstjóri Náttúruverndar ríkisins þar til hún var sameinuð Hollustuvernd ríkisins og úr varð Umhverfisstofnun. Árni segir að hann sem embættismaður hafi þurft að koma að málum varðandi Kárahnjúkavirkjun og verndun Þjósárvera sem ekki hafi verið vinsælar innan stjórnsýslunnar. „Lögin um mat á umhverfisáhrifum voru svo kolvitlaus að mínu mati og einstök að því leyti að í þeim var ætlast til þess að embættismenn tækju pólitískar ákvarðanir.“

Árni segir að eftir það hafi hann ákveðið að hætta að vinna hjá ríkinu og hætta öllum stjórnunarstörfum. „Ég starfaði um tíma á verkfræðistofu, meðal annars að umhverfismati og sem ráðgjafi.“

Forstjóri NordGen

Árið 2010 var Árni beðinn um að taka við stjórn NordGen tímabundið. Hann tók því og flutti til Svíþjóðar ásamt fjölskyldu sinni. „NordGen var í krísu á þeim tíma líkt og Mógilsá á sínum tíma. Forstjóranum hafði verið sagt upp vegna þess að fjármálin voru í ólestri og stjórn stofnunarinnar hafði sagt af sér. Upphafleg ráðning mín var í sex mánuði en að þeim tíma liðnum þótti mér starfið svo skemmtilegt að ég ákvað að sækja um þegar það var auglýst laust og var ráðinn.“

NordGen er 36 ára gömul stofnun og hún heldur utan um erfðaauðlindir í landbúnaði á Norðurlöndum. NordGen er upphaflega genabankinn fyrir landbúnaðarplöntur en seinna var genabanki fyrir húsdýr settur undir sama hatt ásamt ráðgjöf í erfðamálum skógræktar. Eitt af því sem NordGen er ábyrgt fyrir er daglegur rekstur á frægeymslunni á Svalbarða, Svalbard Global Seed Vault.

„Áhugi á erfðaauðlindum hefur aukist gríðarlega undanfarið og á árunum frá 2012 til 2015 tvöfaldaðist eftirspurn eftir erfðaefni úr bankanum. Fræ- og kynbótafyrirtækin og einstaklingar eru einfaldlega farin að undirbúa sig undir framtíðina og þær loftslagsbreytingar sem eru í vændum. Almenningur í Evrópu er orðinn meðvitaðri um gildi líffræðilegrar fjölbreytni og farinn að prófa sig áfram með ræktun á ýmsum tegundum. Vakning af þessu tagi hefur ekki enn náð fótfestu hér á landi en hún á eftir að aukast,“ segir Árni. */VH*

Tryggðu þér pláss í tíma

Tímarit Bændablaðsins 2017

Tímarit Bændablaðsins vakti mikla lukku í fyrravetur. Við ætlum að endurtaka leikinn og gefa blaðið út 3. mars 2017.

Tímaritið verður yfir 100 síður og prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess verður pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Nánari upplýsingar veittar í síma **563-0300** og netfangið **augl@bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Hægt er að skoða **Tímarit Bændablaðsins** *2016 á* **bbl.is**

*Bænda*blaðið *Smáauglýsingar* 56-30-300

Næsta blað kemur út 17. nóvember

ALLAR VÖRUR SENDAR FRÍTT

MEÐ ÍSLANDSPÓSTI

hvert á land sem er!



BLEK TÓNER

PRENTARAR

RITFÖNG PAPPÍR

PRENTVÖRUR

www.prentvorur.is

Mýrahrúturinn 2016



Eftir að sýningahald á fullorðnum gripum er nánast aflagt í sauðfjárræktinni, enda tilgangslítið í samanburði við aðrar aðferðir, hefur sums staðar, þar sem heilsufar gripa leyfir, verið teknar upp samanburðarsýningar lambhrúta, uppskeruhátíðir, seint á hausti þegar skoðun lamba á viðkomandi svæðum er lokið.

Reynslan er að kenna okkur að þetta eru félagslega mikilvægar samkomur og sem jafnvel hafa ákveðna ræktunarlega þýðingu.

Vestustu þrír gömlu hrepparnir í Mýrasýslu tóku upp slíkt sýningahald fyrir nokkrum árum og sá sem penna stýrir hér kynntist þessum ágætu samkomum þeirra þá. Sunnudaginn 23. október var blásið til slíkrar samkomu í Lækjarbug. Röðun sýningargripa önnuðust dómararnir Kristbjörn Steinarsson og Jón Viðar Jónmundsson. Skipting gripanna í sýningarflokka var sú sama og á hefðbundnum svæðum stærri sýninga. Samtals voru sýningargripirnir 36 sem þarna voru. Hér á eftir er stuttlega greint frá athyglisverðustu gripunum.



Verðlaunahafar úr flokki mislitu hrútanna. Í fyrsta sæti systkinin frá Mel sem áttu flekkótta djásnið í fyrsta sæti. Ingveldur í Rauðanesi 3 skartaði goltóttum gæðagrip og Emma Sól á Leirulæk kom með fallegan gráan hrút.
Myndir / ATB

Lamb nr. 58 best af þeim kollóttu

Kollóttu hrútarnir voru fæstir og mögulega einnig vegna þess í heild lakastir að gæðum þó að allt væru þetta góð lömb. Besta lambið í þeim hópi var dæmdur hrútur nr. 58 í Lækjarbug, ákaflega jafnbyggt og vel gert lamb. Hann er sonur Serks 13-941 sem í haust sáir glæsilegum sonum sínum vítt um land en móðurfaðir hans er Snarfari 09-860.

Mislitu hrútarnir voru flestir stórglæsilegir

Mislitu hrútarnir voru flestir stórglæsilegir einstaklingar. Þessi hópur lamba hefur tekið heljarstökk í framförum á allra síðustu árum með mikilli fjölgun slíkra hrúta á stöðvunum og ekki síst vegna áhrifa afkomenda Grábotna 06-833, Kveiks 05-865 og Fannars 07-808 og í framhaldinu dökku hrútanna. Má því orðið vænta slíkra gripa á slíkum sýningum hvar sem er. Einn slíkur kom fram þarna á sýningunni sem var lamb 29 á Mel.

Þessi hrútur hafði nánast alla þá kosti sem glæsigripi klæða auk þess að vera fádæma fallega flekkóttur þannig að hann er í hópi mestu glæsigripa sem gefur að líta. Síðan féll hann nákvæmlega að ættarmunstrinu sem fjallað er um að framan. Faðir hans er Salómon 10-906 og móðurfaðir hans Grábotni 06-833. Fróðlegt verður að fylgjast með þessum snillingi og fleiri jafningum hans sem borið hafa fyrir augu á þessu hausti.



Farandgripurinn Mýrahrúturinn féll í hlut þeirra Kristjönu Guðmundsdóttur og Sigfúsar Guðjónssonar í Skiphyl fyrir lamb 6023. Farandgripurinn glæsilegi er gerður af Siggu á Grund sem hefur gerst sporgöngumaður Ríkarðs Jónssonar við gerð slíkra listagripa fyrir íslenska búfjárrækt.

Ákaflega glæsilegir hvítir hyrndir hrútar

Hópur hyrndu hvítu hópanna var ákaflega glæsilegur. Þar stóðu efstir einir fimm hrútar sem hvern sem eru hefði mátt með lagni rökstyðja sem besta grip. Voru þeir þessir:

Lamb 141 sem taldi sér heimili að Skúlagötu 7 í Borgarnesi, en þetta var samanrekinn holdahnykill en ekki stór kind. Faðir hans var veturgamall hrútur kominn austan frá Hafrafellstungu.

Lamb 453 á Háhóli var einnig samanrekið vöðvabúnt, sérstaklega voru læraholdin frábær. Faðir þessa lambs var frá Hesti en hrútar þaðan hafa skapað gríðarlegar framfarir í fé á þessu svæði eftir að opnaðist fyrir kaup á gripum þaðan fyrir um áratug.

Frá Skiphyl komu tvö úrvalslömb, 6023 sem var fádæma holþétt og vel gert lamb með gríðarlega mikil einkenni ræktunarfestu en hann var líkt og fleiri toppar haustsins sonur Garra 11-908 en með ólíkindum er hvað mikið af toppum er að birtast undan honum miðað við litla notkun síðasta vetur. Hitt lambið var 6156, þrælvænn hrútur og mjög vel gerður en varla alveg jafn fastholda og þeir sem áður eru nefndir. Faðir hans var veturgamall heimahrútur, sonur Saums 12-915, ekki óþekkt ætterni það.

Að lokum skal nefna lamb 11 í Leirulæk. Þetta lamb var tröll að vænleika, fádæma sterkbyggt og vel gert en, eins og vænni Skiphylshrúturinn, það skrokkmikill að þeir náðu ekki að vera eins holdum klæddir og minni hrútarnir. Þessi er sonur Barkar 13-952 sem er ein af rísandi stórstjörnum stöðvanna. Öll þessi fimm lömb eru metfé að gerð.



Efstu hrútarnir í hverjum verðlaunaflokki. Besti kollótti hrúturinn, lamb nr. 58 í Lækjarbug, lamb 6023 á Skiphyl og lamb 29 á Mel.

Mýrahrúturinn 2016

Besti hrúturinn og þar með Mýrahrúturinn 2016 dæmdist lamb 6023 á Skiphyl. Þetta lambadjásn er ræktunarafrek og eigendur vel komnir að heiðrinum, varðveislu hins glæsilega farandgripar næsta árið. Bæta má við til viðbótar því sem áður er sagt að þetta lamb er í móðurætt ættað frá Hesti og Haukatungu syðri 2 þannig að einstök holdfylling kemur ekki á óvart í ljósi upprunans.

Samkoma þessi var gríðarlega vel sótt. Þarna mætti stór hluti íbúa af fjölda bæja á þessu svæði og gerðu sér glaðan dag við umræður um afrakstur haustsins. Ekki síst var unga kynslóðin fjölmenn þarna og skemmti sér við að raða upp á sínum forsendum nokkrum skrautlegum gimbrum sem fengið höfðu far á sýningarstað. Þetta var því sannkölluð menningarsamkoma eins og þær geta bestar orðið á fallegum haustdegi og aðstandendum til ákaflega mikils sóma.

Jón Viðar Jónmundsson

Vatnajökulsþjóðgarður tilnefndur

Ríkisstjórnin samþykkti á dögunum tillögu umhverfis- og auðlindaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra um að hefja vinnu við tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs og nokkurra aðliggjandi svæða á heimsminjaskrá UNESCO.

Í skýrslu verkefnisstjórnar er lagt til að svæði sem tekur til Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt nokkrum aðliggjandi svæðum verði tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO. Innan þessa svæðis er heiti reiturinn undir landinu, rekbeltið sem gengur þvert í gegnum landið og samspil eldvirkni og jökuls sem m.a. hefur í för með sér að hér eru fjölbreyttari gosminjar en annars staðar á jörðinni.

Svæði utan marka þjóðgarðsins sem lagt er til að verði með í tilnefningunni eru Herðubreiðarfriðland og friðland í Lónsöræfum. Verkefnisstjórnin leggur til að eftirfarandi þjóðlendur og ríkisjarðir verði friðlýstar sem hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, Ærfell, Fjall, Breiðamörk, vestanvert Jökulsárlón og svæðið vestan þess og Sandfell og verði þar með hluti af tilnefningunni.

Í framhaldi samþykktarinnar tekur við vinna við undirbúning umsóknarinnar. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2017.

/VH



Bækur

Úr bók Þórðar í Skógum, Mjólk í mat:

Hátt „smjörfjall“ á Hólum

Fræðimaðurinn og safnvörðurinn Þórður Tómasson í Skógum sendir á þessu hausti frá sér bókina Mjólk í mat. Það er bókaútgáfan Sæmundur á Selfossi sem gefur út. Hér er á ferðinni alhliða fræðirit um mjólkurvinnslu gamla bændasamfélagsins, verkmenningu, þjóðtrú og sögu.

Bændablaðið grípur ofan í bók Þórðar þar sem segir frá smjörfjöllum fyrri tíðar. Neðanmálsgreinum er sleppt og millifyrirsagnir eru blaðsins.



Skógasafn: Smjördallur, smíðaður af Kristófer Jónssyni, bónda á Vindási í Landsveit, og notaður af honum í ferðum á Eyrarbakka og í Veiðivötn. Tekur um þrjú pund. Mynd / Brooks Walker.



Mynd úr bók Olaus Magnus biskups um sögu norrænna þjóða, Historia de Gentibus Septentrionalibus, prentaðri í Róm 1555, merkt Hólum, biskupssetrinu, og Helgafellsklaustri. Smjörtunnur (BVTIRVM) ættu að tengjast útflutningi á smjöri. Árið 1624 voru fluttar út 636 tunnur og rís þessi útflutningur þar hæst á 17. öld.



Skógasafn: Smjöröskjur. Uppruni óviss. Ummál 12,5 x 10 sm. Mynd / Brooks Walker.

40 tonn af smjöri

„Smjörsafn eða aðeins safn var notað um það smjör sem eitt heimili gat saman dregið til sjálfsþurftar á sumri. Að hausti gat vel átt sér stað að húsfreyja væri spurð: „Hvernig safnaðist hjá þér í sumar?“ Þetta var mál sem allir skildu.

Hinsvegar var svo það smjörsafn sem saman dróst á stórstöðum, biskupsstólum, klaustrum og hjá jarðareigendum í leikmannatölu. Um þetta efni eru margvíslegar heimildir, t.d. í máldögum kirkna og eignaskrám margskonar og úr því moðar víst enginn til fulls. Smjör var mikil uppspretta viðskipta, auðsældar og afkomu. Viðmiðun í viðskiptum og greiðslum er orðið fjórðungur sem er að þyngd 10 pund.

Leiguskilmálar hjá landsdrottnum voru bundnir landskuld sem greidd var í smjöri, sauðfé og ýmsu öðru.

Smjörgjald var svo og svo margir fjórðungar miðaðir við hundraðatal jarðar og það gjald gat raunar á stundum hækkað við ábúendaskipti. Hér verður drepið niður í smjöreign nokkurra stórstaða á fyrri öldum.

Eignaskrá biskupsstólsins á Hólum skráð eftir aftöku Jóns Arasonar biskups í árslok 1550 er heimild um geysimikið smjörsafn, nær 40 tonn að nútíðar teikningi.

Í slotskemmu var nær hundrað vætta smjör og mun miðað við stórt hundrað, þ.e. 120. Vættin var 80 pund. Í langabúri var mikill smjörkostur, 30 álnir á lengd, 2 stikur á hæð og ein stika á breidd. Magnið var 620 vættir (þ.e. 720). Í langabúri var og smjörkálfur, „hálf önnur alin á breidd, á hæð, 2 álnir minnur en kvartel“.

Smjörjárn er þarna tilgreint meðal muna. Augljóst er að smjörið hefur verið sett upp á trépalli. Ekki er þarna allt upp talið: Staðurinn átti samandregið eignasmjör á nokkrum stólsjörðum á Skagafirði, alls 111 vættir (þ.e. 131 vætt).

„Vestur á Nesi og hjá séra Birni á Kvennabrekku 18 vættir smjörs . . . Item von að smjöri fyrir sunnan áður verkostar eru af teknir 68 vættir.“

Margir Norðlendingar sóttu vertíð til Suðurnesja á þessum tíma eins og mannhefnd eftir Jón biskup vitnar glöggt um og vermata þeirra hefur verið sótt í þessar smjörbyrgðir. Ein smjörtunna var í skyrbúri á Hólum.

Umsjá og vernd smjörkastar og smjörkálfs vekur spurn. Í langabúri voru varðveittar 15 uxahúðir. Þær kynnu að hafa komið þar við sögu. Hvað varð svo um alla þessa smjöreign? Hún var mikils virði í verslun og viðskiptum og eitthvað kann að hafa farið til viðskipta utan lands.

Í eignaskrá Munkaþverárklausturs árið 1525 segir: „Í borðhúsi smjör hálf þriðja alin á lengd, hálf önnur alin á breidd og stikuhátt. Lausasmjör 2 vættir.“ Hér er og smjörjárn. Allt ber þetta sama svip og á Hólum nema hvað magnið er minna.

Snauðara í Skálholti

Snauðara var um smjör í Skálholti en á Hólum um 1550. Gissur Einarsson biskup féll frá 1548. Eignarskrá stólsins var þá gerð í áföngum. Í skrá sem gerð er 26. mars segir: „Item í gullskemmu tíu tunnur smjörs.“ Skráð er og smjörkista.

Í skrá 4. apríl greinir: „So mikið smjör í smjörklefa, 100 vættir og 60 vættir betur.“ Þetta er allvænn forði, um 14400 pund. Vænta má að frágangur smjörs í smjörklefa hafi verið svipaður og í langabúri á Hólum.

Í dánarbúi Lofts Guttormssonar 1432 voru 570 vættir smjörs.

Daði Guðmundsson í Snóksdal var stóreignamaður. Eignaskrá hans, gerð að honum látnum 1562–63, prentuð í 14. bindi Fornbréfasafns, ber auði hans ótrúlegt vitni, uppspretta mikils og merkilegs fróðleiks. Vel var búið að smjöri í Snóksdal. „Voru svo mikil smjör í smjörhúsi in primis: Eitt smjör þriggja álna á lengd og svo breidd og hálf önnur alin að hæð. Item annað smjör að lengd 2 álnir og 3 kvartel betur og hálf önnur alin á breidd og kvartel miður enn 2 álnir að hæð. Voru svo mikil smjör í nýju skemmunni in primis: Item smjör 3 álnir á breidd enn kvartel miður enn 5 álnir á lengd, brestur kvartel uppá 2 álnir að hæð. Item 17 vættir smjörs þar til.“

Daði átti fjölda jarða og hér hefur leignasmjör hans verið saman borið. Reikningsglöggur maður gæti reiknað þyngd smjörforðans.

Oddasmjörið dró Matthías að staðnum

Nokkrar kirkjur áttu jarðeignir miklar og góðar. Þar bar hæst á Suðurlandi Oddakirkju á Rangárvöllum og Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð. Holtskirkja undir Eyjafjöllum gekk þeim næst, með nær 30 landseta er best lét.

Smjörleigur Oddakirkju námu um 280 fjórðungum á 17. öld ár hvert. Margra manna mál var að það hefði ekki hvað síst verið Oddasmjörið sem dró séra Matthías Jochumsson til að sækja um Oddaprestakall 1880. Smjörið var auðseljanleg vara.

Í raun og sannleika er það með ólíkindum hvernig leiguliðar gátu risið undir smjörleigum og landskuldum og ískyldum af ýmsum toga. Máldagi Þykkvabæjarklausturs í Álftaveri árið 1340 er glöggt vitni um þetta. Klaustrið átti nokkrar jarðir í Mýrdal. Af vesturhúsum á Dyrhólum, Ketilsstöðum, Giljum (Geilum), Götum og Vík var smjörgjaldið tvær vættir, eða 160 pund af hverri jörð. Sumarhagar á þeim jörðum hafa á miðöldum sennilega verið að einhverjum mun betri en síðar varð en eigi að síður hafa þarna verið álögur býsna þungar.

Leiguliðarnir átu þurrt!

Verkefnið það að safna í leigurnar sat í fyrirrúmi hjá öllum leiguliðum fyrri tíma. Smjörgjaldið var hjá mörgum það hátt að fólk varð að spara við sig feitmeti, jafnvel borða þurrt, eins og sagt var uns allt var saman dregið. Þorsteinn Erlingsson skáld hefur skráð skrýtlu um maddömu Sigríði Pálsdóttur á Stórólfshvoli og smjörgjald af Moshvoli í Hvolhreppi: „Sigríður kona sr. Sigurðar Thorarensen á Hvoli átti að taka á móti leigunum af Moshvoli og sagði maðurinn að hann hefði orðið að svelta börnin sín fyrir þær. Sr. Sigurður spurði hana hvernig leigurnar af Moshvol hefðu verið úti látnar. „Ég vona þær vegist,“ svaraði hún, en hún hafði gefið manninum þær.“

Þorsteinn hefur meira til mála að leggja um leigu og landskuldir: Páll bróðir hans var leiguliði á Sámsstöðum í Fljótshlíð, landseti Breiðabólstaðarkirkju. Eftirfarandi vísu segir Þorsteinn að Páll hafi ort við slátt í Sámsstaðaengjum.

Hart er að vera í haustrigningu
hungraður og ber
en kaupa fúla fordæmingu
fyrir ær og smér.

Framar þessu segir Þorsteinn: „Það er þó klínt á uggann hjá Hrunaprestinum,“ sagði Páll, þegar Guðrún mín sagði honum að Hrunaprestur fengi 70 fjórðunga í gjöld af sméri, „það hefur ekki verið skyrpt á hann eins og sumum þótti fullgott handa hundunum í sveitinni.“



Láttu ljós þitt skína!

Umhverfisvænar Led perur frá okkur spara allt að 80% við lýsingarkostnað.

Við eigum vinnuljós, kastara og allt sem þarf til að gera lífið bjartara.



Hringdu og fáðu nánari upplýsingar í síma 8606601

BALDYS

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



Allra heilagra messa, hrekkjavakan og amerísk grasker

Allra heilagra messu ber samkvæmt kirkjuhefð upp á fyrsta dag nóvembermánaðar ár hvert. Svo ákvað Gregorius páfi, hinn fjórði með því nafni. Hann gegndi páfadómi frá árinu 827 til dauðadags árið 844. Dagurinn var helgaður öllum píslarvottum og öðru sannheilögu, framliðnu fólki sem ekki átti sinn sérstaka sálumessudag í viðburðaskrá hinnar rómversku kirkju.

Tveim öldum síðar bættu kirkjufeðurnir allrasálnamessu við og að hún skyldi sungin daginn eftir til sáluhjálpar þeim fátæklingum sem andast höfðu á árinu og verið huslaðir án viðhafnar og yfirsöngs í stíl við það sem tíðkaðist þegar eignafólk sem gat staðið undir sálnamessugjöldunum átti í hlut.

Heiðnir siðir og handanheimar

Í raun var þessi ráðstöfun kirkjufeðranna sprottin af hvötinni til að kveða niður rótgróna siðu frá fyrri öldum þegar fólk hélt hátíðir, oft dálítið groddalegar, til að milda og draga úr áhrifum handanheima á hið daglega líf. Þessar hátíðir voru tengdar dauðanum og verum framliðinna sem hugsanlega gætu verið að slæðast um slóðir lifenda til að gera þeim lífið leitt.

Árið á suðurslóðum skiptist bara í sumar og vetur. Því var eðlilegt að halda þessar hátíðir á þeim tímamótum þegar myrkrið var orðið birtunni yfirsterkara. Þá gátu draugar og forynjur náð sér á strik og gert fólki skráveifur ef þeim var ekki mætt með tilhlýðilegu móti. Fólk, einkum unglingar, klæddi sig í ótótlega búninga og setti upp grímur til að trufla framgang forynjanna svo að þær drægju sig til baka inn í sinn dularheim. Héldu sig síðan þar og væru til friðs næsta árið.

Hátíðahöld af þessu tagi og á þessum árstíma voru ekki snar þáttur í menningu germanskra þjóða. Þar náði svona sprell litlum vinsældum. Og þó, margir jólasiðanna okkar og ýmislegt sem nú er tengt föstuinngangi páskanna er af svipuðum meiði.

Þjóðir með keltneskan uppruna, t.d. Írar og Skotar, tóku þessar dauðahátíðir af fullum þunga. Ekki samt of hátíðlega, því þeim fylgdi margvíslegt sprell og gjarna einhverjir grímubúningar sem féllu vel að tilefninu. Og þeir fluttu sprellið yfir á kvöldið fyrir allraheilagramessu. Á ensku kallast hún „All Hallows‘ Day“. Kvöldið áður verður þá „All Hallows‘ Evening“ sem síðan styttist í „Halloween“. Það höfum við íslenskað með orðinu hrekkjavaka og á síðustu árum hefur borið á að hún sé orðinn snar þáttur í félagslífi yngri kynslóðanna hér á landi. Sennilega vegna ameríska áhrifa.

Víða á Bretlandseyjum var kvöldið fyrir allraheilagramessu tilefni þess að fólk gerði vel við sig í mat og fór í leiki. Fólk vandraði á milli húsa í grímubúningi eða dularklæðum, sprellaði í grönnunum og sníkti eitthvert góðgæti. Bálkestir voru kyntir utanhúss og margir báru luktir úr holuðum, stórum næpum. Í næpurnar voru skorin andlit sem lýsti út um.

Eiginlega voru þessi hátíðahöld eins konar blendingur af töðugjöldum, vættatrú og tengingunni við dauðann og hið forgengilega. Þetta var líka kvöldið til að rýna í framtíðina með alls kyns töfrabrögðum og spádómum. Sett voru upp sjónarspil þar sem við áttust hin illu og góðu öfl. Og að sjálfsögðu í tilkomumiklum leikbúningum sem hæfðu hlutverkunum.



Grasker – af öllum stærðum og gerðum.



Listilega útskorin hrekkjavökulukt úr risagraskeri.



Moskusgrasker – 'Butternut'.

Fólk sem flutti frá Bretlandseyjum yfir til Vesturheims tók með sér siði og hátíðir heimahaganna. Háttsemin aðlagaðist samt nokkuð í nýjum heimkynnum vestanhafs. Þar fundu menn þeim áður ókunnan jarðarávöxt sem hentaði mun betur í hlutverk hrekkkjavökuluktarinnar en næpurnar. Graskerin voru komin til að vera.

Slyngi Jack – írskur drykkjubolti

Luktin góða sem skorin er út í næpur eða grasker kenna enskumælandi menn við írskan drykkjubolta og hrekkjalóm sem kallaður var slyngi Jack. Jack þessi sat eitt sinn að sumbli á vegakrá á dimmu hrekkjavökukvöldi. Þá bar Kölska þar að og Jack ákvað að leika nú á hann og bjóða honum sál sína fyrir ef hann borgaði fyrir sig síðustu ölkrús kvöldsins. Kölski gekkst kátur við boðinu og breytti sér samstundis í sexpensa mynt svo að Jack gæti borgað bareigandanum. En Jack var þá ekki seinn á sér, heldur greip peninginn og stakk honum í vasa sinn. Þar lenti peningurinn við hliðina á litlum silfurkrossi sem Jack bar á sér. Þarna var Kölski kominn í gildru og gat ekki breytt sér aftur til upphafsins og var nú á valdi Jacks sem ekki sagðist frelsa hann úr prísundinni nema að hann lofaði að sækja sál sína ekki fyrr en að tíu árum liðnum. Kölski samþykkti það.

Leið nú og beið. Tíu árin voru langt fram komin þegar leiðir þeirra lágu saman. Og nú á þjóðveginum. Kölski kallaði eftir skuldinni og Jack sagði það svosem ókei ef Kölski bara vildi bara vera svo vænn að hoppa þarna upp í eplatréð og rétta sér eitt epli áður en þeir gengju frá málunum. Kölski hélt nú að það væri lítið mál og að hann gæti varla farið mikils á mis þótt hann léti þessa ósk eftir honum. Nú væri Jack svo gott sem gefinn fengur.

En ekki var hann fyrr kominn upp í tréð en að Jack gerði krossmörk allt í kring um það, þannig að enn varð Kölski á valdi hans. Og nú samdi hann með hangandi haus við Jack um að til þess að komast niður úr eplatrénu kostaði hann því til að Jack fengi að halda sál sinni eins lengi og honum sjálfum sýndist og vera þar með laus við alla skilmála við sig.

Nokkrum árum síðar gaf Jack upp öndina og stormaði nú að Gullnahliðinu. Þar hitti hann fyrir Lykla-Pétur og beiddist inngöngu. En, nei-ónei, sagði þá Lykla-Pétur, vegna drykkjuskapar þíns, klækja og óknytta áttu ekkert pláss hér.

Þá ásetti Jack sér að rifja upp gömul kynni við Kölska og brá sér að dyrum hans, bankaði þar uppá og bað um að fá að komast inn í ylinn. En nú brá svo við að Kölski vildi ekkert með hann hafa og taldi sig brjóta mjög á samvisku sinni færi hann að gera við hann nýjan samning. Því gerði hann Jack afturreka til fyrri vistar þar sem hann gæti ráfað um sem fyrr án þess að eiga nokkurs staðar höfði sínu að að halla.

En Kölski gerði þó gustuk á. Í holuðu næpuna sem Jack bar alltaf með sér, sér til viðurværis, lét hann falla glóðarmola úr logum helvítis svo að hann gæti þó alltaf lýst sér leið á hinu endalausa ráfi sínu. Síðan hefur slyngi Jack flakkað um eirðarlaus og þindarlaust og er enn að. En ætíð með þessa eina litlu glóð að leiðarljósi. Luktina hans, hrekkjavökuluktina, kallar enskumælandi fólk því „Jack-o‘-lantern“ eftir honum.

Landnám vestanhafs – graskerin uppgötvuð

Í Ameríku gerðu innflytjendurnir bresku sér fljótt ljóst að graskerin sem innfæddir þar ræktuðu væru mun betur til útskurðarins fallin en næpurnar þegar kom að því að skera út í þær andlit hrekkjavökuluktanna sem þessi glóðarmoli Kölska átti að lýsa út um, mönnum til áminningar um fallvalta gæfu.

Grasker eru upprunnin í háfjöllum Mið-og Suður-Ameríku og höfðu verið í ræktun í meira en fjögurþúsund ár áður en Evrópumenn bar þar að garði. Ræktunin hafði breiðst út um allt landsvæðið sem nú eru Mexíkó og suðurríki Bandaríkjanna og reyndar til norðurs upp með austurströndinni þar sem breskir innflytjendur settust að. Þau heyra til ættkvísl graskerja, á fræðimálinu *Cucurbita* sem er gamalt og almennt heiti á ýmsum öðrum „graskerum“ í gamla heiminum. Við þekkjum það í tökuorðinu „kúrbítur“ sem er frekar ónákvæmt og getur spannað öll form af graskerjum. Viðurkenndar tegundir eru um tuttugu auk fjölda undirtegunda. Í ræktun til manneldis eru þó aðeins fimm tegundir og þar af aðeins þrjár sem ræktaðar eru í stórum stíl þar sem hlý og löng sumur leyfa.

Þrjár aðaltegundir graskera

Af þessum þrem tegundum má fyrst nefna *Cucurbita maxima* sem hlotið hefur íslenska heitið risagrasker. Af því eru til tugir stofna sem hver hefur sitt yfirbragð í stærð, lit eða lögun. Kannski sjáum við það fyrst og fremst fyrir okkur sem vagn Öskubusku í teiknimyndum Disneys eða þá sem hina dæmigerðu hrekkjavökulukt með augum, munni og nösum. En afbrigðin eru mun fleiri, stór (stundum risastór eintök sem vega hálft tonn eða meira) eða smá, hnöttótt eða aflöng, gul, órans eða græn á litinn. Og það fer svolítið eftir löguninni hvað afbrigðin kallast. Þau hnöttóttu kallast oftast „pumpur“ en séu þau aflöng kallast þau frekar „skvass“, en í raun er þessu oft ruglað saman.

Önnur tegund sem hægt er að rækta í görðum norður á Skán og í plastskýlum enn lengra til norðurs eru moskusgrasker, *Cucurbita moschata*, og ber miðlungsstór aldin, sem oftast eru digur að framan . Stundum eru þau mjög afturmjó og jafnvel sveigð í krappa boga. Liturinn oftast mógulur eða strágulur og kjötið mjög þétt, sætt og matarmikið. Af þeim leggur þægilega moskuslykt. Af moskusgraskerum þekkjum við einna helst 'Butternut‘ sem er smágert með þéttu, rauðleitu og afar bragðgóðu aldinkjöti sem svo sannarlega minnir á smjör og hnetur í sömu andránni og nota má bæði steikt eða soðið í viðbit ellegar súpur. Eins má rífa það niður hrátt í kökur og eftirrétti.

Þriðju tegundina þekkjum við flest vel. Það er mergjan, *Cucurbita pepo*, sem stundum er kölluð kúrbítur, zukkíni, skallop, spaghettimergja, courgette og slíkum nöfnum áfram endalaust eftir því hvert útlitið er og notagildið. Mergjan er eina graskerið sem nokkurn veginn er tiltölulega auðvelt að rækta hér á Íslandi. Í blíðum sumrum þrífast plönturnar jafnvel utanhúss ef þær eru í góðu skjóli á móti sól. Annars þurfa þær að vera undir plasti eða í gróðurhúsum án upphitunar. Aldinin eru tekin meðan hýðið á þeim er þunnt og mjúkt. Þá líkjast þau helst gúrkum. Best er að taka þau viku til tíu daga gömul. Þau má borða hrá en eru fremur bragðlítil. En í margvíslegri matargerð taka þau vel við kryddi og hægt er að gera úr þeim alls konar hlaup og sultur til að hafa með bakkelsi eða kjötréttum.

Bækur

Sléttunga – stórvirki í þrem bindum – Safn til sögu Melrakkasléttu og Raufarhafnar eftir Níels Árna Lund:

Firnin öll af fróðleik og upplýsingum sem voru við það að glatast

Nýverið kom út ritverkið Sléttunga – safn til sögu Melrakkasléttu og Raufarhafnar, sem er þriggja binda ritverk eftir Níels Árna Lund. Höfundurinn er fæddur og uppalinn á Miðtúni á Melrakkasléttu en hefur sl. 30 ár starfað í Stjórnarráðinu, því ráðuneyti sem hefur farið með landbúnaðarmál.

Níels Árni hefur unnið að þessu verki sl. sex ár í frístundum sínum og útkoman er verulega fallegar og fróðlegar bækur um þetta hérað þar sem byggð hefur dregist mjög saman á síðustu áratugum og fjöldi bújarða nú einungis nýttar til sumardvalar.

Í Sléttungu eru yfir 1000 ljósmyndir með myndatextum af öllum gæðum og gerðum og segja meira en mörg orð. Þá fylgir bókunum ítarleg nafnaskrá þannig að fólk á að geta flett upp nöfnum sem koma fyrir.



Fjallað er um Raufarhöfn í ritverkinu, en þar var ein af helstu söltunarstöðvum landsins á síldarárunum.

Það vantaði að skrifa um hina bæina á Sléttu

– Níels Árni – hver var kveikjan að þessu ritverki þínu?

„Að stórum hluta má rekja það til þess að fyrir 6 árum skrifaði ég bókina Af heimaslóðum – brot af sögu foreldra minna, Helgu og Árna Péturs í Miðtúni og samfélagsins við Leirhöfn á Melrakkasléttu“. Þótt saga foreldra minna væri í fyrirrúmi, var ég að segja frá lífinu eins og ég upplifði það, á Leirhafnartorfunni þar sem voru um tíma tíu heimili, nú aðeins eitt. Margir þökkuðu mér bókina – sögðu hana góða – en bættu svo við „það vantar að skrifa um alla hina bæina á Sléttu“.

Ég þekkti byggðina á Sléttunni meðan hún var og hét upp á sitt besta og ég óttaðist að nú, eftir að búskap hefur verið hætt á nær öllum bæjum, myndi sagan hverfa ef ekkert yrði að gert og það gat ég ekki horft upp á aðgerðarlaus.

Fjölmargir leggja leið sína um þessa nyrstu byggð landsins – virða fyrir sér umhverfið og náttúruna í öllu sínu skarti; jafnt flóru sem fánu – en vantar söguna – og sagan, saga hvers héraðs, er uppistaða menningu okkar lands.“

Mikið verk – en ég fékk líka mikla hjálp

– Þetta er mikið verk – þrjú bindi með mörgum myndum. Þetta hefur verið mikil yfirlega.

„Vissulega var þetta mikið verk en ég fékk líka mikla hjálp. Í upphafi leitaði ég til fólks af Sléttunni og Raufarhöfn með beiðni um skrif og aðstoð og sömuleiðis til sérfræðinga um kafla um jarðfræði, veður, ár og vötn, gróðurfar, fuglalíf, heilsugæslu, skólamál og fleira og allir tóku mér vel; söguðu einfaldlega já. Fyrir það er ég þakklátur og margir skrifara minna fá þá umbun að hafa ritað kafla um sín æskuheimili. Ég skipti ritinu í þrjú bindi. Í því fyrsta er því að finna fróðleik sérfræðinga um hin ýmsu atriði er varða Melrakkasléttu og þar er einnig sagt frá fjárbúskapnum, fiskveiðum, skipsströndum og hernámsárunum þar nyrðra. Þá ritaði ég ítarlega leiðarlýsingu fyrir ferðamenn sem aka fyrir Sléttu en sífellt fleiri fara þar um og dásama það sem fyrir augum ber. Lifandi frásögn; nöfn bæja, fjalla, kennileita og fólks með blandi af þjóðsögum og öðru slíku festir slíka ferð í huga ferðamannsins.“



Hörður Kristjánsson, ritstjóri Bændablaðsins, og höfundurinn Níels Árni Lund með þriggja binda ritverk sitt sem hann mætti með í Bændahöllina. Mynd / smh

Fjölbreyttar frásagnir

Í öðru bindi er 200 ára saga jarða á Sléttu – það er nokkuð langur tími.

„Já, og ég er ekki viss um að slík saga sé til annars staðar á landinu, Tvö hundruð ára saga er nokkuð langur tími og þessa sögu skrifa ég ekki einn. Ég leitaði í handrit Kristins Kristjánssonar (1885–1971), afa míns frá Nýhöfn á Melrakkasléttu, sem skrifaði um jarðirnar á 19. öld og er einstök heimild um lífið á Sléttunni og þá sem þar bjuggu. Um 20. öldina og fram til þessa dags, fékk ég til liðs við mig gjörkunnugt fólk og bað það að skrifa um sína jörð; rétt eins og rúta væri að koma í hlað og ferðalangar vildu fræðast um viðkomandi jörð; helstu atburði, vinnubrögð, skemmtanir og daglegt líf.

Frásagnirnar eru því fjölbreyttar að gerð – lengd og framsetningu, en það gerir lesefnið skemmtilegt og fjölbreytt að mínu mati. Telja má upp um 50 skráð býli sem skrásett voru á Sléttu. Nú er aðeins stundaður búskapur á tveimur. Vissulega er um brothætta byggð að ræða og fróðlegt að velta fyrir sér ástæðum þess.“



Horft til Rauðanúps frá Kötlu. Mynd / Níels Árni Lund

Raufarhöfn með sína sérstöðu

– Er síðasta bókin þá tileinkuð Raufarhöfn?

„Já, Raufarhöfn var í gegnum aldirnar venjuleg bújörð og frá henni og ábúendum jarðarinnar er sagt með sama hætti og aðrar jarðir Sléttunnar. Raufarhöfn hafði hins vegar þá sérstöðu að þar var góð höfn frá náttúrunnar hendi og þangað lögðu kaupmenn snemma leið sína. Raufarhöfn fékk verslunarleyfi konungs 1833 og þangað var flutt frá Þýskalandi feiknarleg bygging og reist þar 1835 – eitt það stærsta ef ekki það stærsta á landinu þá. Þetta hús átti sér langa sögu en brann í miklum eldsvoða 1956. Rakin er saga verslunarinnar og þeirra sem að henni stóðu allt fram á þennan dag. Síðast en ekki síst er sögð saga þorpsins; fiskveiðum, síldarárunum og þeim miklu umsvifum sem síldinni fylgdi, mannlífinu og kaflar eru um skólamál, kirkjuna, félög og þjónustustarfsemi og öðru því er skapaði Raufarhöfn – nyrsta þorp landsins; stað sem malaði gull í ríkiskassann í áratugi en berst nú fyrir framtíð sinni.“

Stóð tæpt að safna örnefnum frá staðkunnugum

– Örnefnakortin vekja athygli og varla hefur verið sjálfgefið að halda þeim til haga?

„Örnefnakortin í Sléttungu eru sér kapítuli. Þannig var, að til var á hverjum bæ „örnefnaskrá“ þar sem talin voru upp öll helstu örnefni hverrar jarðar. Hins vegar voru þau hvergi skráð á kort. Ég fékk til liðs við mig kortagerðarmann, Hans Hjálmar Hansen, og hjá honum stórt útprentað kort af Melrakkasléttu eins og það er í flestum gagnagrunnum. Þetta kort sendi ég svo fólki sem þekkti best örnefni sinna jarða og niðurstaðan varð sú að í heildina voru kortsett 800–1000 örnefni á Melrakkasléttu sem aldrei hafa verið staðsett áður á kort. Þetta verk stóð tæpt og get ég nefnt að einn heimildarmaður minn lést 10 dögum eftir að hann hafði staðsett 40 nöfn í Rifslandi sem ég fullyrði að enginn annar hefði vitað um nú.“

Þakklátur og svolítið stoltur

– Ertu sáttur við verkið?

„Já, ég hlýt að vera það; þakklátur svo mörgum og svolítið stoltur yfir að hafa gert þetta verk – sem ég er reyndar sannfærður um að enginn var á leiðinni að gera. Ég náði líka því markmiði mínu að taka saman og skrá og varðveita þannig heilmikla sögu og fróðleik af Melrakkasléttu. Ég er sannfærður um að bókin mun nýtast mörgum, lifa lengi eins og sagt er – því þótt búskap sé hætt að mestu og Raufarhöfn megi muna fífil sinn fegurri – þá er ég viss um að margir munu leggja leið sína um þetta fallega og sérstæða landsvæði og vilja vita sögu þess – nefni ég að mjög margir tengjast héraðinu; eru þaðan ættaðir en einnig höfðar verkið til venjulegra ferðamanna og alls áhugafólks um sögu lands og þjóðar.“

Ég á þessu héraði skuld að gjalda

– Og hvernig hafa viðtökurnar verið?

„Í einu orði sagt – frábærar. Ég ætlaði mér að selja bækurnar sjálfur og geri það enn á netfanginu lund@simnet.is, en sá fljótt að mér var ómögulegt annað en að setja bækurnar einnig í almenna dreifingu. Þá er ég víða beðinn að koma og segja frá bókunum – eða öllu heldur Melrakkasléttu og Raufarhöfn og það er mér ánægjan ein. Ég á þessu héraði skuld að gjalda – þar fæddist ég – ólst þar upp og hefði hvergi annars staðar viljað hafa átt rætur,“ segir Níels Árni Lund. /HKr.

Utan úr heimi

Mjólkurframleiðsla heimsins rædd á ráðstefnu í Rotterdam – Framleiðslan komin yfir 800 milljarða kílóa á ári:

FAO og IDF gáfu út sameiginlega yfirlýsingu um samfélagslega ábyrgð og sjálfbæra þróun

– Mjólkurframleiðslan er þriðja umfangsmesta framleiðsluafurðin í landbúnað en sú verðmætasta

Hin árlega ráðstefna alþjóðasamtaka aðila í mjólkuriðnaði, IDF - International Dairy Federation, var haldin í Rotterdam í Hollandi um miðjan október. Ráðstefnan var að venju vel sótt en um 1.200 manns frá 64 löndum, m.a. frá Íslandi, sóttu ráðstefnuna til þess að ræða hin margvíslegu sameiginlegu málefni sem tengjast mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu.

Ráðstefna þessi stendur alla jafna í þrjá daga og samanstendur af mörgum málstofum með ólíkum framsöguerindum auk margra funda nefnda og ráða. Ráðstefnan er eins og áður sagði haldin árlega og flyst á milli aðildarlanda IDF sem standa undir þorra allrar mjólkurframleiðslu heimsins.

Rúmlega 800 milljarðar kílóa

Mjólkurframleiðsla heimsins hefur aukist verulega undanfarin ár en sé horft til síðasta uppgjörsárs IDF, ársins 2014, þá nam framleiðsla þess árs 802,2 milljörðum kílóa. Litið til heildarframleiðslunnar þá er mjólkurframleiðslan þriðja umfangsmesta framleiðsluafurðin í landbúnaðinum, en sú verðmætasta þegar litið er til heildarveltunnar. Alls stendur mjólkurframleiðsla undir 27% allrar landbúnaðarframleiðslu með búfé.

Eykst stöðugt

Sé horft aftur til ársins 2000 hefur mjólkurframleiðslan í heiminum aukist um 2,3% að meðaltali ár hvert og er talið að þörfin verið áfram jafn mikil á komandi árum og áratugum, þ.e. að auka þurfi heimsframleiðslu mjólkur um 2–3% á hverju ári til þess að mæta eftirspurninni eftir mjólk og mjólkurvörum. Mest af mjólkurvörum fer til neyslu á heimamörkuðum, þ.e. í þeim löndum þar sem framleiðslan fer fram. Þó eru þónokkur viðskipti með mjólkurvörur á milli landa og vega mjólkurvörur 14% í árlegum heimsviðskiptum með landbúnaðarvörur. Langumfangsmestu viðskiptin eru með ýmiss konar duft sem unnið er úr mjólk og ekki nema 1% mjólkurframleiðslunnar er selt á milli landa sem ferskvörur.

Evrópa leiðir

Þegar skoðaðar eru framleiðslutölur í heiminum þá skiptist framleiðslan þannig að mjólkurkýrnar standa undir um 83% heimsframleiðslunnar og buffalóar undir um 13%. Ær, geitur og kameldýr reka svo lestina. Sé hins vegar litið til þess hvar mjólkin er framleidd þá stendur Evrópa undir stærstum hluta hennar, eða 33%, þá Asía með 28% með Indland sem langstærsta framleiðslulandið og raunar í heiminum öllum. Þá Norður- og Mið-Ameríka með 18%, Suður-Ameríka með 11% og Afríka og Eyjaálfa með 5% hver.

150 milljón bú í mjólkurframleiðslu

Alls er talið að það séu 570 milljón bú í heiminum og að á um fjórðungi þessara búa sé stunduð mjólkurframleiðsla í einhverjum mæli og oft er um blandaðan búskap að ræða. Þannig er t.d. talið að kýr séu á 133 milljónum búa, geitur á 41 milljónum búa, buffalóar á 29 milljónum búa og ær til mjólkurframleiðslu á 19 milljónum búa. Kýrnar eru langflestar þegar horft er til mjólkurframleiðslu heimsins og eru langflest kúabúin með 1–3 kýr og ekki nema 0,3% kúabúa heimsins eru með fleiri en 100 kýr. Meðalfjöldi kúa á hverju búi er því ekki hár en talið er að meðalbúið sé með að jafnaði 2–3 kýr.

Fyrir áhugasama um hin sameiginlegu málefni mjólkuriðnaðarins og mjólkurframleiðslunnar má benda á heimasíðu ráðstefnunnar, www.idfwds2016.com, en þar má fræðast um ýmislegt sem tengist ráðstefnunni svo sem skoða flest erindin sem flutt voru og lesa útdrætti fyrir veggspjöld svo dæmi séu tekin.

Einstök yfirlýsing


Það sem stóð upp úr á þessari ráðstefnu, að mati greinarhöfundar, var sameiginleg yfirlýsing IDF og FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, um mjólkurframleiðslu og -vinnslu. Yfirlýsingin sem kallast „The Dairy Declaration“ var undirrituð 19. október og snýst þessi sameiginlega yfirlýsing um samfélagslega ábyrgð og sjálfbæra þróun mjólkurframleiðslunnar svo hún gagnist allri heimsbyggðinni s.s. með því að taka tillit til félagslegra, efnahagslegra, heilbrigðislegra og umhverfislegra þátta við mjólkurframleiðslu og mjólkurvinnslu. Er þessi yfirlýsing í anda markmiða Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030 um framangreinda þætti almennt. Um leið undirstrika Sameinuðu þjóðirnar, með því að koma að þessari yfirlýsingu, hve gríðarlega mikilvæg mjólkurframleiðsla er allri heimsbyggðinni og hve mjólk veitir mikilvæga næringu íbúum heimsins. Með aðkomu IDF að yfirlýsingunni er jafnframt viðurkennt að mjólkurframleiðslan í heiminum í dag er ekki gallalaus og hana þarf að þróa svo mögulegt verði að auka framleiðsluna með sjálfbærum hætti í takt við þarfir framtíðarinnar svo tryggt verði að íbúar heimsins geti treyst á að geta fengið mjólk um ókomna tíð. Yfirlýsingin er svohljóðandi, í snörun greinarhöfundar:



Frá undirritun Rotterdam-mjólkuryfirlýsingarinnar, „The Dairy Declaration“. Myndir / IDF



Frá Rotterdam. Mynd /HKr.



Food and Agriculture Organization of the United Nations

THE DAIRY DECLARATION OF ROTTERDAM

The dairy community accepts sustainability challenge

We, representatives of the one billion person global dairy community, gathered in Rotterdam at the World Dairy Summit, are committed to the sustainable development of the dairy sector to generate widespread benefits for people and the planet.

We recognize:

- the UN 2030 Agenda for Sustainable Development as the overarching framework that guides our actions towards sustainable development from a social, environmental, economic and health perspective;
- the vital role of dairy for food security and poverty reduction and the important livelihood and development opportunities for family farmers, small holders and pastoralists;
- the critical contribution the dairy sector makes to Sustainable Development, including:
  - the essential role of dairy products for balanced, nutritious and healthy diets;
  - the major contribution that dairy makes to countries' economies, income, employment and livelihood
  - the key function of the dairy sector in the management of terrestrial ecosystems and the need to address environmental degradation and climate change, and to support biodiversity;
- the diversity of dairy production systems and dairy breeds, contexts and priorities;
- the need for continuous and open dialogue and joint actions at all levels.

We agree to:

- Take an integrated approach to promote the sustainability of dairy systems, jointly taking into consideration social, economic, health and environmental dimensions;
- Give particular attention to the needs of family farmers, small holders and pastoralists;
- Build, implement and disseminate tools and guidelines to facilitate the identification and adoption of sustainable practices in the dairy sector;
- Build capacity in support of sustainable practices and provide enabling conditions;
- Measure and report on sustainability outcomes.
- Strengthen multi-stakeholder dialogue for consensus building, reviewing progress and continuous improvement.

Rotterdam, 19 October 2016

Ren Wang,
Assistant Director General, Food and Agricultural Organization of the United Nations

„THE DAIRY DECLARATION“

Mjólkurframleiðendur og -vinnsluaðilar eru tilbúnir að takast á við áskorun sjálfbærninnar.

Við, fulltrúar þeirra eins milljarðs íbúa heimsins sem starfa að mjólkurframleiðslu og -vinnslu, sem erum hér saman komnir í Rotterdam á alþjóðaráðstefnu IDF, erum staðráðnir í því að þróa greinina í átt að sjálfbærni til að tryggja víðtæk jákvæð áhrif fyrir íbúa heimsins og jörðina.

Við viðurkennum:

- Áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, UN 2030, sem leiðarljós okkar í átt að aukinni sjálfbærni í greininni séð frá félagslegu, umhverfislegu, efnahagslegu og heilsufarslegu sjónarhorni;
- Mikilvægt hlutverk greinarinnar fyrir fæðuöryggi, til þess að draga úr fátækt, sem lífsviðurværi og fyrir framþróunarmöguleika fyrir bændafjölskyldur, smábú og hirðingja;
- Hið mikilvæga framlag greinarinnar fyrir sjálfbæra þróun, þar á meðal:
- Nauðsynlegt hlutverk mjólkurvara fyrir fjölbreytt, næringarríkt og hollt mataræði;
- Ná hagkerfi landanna, tekjur, atvinnu og lífsviðurværi;
- Grundvallarhlutverkið að hlúa að vistkerfinu, að takast á við umhverfisspjöll og loftslags-

breytingar auk þess að styðja líffræðilega fjölbreytni;
- Fjölbreytt framleiðslukerfi greinarinnar og notkun ólíkra framleiðsludýra, sem og ólíkar áherslur og forgangsröðun;
- Þörfina fyrir stöðugar og opnar samræður og sameiginleg átaksverkefni á öllum stigum.

Við samþykkjum að:
- Stuðla sameiginlega að sjálfbærni í greininni og að taka í sameiningu tillit til félagslegra, efnahagslegra, heilsufarslegra og umhverfislegra þátta;
- Horfa sérstaklega til þarfa fjölskyldubúanna, smábúa og hirðingja;
- Byggja, innleiða og miðla þekkingu og leiðbeiningum til að auðvelda skilgreiningu og upptöku á sjálfbærri þróun í greininni;
- Stuðla að uppbyggingu á þekkingu á aðferðum sjálfbærrar þróunar og skapa rétt skilyrði til hennar;
- Að meta árangurinn og birta upplýsingar um sjálfbærnina;
- Efla umræðuna á breiðum grunni til þess að auka samstöðuna um verkefnið, að tryggja framfarir og framþróun.



Þó fullsnemmt sé um það að spá, töldu margir af þeim sem að þessari yfirlýsingu komu að líklegt væri að í framtíðinni yrði litið til baka til þessa dags, þ.e. 19. október 2016, sem sögulegs dags fyrir heimsbyggðina alla. Það á auðvitað eftir að koma í ljós en vissulega er hér verið að stíga einkar áhugavert skref.

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk
Sviðsstjóri hjá SEGES P/S Danmörku

Mikil fækkun mjólkurbúa á heimsvísu

Ný skýrsla frá Mjólkurrannsóknartengslanetinu, IFCN, sýnir að fækkun mjólkurbúa í heiminum muni verða umtalsverð til ársins 2025, en í Afríku mun slíkum búum fjölga.

Tengslanetið samanstendur af vísindamönnum innan mjólkurfræða í yfir 90 löndum sem sjá fyrir sér meiri mjólk, fleiri dýr og aukin viðskipti með mjólkurvörur yfir landamæri.

Samkvæmt sérfræðingunum í tengslanetinu mun fjöldi mjólkurbúa í heiminum minnka um 17,5 milljónir fram til ársins 2025 og verða þá 103 milljónir mjólkurbúa í heiminum eftir. Samt sem áður mun þessi þróun ekki ná til alls heimsins því áætlað er að 11 prósenta aukning verði á mjólkurbúum í Afríku á þessu tímabili. Þar að auki verða aukin viðskipti með mjólkurvörur en næstu níu árin munu viðskiptin aukast um 51 prósent og mjólkurframleiðsla mun færast til samkeppnishæfari svæða að mati sérfræðinga IFCN. Þannig sjá sérfræðingarnir fyrir sér að Kína, Afríka og Pakistan muni auka innflutning á mjólkurvörum á meðan lönd innan Evrópusambandsins, Nýja-Sjáland, Hvíta-Rússland og Argentína muni auka útflutning slíkra vara.

Sérfræðingarnir hafa reiknað það út að mjólkurþörf á heimsvísu muni aukast um 25 prósent fram til ársins 2025 en það þýðir að aukningin ein og sér er 8,5 sinnum stærri en öll mjólkurframleiðsla er í dag á Nýja-Sjálandi. Þetta verði afleiðingar af auknum fólksfjölda í heiminum og að mjólkurneysla á hvern íbúa muni aukast í framtíðinni. Þannig verður einum milljarði fleira af fólki árið 2025 sem verða mjólkurneytendur að einhverju marki. Meiri neysla þýðir þó ekki fleiri bú heldur þvert á móti færri mjólkurbú sem hvert og eitt eykur framleiðslu hjá sér. Mjólkurframleiðsla á hverju búi muni aukast um að meðaltali 47 prósent og mjólkurkúm muni fjölga úr 370 milljónum gripa í 405 milljónir. Helmingur af framleiðsluaukningunni er reiknaður með að verði í Suður-Asíu en einnig verður aukning í Evrópu. */ehg - Bondebladet*

Börn úr sveit fá síður ofnæmi og astma

Stór alþjóðleg rannsókn staðfestir að fólk sem elst upp úti á landi og þá sérstaklega í sveit fær vörn úr umhverfinu gegn óþægindum í öndunarvegi og ofnæmissjúkdómum.

Rannsakendur frá Evrópu og Ástralíu hafa rannsakað astma- og ofnæmistilvik hjá rúmlega 10 þúsund fullorðnum einstaklingum á aldrinum 26–54 ára í 14 löndum. Mikilvægur liður í rannsókninni var að kanna hvar fólkið bjó fyrstu fimm æviár sín, hvort það bjó úti á landi, í litlu þorpi, í stórborg eða í sveit. Í ljós kom að í flokknum þar sem fólk hafði alist upp á sveitabæ höfðu mun færri fengið ofnæmi eða astma. Fólk í flokknum var í helmingi minni áhættu á að fá háan hita og var síður með viðkvæman öndunarveg í samanburði við þá sem alist höfðu upp í stórborg. Rannsakendurnir mældu einnig lungnavirkni þátttakenda sem sýndi að konur sem höfðu alist upp á bóndabæ höfðu betri virkni lungna en konur sem höfðu alist upp í stórborg. Hjá karlmönnunum mældist þó enginn munur á lungnavirkni eftir því hvar þeir ólust upp og vakti það einnig athygli rannsakendanna.

/ehg - Bondebladet

Verð á kókos upp úr öllu valdi

Neysla á matvörum unnum úr kókoshnetum vex jafnt og þétt á Vesturlöndunum og er nú svo komið að framleiðslulöndin eiga erfitt með að anna eftirspurninni og tala sumir um að sannkölluð kókoskrísa sé nú í heiminum.



Síðastliðin ár hefur eftirspurnin verið meiri en framboðið og virðist sem hráefnið kókos sé vinsælt í margar vörutegundir. Þannig er kókos notaður í snyrtikrem, sápur, kökur og tískudrykkinn kókoshnetuvatn svo fátt eitt sé nefnt. Lágkolvetnabylgjan og fleiri megrunarkúrar hafa einnig lagt áherslu á hollustu kókosfitu sem er lág af kolvetnum. Það sem er einnig að gerast í heiminum er að margir framleiðendur eru nú að skipta út pálmaolíu fyrir kókosolíu og þannig eru sumir súkkulaði- og kexframleiðendur farnir að nota fyrrnefndu olíuna í stað kókosolíu. Á sama tíma og þessi þróun á sér stað í hinum vestræna heimi eru kókosbændur í Austurlöndum í vandræðum með að anna eftirspurninni vegna plöntusjúkdóma, veðráttu og lélegrar innkomu. Þetta veldur því að verð vörunnar hefur aukist til muna á heimsmarkaði frá fyrri hluta þessa árs. Sem dæmi hefur innkaupsverð á kurluðum kókos farið úr 1900 dollurum tonnið í 2500 dollara frá því í apríl á þessu ári sem þýðir 31,58 prósenta hækkun á stuttum tíma.

/ehg – Bonde og småbruker



Humalsöfnun.

Brexit:

Mannekla og launatap

Á hverju ári hefur fjöldi farandverkamanna frá Austur-Evrópu flykkst til Evrópu til að vinna tímabundið við landbúnaðarstörf. Meðal þessara starfa er að tína epli og safna humal á sunnanverðum Bretlandseyjum.

Í framhaldi af úrsögn Breta úr Evrópusambandinu óttast bændur að skortur verði á vinnuafli um hábjargræðistímann og farandverkafólkið að það missi af tekjum sem það hefur talið vísar undanfarin ár og jafnvel áratugi.

Breskur eplabóndi í Kent sagði í samtali við The Guardian að erfitt væri að manna eplatínsluna með bresku vinnuafli vegna þess að um árstíðabundna vinnu væri að ræða og að margir Bretar teldu það fyrir neðan virðingu sína að tína epli og safna humal.

Samkvæmt opinberum tölum eru að meðaltali um 70.000 farandverkamenn að störfum í Bretlandi á hverju ári og þar af 12.000 sem koma til að tína epli og safna humal. Stærstur hluti þessa fólks kemur til Bretlandseyja frá Austur-Evrópu.

/VH

Könnun á áformum markaðsaðila varðandi uppbyggingu fjarskiptainnviða

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og Hrunamannahreppi, sem veita á öruggt þráðbundið netsamband í sveitarfélögunum. Gert er ráð fyrir að tengja öll heimili með fastri búsetu í sveitarfélögunum. Einnig standi eigendum frístundahúsa og fyrirtækja, sem staðsett eru á svæðinu, til boða að tengjast ljósleiðaranum. Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

Auglýst er eftir:

A. Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í hluta eða heild í eftirfarandi sveitarfélögum: Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og Hrunamannahreppi á næstu þremur árum á markaðslegum forsendum.

B. Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi í einu eða fleiri ofangreindra sveitarfélaga með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu m.a. uppfylla kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa o. fl.

C. Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða í sveitarfélögunum sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B á jafnræðisgrundvelli og bjóðist einnig ef enginn svarar lið A og/eða B hér að ofan.

D. Upplýsingum um tengistaði (heimili og fyrirtæki) þar sem fjarskiptafélag býður í dag aðgang að opnu aðgangskerfi með a.m.k. 100Mb/s flutningsgetu innan sveitarfélaganna.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til Barkar Brynjarssonar hjá Tæknisviði Uppsveita á netfangið ***borkur@sudurland.is*** fyrir kl. 12:00 þann 29. nóvember 2016. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið: ***borkur@sudurland.is*** fyrir 22.nóvember 2016.

RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Aukinn stuðningur vegna nýtingar ræktunarlands




Borgar Páll Bragason
fagstjóri
í nytjaplöntum
bpb@rml.is

Á sama tíma og stuðningur til landbúnaðar hefur farið lækkandi hefur stuðningur til jarðræktar aukist. Þó svo að umfang hans sé enn tiltölulega lítið í heildarstuðningnum þá virðist stuðningur til landbúnaðar vera að þróast í þessa átt.

Til dæmis var 8 milljónum varið til kornræktar samkvæmt búnaðarlagasamningi árið 2000 og hámarksframlag á bú var 30 þúsund en samkvæmt nýgerðum rammasamningi verður stuðningur til jarðræktar á næsta ári 369 milljónir og rennur stuðningurinn til bænda sem eru með korn-, gras- eða grænfóðurrækt, eða með útiræktað grænmeti. Á síðustu árum hefur stuðningur til jarðræktar því margfaldast og reglurnar víkkast út.

Almennt þekkja bændur vel núverandi stuðningsfyrirkomulag jarðræktarstyrkja enda er það síðan árið 2008 sem framlagið einskorðaðist ekki eingöngu til kornræktar heldur komu þá einnig framlög til gras- og grænfóðurræktar úr mjólkur- og sauðfjársamningi og bættust við stuðning til kornræktar úr búnaðarlagasamningi. Meðal annars vegna þessara jarðræktarstyrkja hafa bændur á undanförnum árum uppfært eða fengið teiknað nýtt túnkort, þar sem það er ein forsenda fyrir styrkveitingu að hafa tiltekna ræktun kortlagða.



Með nýjum rammasamningi landbúnaðarins er komin ný tegund af styrkjum, eða svokallaðar landgreiðslur, og strax á næsta ári á að verja 247 milljónum til þeirra og árið 2020 nemur upphæðin 342 milljónum. Þessari upphæð skal varið út á ræktað land sem er uppskorið til fóðuröflunar.

Þó svo að ekki sé búið að gefa út reglugerð varðandi fyrirkomulag og afgreiðslu þessa stuðnings er ljóst að bændur verða að hafa hnitsett túnkort og skráningar á ræktun og uppskeru þurfa að rata inn í jarðræktarskýrsluhaldsforritið, Jörð.is.

Ljóst er að nokkuð vantar enn upp á að bændur eigi viðurkennt túnkort og færi upplýsingar um ræktun og uppskeru í Jörð.is. Það er því mikilvægt að bændur kynni sér málið og verði með allt sitt á hreinu strax á næsta ári.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins mun þjónusta bændur í þessu sem öðru og meðal annars er ráðgert að halda námskeið í Jörð.is í vetur.

Er erfðamengisúrval mögulegt í íslenskri nautgriparækt?

Þann 1. október sl. tók ég við starfi verkefnisstjóra hjá BÍ, til að sinna rannsóknarverkefni sem hefur það að markmiði að kanna möguleika á innleiðingu erfðamengisúrvals í íslenskri nautgriparækt. Rannsóknarverkefni þetta er til komið í kjölfar ályktunar aðalfundar Landssambands kúabænda 2016, sem er svohljóðandi:

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn í Reykjavík 31. mars og 1. apríl 2016, felur fagráði í nautgriparækt að kanna möguleika á innleiðingu úrvals á grunni erfðamengis í kynbótastarf nautgriparæktarinnar, svo og hagkvæmni þess ef til kemur. Í því skyni verði:

- Gerðar greiningar á arfgerð helstu ættfeðra íslenska kúastofnsins undanfarin ár, sem og aðrar greiningar sem að gagni koma að mati fagráðsins.
- Undirbúin skipuleg vefjasýnataka úr íslenska kúastofninum til greiningar á arfgerð.
- Líklegur ávinningur aðferðarinnar metinn, svo og sá kostnaður sem henni fylgir.

Verði niðurstöður úr framantöldu jákvæðar verði erfðamengisúrval tekið í notkun í íslenskri nautgriparækt.

Sótt hefur verið um 6,8 m.kr. stuðning í þróunarsjóð nautgriparæktar og hefur fagráð í nautgriparækt veitt jákvæða umsögn um þá umsókn. Einnig er ráðgert að sækja um framlag úr þeim hluta Framleiðsluráðssjóðs sem fellur í hlut LK við slit sjóðsins, í samræmi við ályktun síðasta aðalfundar LK um ráðstöfun þeirra fjármuna. Í stýrihópi verkefnisins eru Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ, Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri LK og Jón Hallsteinn Hallsson, dósent við Landbúnaðarháskólann.

Kynbótaskipulag frá 1974

Núverandi kynbótaskipulag í nautgriparækt er frá árinu 1974, sett upp af Magnúsi B. Jónssyni og Jóni Viðari Jónmundssyni. Skipulagið byggir á afkvæmaprófunum á nautum sem settar voru upp í samræmi við niðurstöður rannsóknar, þar sem könnuð voru áhrif ýmissa þátta í framkvæmd kynbótastarfsins á væntanlega erfðaframför í íslenska mjólkurkúastofninum.



Baldur Helgi Benjamínsson.

Kynbótamatið sjálft hefur þróast að verulegu leyti í samræmi við framfarir í aðferðafræði á því sviði í heiminum undanfarna áratugi. Núverandi kynbótamat í nautgriparækt byggir á BLUP einstaklingslíkani fyrir nánast alla eiginleika; afurðir, frjósemi, frumutölu, útlitsmat, mjaltir, skap o.s.frv. að einum frátöldum, endingu, sem metinn er með feðralíkani. Með framangreindum aðferðum er kynbótagildi gripanna metið, þar sem beitt er tölfræðilíkönum á gögn skýrsluhaldsins til að finna þá kynbótagripi sem líklegastir eru taldir til að bæta stofninn. Sérstök áhersla er á að hér er um spá að ræða; þrátt fyrir að núverandi aðferðir hafi skilað okkur miklum árangri, mun meiri en þær sem á undan komu, þá er ekki fullkomið öryggi á matinu þegar val á kynbótanautum fer fram, í afurðaeiginleikum er t.d. miðað við að það sé um 70%. Helsti ókostur núverandi aðferða er þó vitaskuld hinn langi tími sem það tekur að fá afkvæmadóm á nautin, viðunandi öryggi fæst á grunni upplýsinga um afkvæmin þegar nautin eru orðin 6–7 ára gömul. Ættliðabil í nautgriparækt er því mjög langt.

Ræktunarmarkmið kúastofnsins og vægi einstakra eiginleika í ræktunarstarfinu er ákveðið á vettvangi fagráðs í nautgriparækt, í samræmi við búnaðarlög nr. 70/1998. Vert er að geta þess, að um þessar mundir er í gangi rannsóknarverkefni á hagrænu vægi einstakra eiginleika, þar sem ætlunin er að meta raunverulegt verðgildi framfara í einstökum eiginleikum sem standa að baki ræktunarmarkmiðinu.

Sameindaerfðafræði í íslenskri nautgriparækt

Aðferðum sameindaerfðafræðinnar hefur verið beitt að takmörkuðu leyti til rannsókna á íslenska kúastofninum í gegnum tíðina. Helst ber að nefna rannsókn Braga L. Ólafssonar o.fl. á erfðbreytileika mjólkurpróteina í íslenskum kúm. Þar voru greindar arfgerðir einstakra osta- og mysupróteina í mjólk hjá kúm undan nautum sem ýmist gefa hátt, lágt eða meðalhátt próteinhlutfall í mjólk. Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir rannsakaði erfðabreytileika íslenska kúakynsins með tveimur aðferðum sem beitt var á safn erfðaefnis úr 100 fyrsta kálfs kvígum. Guðný Harðardóttir rannsakaði öryggi faðernisfærslna í íslenska kúastofninum, með samanburði örtunglagreininga og skýrsluhaldsgagna. Þá rannsakaði Sigríður Bjarnadóttir litaerfðir íslenskra nautgripa.

Hvað er erfðamengisúrval?

Vísindamennirnir Francis Crick og James Watson lýstu uppbyggingu erfðaefnisins, DNA, snemma á sjötta áratugnum og fengu Nóbelsverðlaunin fyrir þá uppgötvun árið 1962. Allar götur síðan hafa verið stundaðar umfangsmiklar rannsóknar á eðli þess og uppbyggingu; í búfé, nytjaplöntum og mönnum.

Í erfðamengi nautgripa eru þrjátíu litningar; á litningunum eru síðan um 22.000 erfðavísar, sem samanstanda af um þremur milljörðum niturbasapara. Breytileiki í röð þessara niturbasa, sk. einbasabreytileiki (e. single nucleotide polymorphism, SNP) ræður síðan ýmsum líffræðilegum eiginleikum, m.a. þeim sem við erum að sækjast eftir að bæta í kynbótastarfinu; afurðum, frjósemi, júgurheilbrigði, byggingu, mjöltum o.s.frv.

Með framþróun í greiningu og kortlagningu á sífellt fleiri stöðum í erfðamengi nautgripa urðu vatnaskil árið 2001, þegar vísindamennirnir Meuwissen, Hayes og Goddard sýndu fram á hvernig mögulegt er að koma greiningu á erfðamenginu inn í hefðbundið kynbótamat, með því að tengja saman beina mælingu á arfgerðinni og svipfarsupplýsingarnar úr skýrsluhaldinu. Aðferðin byggir á því að reiknuð eru áhrif af hverjum einbasabreytileika í erfðamenginu á tiltekinn eiginleika hjá gripunum. Með þessu móti væri hægt að gera kynbótamat á mjög ungum einstaklingum, sem hvorki væru komnir í framleiðslu sjálfir, né ættu afkomendur með svipfarsupplýsingar; nautkálfar gætu þannig verið komnir með kynbótamat sem byggði á greiningu á arfgerð þeirra áður en þeir yrðu kynþroska, með svipað öryggi og eldri aðferðir. Árið 2006 sýndi Kanadamaðurinn Larry Schaeffer fram á þá algjöru byltingu sem aðferðirnar gætu haft á framkvæmd ræktunarstarfsins; kostnaður við nautauppeldi og afkvæmaprófanir myndi snarminnka og erfðaframfarir aukast stórkostlega, samfara styttingu á ættliðabili. Nú, tíu árum síðar, er staðan þannig að þessar nýju aðferðir hafa rutt þeim eldri til hliðar um nánast allan heim. Þess sést m.a. staður í nautaskránum í nágrannalöndunum; þegar litið er yfir nautakostinn í skandinavískum Jersey, sést að flest toppnautin sem bændum býðst að nota, komu í heiminn á fyrri hluta ársins 2015. Sama á við rauðu og svartskjöldóttu kynin.

Eru þessar aðferðir mögulegar hér?

Markmið þessa rannsóknarverkefnis er að kanna hvort mögulegt reynist að byggja greiningu á erfðamengi íslenskra nautgripa inn í kynbótamat og ræktunarstarf stofnsins, með þeim aðferðum sem að framan er lýst. Fyrsta skrefið í þeim efnum er að kanna hvort hinar gífurlega miklu rannsóknir sem gerðar hafa verið í nálægum löndum, geta nýst okkur við að koma upp viðmiðunarhópi (e. reference population) þar sem tengdar eru saman upplýsingar um arfgerð og svipfarsmælingar, sem síðan verði nýttar til að velja kynbótagripi í framtíðinni ef kostur er. Leitað hefur verið samstarfs við háskólann í Árósum í Danmörku hvað þann þátt varðar. Greind verður til að byrja með arfgerð hjá 48 nautum sem eiga umtalsverða erfðahlutdeild í núverandi stofni og hafa því einnig öruggt kynbótamat fyrir alla eiginleika. Fyrirhugað er að einangra DNA úr sæðissýnum, en um tíu skammtar eru varðveittir úr hverju þeirra nauta sem verið hafa á Nautastöð BÍ í gegnum tíðina. Við búum svo vel að hér á landi er starfrækt eitt af leiðandi fyrirtækjum í erfðafræðirannsóknum í heiminum, Íslensk erfðagreining og hefur verið leitað samstarfs við fyrirtækið um greiningar og úrvinnslu á gögnum.

Hér er fetað inn á alveg nýjar brautir við kynbætur nautgripa hér á landi. Fyrir liggur að um mjög kostnaðarsamt verkefni er að ræða og í því er einnig fólgin nokkur áhætta; niðurstaðan gæti orðið sú að aðferðin sé ekki möguleg við okkar aðstæður. Sé hún það hins vegar eru möguleikarnir sem slíkt mun opna, af áður óþekktri stærðargráðu. Að mínu mati hefur nautgriparæktin því engin efni á öðru en að leita svara við spurningunni hvort erfðamengisúrval er gerlegt eða ekki hér á landi. */BHB*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Hrossaræktin 2016 – Ráðstefna

Hin árlega hrossaræktarráðstefna fagráðs fer fram í Samskipahöllinni í Spretti, laugardaginn 5. nóvember nk. Margt fróðlegt verður þar á dagskrá; áhugaverðir fyrirlestrar um nýjar rannsóknarniðurstöður, yfirferð yfir hrossaræktarárið og verðlaunaveitingar.

Guðrún Stefánsdóttir, kennari við Hólaskóla, mun kynna niðurstöður úr sínu doktorsverkefni við Sænska Landbúnaðarháskólann, SLU. Guðrún kannaði líkamlega svörun íslenska hestsins við álagi sem algengt er að setja hann í en hingað til hafa ekki verið gerðar neinar rannsóknir á því hvaða álag er á íslenska hestinn í reið og keppni við ólíkar aðstæður. Hún kannaði líkamlegt álag í reiðdómi í kynbótasýningu; bar saman líkamlegt álag á tölti og brokki; kannaði álag í 100 metra skeiði og áhrif af þunga knapa á líkamlegt álag. Þá mun Heiðrún Sigurðardóttir kynna niðurstöður úr sínu mastersverkefni við SLU sem hún kláraði í vor en hennar ritgerð fjallaði um mat á vilja og geðslagi íslenska hestsins. Hún gerði m.a. upp mat á þjálni og skyldum eiginleikum sem framkvæmt hefur



Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður í hrossarækt.

verið sérstaklega undanfarin tvö ár á kynbótasýningum; bar saman mat dómara, knapa og eigenda á vilja og geðslagsþáttum og kannaði ástæður förgunar hrossa og hversu algengt að það sé vegna geðslagsbresta. Hér er því um afar spennandi rannsóknarniðurstöður að ræða sem líklegt er að margir hafi áhuga á.

Á ráðstefnunni mun Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður hrossaræktar, einnig fara yfir sýningarárið og það helsta sem er að gerast þessa dagana í hrossarækt-inni. Þá munu fara fram verðlaunaveitingar en það má nefna að í ár hljóta níu hryssur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Einnig munu tilnefnd ræktunarbú taka við sínum viðurkenningum en í ár eru sextán bú tilnefnd til heiðursviðurkenningar Bændasamtaka Íslands: ræktunarbú ársins. Þetta eru óvanalega mörg bú en um afar magnaðan árangur var að ræða hjá mörgum búum í ár en 71 bú kom til greina í valinu.

Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis og allt áhugafólk um hrossarækt er hvatt til að mæta.

Dagskrá hrossaræktarráðstefnunnar laugardag 5. nóvember 2016

Heiðursverðlaunahryssur fyrir afkvæmi 2016

- 13.00 Setning – Sveinn Steinarsson, formaður fagráðs og FHB
- 13.10 Hrossaræktarárið 2016 – Þorvaldur Kristjánsson
- 13.30 Heiðursverðlaunahryssur fyrir afkvæmi 2016
- 13.50 Verðlaunaveitingar:
- -Verðlaun, hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)
- -Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)
- -Verðlaun, hæsta litförótta hryssa ársins í kynbótadómi
- 14.10 Guðrún Stefánsdóttir – Hvaða líkamlega álag erum við að bjóða íslenska hestinum?
- 14.40 Kaffihlé
- 14.55 Heiðrún Sigurðardóttir – Mat á vilja og geðslagi íslenska hestsins
- 15.25 Umræður
- 15.40 Viðurkenningar fyrir tilnefnd ræktunarbú ársins 2016
- Fundarslit um 16.00
- Allir velkomnir!



Á Emstruleið. Mynd /HKr.

---

mast Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

Eigin viðbragðsáætlanir dýraeigenda við náttúruhamförum

Þar sem náttúruhamfarir gera oft ekki boð á undan sér, þurfa dýraeigendur að gera áætlanir um skyndileg viðbrögð við mismunandi vá og undirbúa aðstæður eftir því sem kostur er, með það að markmiði að koma í veg fyrir slys og aðrar þjáningar dýranna.

Sér í lagi á þetta við um aðstæður sem valda því að eigendur gætu þurft að yfirgefa dýrin í skyndi. Við gerð viðbragðsáætlana þurfa eigendur að velta fyrir sér hvernig þeir telja að dýrunum sé best borgið miðað við tilteknar aðstæður, s.s. hættu á flóði, öskufalli, ofsaveðri o.s.frv. og gera ráðstafanir í samræmi við það. Jafnframt þurfa þeir að tryggja eftir föngum að til staðar sé nauðsynlegur búnaður fyrir eigið öryggi og dýranna.

Dýraeigendur þurfa einnig að íhuga hvort aðrir geti sinnt dýrunum ef þeir sjálfir eru ekki í stakk búnir til þess. Til að auðvelda björgunarsveitum eða öðrum ókunnugum umhirðu dýranna, ætti hver og einn dýraeigandi að leitast við að hafa eftirtaldar upplýsingar uppfærðar og sýnilegar á staðnum á hverjum tíma:

1. Nöfn, heimilisföng og símanúmer þeirra sem þekkja best til.
2. Upplýsingar um hvar finna megi lista yfir dýrin með númerum og/eða öðrum einkennum.
3. Upplýsingar um veikindi dýra, burði og aðra mikilvæga þætti.
4. Upplýsingar um fjölda dýra og staðsetningu þeirra í húsum og beitarhólfum
5. Kort yfir hús og beitarhólf.
6. Leiðbeiningar um helstu verk, s.s. fóðrun og mjaltir.
7. Upplýsingar um fóður, s.s. staðsetningu og birgðir.
8. Upplýsingar um stjórnun mikilvægs tækjabúnaðar, s.s. mjalta-, fóður- og loftræstikerfis, vararafstöðvar o.s.frv.

Einstaklingsmerkingar dýra eru mikilvægar í þessu sambandi, meðal annars með tilliti til umönnunar og til að koma dýrum sem lent hafa á flækingi til síns heima.

Matvælastofnun hefur nýlega uppfært viðbragðsáætlun sína og er hana að finna í gæðahandbók, sem er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar, en hún tekur aðeins til þeirra þátta sem felast í hlutverki stofnunarinnar.




Vöðvasullur í sauðfé og bandormahreinsun hunda

Á yfirstandandi sláturtíð hafa eftirlitsdýralæknar Matvælastofnunar orðið varir við vöðvasull í sauðfé frá nokkrum bæjum og hefur greining verið staðfest af sérfræðingum á Tilraunastöð HÍ að Keldum.

Um er að ræða aukna tíðni og gæti ástæðan verið misbrestur á bandormahreinsun hunda. Vöðvasullur er ekki hættulegur fyrir fólk en veldur tjóni vegna skemmda á kjöti og hugsanlega óþægindum fyrir féð.

Vöðvasullur er lirfustig bandormsins Taenia ovis, sem lifir í hundum og refum. Um er að ræða blöðrur sem finnast í vöðvum sýktra kinda. Vöðvasullur greindist fyrst hér á landi í lömbum árið 1983 og á árunum fram til 1990 sást töluvert af honum en síðan hafa aðeins fundist stök tilfelli. Nú hafa aftur á móti greinst fleiri tilfelli en vant er og því vill



Matvælastofnun vekja athygli á þessu. Ástæður aukinnar tíðni gætu verið að misbrestur hafi orðið á bandormahreinsun hunda eða að bandormurinn geti leynst í refum.

Vöðvasullsbandormurinn smitar ekki fólk en sullirnir valda skemmdum á kjöti og að öllum líkindum vanlíðan fyrir sýkt fé. Annar og verri bandormur, sullveikibandormurinn (Echinococcus granulosus) hefur ekki greinst í sauðfé hér á landi síðan árið 1979 og ormahreinsun hunda vegna hans hefur verið lögboðin í áratugi. Hundaeigendum er enn skylt að láta ormahreinsa hundana sína árlega, sbr. 57. grein reglugerðar um hollusthætti nr. 941/2002 og vill Matvælastofnun brýna fyrir hundaeigendum að sinna þessari skyldu sinni. Þetta á við um alla hunda, hvort sem er í sveit eða þéttbýli. Ormahreinsun hunda þar sem búrekstur er, skal fara fram að lokinni aðalsláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert. Það skal tekið fram að smitið viðhelst fyrir lífstíð í sýktu fé og því er mikilvægt að sjá til þess að hundar komist ekki í eða séu fóðraðir á hráu kjöti. Jafnframt vill Matvælastofnun beina þeim tilmælum til refaskyttna að leggja ekki út hræ af kindum fyrir refi.



31. október 2016

***Auður Lilja Arnþórsdóttir**, sóttvarnadýralæknir hjá Matvælastofnun*

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Honda Jazz – þægilegur og stór smábíll:

Yfir 100 hestafla smábíll og góður til ferðalaga

Ég hef verið í þessum pistlum mínum nokkuð duglegur að skoða smábíla og fyrir skömmu tók ég Honda Jazz Comfort í langan prufuakstur.

Tilgangurinn var tvíþættur: Að prófa bílinn og skoða hvaða munur væri á eldsneytiseyðslu á mismunandi hraða í samanburði við uppgefna eyðslu samkvæmt sölubæklingi, en töluvert hefur verið rætt um að smábílar séu almennt sagðir eyða mun minna a eldsneyti í sölubæklingum en raunin er.

Jazz er hlaðinn öryggisbúnaði

Þegar ég settist inn í bílinn og fór að fletta í aksturstölvunni sá ég að mikið af upplýsingum er hægt að fá úr tölvunni og m.a. var inni í henni allur akstur áður en ég fékk bílinn til prófunar og sá að menn höfðu verið að eyða mismiklu eldsneyti við prufuaksturinn.

Mikið er af ýmiss konar öryggisbúnaði í bílnum, en hann er m.a. með FCW ákeyrsluviðvörun, sem fer að virka fyrr en í flestum öðrum bílum sem ég hef prófað. Ef ekið er full nálægt bílnum fyrir framan þá gefur mælaborðið merki, bæði með ljósi og hljóði.

Umferðarmerkjagreining, akreinaaðstoð og fjarlægðarskynjari er bæði að framan og aftan. Einnig ABS bremsukerfi, EBD rafstýrð hemlaátaksdreifing, VSA stöðugleikakerfi, Idle stopptækni (þegar stoppað er þá drepur vélin á sér og fer aftur í gang þegar stigið er á bensíngjöfina), og ýmislegt annað sem of langt er að telja upp.

Hægt að ná nálægt uppgefinni eyðslu með þolinmæði

Oft hefur mér fundist að í sölubæklingum smærri bíla sé óeðlilega lág eldsneytiseyðsla uppgefin í bæklingunum. Uppgefin meðaleyðsla á þessum bíl er 4,8 lítrar á hundraðið og ég fór í langkeyrslu.

Á 50 km fresti og fjórum sinnum skráði ég niður útkomuna frá aksturstölvunni. Fyrst stillti ég hraðann á 90 km og útkoman var 5,1 lítri á hundraðið. Næstu 50 km hafði ég hraðastillinn stilltan á 100 km hraða og fór þá eyðslan upp í 5,4 lítra á hundraðið. Þar á eftir var hraðinn stilltur á 80 og eyðslan fór niður í 4,9 lítra. Næstu fimmtíu km ók ég með því að stjórna hraðanum sjálfur og halda mig við hraðann á milli 65 og 80 og við þetta náði ég að koma eyðslunni niður í 4,4 lítra eyðslu. Þetta voru ekki skemmtilegir 50 km, en greinilega hægt með þolinmæði að ná ansi nálægt uppgefinni eyðslu.

Lítið malarvegahljóð inn í bílinn

Að keyra bílinn er mjög þægilegt, sæti góð, fótarými gott og öll stjórntæki á þægilegum stöðum. Hljómtæki eru góð enda státar Honda Jazz af sex hátölurum sem skila toppgæðum.

Jazz heggur aðeins í holur á malarvegi ef holurnar eru litlar, en séu holurnar yfir meðalstærð tekur fjöðrunin svoleiðis holu vel. Örlítið heyrðist í smásteinum undir bílnum, en bíllinn var á ónegldum vetrardekkjum sem spýttu smásteinum upp undir bílinn.

Á hluta malarvegsins var mjög laust yfirborð og þrátt fyrir nánast ekkert grip á lausri mölinni fannst mér bíllinn merkilega stöðugur, en fannst hann aðeins vera lausari að aftan en framan.



Honda Jazz Comfort. Mynd / HLJ



Fjórir nemar í afturstuðara og tveir í framstuðara hjálpa mikið þegar verið er að leggja í þröng stæði.



Gott að geta sett sætið svona upp fyrir hundinn.



Sæti góð og rými mikið miðað við stærð bíls.



Of nálægt bílnum fyrir framan og mælaborðið lét vita bæði með ljósi og hljóði.



Neðar í eyðslunni komst ég ekki, en þá var meðalhraðinn kominn niður í 70 í langkeyrslu.



Eftir töluverðan akstur tókst mér að lækka eyðsluna niður í þá tölu sem gefin er upp af framleiðanda.

Eini ókosturinn við bílinn að mínu mati er að í honum er ekkert varadekk og að þurfa að kveikja ljósin og slökkva þau þegar bíllinn er yfirgefinn. Þetta er nauðsynlegt að gera þar sem afturljósin kvikna ekki sjálfkrafa eins og framljósin við ræsingu. Hafa skal í huga að það er ljósaskylda allan hringinn á Íslandi samkvæmt umferðarlögum, ekki bara á framljósum.

102 hestafla bensínvélin skilar léttum bílnum skemmtilega áfram

Slagrýmið á bensínvélinni er ekki nema 1318 cc, en skilar 102 hestöflum og í svona litlum og léttum bíl skilar vélin skemmtilegri snerpu þegar tekið er á bílnum úr kyrrstöðu. Innrými í bílnum er gott og pláss gott bæði í fram- og aftursætum.

Aftursætin er bæði hægt að leggja niður eins og á flestum bílum og setja upp með einu handtaki (fínt ef ferðast er með hund og láta hann sitja á gólfinu).

Verðið á Honda Jazz er frá 2.840.000 og upp í 3.640.000, en bíllinn sem ég prófaði kostar 3.140.000.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Af hverju eru svona margir vanbúnir fyrir fyrstu hálku vetrarins?

Frá 1. nóvember til 14. apríl er lágmarks mynsturdýpt í hjólbörðum 3 millimetrar. Alltaf eru einhverjir sem láta veturinn koma sér á óvart og eru ekki tilbúnir til aksturs í snjó og hálku. Fyrir vikið lenda of margir í vandræðum og verða fyrir óhappi sökum þess.

Þótt sumardekk standist mynstursdýpt við mælingu eru sumardekk ekki gerð til aksturs í snjó og hálku. Oft hef ég sagt þessa setningu:

Sá sem er vanbúinn til aksturs í snjó og hálku og biður um aðstoð á bara að fá eina tegund af aðstoð: Hjálp til að komast út fyrir veg. Viðkomandi er hættulegur öðrum í umferð og á ekki að vera í umferð.

Ég vinn á hjólbarðaverkstæði og fæ oft spurninguna: Nagladekk eða ekki?

Á hjólbarðaverkstæðum heyrist ýmislegt um dekk og dekkjaráðleggingar. Fyrir nokkru var maður sem býr í nágrenni Reykjavíkur að skipta undir heimilisbílunum yfir á vetrardekkin og sagði þá: „Báðir heimilisbílarnir eru hafðir á nagladekkjum öryggisins vegna, en þegar skólabíllinn kemur og sækir börnin í skólann er hann á ónegldum dekkjum.“

Önnur setning var sögð á dekkjaverkstæðinu af samstarfsmanni mínum þegar hann var farið að lengja eftir að „dekkjatörnin“ hæfist:


„Á vorin auglýsir Reykjavíkurborg grimmt nagladekkin burt, en aldrei er auglýst að setja nagladekkin undir á haustin, er þetta ekki brot á jafnræðisreglum?“

Undanfarið hefur Sjóvá verið að auglýsa muninn á hemlunarvegalengd sumardekkja og vetrardekkja sem er mikill, en á 50 km hraða og í stopp munar 20 metrum í hemlunarvegalengd. Nýjasta auglýsingin frá Sjóvá er að munurinn á hemlavegalengd nagladekkja og ónegldra vetrardekkja er 16 metrar ef ekið er á 50 km hraða. Sé tekið mið af þessari auglýsingu og þeirri fyrri er hemlunarvegalengd á negldum dekkjum 36 metrum styttri en á sumardekkjum.

Ekki spurning um að vera á nöglum sé ekið á landsbyggðinni

Ef mikið er verið að keyra út á land á veturna á viðkomandi að vera á nöglum og mitt viðmið er að sé ekið oftar en tvisvar yfir heiðar á veturna eða mikið farið í Bláfjöll á skíði þá eru naglar það sem undir bílnum skal vera. Nýlega fóru þrjár rútur út af veginum í nágrenni Reykjavíkur og ein þeirra á hliðina. Það er gáleysi að fara á rútu yfir heiðar eða fjallvegi með farþega á naglalausum rútum. Persónulega finnst mér ökumaður rútu sem fer á Þingvöll eða Gullfoss naglalaus ekkert annað en að stunda það sem kallað er glæfraakstur.

Því miður eru það eigendur farartækjanna sem ráða hvaða dekk fara undir bílana en ekki bílstjórarnir, en fallið hefur dómur á strætóbílstjóra í Reykjavík sem var dæmdur fyrir manndráp af gáleysi fyrir að vera ekki á nöglum vitandi það að strætó í Reykjavík er aldrei á nöglum.





KROSSGÁTA Bændablaðsins



48	STIKA	LAND Í ASÍU	FLAT-FÓTUR	TVEIR EINS	ÞESSA		MÓÐURLÍF	BOTNFALL	YFIRRÁÐ	GRIND
HRÆSNIS-FULLUR	S	K	I	N	H	E	L	G	U	R
KULNA	K	Ó	L	N	A	Á FLÍK / GÁSKI	E	R	M	I
TÍMABILS	Á	R	S	NÓGUR / VEIÐA	N	Æ	G	U	R	S
AFGANGAR / SKRAUT-STEINN	L	E	I	F	A	R	VARKÁRNI / AÐALLEGA	G	Á	T
	↓	SKJÖGUR	ÞURFA-LINGUR / HLJÓM	Ó	M	A	G	I	YRÐING / SVELL	S	E	G	Ð	Á SJÓ
ÆPA	H	R	Ó	P	A	SKVAMP	SEIÐI / AF-HENDING	S	Í	L	I	ÓSVIKINN	LANGT OP	Ú
GUFU-HREINSA	E	I	M	A	STRIT / VAXA	B	A	K	S	KLÆÐA-LEYSI / DRYKKUR	N	E	K	T
SPRIKL	I	Ð	BLAÐA / HÁTÍÐ	L	A	U	F	A	LIÐAMÓT / BLÝKÚLA	Ö	K	K	L	I
	M	ULLAREFNI / TAFL-MAÐUR	P	L	U	S	S	PARTA / UPP-LÝSINGAR	H	L	U	T	A	MINNKUN
FORSÖGN	S	P	Á	KÆRA / SLÉTTUR	K	L	A	G	A	SKORDÝR / MÓTI	M	A	U	R
SPJÓT	K	E	S	J	A	DREITILL / HALD	L	Ö	G	G	BROTT	FJÁRMAGN / HAGSÝN	F	É
ÁRÁS	A	Ð	K	A	S	T	BIT / KOMAST	G	L	E	F	S	Í RÖÐ	N
	U	KVÖLD	A	F	T	A	N	N	TÁR-FELLDU	G	R	É	T	U
SPÍRA	T	U	R	N	BÓK-STAFUR	K	Á	TRUFLUN	Ó	N	Á	Ð	U	N

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



48	STIKA	LAND Í ASÍU	FLAT-FÓTUR	TVEIR EINS	ÞESSA		MÓÐURLÍF	BOTNFALL	YFIRRÁÐ	GRIND
HRÆSNIS-FULLUR	S	K	I	N	H	E	L	G	U	R
KULNA	K	Ó	L	N	A	Á FLÍK / GÁSKI	E	R	M	I
TÍMABILS	Á	R	S	NÓGUR / VEIÐA	N	Æ	G	U	R	S
AFGANGAR / SKRAUT-STEINN	L	E	I	F	A	R	VARKÁRNI / AÐALLEGA	G	Á	T
	↓	SKJÖGUR	ÞURFA-LINGUR / HLJÓM	Ó	M	A	G	I	YRÐING / SVELL	S	E	G	Ð	Á SJÓ
ÆPA	H	R	Ó	P	A	SKVAMP	SEIÐI / AF-HENDING	S	Í	L	I	ÓSVIKINN	LANGT OP	Ú
GUFU-HREINSA	E	I	M	A	STRIT / VAXA	B	A	K	S	KLÆÐA-LEYSI / DRYKKUR	N	E	K	T
SPRIKL	I	Ð	BLAÐA / HÁTÍÐ	L	A	U	F	A	LIÐAMÓT / BLÝKÚLA	Ö	K	K	L	I
	M	ULLAREFNI / TAFL-MAÐUR	P	L	U	S	S	PARTA / UPP-LÝSINGAR	H	L	U	T	A	MINNKUN
FORSÖGN	S	P	Á	KÆRA / SLÉTTUR	K	L	A	G	A	SKORDÝR / MÓTI	M	A	U	R
SPJÓT	K	E	S	J	A	DREITILL / HALD	L	Ö	G	G	BROTT	FJÁRMAGN / HAGSÝN	F	É
ÁRÁS	A	Ð	K	A	S	T	BIT / KOMAST	G	L	E	F	S	Í RÖÐ	N
	U	KVÖLD	A	F	T	A	N	N	TÁR-FELLDU	G	R	É	T	U
SPÍRA	T	U	R	N	BÓK-STAFUR	K	Á	TRUFLUN	Ó	N	Á	Ð	U	N

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

Bærinn okkar



Keldudalur





Þorri, Sunna og Þórdís með foreldrum sínum.

Þórarinn er fæddur og uppalinn í Keldudal og tók þátt í bústörfum frá því hann fór að ganga. Guðrún er fædd og uppalin á Kirkjubæjarklaustri II á Síðu.

Eftir útskrift úr Búvísindadeildinni á Hvanneyri árið 1991 fluttum við í Hóla en árið 1993 byggðum við íbúðarhús í Keldudal. Við stofnuðum einkahlutafélag, Keldudal ehf., um búreksturinn og jörðina árið 1996 með Leifi og Kristínu.

Við eignuðumst hlutafélagið að fullu árið 2006. Nautahús var byggt 1994, fjósinu var breytt í lausagöngu árið 1999 og byggt var kálfahús og settur upp 2x5 mjaltabás árið 2000. Byggðir voru við fjósið 30 básar og burðaraðstaða árið 2002. Byggðum 1.800 rúmmetra mykjutank árið 2012. Byggðum 300 fermetra gjafaaðstöðu og korngeymslu árið 2015 og settum upp fóðurblandara og færibönd sem flytja heyið úr blandaranum á fóðurgang hjá kúm og nautum.

Fengum hitaveitu í öll hús árin 2013–14. Á þessum 20 árum hefur mjólkurframleiðslan rúmlega þrefaldast. Byggðum við íbúðarhúsið árið 2007. Byggðum sumarhús á 2 hæðum til útleigu árið 2002 og keyptum gamalt uppgert íbúarhús af Kristínu árið 2014, einnig til útleigu fyrir ferðamenn.

Býli: Keldudalur.

Staðsett í sveit: Hegranesi í Skagafirði.

Ábúendur: Guðrún Lárusdóttir og Þórarinn Leifsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Þrjú börn, Þórdís, búvísindanemi á Hvanneyri, Sunna, framhaldsskólanemi í FNV og Þorri, grunnskólanemi. Kristín, mamma Tóta, býr einnig á bænum.

Tveir íslenskir fjárhundar, Stokk-Sels Snjó Lína og Gerplu Einir Fróði.

Stærð jarðar? 130 ha.

Gerð bús? Blandað bú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 60 mjólkurkýr auk kálfa, kvígna og geldneyta, 130 fjár, 14 reiðhross, 16 geitur, kanínur og heimilishænur. Auk þess um 1.500 ferðamenn á ári.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Farið í morgunmjaltir milli kl. 6 og 7. Ýmiss konar útréttingar og bókhald eftir morgunkaffið. Síðan það sem hæst ber hverju sinni, getur t.d. verið rúningur, tilhleypingar, sauðburður, fjárrag, jarðvinnsla, dreifa skít eða áburði, heyskapur, þrif eftir ferðamenn, færa til nautgripi, girðingarvinna, taka til, mála og þrífa útihús. Tóti sér um viðhaldið og Gunna um bókhaldið. Vinnudagurinn endar með því að Tóti lítur eftir kúnum um ellefuleytið.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Margt leiðinlegt, en sem betur fer miklu fleira skemmtilegt. Tóta finnst flest allt skemmtilegt.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Mjólkurframleiðslan heldur áfram að aukast en óljóst með kjötframleiðsluna. Líklegt að ferðamönnum fjölgi.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Hagsmunagæsla bænda er vinna sem sífellt færri nenna að sinna en margir eru tilbúnir að gagnrýna.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel ef hægt verður að halda innflutningi á verksmiðjuframleiddum matvælum í lágmarki. Þó svo að íslenskir neytendur vilji halda tryggð við íslenskt þá hafa þeir lítið um það að segja í raun. Stórmarkaðir, innflutningsfyrirtæki, mötuneyti og veitingahúsin taka gjarnan sína hagsmuni fram yfir hagsmuni neytenda.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Í framtíðinni verður næg eftirspurn eftir íslenskum landbúnaðarvörum vegna gæða þeirra og hreinleika.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Of langt mál að telja það allt upp.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Grillað ærfille, lambahryggur og pitsa.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það er svo margt eftirminnilegt en litlu sigrarnir gleðja mest.



Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Gæs í eplakaramellu og maltbjór

Nú er sá árstími þegar matgæðingar fara að gefa villibráðinni gaum.

Það hentar einkar vel að leggja gæsabringur í kryddlög sem samanstendur af eplakaramellu, dökkum maltbjór og beikoni.

Gæs í eplakaramellu og maltbjór

- 1,2 kg gæsabringur
- 5 epli
- 1 lítil seljurót
- 200 g saltað beikon
- 5 greinar af rósmarín
- 4 hvítlauksgeirar, saxaðir
- 1 stór skallotlaukur, sneiddur
- 3 bollar eplasafi
- Einn dökkur maltbjór eða (maltöl)
- salt og pipar
- smá sítrónusafi
- ólífuolía

Eplakaramella

- 1,75 dl eplaedik
- 100 g af sykri

Aðferð

Byrjið á að gera eplakaramellu. Bræðið sykur á pönnu eða í potti þangað til hann er orðinn að karamellu. Hellið ediki út í og látið sjóða þar til karamellan hefur verið leyst upp og orðin að sírópi.

Brúnið gæsina á pönnu og setjið í poka gerðum úr álpappír eða ofnfast fat með loki, ásamt skornum eplum og sellerírót – sem búið er að taka hýðið af og skera gróft. Beikonið fer



einnig með, eplaedikssírópið og smá bjór (eða maltöl).

Eldið við 63 gráður í 30 mínútur. Kælið og brúnið fyrir framreiðslu. Geymið og blandið saman með smá majónes og framreiðið á góðu rúgbrauði með peru- og hvítkálsremúlaði (sjá hér að neðan).

Taka má beikon úr eldunarfatinu og djúpsteikja til að fá mulning ofan á gæsina.

Berið fram á remúlaðinu, þunnt skorið með ferskum perum sem líka eru þunnt skornar – ásamt kryddjurtum að eigin vali.

Peru- og hvítkálsremúlaði

- Smá sjávarsalt
- 4 msk. perumauk
- 2 msk. sinnep
- 1 msk. eplaedik
- 1 msk. repjuolía eða önnur góð olía (komin flott olía í sérverslanir með íslenskri repjuolíu)
- ferskur malaður pipar
- 1 ferskt grænkál, hvítkál eða annað meinhollt kál
- Majónes

Aðferð

Takið kálið og skerið í einn sinnum einn sentimetra teninga. Náið upp suðu í saltvatni og eldið teningana í 3–4 mínútur. Kryddið kálteningana á meðan þeir eru heitir, með perumauki, sinnepi, ediki, olíu, salti og pipar. Blandið grænkáli saman við rétt áður en þið framreiðið með gæsinni.

Hér eru nokkrir eftiréttir sem eru í uppáhaldi, hægt er að skreyta með muldum Oreo-kökum, berjum eða jafnvel marengstoppunum úr síðasta Bændablaði (sjá á bbl.is).

Svo má nota kökukruðerí sem hægt er að mylja úr smákökum eða svampbotnum.

Ofureinföld súkkulaðimús

- 200 g rjómi
- 200 g súkkulaði
- 300 ml léttþeyttur rjómi

Einfaldara er ekki hægt að gera lúxus súkkulaðimús á nokkrum mínútum.

Aðferð

Bræðið súkkulaðið í örbylgjuofni eða í vatnsbaði. Það ætti að vera um 40–45 gráður.

Volgum rjóma bætt við í smáum skömmtum og hrært kröftuglega eftir hverja bunu.

Svo er léttþéttum rjóma bætt varlega í. Berið fram í glösum.



Skyrfrauð með ferskum bláberjum

Þetta frauð er einstaklega ferskt og fer vel með ýmsum berjum, til dæmis bláberjum.

- 250 g skyr
- 50 g sykur
- 1 vanillustöng (líka hægt að nota vanilluskyr)
- 50 ml rjómi eða mjólk til að leysa upp matarlímið
- 2 stk. matarlímblöð
- 200 ml þeyttur rjómi

Aðferð

Leggðu matarlímið í kalt vatnsbað í smá stund. Settu 50 ml af mjólkinni (eða rjóma), vanillu og sykurinn í pott og hitaðu. Taktu pottinn af hitanum, settu matarlímið út í og hrærðu þar til það er leyst upp.Hrærðu saman skyrið og afganginn af þeytta rjómanum og blandaðu varlega saman við rjómann. Bættu matarlíminu saman við yfir smá hita og setjið í ílát eftir smekk. Framreiðið með ferskum bláberjum (gott er að gera bláberjasósu í örbylgjuofninum með ögn af sykri eða hunangi).

Vanillubúðingur með sýrðum rjóma

- 250 ml rjómi
- 200 g sykur
- 2 stk. matarlímsblöð
- 250 ml sýrður rjómi
- ½ tsk. vanilludropar eða korn úr 1 vanillustöng
- 1 askja fersk ber
- Fyrir 4–6

Í þennan einfalda eftirrétt væri tilvalið að nota haustuppskeruna, nýtínd íslensk bláber eða krækiber – en nú er berjatíminn liðinn og erlend ber henta líka vel. Einnig má nota frosin ber en þá þarf að sía safann frá, sem rennur úr þeim þegar þau þiðna.

Aðferð

Leggðu matarlímið í bleyti í kalt vatn í nokkrar mínútur.

Settu rjóma, sykur og vanillukorn í pott og hitaðu að suðu. Taktu pottinn af hitanum og bræddu matarlímið í rjómanum. Láttu rjómablönduna standa í 10 mínútur.

Hrærðu sýrðum rjóma saman við og helltu blöndunni í lítil glös.

Kældu í minnst eina klukkustund eða þar til búðingarnir eru orðnir stífir.

Dreifðu berjum yfir og berðu fram.

Gott er að nota ávaxtamauk og matarlím til að búa til froðu fyrir rjómasprautu. Þá þarf að hita hluta af saftinni til að leysa upp matarlímið og nota 3–4 blöð fyrir einn lítra af sigtuðum vökva. Til dæmis safa af berjum eða góða saft. Notist svo eins og þeyttur rjómi.

HANNYRÐAHORNIÐ Gallery Spuni

Jólaengill frá DROPS Design

Nú fer uppáhaldstími margra að mæta á svæðið með tilheyrandi kósíheitum, snjókomu, heitu súkkulaði, prjóni og hekli.

Þennan engil er algjör dásemd að dúlla við og lauma með í nokkra fallega jólapakka.

Hægt er að gera hann í mörgum fallegum litum, setja glimmerþráð og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín.



DROPS Jól:

Prjónaður DROPS engill með mynstri úr garðaprjóni og engill með gatamynstri úr "Kid-Silk" og "Cotton Merino".

DROPS Design:

Mynstur nr ks-107.

Garnflokkur A + B

Mál: Hæð: ca 7,5 cm. Ummál neðst: ca 14 cm.

Efni:

Í báða englana:

DROPS COTTON MERINO frá Garnstudio

50 g nr 01, natur

Og notið:

DROPS KID-SILK frá Garnstudio

25 g nr 01, natur

1 engill er ca 8 g.

DROPS SOKKAPRJÓNAR NR 3 – eða sú stærð sem þarf til að 23 l x 32 umf með sléttprjóni með 1 þræði af hvorri tegund verði 10 x 10 cm.

ÚRTAKA:

Fellið af með því að prjóna 2 l sl/br saman.

ÚTAUKNING:

Aukið út um 1 l með því að prjóna 2 l í sömu l þannig: Prjónið 1 l sl í fremri lykkjubogann á l án þess að sleppa l af prjóni, prjónið síðan 1 l sl í aftari lykkjubogann.

MYNSTUR:

Prjónið * 2 l slétt saman, sláið uppá prjóninn *, endurtakið frá *-* hringinn alla umf. Í næstu umf er uppslátturinn prjónaður br svo að það myndist gat.

ENGILL MEÐ MYNSTRI ÚR GARÐAPRJÓNI:

Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna.

Fitjið upp 32 l á sokkaprjóna nr 3 með 1 þræði Kid-Silk + 1 þræði Cotton Merino (= 2 þræðir). Prjónið * 1 um br, 1 umf sl, 1 umf sl þar sem felldar eru af 4 l jafnt yfir – LESIÐ ÚRTAKA *, endurtakið frá *-* alls 4 sinnum = 16 l – ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA! Prjónið 1 umf br, 1 umf sl þar sem felldar eru af 4 l jafnt yfir = 12 l.

Prjónið 1 umf sl, 1 umf sl þar sem felldar eru af 4 l jafnt yfir = 8 l.

Prjónið 1 umf br (= háls). Í næstu umf eru prjónaðar 2 l sl í hverja l – LESIÐ ÚTAUKNING = 16 l. Prjónið 6 umf sl. Prjónið 2 umf þar sem allar l eru prjónaðar slétt saman 2 og 2 = 4 l. Klippið frá, dragið bandið í gegnum þær l sem eftir eru og festið vel.

VÆNGIR:

Stykkið er prjónað fram og til baka á sokkaprjóna ofan frá og niður.

Fitjið upp 21 l á sokkaprjóna nr 3 með 2 þráðum Kid-Silk. Prjónið 1 umf slétt frá réttu. Prjónið síðan snúninga þannig: * 7 l sl, snúið við og prjónið sl til baka, prjónið 1 umf sl yfir allar l *, endurtakið frá *-* alls 6 sinnum, síðan * 2 l slétt saman, 6 l sl, snúið við og prjónið sl til baka, prjónið 1 umf sl yfir allar l *, endurtakið frá *-* þar til 15 l eru á prjóni. Prjónið * 2 l slétt saman, sl út umf *, endurtakið frá *-* þar til 9 l eru eftir á prjóni, fellið af.

FRÁGANGUR:

Fyllið höfuðið með smá þræði af Kid-Silk eða svipuðu. Saumið vængina niður á engilinn með nokkrum smáum sporum við miðju að aftan. Ef hengja á upp engilinn tvinnið þá snúru þannig:

Klippið 2 þræði ca 60 cm með Kid-Silk. Tvinnið þá saman þar til þeir taka í, leggið snúruna saman tvöfalda og þá kemur hún til með að tvinna sig aftur saman. Hnýtið hnút í hvorn enda og saumið niður á toppinn á höfðinu.

ENGILL MEÐ GATAMYNSTRI:

Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna.

Fitjið upp 32 l á sokkaprjóna 3 með 1 þræði Kid-Silk + 1 þræði Cotton Merino (= 2 þræðir). Prjónið * 1 umf br, 1 umf MYNSTUR – sjá skýringu að ofan, 1 umf br, 1 umf sl þar sem felldar eru af 4 l jafnt yfir – LESIÐ ÚRTAKA *, endurtakið frá *-* alls 4 sinnum = 16 l – ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA! Prjónið 1 umf br þar sem fækkað er um 4 l jafnt yfir = 12 l. 1 umf mynstur. Prjónið 1 umf br. Prjónið 1 umf sl þar sem felldar eru af 4 l jafnt yfir = 8 l (= háls). Prjónið 1 umf br. Í næstu umf eru prjónaðar 2 l sl í hverja l – LESIÐ ÚTAUKNING = 16 l. Prjónið 6 umf sl. Prjónið 2 umf þar sem allar l eru prjónaðar slétt saman 2 og 2 = 4 l. Klippið frá, dragið bandið í gegnum þær l sem eftir eru og festið vel. Prjónið vængi og festið eins og engill með mynstri með garðaprjóni.

Vetrar- og kósý kveðja,
Gallery Spuni

Vantar þig íslenskan lopa?
Álafosslopi - Plötulopi - Léttlopi - Einband - Bulkylopi - Kambgarn

Heimasíðan gefjun.is býður upp á lopa frá Ístex á lægsta fáanlega verði !

LÆGSTA VERÐIÐ 100% LÆGSTA VERÐIÐ VERÐVERND

Sendum um allt land!
GEFJUN.IS



25% afsláttur af Alpaca garni og Drops prjónum
15. okt - 31. des
www.galleryspuni.is
gallery spuni

Létt

8		2			9			
		6		1	5		7	4
	7				4	6	9	
7		9			2		8	
2			3		6			5
	1		9			3		7
	5	3	6				4	
1	6		4	8		2		
			5			1		3

Miðlungs

		8				2		
	7		8		4		6	
	5	6		3		8	4	
			4		3			
		4				1		
			6		2			
	2	7		6		4	9	
	3		5		1		7	
		1				5		

Þung

	9		7					1
2			6					5
						3	4	
8			3			9	2	
			2		1			
	6	2			9			8
	4	6						
1					6			4
9					4		3	

Þyngst

9				3				2
	5			2		3		
	3				9			4
		1			4	7		
			9		8			
		9	5			6		
5			2				4	
		7		4			3	
1				5				6

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Kraftmikill íþróttastrákur og hestamaður

Davíð Steinn er kraftmikill íþróttastrákur sem stundar gítarnám. Hann hefur mikinn áhuga á hestum og á tvo hesta sjálfur. Honum finnst rosalega gaman að ferðast og veiða.



Nafn: Davíð Steinn Einarsson.

Aldur: 9 ára.

Stjörnumerki: Tvíburi.

Búseta: Kópavogur.

Skóli: Vatnsendaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Stærðfræði, smiðjur og íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hestarnir mínir sem heita Pjakkur og Blesi.

Uppáhaldsmatur: Sushi.

Uppáhaldshljómsveit: Emmsjé Gauti.

Uppáhaldskvikmynd: Home Alone.

Fyrsta minning þín? Þegar ég var að kubba dýragarð með Lego-kubbum.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Æfi handbolta og fótbolta með HK, karate með Fylki og er í gítarnámi í Tónsölum.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Verkfræðingur eða atvinnumaður í handbolta.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég fór í Mekong Rapids-vatnsrennibrautina í Siam Park á Tenerife.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Fór með fjölskyldunni til Tenerife, veiddi lax í Elliðaánum, fór í útilegu og lék við vini mína.

Næst » Davíð Steinn skorar á Erni vin sinn að svara næst.


Bækur

Tröllastrákurinn læknar hrekkjusvín

– Ný bók frá bókaforlaginu VERÖLD eftir Sigríði Arnardóttur, Sirrý

Tröllastráknum Vaka og Sögu vinkonu hans finnst fátt skemmtilegra en að smíða kofa og það er alltaf eitthvað spennandi að gerast í litla kofaþorpinu þeirra. Hrekkjusvín vinna skemmdarverk á kofunum í skjóli nætur og Vaki og Saga fyllast reiði og örvæntingu. Óvæntur atburður verður síðan til þess að allir þurfa að standa saman og hjálpast að.





Tröllastrákurinn læknar hrekkjusvín er í senn spennandi og lærdómsrík bók eftir Sigríði Arnardóttur, Sirrý, skreytt líflegum og grípandi myndum Freydísar Kristjánsdóttur. Bókinni fylgir geisladiskur þar sem Kristján Franklín Magnús leikari les söguna.

Tröllastrákurinn læknar hrekkjusvín er 29 blaðsíður að lengd.

Anna Cynthia Leplar sá um kápuhönnun og hönnun innsíðna. Bókin er prentuð í Slóveníu. ISBN 978-9935-475-31-2

Barátta við myrk og máttug öfl

– VERÖLD gefur út bókina Víghóla eftir Emil Hjörvar Petersen

Vinnuvélar verktakafyrirtækis eru stórskemmdar í skjóli nætur. Illa útleikin lík finnast á nokkrum stöðum á landinu. Margt bendir til að þarna séu að verki aðilar úr öðrum heimi.

Lögreglan fær Bergrúnu Búadóttur huldumiðil til að aðstoða við rannsókn málsins. Fljótlega kemur í ljós að myrk og máttug öfl seilast til aukinna valda bæði í Mannheimi og Hulduheimi.

Bergrún og Brá, tvítug dóttir hennar, leggja af stað í ferðalag sem fljótlega umbreytist í háskaför þar sem þær þurfa að kljást við óútreiknanlega og máttuga andstæðinga. Samhliða því myndast mikil spenna í sambandi mæðgnanna sem verður til þess að leiðir þeirra skilja.



Emil Hjörvar Petersen er helsti frumkvöðull á sviði furðusagna hér á landi. Hann hlaut mikið lof fyrir þríleik sinn Saga eftirlifenda.

Víghólar er 434 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson sá um umbrot og hönnun innsíðna, Jón Ásgeir hannaði kápuna. Bókin er prentuð hjá ScandBook, Svíþjóð.ISBN 978-9935-475-46-6

Vestfirska forlagið

– fimm nýjar bækur væntanlegar í jólabókaflóðið

Gamlar glefsur og nýjar

– Vegprestar vísa veginn – Eftir Gunnar B. Eydal



Gunnar B. Eydal er Akureyringur. Bræður hans voru hinir landskunnu tónlistarmenn Ingimar og Finnur. Hann var alinn upp undir fána KEA og SÍS en staðnæmdist ekki undir þeim merkjum. Í árafjöld starfaði Gunnar sem skrifstofustjóri borgarstjórnar í Reykjavík. Skipti þá ekki máli hverjir sátu þar við stjórnvölinn. Er það nokkur mannlýsing. Þessi bók er ekki ævisaga heldur glefsur úr lífi mínu segir höfundur. Glefsur þessar eru bæði vel skrifaðar, gagnorðar og lifandi segir útgefandinn. Margir karakterar koma við sögu, háir sem lágir, landskunnir sem óþekktir. Og norðlenski húmorinn skín svo alls staðar í gegn! Frásagnir Gunnars og þættir munu vekja áhuga margra.

Súgfirðingur fer út í heim

– Eftir Guðbjart Gunnarsson



Sem unglingur í Súgandafirði átti Guðbjartur Gunnarsson sér þann draum að komast að því, hvað væri handan þessara háu fjalla, sem skyggðu á sólina marga, langa mánuði á ári. Hann fór suður, tók kennarapróf, stundaði kennslu og tókst að fara tvisvar til náms á Bretlandseyjum og þrisvar til Bandaríkjanna, þar sem hann lauk meistaraprófi í fjölmiðlafræðum. Gerðist síðan einn af fyrstu starfsmönnum Sjónvarpsins fyrir 50 árum, og hafði umsjón með gerð fræðsluefnis. Guðbjartur setti saman fyrstu áfangalýsingar í fjölmiðlafræðum fyrir framhaldsskóla og hóf fyrstu skrefin í kennslu samkvæmt þeim. Samdi kennsluefni í íslensku handa enskumælandi nemendum í Kanada og Bandaríkjunum á vegum Íslendingafélagsins í Kanada. Og svona má lengi telja. Guðbjartur er nú búsettur á Filippseyjum.

Átthagar – Ísfirðingar margra landa segja frá

– Eftir Herdísi Hübner



Í þessari bók er lesendum boðið í heimsreisu með viðkomu á Jamaica, Sri Lanka, El Salvador, Rússlandi, Þýskalandi, Póllandi, Ungverjalandi, Tælandi og Ástralíu. Jafnframt er lagt í tímaferðalag nokkra áratugi aftur í tímann því hér birtast sögur frá uppvaxtar- og æskuárum níu kvenna á ýmsum aldri í þessum fjarlægu löndum. Konurnar eiga það sameiginlegt að hafa búið á Ísafirði í fjölda ára en að öðru leyti eru þær ólíkar, hafa ólíkan bakgrunn og hver og ein er fulltrúi sjálfrar sín og einskis annars. Á Ísafirði hafa þær unnið margvísleg störf og allar hafa þær lagt mikið af mörkum til lífsins í bænum, auðgað það og eflt með ýmsu móti og eru sannkallaðir máttarstólpar samfélagsins. Þessi bók er afar gott innlegg í umræðu dagsins.

Þorp verður til á Flateyri

– 1.hefti af þremur væntanlegum
– Eftir Jóhönnu Guðrúnu Kristjánsdóttur
– Teikningar: Freydís Kristjánsdóttir



Gunnar B. Eydal er Akureyringur. Bræður hans voru hinir landskunnu tónlistarmenn Ingimar og Finnur. Hann var alinn upp undir fána KEA og SÍS en staðnæmdist ekki undir þeim merkjum. Í árafjöld starfaði Gunnar sem skrifstofustjóri borgarstjórnar í Reykjavík. Skipti þá ekki máli hverjir sátu þar við stjórnvölinn. Er það nokkur mannlýsing. Þessi bók er ekki ævisaga heldur glefsur úr lífi mínu segir höfundur. Glefsur þessar eru bæði vel skrifaðar, gagnorðar og lifandi segir útgefandinn. Margir karakterar koma við sögu, háir sem lágir, landskunnir sem óþekktir. Og norðlenski húmorinn skín svo alls staðar í gegn! Frásagnir Gunnars og þættir munu vekja áhuga margra.



Bændablaðið
Kemur næst út
17. nóvember

Húsið á heimsenda

– Eftir Helgu Sv. Helgadóttur
– Teikningar: Katrín Matthíasdóttir



Blær er að klára 4. bekk þegar foreldrar hennar leigja gamalt hús á Vestfjörðum. Full tilhlökkunar leggur fjölskyldan land undir fót en ekki er allt sem sýnist. Það er margt sem skeður úti á landi sem ekki er á dagskrá í Reykjavík. Stórskemmtileg og þroskandi barnabók fyrir börn á öllum aldri úr íslenskum veruleika. Bæði fyrir stráka og stelpur!

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Amerísk gæðavara
11 kg
Þurrkari
· Öflugur > 4500w element
· Tekur 11 Kg · Tengist barka
· Stórt op > auðvelt að hlaða
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.100 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Smáauglýsinga-síminn er:
563 0300
Bændablaðið

Ál kerrur af ýmsum stærðum og gerðum



Gerð: Humbaur 1339.
Burður: 1300kg
Pallur: 3.03x1.5m
Verð m/ VSK og skráningu: 450,000,-



Gerð: Humbaur 2331
Burður: 2500kg
Pallur: 3.03x1.5m
Verð m/ VSK og skráningu: 560,000,-



Gerð: Humbaur 2630
Burður: 2000-2500kg
Pallur: 4.1x1.85m
Verð m/VSK og skráningu: 795,000-



Gerð: GET 125. Húsdýra og 4-5 hestakerra.
Burður: 3500kg
Pallur: 3.6x1.8m
Verð m/VSK og skráningu: 1,550,000,-

Topplausnir
www.topplausnir.is - S: 5177718
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is



Partar í Suzuki Grand Vitara '06, 2 l. T.d. gír- & millikassi, speglar, hedd, demparar, hurðir, loftpúðar, púst, dráttarbeisli, þurrkumótorar, afturstuðari, rúður og margt fl. Uppl. í síma 861-8866.



Til sölu VW Caravell Syncro, árg. 2001, ekinn 394.000, 11 manna með hópferðaleyfi og hljóðkerfi. Hefur alltaf fengið gott viðhald. Verð kr. 990 þús. Nánari uppl. í síma 893-9999.



Chevrolet Silverado, árg. 2007. Ekinn 173.000 km. Festingar fyrir pallhýsi. Loftpúðar með fjöðrunum. Tölvukubbur. Aukadekk. Nánari uppl. í síma 869-1047, Halli.



Til sölu Volvo FH12 4X2, árg. '98. Uppl. í síma 844-5815.



Til sölu malarvagn. Uppl í síma 844-5815.



Hyundai 199 þ. STGR. Ssk., árg. 2000 með leðursætum og fjarstarti !!! Er hægt að biðja um meira. Nýskoðaður, ekinn aðeins 147 þ. km. Uppl. í síma 895-8873.



Dynapac CC101 valtari, árg. 1992. Allur nýyfirfarinn og tilbúinn í vinnu. Verð 790 + vsk. Uppl. í síma 895-8873.



Linde lyftari, rafmagns til sölu. Eins góður og hann er ljótur. Uppl. í síma 895-8873. Lækkað verð. Fæst á 390.000.



Benz Vario 4x4, 2006, akst. 240 þ. km, 20 farþ. Verð 8.900 þ. kr. Land Rover Defender 2008, akst. 195 þ. km, verð 3.350 þ. kr. Uppl. í síma 694-6060.



3ja öxla HMK flatvagn. Vagn i toppstandi. Verð 1.690.000+vsk. Uppl. í síma 773-1630.



„Krap“ plastglös með rörum og lokum. 5-10.000 stk. Nokkrir litir. Til sölu allur lagerinn eða hluti, þó ekki færri en 100 stk í einu. Uppl. í síma 895-8873 Verð fer eftir magni !!!



Snjótönn KWIK-Way, verð 350.000 + vsk. Uppl. í síma 895-8873.



Nissan ECO, árg. 2001. Ekinn 185 þús. Nýskoðaður, dísil, bsk., 990.000 + vsk. 100% vísalán í boði. Uppl. í síma 895-8873.



EAE og JEMA bílalyftur af mörgum gerðum fyirliggjandi. Hagstætt verð og greiðslukjör. 10 ára reynsla. Vélasala Holts, www.holt1.is, sími 435-6662.



DEK og Deutz /Stamford rafstöðvar 30 og 50 kw. Eigum nokkrar rafstöðvar á lager. 10 ára reynsla á Íslandi. Vélasala Holts, sími 435-6662, www.holt1.is



Sími : 892 0016.



Sími : 892 0016.



Sími : 892 0016.



Sími : 892 0016.



Sími : 892 0016.



Toyota Avensis station, árg. '04, ssk., ek. 199 þús. Sumar og vetrardekk á felgum fylgja. Mjög rúmgóður bíll í toppástandi. Sami eigandi frá 2011. Tilboð 790 þús. Uppl. í síma 844-2075.



Vefstóll Glimåkra 135 cm gagnbindingastóll til sölu, rakgrind, skeiðar, spólurokkur og m.fl. fylgir. Uppl. í síma 553-7706.

Hefurðu skoðað Sölutorgið okkar ?
www.kraftvelar.is/solutorg

New Holland
6640 SLE - árg 1996



Hús með miðstöð
Gírkassi 16x16
Dekk að framan og aftan eru 90% heil
Dráttarvél sem lítur mjög vel út.
Staðsetning Akureyri
Verð án vsk: 1.890.000

New Holland
T5.115 - árg 2013



Með Alö Q46 ámoksturstækjum
Skóflustærð 210
Vendigír - 24x24 gírkassi
3 vökvaúttök
Aflúttak - fjöldi hraða 540/540E/1000
Dekk eru 99% heil
Verð án vsk: 7.890.000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

VR Sumarhúsasmíði



Sumarhús
Gestahús • Garðhús
Geymslur • Flutningur
Pípulagnir
Efnissala



Sími 898 1598
Facebook: VR Sumarhúsaþjónustan
Netfang: vrsumarhus@gmail.com



Scania R-500, árg. '05, ekinn 950 þús. km, 6x4, sk. 17, m/ekeri frystikassa 8,45 m á lengd og frystivél. Hliðaropnun 5,20 m. Kemur til greina að kassi og frystivél seljist sér. Uppl. í síma 847-1330.



Scania 113H, árg. '89, ekin 672 þ. km, bíll í mjög góðu standi, m/sturtupalli og stól. Palfingerkrani 21.000 m/5 í glussa og lagnir frambómu, árg. 2001, með fjarstýringu. Ný dekk og 60% eftir á búkka. Uppl. í síma 847-1330.



Til sölu bíla- og vélaflutningakerra. Nýuppgerð í toppstandi og nýskoðuð. Verð 900 þús. án vsk. Uppl. í síma 869-2900.



Case CX210
Árg 2010, 6,800 tímar, hraðtengi
4 skóflur, 80% undirvagn
Verð 6,250,000 + vsk



M.Benz 2635
Árg 2000, 390,000km
Krókheysi og 1 pallur
Rafmagnsskiptur
Verð 3,750,000 + vsk



Hyundai R55-7
Árg 2007, 6,200 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi og 2 skóflur
Verð 4,200,000 + vsk



Hyundai R210LC-7
Árg 2006, notkun 5,600 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi, smurkerfi
Verð 7,900,000 + vsk



Hyundai HX220L
Árg 2016, 300 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi
900mm spyrnur, flott vél
Verð 16,800,000 + vsk



Dieci Apollo 25.6
Nýr ónotaður, lyftigeta 2,5tonn
Lyftihæð 5,78m, lipur og nettur
Verð 7,600,000 + vsk



Volvo FH 12-460 m/vagni
Árg 2005, 683,000km
Verð 5,800,000 + vsk



Scania R164-580 m/vagni
Árg 2001, 467,000km
Verð 4,990,000 + vsk

VÉLAFL

Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl .is
og á 694-3700 / gk@velafl .is
www.velafl.is



Til sölu gler sandblástursandur, 3 grófleikar; 0,15-0,30 mm, 0,2-0,5 mm, 0,2-1,0 mm. Frábært verð, aðeins 2.750, 25 kg pokinn. Uppl. 660-6111.



Til sölu herðatré fyrir túnþökurúllur. Gerð fyrir S-60 tengi. Gengur á vélar frá 10-20 tonn. Verktakar Magni ehf. Uppl. 660-6111.



Til sölu brettarekki, heildarlengd 15 metrar, 6 stoðir og 22 slár. Hæð 3,50 og lengd 3,00 á milli stoða. Uppl. 660-6111, Verktakar Magni



Subaru Legacy Sedan, árg. '08. Ekinn 133.xxx km. Ssk., 4WD. Verð 1.900.000 kr. eða tilboð. Frekari uppl. í síma 848-1966.



Til sölu Arctic cat Crossfire 700 Sno pro sleði, árg. '06, ekinn 2800 km, einn eigandi, Toppástand. Verð 780 þús. Uppl. 660-6111.



Til sölu Hiab 477-E 6 með Jib, árg. 11/2007, 6 í glussa + 5 í glussa í jibi, klár til að setja rótor og grabba á kranann. Spil með nýjun vír, nær í 25 metra með jibi. Uppl í síma 854-0010, Skúli. Er í Reykjavík.



20% vetrarverðlækkun á 3 stk. notaðar Ammann jarðvegsþjöppur. Toppástand. Verð núna eftir lækkun; 400 kg, 590 þús., 500 kg, 690 þús., 500 kg, 490 þús. Uppl. í síma 660-6111.



Toyota Rav4, árg. '08, ekinn 81 þús. km, ssk., vetrar- og sumardekk. Einn eignandi. Verð 2.480 þús. Uppl. í síma 833-7002, Víðir.

VIFTUR



íshúsið

Úrval af viftum og þakblásurum í flestum stærðum og gerðum. Einnig úrval af stýringum. Íshúsið ehf, sími 566-6000, www.viftur.is



Lok á potta, kr. 69.500,- Goddi.is, Auðbrekku 19, 200 Kópavogur, sími 544-5550.



Rafkyntir pottar, kr. 780.000,- m/loki og tröppu. Goddi.is, Auðbrekku 19, 200 Kópavogur, sími 544-5550.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf., Flugumýri 8, 270 Mos., opið 13-16.30, s. 894-5111, www.brimco.is



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 mtr í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf., www.brimco.is, Flugumýri 8, Mos., s. 894-5111, opið kl. 13-16.30.



Innihrærur fyrir gripahús. Rafdrifnar : 7,5 kw, 9,2 kw, 11 kw glussadrifnar : 8 kw, 60 l / min., 120 bar. Vinnudýpt : 130 cm skrúfa : 200 mm. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is,www.hak.is.



Ljósakrossar á leiði. Fjórar gerðir, verð frá kr. 5.000. Upplýsingar: jons.internet.is eða í síma 822-7124. C/o jólavörur.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir : 10,8 kw – 72 kw. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Verðdæmi: 6 m löng án gámalása, grunnuð, kr. 280 þús.+vsk - hægt að fá málaðar -. Með gámalásum máluð, kr. 380 þús.+vsk. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. Uppl.í símum 898-4500 og 894-6000.



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsogandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" dísildrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmardísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstislöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8", 1/2", 5/8", 3/4". Bensín / dísil, vatnsflæði allt að:132 l / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýsingur allt að 500 Bar @ 30 l / min. Hákonarson ehf., netfang : hak@hak.is, símí 892-4163, www.hak.is.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum. Eigum til nokkrar stærðir á lager. Stöðvarnar eru frá ELCOS Srl á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892 4163, netfang: hak@hak.is.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m. vsk. Brimco ehf., www.brimco.is, Flugumýri 8, Mos., símí 894-5111. Opið kl.13-16.30.

Solis

www.solis.is
www.vallarnaut.is
solis@solis.is
vallarnaut@vallarnaut.is



Solis 90. Verð 3.990.000+vsk. Með tækjum og skóflu 5.180.000+vsk. Vallarnaut ehf., sími 841 1200.



Solis 60. Verðlækkun 440.000. Haust - tilboð 3.220.000 + vsk. Vallarnaut ehf., sími 841 1200.



Solis 26. Verð 1.630.000+vsk. Tilboð 1. Með húsi: 2.180.000+vsk. Tilboð 2. Með húsi og snjótönn 2.360.000+vsk. Vallarnaut ehf., sími 841 1200.



Belmac haugsuga. 9564 L á stærri dekkjum. Verð 1.900.000+vsk. Vallarnaut ehf., sími 841 1200.



Belmac keðjudreifari. Sýningareintak 4,5 m³. Verð 650.000+vsk. Vallarnaut ehf., sími 841 1200.



Goldoni star 100 Q, 70 hö. með frambúnaði og aflúrtaki, tilbúinn í snjómokstur, 600 tímar. Verð 2.500.000+vsk. Vallarnaut ehf., sími 841 1200.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk 22.900 auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Benz Sprinter, árg. 2003. Ekinn 870 þús., 20 sæta. Verðtilboð 2,1 millj. Það leggst ekki virðisauki á þetta verð. Uppl. í síma 892-8585.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Jötunn Vélar ehf - sími 480 0400 - www.jotunn.is
Austurvegi 69, 800 Selfoss - Lónsbakka, 601 Akureyri



Tudor rafgeymar. Rafgeymar í flest farartæki.



Drifsköft og hlífar. Drifsköft, öryggishlífar, hjöruliðskrossar, jókar, drifskaftsefni o.fl.



Olíur og síur. Olíur og glussi á góðu verði. Eigum síur í flestar dráttavélar. Einnig AdBlue í 20 ltr og 200 ltr umbúðum. Frábær verð.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Jötunn Vélar ehf - sími 480 0400 - www.jotunn.is
Austurvegi 69, 800 Selfoss - Lónsbakka, 601 Akureyri




Nissan Patrol, árg. 1993 til sölu, verð 300 þús. Uppl. í síma 896-7336, Dagbjartur eða 867-9786, Jón.



Til sölu Nissan Patrol GR luxury, árg. 2008. Ekinn 133 þús. km. Er á 33" dekkjum, dráttarkúla. Vel með farinn bíll utan og innan. Uppl. í síma 897-3817.



Úrval lausna frá þýska stórfyrirtækinu Patura. Fóðurframhliðar, sjálflæsigrindur, milligjarðir, kálfafóðurkassar, brynningarskálar og margt fleira. Leitið tilboða og heildarlausna fyrir nautgripina. Bæklinga má sjá á heimasíðu okkar www.brimco.is, Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30.



Til sölu ný Scuba brunndæla (1,1 kw SC411T) ásamt Genyo (8A F15) vatnsstýringu með kapli. Upprunalegt verð 170 þús. selst á 140 þús. Uppl. í síma 892-8481.



Bátur til sölu: Til sölu er þessi glæsilegi Adventure harðbotna bátur, 6,5 m langur með 140 ha. utanborðsmótor. Sæti fyrir 7, ganghr. 35-40 cm. Verð 4,5 millj. Uppl. í síma 893-4165.



Til sölu. Case MX110 Maxxum. Árg. 1999. Notkun 9.400 st. Ný afturdekk. Frambúnaður. Ásett verð 2,7 millj. Plús VSK. Uppl. í síma 864-5337.



Land Rover Defender, árg. 2008, ek. 195 þ. M. Benz Vario 4x4, árg 2006, 20 farþega, ek. 240 þ. Uppl. í síma 694-6060.



Snittvélar fyrir skrúfbúta til sölu á Litla-Hrauni. Uppl. í síma 480-9010.



Standard vefstóll til sölu. Gott vinnuljós og setbekkur. Ásett verð 150.000 kr. Uppl. eru í síma 892-5312, 462-5312 eða brandugla@símnet.is



Fjölnota dráttarvagn með sliskjum og sturtutjakki. Brian James Trailers, árg. 2016. Leyfð heildarþyngd 3,5 tn. Stærð palls 4 x 2 m. Hægt að breyta í flatvagn. Verð 1.200.000,- + vsk. Fleiri myndir fáanlegar. Uppl. í síma 822-4306 eða gum@mi.is



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk Erum líka á facebook undir: Suður England sími 499-0588. Haukur. sudurengland@gmail.com

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



TOYOTA Hilux dlx d/c. Árgerð 2012, ekinn 44 þ. km, dísil, 5 gírar. Verð 4.590.000. Eigum nokkra bíla. Rnr. 115487.



FORD F350 platinum. Árgerð 2017, ekinn -1 þ. km, dísil, sjálfskiptur. Verð 9.260.000. Verð án vsk. Fleiri litir væntanlegir. Rnr. 114422.



VW Transporter double cab pickup langur doublecab. Árgerð 2006, ekinn 178 þ. km, dísil, 5 gírar. Verð 1.450.000. verð án vsk Rnr. 340174.



DODGE Ram 3500 long horn limited. Árgerð 2016, ekinn -1 þ. km, dísil, sjálfskiptur með öllu. Verð 8.459.000. Verð án vsk. Rnr. 115159.



POLARIS Sportsman 570 efi 6x6. Árgerð 2017, ekinn 0 þ. km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.010.000. Verð án vsk. Rnr. 211026.

Næsta Bændablað kemur út 17. nóvember

Smáauglýsingasíminn er: 563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið



Claas 697
árg 2007
kr. 6.690.000+vsk



Deutz Fahr K110
árg 2008
kr. 5.990.000+vsk



Case MXM 190
árg2005
kr. 6.390.000+vsk



Fiat 80-90
árg 1991
kr. 1.490.000+vsk



Landini legent 145TD
árg 2006
kr. 4990.000+vsk



Mc Cormick MC 135
árg 2006
kr. 4.990.000+vsk



New Holland TL 80A
árg 2005
kr. 3.590.000+vsk



Pöttinger Top 701
miðjumúgavél
Verð 850.000+vsk

Upplýsingar á jotunn.is

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Jötunn Vélar ehf - sími 480 0400 - www.jotunn.is
Austurvegi 69, 800 Selfoss - Lónsbakka, 601 Akureyri

Til sölu

Nýleg fjórhjóladekk Big horn 27" negld á Polaris felgum til sölu. Verð 150.000.- + vsk. Uppl. í síma 822-1717.

Gamall og lúinn frystigámur til sölu. Frystivélin var í lagi síðast, fyrir rúmlega 2 árum. V:300.000. Uppl. í síma 895-8873.

Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka 7.900 kr. Sönnu vestfirsku þjóðsögurnar, allar 3, kr. 1.980. Upplagt í jólapakkann eða afmælisgjöfina. Frítt með póstinum. Vestfirska forlagið jons@snerpa.is 456-8181.

Til sölu eru 207 ærgildi í sauðfé frá 1. janúar 2017. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð sendist á netfangið koe@rml.is fyrir kl. 13:00, 11. nóvember 2016.

Er með óslitin 35X12,50 R 17, verð 150 þúsund. Einnig með töluvert magn af góðum hálmi og eitthvað af heyi. Uppl. í síma 894-0943 eftir 5:15 á morgnana.

Til sölu frystikista, stærð 60 á breidd og 88 á hæð. Uppl. í síma 894-9100.

Korn til sölu, sýrt í sekkjum einnig hey fyrir hross, er í Skagafirði. Uppl. í síma 892-8015.

Til sölu Catapillerýta D6H, árg. '95, með bilaða vél. Uppl. í síma 892-7252.

Til sölu 101,6 ærgildi í sauðfé sem gildir frá 1. jan. 2017. Tilboð í allt eða hluta þess sendist á netfangið bugardur@bugardur.is, fyrir 15. nóvember n.k.

Til sölu antik mahony hjónarúm án dýna, með tveimur náttborðum. Einnig gamalt orgel. Uppl. í síma 893-6901.

Bása- og drenmottur, nótuð plastborð, girðingastaurar og plastprófilar, margar stærðir. Útileiktæki, girðingar, gervigras og heildarlausn á leiksvæðum. Uppl. á vefsíðu Johannhelgi.is, eða í símí 820-8096.

Til sölu eru 85,8 ærgildi í sauðfé frá 1.janúar 2017 Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð sendist á netfangið kolbrun@thjorsarskoli.is. í síðasta lagi 1.desember 2016. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í síma 844-8211, Kolbrún.

Undirburður. Fínkorna og ryklítið sag undir kýr og hross. Mjög róbótavænt. Ókeypis heimkeyrsla á Þingeyjar-og Eyjafjarðarsvæðinu. Tökum þátt í flutningskostnaði til annarra staða á landinu. Uppl. í síma 864-0290 og á Sag.is

Til sölu eru 300 ærgildi í sauðfé frá 1. janúar 2017. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð sendist á netfangið torrii@hotmail.com fyrir 10. nóvember 2016.

Vél og sjálfskipting í Suzuki Grand Vitara, árg. 2005-7, ekki alveg öruggt. Ekinn 45 þús. + - ca. Magni Örvar Guðmundsson, gsm 852-7876.

Óska eftir

Óska eftir að kaupa traktor 4x4 með ámoksturstækjum og bakkó, gröfu eða bobcat í gódu standi. Er með lítinn skika og þarf ad fara í smá jardvegsvinnu. Verðhugmynd er ca 1 milljón stgr. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í póst stjanibraga@gmail.com eða í síma 854-4581.

Áttu 2 m traktorskóflu og jafnvel keðjur á 34" afturdekk? Hafðu samband í síma 863-3110.

Leiguhúsnæði fyrir húsbíl út apríl 2017. Lengd 5,8 m. Hár með svefnrými ofan á stýrishúsi. Uppl. í síma 897-1199 eða majo47@simnet.is.

TINNI - Bókasafnari óskar eftir Tinnabókum og öðrum teiknimyndasögum. Vinsamlega hafið samband einarheidar@simnet.is eða símí 892-2603.

Ég vil kaupa gúmmímottur undir hesta, gjarnan notaðar. Uppl. í síma 435-1382 eða 662-1040.

Kaupi allar tegundir af vínylplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínylplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com

Atvinna

Duglegt fólk frá Lettlandi á aldrinum 18 til 50 ára óskar eftir að vinna við slátur og bændastörf. Fólk með alls konar starfseynslu og þekkingu. Nánari uppl.: anacondaventures@gmail.com eða í síma 697 4179.

25 ára karlmaður frá Spáni óskar eftir að komast í vinnu á bóndabýli frá febrúar/mars 2017 í a.m.k. 1 ár. Hann hefur ekki reynslu á þessu sviði og hefur að mestu unnið við skartgripagerð. Er með grunn í ensku. Nánari uppl.: corvinusglot@hotmail.com

62 ára gömul kona, vön sveita- og heimilisstörfum, óskar eftir tímabundinni vinnu í sveit. Heiðarleg, samviskusöm og hraust. Skilyrði eru; 3 hundar fylgja. Svar óskast sent til Bændablaðsins merkt "virðing".

Vanur, ábyrgur og hörkuduglegur karlmaður óskar eftir íhlaupavinnu í sveitum stór-Norðurlandsins. Meðmæli frá fyrri sveitastörfum. Uppl. í síma 761-2281.

Sumarhús

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir nýlegu, vel búnu orlofshúsi til leigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2017. Húsið þarf að geta hýst 6-8 manns. Leigutími er 10-12 vikur. Nánari upplýsingar gefur Guðrún A. Guðmundsdóttir í síma 540-6400 og gudrun@hjukrun.is

Þjónusta

Tek að mér að færa myndir yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á http://siggileifa.123.is. Uppl. í síma 863-7265 siggil@simnet.is

Útsaumur. Setjum upp, strekkjum og römmum inn allar gerðir af veggteppum og útsaum með eða án kartona. Mikil reynsla og loforð um vandaða vinnu. Innrömmun Kópavogs, Hlíðasmára 11, símí 555-7650.

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, email einar.g9@gmail.com, Einar G.

Smáauglýsingasíminn er:
563 0300
Bændablaðið



Vökvafleygur Furukawa F35, smurkerfi, nýtt stál og fóðring.
Uppl. Vinnuvélar.is
Símí 480 0445



Komatsu PC 340 LC árg. 1998 13.600. vst.
Verð kr. 4.900.000.+vsk.
Uppl. Vinnuvélar.is
Símí 480 0445

Caterpillar 324DL
árg. 2007, 8600 vst.
Engcon rotor-tillt, Trimble GPS, nýlegur undirvagn
Verð kr. 13.750.000.+vsk
Uppl. Vinnuvélar.is
Símí 480 0445

Vinnuvélar
Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Símí 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

Næsta blað kemur út 17. nóvember
Bændablaðið

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla.
Einnig olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja.





Við sérhæfum okkur í **JCB**, **Hydrema**, **Iveco**, **New Holland**, **Case** og nú:



Hafið samband og við aðstoðum við að útvega réttu varahlutina.

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Betra Púst
Sími: 555 70 70
VIÐ NOTUM FLUID FILM
RYÐVARNAR ÞJÓNUSTA
PÚSTVIÐGERÐIR
SÉRSMÍÐI F. ALLAR GERÐIR BÍLA
[ÞJÓNUSTA FYRIR BREYTTA JEPPA, VÖRUBÍLA OG RÚTUR]
Skógarhlíð 10, 105 Reykjavík • betrapust@gmail.com • www.betrapust.is

FLUID FILM
Helstu sölustaðir á Fluid Film:
Frábær á leður – Unninn úr ull (lanolin)
Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása
Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn
Stoppar tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun
HÁGÆÐA SMUREFNI



fluidfilm@fluidfilm.is · www.fluidfilm.is

AB varahlutir, Funahöfða 9, Reykjavik
AB varahlutir, Fagradalsbraut 25, Egilsstöðum
AB varahlutir, Gagnheiði 34, Selfossi
Barki, Nýbýlavegi 22, Kópavogi
Betra Púst, Skógarhlíð 10, Reykjavík
Brynja, Laugavegi 29, Reykjavík
Bú Aðföng, Stórólfsvelli, Hvolsvöllur
Bymos, Háholt 14, Mosfellsbær
Ellingsen, Fiskislóð 1, Reykjavík
ET Verslun, Klettagarðar 11, Reykjavík
Fálkinn hf, Dalvegi 10-14, Kópavogi
Gluggar og Garðhús, Smiðsbúð 10, Garðabæ
JHM Sport, Stórhöfða 35, Reykjavík
J.S Ljósasmiðjan, Skemmuvegi 34, Kópavogi
Jói Byssusmiður, Dalbraut 1, Reykjavík
Jötunn vélar, Austurvegi 69, Selfossi
Jötunn vélar, Lónsbakka, 601 Akureyri
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1, Borgarnesi
Lásaþjónustan, Grensásvegur 16, Reykjavík
Láshúsið, Bildshöfða 16, Reykjavík
Ryðlausnir, Heiðargerði 13, Vogar
Smiðjan verslun, Sindragötu 12c, Ísafirði
Smurstöðin, Fosshálsi 1, Reykjavík
Smurstöðin Garðabæ, Litlatún 1, Garðabæ
Stálstjörnur, Fjarðargata 1, Seyðisfirði
Tæknibjónusta bifreiða, Hjallahraun 4, Hafnarfirði
Verslun Líflands, Efstubraut 1, Blönduósi
Verkfærasalan, Síðumúla 11, Reykjavík
Vesturröst, Laugavegi 178, Reykjavík
Vökvatengi, Fitjabraut 2, Reykjanesbæ

REXTON

40 ÁR – BEIN LEIÐ Í 40 ÁR


1975 | Bílabúð Benna | 2015

Alvöru jeppi!



Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði

Bíll á mynd: Rexton HLX með 33” breytingu









- **Byggður á grind**
- **Hátt og lágt drif**
- **Dísel 178 hestöfl**
- **Tog 400 Nm við 1400 - 2800 sm**
- **Dráttargeta 2,6 T**
- **7 sæta**

Rexton kemur reyndu jeppafólki skemmtilega á óvart. Hér er á ferðinni hörkufrábær jeppi, sem stenst samanburð við öflugustu jeppana á markaðnum. Hann er byggður á grind, með læstum millikassa og lágu drifi. Rexton er hlaðinn vönduðum búnaði og þægindum og býðst á sérlega hagstæðu verði. SsangYong hefur verið leiðandi bílaframleiðandi í Suður-Kóreu og notið virðingar og trausts fyrir tæknilegar lausnir og framúrskarandi hönnun. Komdu í reynsluakstur.


- Bíll byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- 7 þrepa sjálfskipting
- 16” álfelgur
- Bakkmyndavél
- Tölvustýrð loftkæling
- Hiti í stýri
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Hæðarstillanlegt stýri
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Útvarpstæki með MP3
- 7” skjár
- HDMI tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- 6 hátalarar, USB- og Aux tengi
- Þokuljós - framan og aftan
- LED ljós að framan og aftan
- Rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Rafaðfellanlegir hliðarspeglar
- Hiti í sætum, framan og aftan (2 sætaraðir)
- 7 manna
- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Opnanlegur gluggi á afturhlera
- Vindskeið að aftan með LED bremsuljósi
- Þjófavörn
- Varadekk
- Viðarklæðning í mælaborði
- ABS hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- HDC, heldur á móti niður brekkur
- ARP veltivörn
- Sjálfvirkur birtustillir í baksýnisspegli
- Langbogar á þaki



2WD
Há-drifs stilling



4WD
Há-drifs stilling



4WD
Lág-drifs stilling

Verð: 5.190 þús kr.

Rexton DLX | dísel túrbó | beinskiptur 6 gíra

Rexton DLX l sjálfskiptur 7 gíra: Verð: 5.690 þús. kr.

Bílabúð Benna – Sérfræðingar í bílum

Verið velkomin í reynsluakstur | benni.is.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

SSANGYONG

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

VIÐ ERUM SANNFÆRÐ

...OG NOTUM HARÐKORNADEKKIN FRÁ GREEN DIAMOND



Fyrir tveimur árum settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði.

Borgþór Vignisson, formaður
Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

FRÁBÆR MEÐMÆLI...

frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!

GARÐABÆR

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í þrjú ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum.“

Sigurður Hafliðason
forstöðumaður Þjónustu-miðstöðvar Garðabæjar.

Isavia

„Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkorna-dekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

Vilhjálmur Karl Karlsson
sérfræðingur / Innkaupadeild.

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkorna-dekkin með iðnaðardemant-inum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

Reynir Valbergsson
frkvstj. fjármálasviðs.

HAFNAR-FJÖRÐUR

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkja-notkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkorna-dekk umfram önnur dekk.“

Gunnar Guðnason
umsjónarmaður tækja
hjá Hafnarfjarðarbæ.

ÍSTAK

" Stjórnendur hjá ÍSTAK láta sig öryggis- og umhverfismál miklu varða. Það er því sjálfsögð og auðveld ákvörðun að velja Green Diamond Harðkornadekk undir bifreiðar félagsins. Góð reynsla og almenn ánægja yfir 30 starfsmanna ÍSTAKS, sem aka reglulega á dekkjunum, hlýtur að segja allt um ágæti Green Diamond dekkjanna. "

Sigurður Sigurðsson,
rekstrarstjóri þjónustudeilda

Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...

Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi.

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekksins

VARIST EFTIR-LIKINGAR!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK